

Ársskýrsla Stúdentaráðs Háskóla Íslands

2022-2023



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Útgefandi: *Stúdentaráð Háskóla Íslands*

Umsjón: *Rebekka Karlsdóttir*

Mynd á forsíðu: *Eggert Jóhannesson*

Reykjavík, maí 2023



Stúdentaráð Háskóla Íslands

EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta Stúdentaráðs	7
1 Stúdentaráð Háskóla Íslands 2022-2023	8
1.1 Niðurstöður kosninga 2022	8
1.2 Fulltrúar í sviðsráðum Stúdentaráðs	9
1.3 Fulltrúar á Háskólapingi	10
1.4 Fulltrúar Stúdentaráðs í ráðum og nefndum	11
1.4.1 Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna	11
1.4.2 Fulltrúar í stjórn Félagsstofnunar stúdenta	11
1.4.3 Fulltrúar í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta	12
1.4.4 Fulltrúar í fulltrúaráði Byggingafélagi námsmanna	13
2 Fulltrúar stúdenta í háskólaráði	13
2.1 Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs	14
3 Stjórn Stúdentaráðs	15
4 Skrifstofa Stúdentaráðs	16
4.1 Ársskýrsla forseta	17
4.2 Ársskýrsla varaforseta	18
4.3 Ársskýrsla hagsmunafulltrúa	21
4.4 Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa	24
4.5 Ársskýrsla framkvæmdastjóra	26
4.6 Ársskýrsla alþjóðafulltrúa	30
4.7 Ársskýrsla ritstýru	40
5 Samstarfsaðilar Stúdentaráðs	43
5.1 Stjórnsýsla Háskóla Íslands	44
5.4 Landssamtök íslenskra stúdenta	44
5.5 Landssamband ungmennafélaga	46
5.6 Félagsstofnunar stúdenta	48
5.7 Nemenda- og hagsmunafélög innan Háskóla Íslands	50
5.8 Fyrirtæki	51
6 Starfsemi Stúdentaráðs	53
6.1 Málefnavinna og stefnumótun	53
6.1.1 Stefnumótunardagur	53
6.2.2 Heildarstefna stúdentaráðs	60
6.1.3 Stefna Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna	60
6.2 Kannanir Stúdentaráðs	61
6.2.1 Staða foreldra í námi á COVID tímum	61
6.2.2 Fjárhagsstaða stúdenta	62

6.3 Viðburðir og sýnileiki	63
6.3.1 Októberfest SHÍ	63
6.3.2 Nýnemadagar	73
6.3.3 Vísindaferðir í SHÍ	73
6.3.4 Hátíðarhöld 1. desember	76
6.3.5 Háskólasamfélagið eftir heimsfaraldur	76
6.4 Menntasjóður námsmanna	77
6.4.1 Endurskoðun laga um menntasjóð námsmanna	78
6.4.2 Úthlutunarreglur 2023-2024	82
6.5 Jafnréttis- og aðgengis- og geðheilbrigðismál	83
6.5.1 Geðheilbrigðisþjónusta við háskóla Íslands	83
6.5.2 Jafningjastuðningur á stúdentagörðum	84
6.5.3 Bætt aðgengi á stúdentakjallaranum	84
6.5.4 Aukin hinsegin fræðsla á heilbrigðisvísindasviði	84
6.5.5 Átak í skráningu fornafna á canvas	85
6.6 Skrásetningargjald við Háskóla Íslands	85
6.6.1 Brot háskólaráðs á lögum við útreikning gjaldsins	86
6.6.2 Umræður um hækkun skrásetningargjaldsins	88
6.7 Fjárveitingar til Háskóla Íslands	90
6.7.1 Fjárlög 2023	90
6.7.2 Endurskoðun reiknilíkans háskólanna	91
6.8 Húsnæðismál	92
6.8.1 Stúdentaíbúðir	92
6.8.2 Flutningur Mennavísindasviðs í Sögu	94
6.9 Skipulags- og samgöngumál	96
6.9.1 Skipulag háskólasvæðisins	96
6.9.2 Lágvöruverðsverslun á háskólasvæðið	96
6.9.3 Heilbrigðismóttaka á háskólasvæðinu	98
6.9.4 Samgöngu- og bílastæðamál við HÍ	99
6.10 Umhverfis- og loftslagsmál	105
6.10.1 Neyðarástand í loftslagsmálum	107
6.10.2 Matarspor	107
6.10.3 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	108
6.11 Sjúkra- og endurtökupróf	108
6.12 Herferðir Stúdentaráðs	109
6.12.1 Stúdentar splæsa	109
6.12.2 Aukin kosningabátttaka	115
6.12.3 Sameiginleg herferð um Menntasjóð Námsmanna	116
6.13 Endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar	116

7 Fastanefndir Stúdentaráðs	118
7.1 Alþjóðanefnd	118
7.2 Félagslífs- og menningarnefnd	125
7.3 Fjármála- og atvinnulífsnefnd	133
7.4 Jafnréttisnefnd	135
7.5 Fjölskyldunefnd	138
7.6 Kennslumálanefnd	140
7.7 Lagabreytinganefnd	144
7.8 Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd	145
7.9 Umhverfis- og samgöngunefnd	147
8 Stúdentaráðsfundir	155
8.1 Kjölfundur Stúdentaráðs 20. apríl 2022	155
8.2 Skiptafundur Stúdentaráðs 18. maí 2022	155
8.3 Stúdentaráðsfundur 22. júní 2022	155
8.4 Stúdentaráðsfundur 22. ágúst 2022	156
8.5 Stúdentaráðsfundur 21. september 2022	156
8.6 Stúdentaráðsfundur 25. október 2022	157
8.7 Stúdentaráðsfundur 16. nóvember 2022	157
8.8 Stúdentaráðsfundur 15. desember 2022	158
8.9 Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023	158
8.10 Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023	159
8.11 Stúdentaráðsfundur 8. mars 2023	160
8.12 Kjölfundur Stúdentaráðs 19. apríl 2023	160
8.13 Skiptafundur Stúdentaráðs 23. maí 2023	160
9 Útgefið efni Stúdentaráðs	161
9.1 Akademían og Stúdentablaðið 2022-2023	161
9.2 Upplýsingabæklingur um kosningar til Stúdentaráðs	162
9.3 Ályktanir Stúdentaráðs	163
9.3.1 Vegna byggðar í Nýja Skerjafirði	163
9.4 Yfirlýsingar Stúdentaráðs	164
9.4.1 Varðandi fjármögnun almenningsgangna og U-passa fyrir stúdenta	164
9.4.2 Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Háskóla Íslands	166
9.4.3 Viðbrögð vegna úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna 2023-2024 þörf á breytingum	167
9.4.4 Varðandi skort á hinseginfræðslu innan Heilbrigðisvísindasviðs	168
9.5 Umsagnir Stúdentaráðs til Alþingis	170
9.5.1 Tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu námslána	170
9.5.2 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna	173
9.5.3 Frumvarp til fjárlaga 2023	176
9.5.4 Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslands til ársins 2025	178

9.5.5 Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslands til ársins 2025	180
9.6 Erindi til stjórnvalda	184
9.6.1 Erindi til nýkjörinna sveitarstjórnarfulltrúa varðandi málefni stúdenta sem heyrja undir sveitarstjórnarstigið	184
9.6.1 Erindi til ráðherra v. fjárhagsstöðu Háskóla Íslands og umræðu um hækkuð skrásetningargjöld í opinberum háskólum	187
9.7 Erindi til Háskóla Íslands	193
9.7.1 Áskorun til HÍ að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og koma á aðgerðaráætlun fyrir háskólann	193
9.8 Önnur Erindi	195
9.8.1 Erindi til stjórnar Félagsstofnunar Stúdenta vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum	195
9.8.2 Erindi til stjórnar Félagsstofnunar Stúdenta varðandi breytingar á úthlutunarreglum	196
10 Stúdentasjóður	197
11 Kosningar og kjörstjórn 2023	199
11.1 Skýrsla kjörstjórnar	199
11.2 Niðurstöður kosninga 2023	213
VIÐAUKI A - ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA	215
SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS	215
SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS	220
SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS	226
SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS	231
SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS	238
VIÐAUKI B - TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI	245
VIÐAUKI C - LAGABREYTINGARTILLÖGUR	279
VIÐAUKI D - VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS, STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU	299
1 Stúdentaráð	299
2 Sviðsráð	300
3 Stjórn Stúdentaráðs	302
4 Skrifstofa Stúdentaráðs	305
5 Fastanefndir Stúdentaráðs	316
6 Úrsögn eða brottvikning	318
7 Fundir Stúdentaráðs	318
8 Kjölfundur og skiptafundur	322
9 Stefna Stúdentaráðs	322
10 Fjármál	323
11 Verklag vegna ráðstefna og funda erlendis	323
12 Breytingar á verklagsreglum	324
VIÐAUKI E - SIÐA- OG JAFNRÉTTISREGLUR STÚDENTARÁÐS	325



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1. Almennar reglur	325
2. Viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan SHÍ	325
3. Aðgengi að viðburðum og efni Stúdentaráðs	327
4. Kynning	327
VIÐAUKI D - STEFNA STÚDENTARÁÐS Í TENGLUM VIÐ ENDURSKOÐUN LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA	328

ÁVARP FORSETA STÚDENTARÁÐS



Kæru stúdentaráðsliðar, stúdentar, samstarfsaðilar og aðrir lesendur.

Það er búið að vera mikill heiður að fá að leiða hagsmunabaráttu stúdenta undanfarið ár og hefur svo sannarlega verið í nógu að snúast. Við tókum við keflinu eftir tvö ár af samkomutakmörkunum vegna heimsfaraldurs og var margt sem þurfti að rifja upp og læra upp á nýtt. Við lögðum áherslu á að byggja aftur upp öflugt háskólasamfélag enda kenndi Covid okkur það hvað félagslífið og tengslamyndunin er mikilvægur partur af því að vera í háskóla. Það skilaði sér í stærsta Októberfest frá upphafi, fjölbreyttum viðburðum, málþingum og auknum sýnileika Stúdentaráðs.

Stór og viðamikil mál sem varða háskólanna eru nú til endurskoðunar í nýju ráðuneyti háskólamála og ljóst er að þær breytingar sem ráðist verður í munu hafa mikil áhrif til framtíðar. Við höfum komið afstöðu stúdenta fram á vandaðan og áberandi hátt sem hefur vakið athygli í fjölmiðlum og nú reynir á að fylgja því eftir. Hagsmunabaráttu stúdenta er ekki bara baráttu þeirra sem eru í námi núna heldur er það baráttu fyrir betra og jafnara samfélagi. Jafnt aðgengi að námi skiptir grundvallarmáli fyrir jöfnuð í samfélaginu og er víða pottur brotinn í þeim efnum hér á landi. Núverandi stuðningskerfi námsmanna uppfyllir ekki hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður og stúdentar lenda á milli annarra velferðarkerfa. Stúdentar eiga að geta stundað nám án þess að þurfa að klóra sig í gegnum fjárhagsörðugleika og áhyggjur, en sú er ekki raunin í núverandi kerfi. Tryggja þarf að hér séu til staðar vel fjármagnaðir og aðgengilegir opinberir háskólar þar sem þeir fá rými til að sinna sínu grundvallar hlutverki, sem er fyrst og fremst að skila þekkingu út í samfélagið.

Ég lít stolt til baka á farinn veg og hlakka til að fylgjast með áframhaldandi baráttu stúdenta. Stúdentaráð Háskóla Íslands á að baki langa sögu um að rugga bátnum og berjast fyrir breytingum eftir sinni eigin sannfæringu. Stúdentar eiga ekki að vera til friðs. Stúdentar eiga að láta í sér heyra, setja spurningamerki við ríkjandi ástand og krefjast breytinga - og skólayfirvöld og stjórnvöld eiga að hlusta.

Ársskýrsla Stúdentaráðs 2022-2023 sem var tekin saman af undirritaðri fer yfir öll stærstu málin sem tekin voru fyrir á árinu og gefur greinargott yfirlit yfir þá fjölbreyttu og víðtæku starfsemi sem Stúdentaráð stendur fyrir.

Takk fyrir samstarfið á árinu og takk fyrir mig Stúdentaráð!

*Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2022 - 2023*

1 STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 2022-2023

1.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2022

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2022 fóru fram rafrænt á Uglu, innri vef Háskóla 22. og 23. mars 2022. Á kjörskrá voru alls 12.101 stúdentar og var heildarkjörsókn 21,70% sem gera 2.626 einstaklinga sem nýttu kosningarétt sinn.

- Á Félagsvísindasviði kusu 876 af 3.843 á kjörskrá, eða 22,79%
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 735 af 2.880 á kjörskrá, eða 25,52%
- Á Menntavísindasviði kusu 447 af 2.955 á kjörskrá eða 15,13%
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 567 af 1.937 á kjörskrá eða 29,27%
- Á Hugvísindasviði barst einungis framboð frá fylkingunni Röskvu og í samræmi við 32. gr. laga Stúdentaráðs voru því réttkjörin þau sem þann framboðslista skipuðu

Röskva samtök félagshyggjufólks fékk alls 15 fulltrúa kjörna en Vaka félag lýðræðissinnaðra stúdenta fékk 2 fulltrúa kjörna.

Fulltrúar á Félagsvísindasviði

- Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)
- Viktor Ágústsson (Röskva)
- Dagur Kárason (Vaka)
- Diljá Ingólfssdóttir (Röskva)
- Elías Snær Torfason (Röskva)

- Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)

Fulltrúar á Heilbrigðisvísindasviði

- Andri Már Tómasson (Röskva)
- Sigríður Helga Ólafsson (Röskva)
- Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)

Fulltrúar á Menntavísindasviði

- Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)
- Ísak Kárason (Röskva)
- Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)

Fulltrúar á Hugvísindasviði

- Raket Anna Boulter (Röskva)
- Draumey Ósk Ómarsdóttir (Röskva)

Fulltrúar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)
- Sigurbór Maggi Snorrason (Röskva)
- Dagmar Óladóttir (Röskva)

1.2 FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM STÚDENTARÁÐS

Sviðsráð Stúdentaráðs eru fimm talsins og í hverju ráði sitja alls fimm fulltrúar, forseti sviðsráðs sem kosinn er af Stúdentaráðsliðum innan hvers sviðs og svo fjórir fulltrúar sem Stúdentaráð kýs á kjörfundi í hlutfalli við kosninganiðurstöður, en í ár afsalaði Vaka sæti sínu í sviðsráði VoN til Röskvu. Forseti sérhvers sviðsráðs situr í stjórn fræðasviðsins fyrir hönd stúdenta ásamt deildarforsetum og sviðsforseta. Þá sitja forsetar sviðsráða í stjórn Stúdentaráðs. Sviðsráðin vinna sjálfstætt innan sinna fræðaviða og er meginhlutverk þeirra að gæta hagsmuna stúdenta á viðkomandi sviði. Ársskýrslur sviðsráða er að finna í viðauka A þar sem farið er yfir það starf sem unnið var innan hvers sviðsráðs.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs

- Lilja Hrönn Önnud. Hrannarsdóttir, forseti (Röskva)
- Viktor Ágústsson (Röskva)
- Diljá Ingólfisdóttir (Röskva)
- Þórkátla Björg Ómarsdóttir (Röskva)
- Dagur Kárason (Vaka)

Sviðsráð Hugvísindasviðs

- Raket Anna Boulter, forseti (Röskva)
- Draumeý Ósk Ómarsdóttir (Röskva)
- Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)
- Ástrós Hind Rúnarsdóttir (Röskva)
- Lilja Reykdal Snorradóttir (Röskva)

Sviðsráð Menntavísindasviðs

- Auður Eir Sigurðardóttir, forseti (Röskva)
- Ísak Kárason (Röskva)
- Jón Hjörvar Valgarðsson (Röskva)
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)
- Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

- Andri Már Tómasson, forseti (Röskva)
- Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)
- Kristín Brynjarsdóttir (Röskva)
- Styrmir Hallsson (Röskva)
- Telma Rún Magnúsdóttir (Vaka)

Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

- Brynhildur Þorbjarnardóttir, forseti (Röskva)
- Dagmar Óladóttir (Röskva)
- Dagmar Ólafsdóttir (Röskva)
 - Sagði af sér í febrúar 2023 og við tók María Rós Kaldalóns (Röskva)
- Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir (Röskva)
- Telma Rut Bjargardóttir (Röskva)

1.3 FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipar ráðið tíu fulltrúa á Háskólaþingi. Á kjörfundi skipar Stúdentaráð sjö aðalfulltrúa úr hópi stúdentaráðsliða og fjóra varafulltrúa í hlutfalli við kosninganiðurstöður. Þá eru þrír fulltrúar skipaðir af skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. Til viðbótar eiga fulltrúar stúdenta í háskólaráði sæti á þinginu. Háskólaþing voru alls þrjú á starfsárinu og voru fulltrúar stúdenta eftirfarandi:

Fulltrúar á Háskólaþingi 8. júní 2022:

Á þinginu var farið yfir stöðu mála við innleiðingu stefnu Háskóla Íslands 2021-2026, HÍ26, umræður um fyrirkomulag doktorsnáms við HÍ og nýir fulltrúar háskólans í háskólaráði kosnir.

- Rebekka Karlsdóttir (Skrifstofa)
- Gréta Dögg Þórisdóttir (Skrifstofa)
- Alma Ágústsdóttir (Skrifstofa)
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir (Röskva)
- Raket Anna Boutler (Röskva)
- Andri Már Tómasson (Röskva)
- Dagur Kárason (Vaka)
- Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)

Fulltrúar á Háskólaþingi 18. nóvember 2022

Á þinginu voru m.a. sjálfbærniáherslur stefnu skólans, HÍ26, til umræðu og fyrsta sjálfbærnisráð Háskóla Íslands kynnt. Þá var einnig rætt um skipulag, framkvæmdir og samgöngur á háskólasvæðinu og farið yfir þróunaráætlun svæðisins.

- Gréta Dögg Þórisdóttir (Skrifstofa)
- María Sól Antonsdóttir (Skrifstofa)
- Guðmundur Ásgeir Guðmundsson (Skrifstofa)
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir (Röskva)
- Andri Már Tómasson (Röskva)
- Brynhildur Þorbjarnardóttir (Röskva)
- Viktor Ágústsson (Röskva)
- S. Maggi Snorrason (Röskva)
- Dagur Kárason (Vaka)
- Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)



Fulltrúar á Háskólaþingi 26. apríl 2023

Á þinginu var m.a. farið yfir stöðuna á sjálfbærnimálum við háskólann, alþjóðlega stöðu HÍ og endurskoðaða málstefnu skólans.

- Rebekka Karlsdóttir (Skrifstofa)
- Gréta Dögg Þórisdóttir (Skrifstofa)
- Katrín Björk Kristjánsdóttir (Skrifstofa)
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir (Röskva)
- Andri Már Tómasson (Röskva)
- Rakel Anna Bouter (Röskva)
- Viktor Ágústsson (Röskva)
- S. Maggi Snorrason (Röskva)
- Dagur Kárason (Vaka)
- Arent Orri Jónsson (Vaka)



1.4 FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNDUM

1.4.1 FULLTRÚAR Í STJÓRN MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs sem kjörinn er á kjörfundi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs. Hann tekur við af fyrri fulltrúa þegar samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðsins er skipaður úr hópi starfsfólks og skal ekki vera af sama kyni með tilliti til jafnréttissjónarmiða og í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í ár kom upp sú staða að allt starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs var í upphafi árs af sama kyni var því ekki hægt að skipa varafulltrúa skv. lögum Stúdentaráðs. Stjórn Stúdentaráðs tók í ljósi stöðunnar ákvörðun um að skipa varafulltrúa úr hópi stjórnarmeðlima.

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðs námsmanna 2022-2023

- María Sól Antonsdóttir, aðalfulltrúi og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs
- Andri Már Tómasson, varafulltrúi

1.4.2 FULLTRÚAR Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs eru fulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta kjörnir sérstaklega og gert er svo á Stúdentaráðsfundi þegar skipunartímabilið fer að líða undir lok. Samkvæmt reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands er stjórnin skipuð fimm einstaklingum til tveggja ára; Menntamálaráðuneytið skipar einn aðalfulltrúa og einn varafulfulltrúa, háskólaráð kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulfulltrúa ásamt því að Stúdentaráð kýs þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulfulltrúa. Stúdentaráð skipaði í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta vorið 2021 til tveggja ára og eru fulltrúarnir sem hér segir:

Aðalfulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2021-2023

- Elísabet Brynjarsdóttir
- Brynhildur Bolladóttir
- Pétur Marteinn Urbancic

Varafulfulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2021-2023

- Jónas Már Torfason fyrir Elísabetu Brynjarsdóttur
- Linda Karlsdóttir fyrir Brynhildi Bolladóttur
- Auður Tinna Aðalbjarnardóttir fyrir Pétur Marteinn Urbancic

1.4.3 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI LANDSSAMTAKA ÍSLENSKRA STÚDENTA

Samkvæmt lögum Landssamtaka íslenskra stúdenta er fulltrúaráð þess skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi sem eru tilnefndir á landsþingi. Hvert aðildarfélag tilnefnir árlega fulltrúa sem situr í fulltrúaráði í tvö ár ásamt tveimur varafulfulltrúum til eins árs. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráðinu samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár og varafulfulltrúa til eins árs. Samkvæmt lagabreytingu sem gerð var á þessu starfsári skulu varafulfulltrúar koma úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs.

Aðalfulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2022-2023

- Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2022-2023, skipuð til 2024
- Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2021-2022, skipuð til 2023

Varafulfulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2022-2023

- Viktor Pétur Finnsson (Vaka)
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir (Röskva)

1.4.4 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI BYGGINGAFÉLAGI NÁMSMANNA

Byggingafélag námsmanna ses, er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Aðildarfélög þess eru stúdenta- og nemendafélög Háskólans í Reykjavík, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Tækniskólans. Stúdenta- og nemendafélögin sem eru með aðild eiga rétt til fulltrúa á aðalfundi félagsins. Stúdentaráð Háskóla Íslands á rétt á 4 fulltrúum af 10 fulltrúum alls.

Fulltrúar Stúdentaráðs á aðalfundi Byggingafélags námsmanna 2022

- Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2022-2023
- Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2022-2023
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, stjórnarmeðlimur Stúdentaráðs 2022-2023
- Dagur Kárason, áheyrnarfulltrúi í stjórn Stúdentaráðs 2022-2023

Stúdentaráð á tvo aðalfulltrúa í stjórn félagsins sem kjörnir eru til tveggja ára skv. verklagsreglum Stúdentaráðs og einn varafulltrúa sem kjörinn er til eins árs í senn. Fulltrúar ráðsins 2022-2024 eru sem hér segir:

Aðalfulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Byggingafélags námsmanna 2022-2024

- Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2022-2023
- Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2021-2022

Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Byggingafélags námsmanna 2022-2023

- Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2022-202

2 FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og er rektor forseti þess. Í ráðinu sitja 11 einstaklingar og þar af 2 fulltrúar sem eru skipaðir í tvö ár í senn. Fulltrúar stúdenta eru kjörnir í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands. Kosið var til háskólaráðs samhliða kosningum til Stúdentaráðs 23. og 24. mars 2022. Það voru 2.572 af 14.330 sem nýttu kosningarétt sinn, kjörsókn var því 17,95%. Röskva fékk báða fulltrúa sína kjörna inn í ráðið sem og báða varafulltrúa.

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2022-2024

- Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir (Röskva)
- Katrín Björk Kristjánsdóttir(Röskva)

Varafulltrúar stúdenta í háskólaráði 2022-2024

- Rebekka Karlsdóttir (Röskva)
- Ingvar Þóroddsson(Röskva)

2.1 FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda háskólaráðs. Allir stúdentar við Háskóla Íslands geta boðið sig fram í þær nefndir sem ekki er skipað í skv. lögum Stúdentaráðs á nýju skipunartímabili og er það Stúdentaráð sem síðan kýr um þær umsóknir sem berast. Alla jafna er skipunartímabil nefndanna til þriggja ára.

Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs 2021-2022 samkvæmt lögum Stúdentaráðs

- Í jafnréttisnefnd sat Jón Ingvi Ingimundarson sem forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs.
- Í gæðanefnd var skipað frá 2021 til 2024 og átti þar sæti Eva Laufey Eggertsdóttir.
 - Gæðanefnd var lögð niður á starfsárinu og í staðinn tók til starfa Stefnu og gæðaráð.
 - Rebekka Karlsdóttir sem forseti Stúdentaráðs tók þar sæti til tveggja ára. Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti Stúdentaráðs tók sæti til eins árs.
- Í sjálfbærni- og umhverfisnefnd sat Dagmar Óladóttir sem forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs.
- Í kennslumálanefnd sat Raket Anna Boulter sem forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs.
- Í skipulagsnefnd var Sindri Freyr Ásgeirsson skipaður til eins árs, 2022-2023 þar sem fulltrúi stúdenta baðst lausnar áður en skipunartímabilinu lauk.
- Í vísindanefnd situr Ingunn Hreinberg Indriðadóttir sem fulltrúi FEDON félag doktorsnema og nýrannsakenda.

Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum háskólaráðs

- Í ráð um málefni fatlaðs fólks er skipað 2022 til 2025 og eiga þar sæti Margrét Lilja Arnheiðardóttir og Styrmir Hallsson
- Málnefnd var skipuð frá 2021 til 2024 og situr þar Atli Jasonarson
- Auglýst var eftir áheyrnarfulltrúa í Öryggisnefnd háskólaráðs en engin umsókn barst.

3 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Stjórnin annast framkvæmd þeirra verkefna sem ráðið felur henni og getur einnig tekið ákvarðanir og afgreitt mál á fundum innan þeirra marka sem ráðið ákveður hverju sinni. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs er stjórnin skipuð forsetum sviðsráðanna fimm ásamt forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum stjórnar en í fjarveru hans fellur það undir varaforseta. Þá kýs stjórnin sér gjaldkera.

Stjórn Stúdentaráðs 2022-2023

- Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs og forseti stjórnar
- Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti Stúdentaráðs og varaforseti stjórnar
- Andri Már Tómasson, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Raket Anna Boulter, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Auður Eir Sigurðardóttir, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
- Brynhildur Þorbjarnardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrnarnardóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs, oddviti Röskvu og gjaldkeri stjórnar



Áheyrnafulltrúar í stjórn 2022-2023

- Dagur Kárason, oddviti Vöku
- Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs og ritari stjórnar
- Svava Dögg Jónsdóttir, fulltrúi FEDON

Yfirferð starfa stjórnar á starfsárinu

Stjórn fundaði alls 15 sinnum yfir starfsárið. Stjórn fundaði mánaðarlega og ávallt viku fyrir Stúdentaráðsfundi og var fastur liður að fara yfir efni næsta Stúdentaráðsfundar með það að markmiði að stuðla að gagnsæi sem og málefnalegra umræðna, og miðla upplýsingunum áfram til sviðsráðsmeðlima og fylkinganna. Stjórnin átti nokkra aukafundi í tengslum við

ráðningarferlið og önnur tilfallandi málefni. Einstaka sinnum voru mál afgreidd rafrænt á milli funda og var það þá ýmist gert í gegnum tölvupóst eða á Facebook hóp stjórnar.

Meðal verkefna var að sjá um ráðningar starfsfólks á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, samþykkti uppfærðar verklagsreglur stjórnar og fór yfir verklagsreglur skrifstofu og Stúdentaráðs. Stjórnin fór einnig yfir efnislegan undirbúning stefnumótunarferðarinnar, miðlaði upplýsingum áfram til forseta og skrifstofu Stúdentaráðs og fékk sömuleiðis upplýsingar frá forseta um málefni svo voru ýmist í farvegi eða á döfinni. Þá tók stjórn einnig til umfjöllunar tillögur, minnisblöð, yfirlýsingar, tilkynningar og umsagnir í umboði Stúdentaráðs og gekk frá skipun í Stúdentasjóð. Einnig hafði stjórn góða innsýn í skipulagningu Októberfest, við mótun stefnu Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna sem og herferða Stúdentaráðs. Verklagsreglur stjórnar Stúdentaráðs má finna í viðauka D.

4 SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs deildi með sér rúmlega þremur og hálfu stöðugildi starfsárið 2022-2023.

- Forseti Stúdentaráðs: 100% hlutfall
- Varaforseti: 40% hlutfall
- Hagsmunafulltrúi: 30-50% hlutfall
- Lánasjóðsfulltrúi: 20-30% hlutfall
- Framkvæmdastjóri: 50% hlutfall
- Ritstýra: 20-30% hlutfall
- Alþjóðafulltrúi: 60% hlutfall



4.1 ÁRSSKÝRSLA FORSETA

Forseti Stúdentaráðs er málsvari ráðsins gagnvart háskólanum, stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum hagaðilum. Forseti er jafnframt yfirmaður á skrifstofunni þar sem hann sér um öll dagleg störf. Hlutverkið er yfirgripsmikið og því fylgir mikil ábyrgð gagnvart stúdentum. Forseti var með áheyrnarrétt í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, átti sæti í fulltrúaráði Landssambands ungmennafélaga og fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta. Jafnframt sat forseti í stjórn Byggingarfélags námsmanna, nýju stefnu og gæðaráði háskólans, í geðheilbrigðishópi Háskóla Ísland, miðlægum starfshópi vegna Sögu og í sameiginlegum vinnuhópi háskólanna um notkun gervigreindar í kennslu. Líkt og undanfarin ár fundaði forseti reglulega með rektor sem mælst er til að haldið sé áfram.

Skrifstofa SHÍ og utanumhald starfseminnar

Skrifstofa Stúdentaráðs er staðsett á þriðju hæð Háskólatorgs og er opin stúdentum og öðrum aðilum alla virka daga frá 10-17 og miðaði vinnutími forseta miðaði almennt við opnunartíma skrifstofunnar. Störf forseta fólust aðallega í því að hafa yfirsýn með daglegum rekstri skrifstofunnar, útdeila verkefnum til annarra starfsmanna innan skrifstofunnar. Starfsfólk vann sjálfstætt að sýnum afmörkuðu verkefnum samkvæmt starfslýsingu en með reglulegum samskiptum var hægt að taka stöðuna á framvindu verkefna og verkefnaálags. Skrifstofan fundaði reglulega þar sem farið var yfir verkefnastöðuna hjá hverjum og einum, hvaða stóru verkefni væru framundan og þannig tryggt að við störfuðum sem ein heild. Lagt var upp með að útdeila tilfallandi verkefnum eftir styrkleika og áhugasviði starfsfólksins þannig að hver og einn fengi að blómstra í sínu hlutverki. Forseti lagði upp úr því að störf ráðsins væru unnin á faglegan og skilvirkan hátt og að gott viðmót myndi mæta öllum þeim sem til okkar leituðu.

Ábyrgð forseta voru stefnumótun Stúdentaráðs, hafa yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs og vera málsvari Stúdentaráðs út á við og gagnvart stjórnslu Háskólans. Forseti Stúdentaráðs er fundarstjóri á Stúdentaráðsfundum, sér um að skipuleggja og undirbúa þá og sendir út fundarboð. Forseti er jafnframt forseti stjórnar Stúdentaráðs og stýrir þeim fundum ásamt því að halda utan um gögn stjórnar.

Í kafla um starfsemi Stúdentaráðs er svo fjallað nánar um einstök verkefni ársins en forseti kom að þeim öllum með einum eða öðrum hætti.

Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs 2022 - 2023

4.2 ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA

Gréta Dögg Þórisdóttir var kjörin til embættis varaforseta Stúdentaráðs á kjörfundi ráðsins í apríl 2022 og gegndi stöðunni starfsárið 2022-2023. Undirrituð tók formlega við af fyrrum varaforseta í maí 2022, eftir skiptafund Stúdentaráðs. Starfshlutfall varaforseta var 50% í júlí, ágúst og apríl en aðra mánuði 40%.

Almennt um starfið

Helstu verkefni sem varaforseti ber ábyrgð á eru tenging skrifstofu Stúdentaráðs við nefndir ráðsins, tenging við nemendafélög skólans, markaðs- og samskiptamál ráðsins, mætingarlistar og mælendaskrá á fundum þess og skírteinisviðaukar fyrir Stúdentaráðsliða. Þar að auki þarf varaforseti að vera til taks í daglegum verkefnum skrifstofu Stúdentaráðs, hjálpa til við hin ýmsu tilfallandi verkefni og vera reiðubúinn að hlaupa í skarðið ef forseti forfallast. Því er það mikilvægur þáttur í starfi varaforseta að vera vel upplýstur um stöðu verkefna Stúdentaráðs. Verkefni varaforseta eru fjölbreytt og því þarf að búa yfir ákveðinni aðlögunarhæfni en starfið býður einnig upp á svigrúm til að móta starfið eftir styrkleikum þess sem stöðunni gegnir.

Tengiliður skrifstofu Stúdentaráðs við nefndir ráðsins

Varaforseti boðaði fyrsta fund nefnda SHÍ skv. lögum ráðsins. Á þeim fundi var farið yfir praktísk atriði og tengingu nefndanna við skrifstofu Stúdentaráðs. Þá var lagabreytingartillaga, sem sneri að nefndunum samþykkt á fundi ráðsins í janúar og vegna þeirra breytinga var því kosið í stöðu forseta nefndanna á kjörfundi ráðsins í apríl sl. Halda skal *skiptafund* gömlu og nýju nefndarinnar en varaforseti skal þó enn boða *fyrsta fund* þar sem fara skal yfir nauðsynlegar upplýsingar og tengingu nefnda við skrifstofuna. Verður þetta talin vera breyting til hins betra þar sem skiptin verða þá skilvirkari og nefndir geta hafið störf fyrr.

Þá boðaði varaforseti einnig reglulega fundi með forsetum nefndanna svo skrifstofa Stúdentaráðs sé meðvituð um stöðu þeirra verkefna sem eru á borði nefndanna. Reynsla varaforseta er sú að mikilvægt sé að halda þessa fundi og minna forseta nefndanna á að varaforseti er þeim innan handar, sérstaklega þegar nefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun, taka inn fimmta meðlim og halda stóra viðburði.

Tengiliður skrifstofu Stúdentaráðs við nemendafélög skólans

Í upphafi starfsársins var sendur tölvupóstur á öll nemendafélög til þess að fá uppfærðar tengiliðaupplýsingar en þá voru þær upplýsingar samtímis uppfærðar á heimasíðu Stúdentaráðs. Í sama tölvupósti voru forsvarsaðilar nemendafélaganna beðin um að sækja um inngöngu í lokaðan Facebook-hóp, líkt og hefur verið stofnaður fyrri ár til að miðla upplýsingum til þeirra og reyndist það góð leið til þess. Einnig gekk vel að koma upplýsingum áleiðis með því að senda nemendafélögnum skilaboð á Instagram. Yfir árið var mikilvægum upplýsingum og auglýsingum fyrir viðburði deilt með nemendafélögnum í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta, t.d. bárust allar upplýsingar tengdar Októberfest með góðum fyrirvara frá skrifstofu Stúdentaráðs í Facebook-hópinn, með skilaboðum á samfélagsmiðlum og tölvupóstum.

Varaforseti sá um að svara almennum fyrirspurnum og beiðnum sem bárust skrifstofu Stúdentaráðs frá nemendafélögum á árinu og aðstoðaði einnig við stofnun og endurvakningu nokkurra félaga á árinu. Þá kom varaforseti einnig að skipulagningu samráðsfundanna tveggja sem haldnir voru með nemenda- og hagsmunafélögum skólans, sem nánar má lesa um í kafla 5.7.

Markaðs- og samskiptamál SHÍ

Varaforseti hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum í samstarfi við forseta. Á starfsárinu var mikil áhersla lögð á aukinn sýnileika Stúdentaráðs, stöðuga virkni á samfélagsmiðlum og aukið upplýsingaflæði til stúdenta. Þeim málum var því gert hátt undir höfði á árinu og í upphafi þess mörkuðu forseti og varaforseti betur hvernig skrifstofa Stúdentaráðs kemur efni ráðsins frá sér á skiljanlegan hátt svo auðveldara sé fyrir stúdenta að átta sig á störfum ráðsins. Það var farin önnur leið en fyrri ár við framsetningu á því efni sem Stúdentaráð deilir á samfélagsmiðlum, flest efni var sett fram í stuttum og hnitmiðuðum textum og aðalatriðin dregin fram hverju sinni.

Þessi atriði voru einnig lögð til grundvallar við undirbúningsvinnu herferðar Stúdentaráðs, en varaforseti kom mikið að þeirri vinnu og setti m.a. upp lendingarsíðu herferðarinnar í samstarfi við auglýsingastofuna sem vann herferðina með okkur. Stúdentaráð gerði einnig þónokkur TikTok og Instagram Reels-myndbönd á starfsárinu en það var góð leið til að ná til fólks, auglýsa viðburði og hefðu þau mátt vera fleiri. Það eru miklir möguleikar í áframhaldandi

mótun og þróun á útgefnu efni Stúdentaráðs á samfélagsmiðlum sem væri gott að komandi skrifstofur ynnu áfram að.

Varaforseti hefur yfirumsjón með heimasíðu Stúdentaráðs. Í byrjun árs þurfti að uppfæra allar upplýsingar á heimasíðunni, setja inn myndir af nýkjörnum fulltrúum, fara yfir afslættina og auglýsingaborðana. Það er mikilvægt upp á gagnageymslu að gera að skrifa fréttir um starfsemi Stúdentaráðs og birta á heimasíðunni. Þær þarf einnig alltaf að þýða einnig á ensku, en það hefði mátt gera betur á árinu. Þeim fréttum var síðan oftast en ekki deilt á Facebook Stúdentaráðs. Gefist tími til á komandi starfsári væri gott að hafa alla fjölmiðlaumfjöllun um Stúdentaráð, viðtöl við forseta og annað, undir sérstökum flípa á heimasíðunni svo það sé allt á einum stað og auðvelt sé að nálgast efnið.

Önnur verkefni

Varaforseti kom að skipulagningu og var með marga bolta á lofti í kringum Októberfest 2022 en það voru allt mjög fjölbreytt verkefni. Starfsfólk skrifstofunnar var félagslífs- og menningarnefnd t.d. mikið innan handar en viðburðir tengdir Októberfest voru mjög stórir og krefjandi fyrir eina fjögurra manna nefnd að halda utan um. Þá var mikilvægt fyrir varaforseta að upplýsa nemendafélögin vel um dagskrá hátíðarinnar og viðburðina tengda hátíðinni sem ætlaðir voru félögunum sérstaklega. Varaforseti sá einnig í miklum mæli um markaðsefni fyrir Októberfest á samfélagsmiðlum Stúdentaráðs.

Varaforseti tók saman niðurstöður könnunar SHÍ um stöðu foreldra í námi og kynnti þær á landsþingi LÍS í apríl 2023 þar sem þema þingsins var foreldrar í námi. Nánar er fjallað um könnunina í kafla 6.2.1.1 og [samantekt á niðurstöðum er að finna á heimasíðu Stúdentaráðs](#).

Sýnileikaherferð Stúdentaráðs í aðdraganda og kringum kosningar til ráðsins var á ábyrgð varaforseta en nánar má lesa um hana í kafla 6.2.12.

Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2022-2023

4.3 ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA


Katrín Björk Kristjánsdóttir var kjörin á kjörfundi Stúdentaráðs í apríl 2022 og gegndi stöðu hagsmunafulltrúa SHÍ starfsárið 2022-2023. Undirrituð tók formlega við af fyrrum hagsmunafulltrúa í maí eftir skiptafund Stúdentaráðs. Staða hagsmunafulltrúa var 30% yfir júlí og ágúst mánuð en 50% restina af starfsárinu.

Grundvallarskylda hagsmunafulltrúa er að gæta hagsmuna nemenda í öllum þeim málum sem viðkoma háskólalífinu. Oftast nær eru það einstaklingsbundin mál. Til þess er notast við þau úrræði sem eru í boði – bæði innan sem utan háskólans – til að bregðast og sporna við misrétti. Hlutverk hagsmunafulltrúa er því að miklu leyti að leiðbeina nemendum með ábyrgum hætti þangað sem ásættanleg úrræði eru að finna og aðstoða þau í gegnum meðferð mála. Því fylgir að hagsmunafulltrúar tala máli nemenda hvarvetna innan háskólans, með ábyrgum hætti. Með þeim hætti taka þeir virkan þátt í mótun og uppbyggingu háskólasamfélagsins í nafni nemenda.

Málaskrá

Heildarmálafjöldi var 156 og er það mesti fjöldi mála sem komið hafa upp eftir að formleg málaskrá var tekin upp árið 2017. Áætla má að þessi metfjöldi sé afurð sýnileika Stúdentaráðs yfir árið og góðu aðgengi að hagsmunafulltrúa. Að meðaltali komu 12.2 mál á mánuði á haustönn 2022 og 11.4 á mánuði á vorönn 2023.

Aðstoð frá hagsmunafulltrúa á milli sviða



Viðtalstímar og almenn mál

Auglýstir voru fastir viðtalstímar þar sem nemendur gátu haft greiðan aðgang að hagsmunafulltrúa á skrifstofu Stúdentaráðs. Einnig var hagsmunafulltrúi kynntur á nýnemadögum með því að vera með kynningarbás SHÍ. Algengast var þó að nemendur sendu tölvupóst beint á hagsmunafulltrúa. Hluti af sýnileika hagsmunafulltrúa var að auglýsa réttindi stúdenta á samfélagsmiðlum og með fjöldapósti, og það er hægt að sjá að það beri árangur með aukningu á málum þegar það er gert.

Flest mál vörðuðu birtingu eldri prófa og sein einkunnaskil kennara. Mörg mál sem koma inn á borð hagsmunafulltrúa eru persónuleg og er mikilvægt að gæta trúnaðar þegar við á. Starf hagsmunafulltrúa er mikilvægt og víðfeðmt og felst fyrst og fremst í því að nálgast stúdenta af nærgætni og sýna málum þeirra og áhyggjum virðingu og athygli - með verklagsreglur og lög háskólans að leiðarljósi við úrvinnslu þeirra. Oft á tíðum nægir að veita milligöngu eða sitja fundi ásamt stúdentnum sem á í hlut og bera þungann af máli og sjónarmiðum stúdents þegar erfitt getur reynst fyrir hann sjálfan að gera slíkt.

Samráð við nemenda- og hagsmunafélög

Gott samráð var við bæði nemendafélög og önnur hagsmunafélög yfir starfsárið. Í október var haldin samráðsfundur með öllum forsvarsaðilum nemendafélaga þar sem hagsmunafulltrúar voru sérstaklega hvattir til að mæta. Þar hélt hagsmunafulltrúi kynningu á helstu réttindum og boðleiðum stúdenta. Það var afar farsælt og efldi tengsl hagsmunafulltrúa við nemendafélög. Einnig var notaður sameiginlegur Facebook hópur til að koma skilaboðum til nemendafélaga hvað varðar réttindi og önnur hagsmunamál.

Hagsmunahandbók fyrir nemendafélög

Ákveðið var að gera [hagsmunahandbók fyrir nemendafélög](#) til að auðvelda aðgengi að upplýsingum og hafa yfirlit yfir réttindi stúdenta á einum stað. Í handbókinni má einnig finna útskýringu á skipulagi Stúdentaráðs og öllu sem því fylgir, ásamt léttri skýringu á stjórnslu háskólans.

Jafnréttisdagar

Hagsmunafulltrúi var fyrir hönd SHÍ með bás á EXPÓ á lokadegi jafnréttisdaga en jafnréttisdagar stóðu yfir frá 6.-9. febrúar 2023. Á EXPÓ var starf Stúdentaráðs kynnt, með áherslu á jafnrétti allra til náms.

Tillögur

Hagsmunafulltrúi setti fram og kom að þremur tillögum á starfsárinu.

- Tillaga um jafningjastuðning á Stúdentagörðum
- Tillaga um aukin úrræði stúdenta með íslensku sem annað mál
- Tillaga um kynfræðslu kennaranema

Einnig kom hagsmunafulltrúi að vinnu og eftirfylgni að eftirfarandi tillögum:

- Tillaga um aukna hinseginfræðslu innan Heilbrigðisvísindasviðs
- Tillaga um aukna forafna notkun á Canvas

Önnur verkefni

Hagsmunafulltrúi tók að sér önnur verkefni, í samráði við forseta og í samvinnu við annað starfsfólk skrifstofunnar. Það voru verkefni eins og skipulagning og utanumhald stefnumótunarferðar SHÍ sem var haldin í júlí 2022, skipulagning Októberfest SHÍ 2022 og framkvæmd og úrvinnsla könnun Stúdentaráðs um fjárhagsstöðu stúdenta við Háskóla Íslands sem lögð var fram í apríl 2023. Starfshlutfall hagsmunafulltrúa gefur oft rými til annarra verkefna heldur en þau sem falla beint að starfslýsingu hagsmunafulltrúa þar sem álag er mismunandi eftir mánuðum.

Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2022 - 2023

4.4 ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA

María Sól Antonsdóttir gegndi stöðu lánasjóðsfulltrúa SHÍ starfsárið 2022-2023 og var kjörin á kjörfundi Stúdentaráðs í apríl 2022. María Sól tók við af fyrrum lánasjóðsfulltrúa í maí.

Lánasjóðsfulltrúi vinnur að hagsmunum stúdenta er varða Menntasjóð námsmanna og eftir atvikum forvera hans, Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hann heldur úti ráðgjafþjónustu fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum.

Samstarf lánasjóðsfulltrúa við Stúdentaráð Háskólans á Akureyri (SHA) var komið á fót starfsárið 2017-2018 og var þetta því sjötta árið þar sem lánasjóðsfulltrúi þjónustar stúdenta við Háskólann á Akureyri. Á síðasta starfsári var komið á fót samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Tækifæri er til að efla það samstarf og gera samskiptaleiðir skilvirkari svo hægt sé að tryggja gott upplýsingaflæði. Í því skyni væri ráðlagt að útbúa þjónustuáætlun í samráði við þjónustuskólana.

Þar að auki eru verkefni lánasjóðsfulltrúa að sjá til þess að þjónustusamningi við Menntasjóð námsmanna sé fylgt og halda upplýsingaflæði milli sjóðsins og SHÍ virku. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs og talar þar fyrir hagsmunum stúdenta við opinbera háskóla. Lánasjóðsfulltrúi tók sæti í stjórn sjóðsins í ágúst 2022 og er skipuð fram í júlí 2023. Lánasjóðsfulltrúi sat auk þess fundi úthlunarreglunefndar sem er ein af undirnefndum sjóðsins. Þá vann lánasjóðsfulltrúi viðbrögð Stúdentaráðs við úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2023-2024. Samstarf meðal fulltrúa nemenda í stjórn sjóðsins gekk vel.

Yfir starfsárið hélt lánasjóðsfulltrúi nokkrar kynningar og erindi, bæði fyrir stúdenta innan Háskóla Íslands og utan hans, um námslánakerfið í fræðsluskyni. Lánasjóðsfulltrúi hélt meðal annars erindi á þjálfunarbúðum Student Refugees Iceland fyrir sjálfboðaliða. Lánasjóðsfulltrúi stóð einnig fyrir opnum fundi á skrifstofu SHA þar sem boðið var upp á vöflur fyrir gesti. SHA sá um að auglýsa viðburðinn og var ásókn góð.



Í byrjun starfsársins hófst vinna í sambandi við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna. Stúdentaráð birti yfirlýsingu sem lánasjóðsfulltrúi vann vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna þar sem brýnt var á mikilvægi þess að fullt samráð yrði haft við stúdenta um endurskoðunina.

Lánasjóðsfulltrúi sat í vinnuhóp Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna og átti þátt í að vinna og móta kröfur samtakanna í sambandi við endurskoðunina. Lánasjóðsfulltrúi, ásamt forseta, vann einnig að mótun stefnu Stúdentaráðs í þessum efnum. Hvoru tveggja var borið upp til samþykktar Stúdentaráðs.

Samstarf við Landssamtök íslenskra stúdenta gekk vel á starfsárinu, en lánasjóðsfulltrúi vann mikið með forseta samtakanna að hinum ýmsu verkefnum. Ber þar helst að nefna herferð samtakanna í sambandi við endurskoðunina en herferðin bar yfirskriftina *háskólamenntun í hættu*. Lánasjóðsfulltrúi hafði mikla aðkomu að þeirri vinnu, til að mynda textagerð, handritaskrifum og hugmyndavinnu. Landssamtök íslenskra stúdenta stóðu auk þess fyrir kynningarfundum á kröfum stúdenta en lánasjóðsfulltrúi kom þar fram og tók þátt í undirbúningsvinnu.

Á starfsárinu var lögð fram þingsályktunartillaga um niðurfellingu námslána. Lánasjóðsfulltrúi vann umsögn um tillöguna í samráði við forseta. Einnig var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna er varðaði launatekjur o.fl. Stúdentaráð skilaði inn umsögn að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sem lánasjóðsfulltrúi vann í samráði við forseta. Hvor tveggja umsagnanna var borin upp til samþykktar Stúdentaráðs.

María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs 2022 - 2023

4.5 ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hlutverk framkvæmdastjóra SHÍ er fjölbreytt og erfitt er að ná utan um það í heild sinni en þó er hægt að þrengja hlutverkið niður í að tryggja heilbrigðan rekstur SHÍ. Þá er eitt mikilvægasta verkefnið að setja upp **fjárhagsáætlun** miðað við samningsbundið og áætlað fjármagn á mótí áætlunum útgjöldum en þær upphæðir eru yfirleitt miðaðar við fyrri ár með fyrirvara um verðlagsbreytingar. Á meðan rekstrarárinu líður er það á ábyrgð framkvæmdastjóra að **færa til bókar** fjármagnshreyfingarnar til að hafa ætíð glögga mynd á rekstrinum.

Fjárhagsáætlun SHÍ 2022-2023

Fjárhagsáætlun var tilbúin og kynnt Stúdentaráði í október. Undirritaður mælir með því að vera fyrr á ferðinni með fjárhaginn en þó voru tafir á samningum við Háskóla Íslands og bið eftir uppgjöri Októberfest helstu orsakir þessa seinagangs. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir hagnaði en hann var hugsaður sem svigrúm til að taka frekari ákvarðanir um nýtingu fjár á miðju rekstrarári ef svo bæri til. Einnig losnaði um fjármagn og það fært á milli fjármagnsliða þegar ljóst var að áætlun útgjöld einstakra liða yrðu ekki eins há og gert var ráð fyrir. Tilfærslur og ákvarðanir um nýtingu fjár á miðju ári voru allar ræddar á stúdentaráðsfundum og kosið var um einstaka atriði þegar það átti við.

Bókhald

Eftir 2-3 mánuði af starfi hættum við alfarið viðskiptum við þekkt bókhaldsþjónustufyrirtæki þar sem undirritaður taldi að við bjuggjum yfir mannauðnum í að sinna áður úthýstum verkefnum. Þessi verkefni eru aðallega VSK-skýrslur og launakeyrslur auk einstakra árlegra verkefna á borð við ársreikning og skattframtal. Þar með fór ábyrgð þessara verkefna alfarið á undirritaðan og telur undirritaður að það fyrirkomulag eigi að haldast – enda spari það SHÍ töluverða fjárhæð.

SHÍ fær að nota aðgang Félagsstofnunar stúdenta að *dk hugbúnaði* og er það því notað sem bókhaldskerfi ráðsins. Á árinu þurfti að hreinsa kerfið töluvert en stöður á efnahagslyklum (stöður sem lokast ekki milli ára) voru fjarri raunverulegum stöðum. Af þessum sökum var erfitt að nýta kerfið í ársreikningagerð þar sem upplýsingar sem kerfið vann úr voru ónákvæmar en nánar verður farið út í það undir **Ársreikningagerð**.

Meðal þessara grunnverkefna að ofan má einnig nefna eftirfarandi föst verkefni sem eru í verkahring framkvæmdastjóra: **Fundargerðir, samskipti við samstarfsaðila, umsjón Íþróttaskólans, umsjón miðasölu Októberfest innan veggja HÍ (og svo annað tilfallandi).**

Ársreikningagerð

Framkvæmdastjóri tók að sér ársreikningagerð á árinu. Þar sem ekki var hægt að nýta upplýsingar um eignir og skuldir úr bókhaldskerfinu þurfti undirritaður að styðjast við söguleg gögn til að ákvarða raunverulegar eignir og skuldir. Hins vegar mátti með þó nokkurri nákvæmni að mestu leyti vinna rekstrarreikning út frá bókhaldskerfinu þar sem að forveri undirritaðs stóð sig vel í að stemma bankann af reglulega og bóka á viðeigandi lykla.

Undirritaður lagði fram lagabreytingartillögu að gera ekki þá kröfu að löggildur endurskoðandi færi yfir ársreikning ráðsins heldur dygði að fá skoðunaraðila til að fara yfir ársreikninginn þar sem þjónusta löggilds endurskoðanda er oft mjög kostnaðarsöm. Ársreikningur seinasta starfsárs (2021-2022) var þó yfirfarinn af löggildum endurskoðanda en sú vinna var pro bono og því voru áhyggjur af kostnaði ekki marktækar.

Fundargerðir

Framkvæmdarstjóri ber ábyrgð á fundargerðum stúdentaráðsfunda og funda stjórnar SHÍ en fundargerðirnar er mikilvæg fyrir upplýsingaflæði til hins almenna stúdents en ekki síður sem gagnageymsla þar sem allar ákvarðanir og meginatriði er skráð. Það má deila um skemmtanagildi þessa verkefnis fyrir framkvæmdarstjóra en þó er mikilvægið ótvírætt. Með því að sinna þessu verkefni fær framkvæmdastjóri sýn og tilfinningu fyrir starfi líðandi stundar innan ráðsins og á fundum sem annars væri mögulega ekki til staðar.

Samningsaðilar

Samningaviðræður voru tiltölulega tímafrekar á árinu en gáfu þó af sér fyrirmyndarsamninga sem áttu sinn þátt í að tryggja reksturinn. Samningar SHÍ við samstarfsaðila gilda til eins árs og er hefðin sú að vera í samstarfi við fjarskipta- fjármála og raforkusölufyrirtæki. Í byrjun árs var reynt að bæta tryggingafélagi og innflutningsaðila drykkjarvörumerkis við í samstarfshópin en það gekk ekki sem skyldi. Þó hvetur undirritaður til áframhaldandi tilrauna til að bæta við í samstarfshópin og að hræra sem minnst í núverandi samningum ef kostur er á því. Samskipti við samningsaðila áttu það til að vera stíð og hvetur undirritaður til úrbóta í þeim málum á næsta starfsári.

Íþróttaskóli SHÍ 22-23

Íþróttaskólinn var haldinn í fyrsta skipti í tvö ár í nóvember 2022. Vegna þessa var undirritaður örlítið að renna blint í sjóinn þegar það kom að undirbúningi verkefnisins. Með aðstoð þáverandi forseta fjölskyldunefndar var hins vegar hægt að formgera og skipuleggja Íþróttaskólann og vinna auglýsingar fyrir þjálfara og þátttakendur út frá því. Sú hefð hefur ríkt að þjálfarastaðan sé mönnuð í samstarfi við Íþrótt- og heilsufræðinema við HÍ og á því var engin breyting í ár. Við vorum gríðarlega heppin með þjálfara en hún [Alda Ólafsdóttir] var meistaranemi í íþróttufræði og hafði reynslu af þjálfarastörfum og börnum.

Íþróttaskólinn var bæði haldinn fyrir og eftir áramót. Fyrir áramót voru 5 tímar en 7 tímar eftir



áramót. Á báðum tímabilum var fyrsti tíminn frír prufutími sem vakti mikla lukku og jök áhuga og skráningu í kjölfarið. Tímarnir voru allir haldnir í Íþróttahúsi HÍ en SHÍ leigði húsið á laugardagsmorgnum fyrir tvo hópa – yngri og eldri. Fullt var í yngri hópana í bæði skiptin og fullt í eldri hópinn í seinna skiptið sem til marks um vinsældir og eftirspurnina á verkefninu en foreldrar og börn voru almennt mjög ánægð með Íþróttaskólann.

Boðið var upp á léttu hressingu í lok hvers tíma og fyrir áramót fengum við styrk frá Ella's Kitchen fyrir skvísunum en eftir áramót frá Holle skvísunum – annað var keypt samdægurs [um morguninn] úr verslunum Hagkaupa. Íþróttaskólinn var haldinn í samstarfi við Landsbankann og fengu greiðendur þátttakenda afslátt ef þau voru í viðskiptum við bankann. Einnig var hægt að þiggja glaðning frá Landsbankanum í lokatímanum.

Á þessu starfsári lenti ábyrgð á framkvæmd verkefnisins eingöngu á ábyrgð framkvæmdastjóra en fjölskyldunefnd hefur í gegnum tíðina lagt hönd á plóg. Undirritaður mælir með því að virkja fjölskyldunefnd næsta starfsárs til að gera verkefnið enn þá betra.

Októberfest

Helsta hlutverk framkvæmdastjóra var að stýra miðasölu í heild sinni innan veggja HÍ. Búið

var til tiltölulega einfalt kerfi fyrir miðasölufulltrúa til að fara eftir sem heppnaðist gríðarlega vel. Miðasala fór fram innan bygginga skólans en einnig í HR og LHÍ. Bar framkvæmdastjóri einnig ábyrgð á vinnu þeirra miðasölufulltrúa. Engir hnökrar voru á afstemmingum og allt gekk gríðarlega vel fyrir sig. Hátíðin skilaði vel af sér enda stærsta hátíðin til þessa.

Annað tilfallandi

Helstu tilfallandi verkefni framkvæmdastjóra á árinu sneru yfirleitt að tæknimálum á skrifstofunni. T.d. að bæta aðstöðu flestra starfsstöðva á skrifstofunni með því að bæta við öðrum skjá [tveir skjáir auk fartölvu] með skítamíxi. Einnig tók undirritaður oft að sér að sækja vörur/varning fyrir störf skrifstofunnar og SHÍ.

Lokaorð

Heilt yfir er undirritaður ánægður með rekstrarárið og starfsárið í heild sinni. Fjárhagsstaða ráðsins og skrifstofunnar var ávallt sterk og ýmsar sparnaðarstillingar í rekstri skiluðu vel af sér. Undirritaður leggur til að rekstrarafgangur af starfsemi sé eyrnamerkur og tileinkaður sýnileika - t.d. sýnileikavarning (SHÍ peysur o.fl.) og vörumerkispakka fyrir SHÍ.

Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ 2022-2023

4.6 ÁRSSKÝRSLA ALÞJÓÐAFULLTRÚA

[English below]

Alma Ágústsdóttir gegndi stöðu Alþjóðafulltrúa SHÍ starfsárið 2022-23. Starf Alþjóðafulltrúa er tvíþætt, 30% starfshlutfall er tileinkað því að þjónusta alþjóðanemendur við Háskóla Íslands og 20% starfshlutfall er tileinkað þátttöku í Aurora samstarfinu. Þetta er fjórða árið sem SHÍ hefur starfsmann í hlutverkinu en aðeins þriðja árið sem Alþjóðafulltrúi sinnir báðum þessum hlutverkum.

Þetta starfsárið var 10% starfshlutfalli bætt við Aurora hluta starfsins, þar sem að Alma gegndi hlutverki forseta Stúdentaráðs Aurora. Vegna þess að þetta var annað ár Ölmú í þessu hlutverki var hægt að gera ráð fyrir því að álag yrði sambærilegt og það var árið áður þegar 20% starfshlutfall dugði ekki til að greiða alla þá tíma sem í starfið fóru. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, gaf því leyfi fyrir viðbót við starfshlutfallið á þessum grundvelli. Staða Alþjóðafulltrúa var því 60% staða þetta árið.

Alþjóðanefnd

Upplýsingar um starf Alþjóðanefndar má finna undir ársskýrslu Alþjóðanefndar (7.1).

Mentora kerfið

Sem áður, sá Alþjóðanefnd um þörun Mentora við alþjóðanemendur (eða „mentees“). Alþjóðafulltrúi tók þörunina að sér og vann hana á vinnutíma. Það er ekki mælt með því að leika það eftir á næsta ári þar sem að verkefnið er afar tímafrekt og hægt að vinna með öðrum fulltrúum Alþjóðanefndar.

Mentorar eða Mentora teymi óskuðu eftir „fimm eða færri“ eða „fimm eða fleiri“ mentees og reynt var eftir fremsta megni að fara að óskum þeirra þegar hópanir voru skapaðir. Þar sem að það hefur oft gengið illa að manna Mentora kerfið almennilega hefur þessu nú verið breytt í “sex eða færri” eða “sex eða fleiri.” Á haustönn bárust 367 umsóknir um Mentora (255 umsóknir frá skiptinemum og 112 umsóknir frá nemendum á eigin vegum). Þar sem að við bjuggum að 62 Mentorum og Mentora teyimum stóðum við ágætlega þegar kom að því að skipta upp í hópa og þeir sem óskuðu eftir fimm eða færri mentees fengu á bilinu 4-5 nemendur, þeir sem óskuðu eftir fimm eða fleiri, eða höfðu ekki skoðun á því hversu margir væru í hópnum þeirra fengu allt frá 6 og upp í 9 nemendur. Ósamræmi í stærð hópanna var vegna þess að margar Mentora umsóknir bárust ekki fyrr en þörunin hafði byrjað og það var

Því ekki ljóst frá upphafi að ekki þyrfti að hafa hópana jafn stóra og sumir þeirra voru. Á vorönn bárust 147 umsóknir um mentora (140 umsóknir frá skiptinimum og 7 umsóknir frá nemendum á eigin vegum), við bjuggum að 23 Mentorum og Mentora teyllum. Allir sem óskuðu eftir fimm eða færri nemendum fengu 5, þeir sem óskuðu eftir fleiri en fimm nemendum eða sögðust ekki hafa skoðun á því hversu margir væru í hópnum þeirra fengu allt á bilinu 7 til 11 nemendur. Þetta er vegna þess að aftur bárust sumar umsóknir eftir að pörun hafði hafist og tölvupóstur höfðu verið sendir út til Mentora með upplýsingum um hópana þeirra (sökum þess að pörunin hafði dregist og upplýsingunum þyrfti að koma út sem fyrst), það var því ekki ljóst frá upphafi að ekki þyrfti að hafa svo stóra hópa.

Ósamræmi hefur gilt í þeim spurningum sem Mentorar og mentees eru spurð þegar þau skrá sig í kerfið en í lok síðasta starfsárs fór Alþjóðafulltrúi í gegnum skráningarform Mentora og bætti við spurningu. Það var því í fyrsta sinn á þessu ári hægt að taka mið af samskonar áhugamálum Mentora og mentees. Alþjóðafulltrúi hefur sömuleiðis óskað eftir því að aldur skiptinema verði tekinn fram í þeim gögnum sem send eru út vegna pörunarinnar á næsta ári. Það ætti því mögulega að vera hægt að para saman nemendur og Mentora eða Mentora teymi í gegnum kóðun á næsta starfsári.

Í samstarfi við Alþjóðasvið hélt Alþjóðafulltrúi tvo kynningarfundir á hvorri önn fyrir sig þar sem farið var yfir væntingar skólans til Mentora og þeim gert skýrt hvernig þau geta leitað eftir stuðningi, skyldi þess gerast þörf. Fundirnir voru haldnir á netinu og voru haldnir tveir á hvorri önn, á mismunandi tíma, til að gera sem allra flestum kleift að mæta á annan fundinn. Alþjóðafulltrúi bjó til Facebook hóp sem samráðsvetvang fyrir Mentora og til að auglýsa tækifæri sem þau gætu viljað nýta fyrir hópinn sinn. Einn hópur var búinn til fyrir hvora önn fyrir sig. Eftir að báðir upplýsingafundir Mentora höfðu farið fram birti Alþjóðafulltrúi upptöku af öðrum fundinu svo að þeir sem sáu sér ekki fært að mæta á annan hvorn þeirra gætu engu að síður séð hvað þar fram fór. Sömuleiðis nýtti Alþjóðafulltrúi sér tölvupóstsamskipti til að ná til Mentora.

Kynningardagar erlendra nema

Kynningardagar erlendra nema fóru fram við upphaf beggja anna og Alþjóðafulltrúi kom þar inn á kynningarfundir allra fræðasviða til að kynna sig og starf Alþjóðanefndar. Sömuleiðis leiddi Alþjóðafulltrúi göngur um háskólasvæðið fyrir alþjóðanema. Á haustönn tóku aðrir meðlimir Alþjóðanefndar sömuleiðis að sér göngur en á vorönn sáu þau sér ekki fært að taka

að sér göngur sökum verkefnaskila og/eða þess að vera erlendis. Alþjóðafulltrúi fékk því stuðning frá starfsmönnum Alþjóðasviðs þar sem að hópurinn var svo stór að það var þörf á að skipta honum upp og fara tvær göngur samtímis.

Hluti af fastri dagskrá Kynningadaga erlendra nemenda er að halda svokallaðan „Mentor Mingle“ viðburð þar sem að Mentorar hitta hópinn sinn í fyrsta skipti. Fyrir þá dagskrá samdi Alþjóðafulltrúi [leiðarvísi um háskólasvæðið og miðbæ Reykjavíkur](#) og [ratleik um háskólasvæðið](#). Sömuleiðis bauð Alþjóðafulltrúi Mentorum upp á að taka með sér bjór fyrir hópinn en gerði þeim ljóst að það væri fyrir labbið niður í bæ og það mætti ekki drekka hann á háskólasvæðinu, þar sem að það er ekki heimilt samkvæmt reglum háskólans.

Á haustönn sendi Alþjóðafulltrúi skráningarform á alla nemendur sem skráðu sig í Mentor kerfið til að skrá sig í Pub Crawl sem haldið var eftir Mentor Mingle viðburðinn. Skráningarformið leyfði 150 skráningar og eftir að þeim fjölda var náð birtust skilaboð sem leiðbeindu nemendum að senda tölvupóst á internationalcommittee@hi.is ef þau vildu láta skrá sig á biðlista, skyldi einhver boða forföll. Hátt í 150 manns mættust á Arnarhóli, þar sem Pub Crawlíð hófst. Hópnum var skipt í þrennt til að halda fjölda hvers hóps fyrir sig undir 50 manns. Alþjóðafulltrúi hafði bókað 7 staði og fengið tilboð af bjór, skotum, víni, gosi og öðrum drykkjum fyrir hópana. Allir nemendur fengu SHÍ stimpil á hendina til að merkja það að þau væru hluti af Pub Crawlínu. Allir hóparnir fóru á þrjá staði, fyrstu tvo í minni hópnum en allir hóparnir mættust á síðasta staðnum, þar sem Alþjóðafulltrúi hafði bókað efri hæðina á Lebowski bar. Frekari upplýsingar um tilboðin, staðina og skipulagið má finna [hér](#). Alþjóðafulltrúi tók að sér einn hóp og hinir tveir hóparnir voru, hvor um sig, í umsjón tveggja fulltrúa Alþjóðanefndar.

Á vorönn ákvað Alþjóðafulltrúi að endurtaka ekki Pub Crawlíð vegna þess að enginn meðlimur Alþjóðanefndar gat tekið þátt og erfitt hefði verið að manna viðburðinn án þeirra. Pub Crawl var því haldið seinna á önninni, þá var boðið upp á 120 skráningar en einungis 51 aðili skráði sig. Það er því mælt í því að halda Pub Crawlíð sem hluta af Kynningardögum erlendra nema, þegar nemendur vilja ólmir skrá sig á viðburði sem gefa þeim tækifæri til að kynnst samnemendum sínum.

Alþjóðadagar

Alþjóðadagar fóru fram 8.-11. nóvember 2022. Dagskrá Alþjóðadaga 2022 má finna [hér](#). Alþjóðadagar fóru fram á sama tíma og haust Biannual Aurora sem haldið var á netinu 9. og

10. nóvember. Það var því talsvert álag á Alþjóðafulltrúa þessa daga og ekki er mælt með að endurtaka þetta, ef hægt er að komast hjá því. Það spilaði þó vissulega hlutverk að Alþjóðafulltrúi gegni hlutverki forseta Stúdentaráðs Aurora og því var meira um skyldufundi og ræðumennsku en hefði verið, ef Alþjóðafulltrúi væri almennur meðlimur Stúdentaráðsins. Ákveðið var að spjall við fyrrum skiptinema færi fram á netinu vegna þess hversu dræm mæting var á þann viðburð árið 2021, þegar spjallið fór fram á Stúdentakjallaranum.

Á Alþjóðatorgi var Alþjóðanefnd með borð til að kynna sig og Aurora með borð til að kynna sig. Borðin voru hlið við hlið svo Alþjóðafulltrúi gæti mannað báðar vígstöðvar og svarað spurningum um hvort framtakið fyrir sig, eftir því hvar áhugi nemenda lág.

Alþjóðanefnd og Alþjóðasvið stóðu fyrir ljósmyndakeppni með þemanu „my exchange.“ Þar voru veitt verðlaun fyrir bestu myndina, valin af dómnefnd sem samanstóð af fulltrúum frá Alþjóðasviði, Markaðs- og Samskiptasviði og Alþjóðanefnd. Auk þess var haldin „kosning“ á bestu myndinni. Allar myndir sem bárust (í það mesta 3 myndir frá hverjum einstaklingi) voru birtar á instagram síðu Alþjóðanefndar og sú mynd sem hlaut flest „like“ var einnig verðlaunuð. Alþjóðanefnd hélt tvo félagsviðburði á Alþjóðadögum, annars vegar karaoke kvöld og hins vegar tónleika undir yfirskriftinni „International Days' Closing Party.“

Sprettur

Sprettur er verkefni sem styður og undirbýr efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Markmið Sprettis er að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar. Verkefnið veitir nemendum á framhaldsskólastigi stuðning í námi sem og félagslegan stuðning. Verkefnið sér nemendum fyrir Mentor frá háskólanum sem aðstoðar þau við heimanám og ýmislegt annað.

Hingað til hefur Stúdentaráð, og þá einkum Alþjóðafulltrúi, aðstoðað Sprett við að auglýsa eftir Mentorum. Á vorönn 2022 tók Alþjóðafulltrúi fund með starfsmönnum Sprettis til að skoða möguleikann á auknu samstarfi við Stúdentaráð. T.d. væri hægt að bjóða Mentorum í Mentora kerfi Alþjóðasviðs upp á þær málstofur sem Sprettur heldur fyrir sína Mentora og auka þannig þjálfun þeirra, sömuleiðis gæti Alþjóðafulltrúi eða aðrir fulltrúar Stúdentaráðs boðið Spretti upp á fræðslu um Stúdentaráð og félagsleg tækifæri innan Háskólans sem getur veitt nemendahópi Sprettis hvattingu til að leita sér frekari menntunar. Meiningin var að skoða þetta betur á starfsárinu 2022-23 en enn sem komið er hefur ekki orðið að því.

Aurora

Alþjóðafulltrúi gegndi á þessu starfsári hlutverki forseta Stúdentaráðs Aurora (ASC) en Varaforseti Stúdentaráðs sat sömuleiðis í ráðinu. Á þessu starfsári var áhersla ASC á geðheilbrigði. Í samstarfi við Fanneyju Karlsdóttur hélt Alþjóðafulltrúi úti reglulegum kynningum á starfsemi Aurora og tækifærum fyrir nemendur innan Háskóla Íslands. Þessar kynningar fóru fram á samfélagsmiðlum, í gegnum hóppósta og í persónu.

Á vorönn var lögð fram tillaga fyrir Stúdentaráð um að skapa stöðu Aurora fulltrúa Stúdentaráðs, þessi manneskja mun taka að sér að sitja í Stúdentaráði Aurora samhliða Alþjóðafulltrúa og aðstoða við kynningar á starfinu og viðburðahald eftir þörfum. Ástæðan fyrir þessari breytingu var vegna þess að, hingað til, hefur annar fulltrúi Háskóla Íslands í Stúdentaráði Aurora verið starfsmaður skrifstofunnar sem tekur það verkefni að sér samhliða öðrum verkum sínum á skrifstofunni og það hefur gert það að verkum að Aurora er oft aukið álag sem viðkomandi má ekki við að sinna af fullum hug. Vonandi mun þessi breyting gera það að verkum að Alþjóðafulltrúi getur treyst á að annar full-virkur fulltrúi HÍ sitji í ráðinu.



Á árinu fóru fram tvær Biannual ráðstefnur, báðar á netinu. Í nóvember var Biannualið haldið af UDE (University of Duisburg-Essen) og í maí var það haldið af UEA (University of East-Anglia). Á báðum ráðstefnunum hélt Stúdentaráð Aurora viðburð sem Alþjóðafulltrúi, vegna stöðu sinnar sem forseti Aurora, tók að sér að skipuleggja og halda utan um. Á haustönn var sá viðburður í formi World Café um geðheilbrigði og á vorönn hélt Alþjóðafulltrúi ræðu um hnignandi geðheilbrigði stúdenta, ástæðurnar fyrir því og hvað hægt væri að gera, bæði í einstaka stofnunum og samstarfi á vegum Aurora, til að styðja við stúdenta. Hugmyndirnar sem komu fram á World Café viðburðinum voru þar nýttar til að byggja upp ræðuna á vorönn.

Í nóvember 2022 hittist Aurora Stúdentaráðið í Amsterdam og fundaði þar með Aðstoðarrektorum allra skólanna um málefni stúdenta.

Á haustönn og fram í Janúar 2023 tók Alþjóðafulltrúi, sem forseti Aurora Stúdentaráðsins, virkan þátt í að skrifa umsókn Aurora um áframhaldandi fjármagn frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þar talaði alþjóðafulltrúi máli stúdenta og átti hlut í því að skapa tvö ný

“task team” sem snúa sérstaklega að stúdentum. Frekari upplýsingar um starf Stúdentaráðs Aurora á árinu má finna í ársskýrslu ráðsins, [hér](#).

Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs 2022 - 2023

Alma Ágústsdóttir held the position of International Officer for the Student Council the academic year of 2022-23. The International Officer’s position is twofold, a 30% position is dedicated to servicing international students at the University of Iceland and a 20% position is dedicated to participation in the Aurora cooperation. This is the fourth year that SHÍ has a person in this role but only the third year that this person takes on both of these roles.

This year an increase of a 10% position was added to the International Officer’s work since Alma also held the position of President of the Aurora Student Council (ASC). Because this was Alma’s second year in the role it could be presumed that the hours required by the role would be consistent with the hours required the previous year, when a 20% position did not suffice to cover the hours worked. The rector of the University of Iceland, Jón Atli Benediktsson, therefore permitted the increase. The position of International Officer was therefore a 60% position this year.

International Committee

Information on the work of the International Committee can be found in the Committee’s yearly report (3.1).

The Mentor System

As before, the International Committee oversaw the pairing of Mentors with international students (or „mentees“). The International Officer did the pairing during office hours. It is not recommended to complete this task in this manner as it is time consuming and can be done with the assistance of other members of the International Committee.

Mentors or Mentor pairs requested „five or less“ or „five or more“ mentees and the International Officer attempted to meet those requests when creating the groups. Since it has often been a challenge to adequately man the Mentor System this has now been changed to „six or less“ or „six or more.“ 367 students requested a Mentor during the autumn semester (255 exchange students and 112 full-time international students). Since we had 62 Mentors and/or Mentor pairs we were in a relatively good position when it came to the pairing process and those who requested five or less mentees were all given 4-5 students, those who requested five or more, or claimed not to have a preference were given 6-9 students. This inconsistency in the group sizes was due to the fact that many of the Mentor registrations were not turned in until after the pairing process was already underway and it was, therefore, not immediately clear that the groups would not need to be as large as some of them were.

147 students requested a Mentor during the spring semester (140 exchange students and 7 full-time international students), we had 23 Mentors and/or Mentor pairs. Everyone who requested five or less students had 5 and the Mentors who requested five or more students or claimed not to have a preference had all from 7-11 students. This is because, again, some of the Mentor registrations came through after the pairing process was underway and some Mentors had already received emails regarding their groups (because the pairing process had lagged behind and the information on groups had to be sent out as soon as possible), it was therefore not apparent that the groups did not need to be as large as some of them were.

There have been discrepancies in the information Mentors and mentees have been asked to provide when registering as part of the Mentor System but at the end of the last academic year the International Officer went through the Mentor registration form and added a question. This year, for the first time, similar interests of Mentors and mentees could therefore be taken into account. The International Officer has also requested that the age of mentees be noted in the data the International Officer is given for the pairing next year. Consequently, it should be possible to use some sort of coding to pair Mentors and mentees next semester.

In cooperation with the International Division, the International Officer held two informational meetings for Mentors where the university's expectations of them were made clear and they were made aware of how they could seek support, should there be a need for it. Two online meetings were scheduled for each semester, during different hours, to enable as many Mentors as possible to join one of the meetings. The International Officer created a Facebook group as a conversational platform for Mentors and to advertise opportunities they may want to employ for a group meet-up. One Facebook group was created for each semester. After both informational meetings had taken place, the International Officer published a recording of one of the meetings so that those Mentors who had been unable to attend either one of them could still see what had been covered. Additionally, the International Officer employed emails to reach Mentors.

Orientation

Orientation took place at the start of each semester and the International Officer made an appearance at all of the Schools' welcome meetings to introduce themselves and the work of the International Committee. Additionally, the International Officer led guided tours around the campus for international students. During the autumn semester members of the International Committee helped lead the tours but during the spring semester they were unable to attend due to final projects and/or being abroad. The International Officer therefore received support from the International Division, since the group of students taking part in the tour were large enough to require they be split up into two groups.

A part of the set schedule for Orientation is that the International Officer host a „Mentor Mingle“ event, where Mentors are given a chance to meet up with their group for the first time.

For that event the International Officer wrote [a guide for the campus and the centre of Reykjavík](#) and [a game to play while getting to know the area](#). The International Officer also offered the Mentors the choice of taking some beer with them for the game but made it clear that the beer was intended for their walk down town and should not be drunk on campus, since it conflicts with the university's rules.

During the autumn semester, the International Officer sent out a registration form to all students that had signed up for the Mentor System and invited them to sign up for a pub-crawl, hosted directly after the Mentor Mingle. The form allowed 150 registrations and after that number had been reached a message appeared that directed the students who missed their chance of signing up the option to email the internationalcommittee@hi.is and be signed up for a waitlist, should someone be unable to attend. Roughly 150 students met at Arnarhóll, where the pub-crawl began. The group was split in three to keep each groups' numbers under 50 students. The International Officer had booked 7 venues and received offers at the bars of beers, shots, wine, soda and other drinks for the groups. All students were marked with a SHÍ stamp on their hand to signal that they were a part of the pub-crawl. All the groups visited three locations, the first two in their smaller groups, but then all the groups met at Lebowski bar, where the International Officer had booked the top floor. Further information on the offers at the bars and the organisation can be found [here](#). The International Officer led one group and the other two groups were led by two members of the International Committee each.

During the spring semester the International Officer decided not to repeat the pub crawl since no member of the International Committee was free to attend and, consequently, it would have proven difficult to man the event. The pub-crawl was therefore hosted at a later date during the semester and 120 slots were up for grabs. However, only 51 students signed up. It is therefore recommended to have the pub-crawl be a part of Orientation, when students are eager to sign up to events in order to get a chance to socialise with their fellow students.

International Days

International Days took place from November 8th-11th 2022. The schedule can be found [here](#). International Days took place at the same time as the Aurora Autumn Biannual that took place online from November 9th-10th. Consequently, it was a considerably busy time for the International Officer and it is not recommended to repeat this organisation, if it can be prevented. It should, however, be noted that the fact that the International Officer was the President of the Aurora Student Council certainly played a role since there were a higher number of mandatory meetings and speeches than there would have been had the International Officer been a general Council member. It was decided to host the chat with former exchange students online due to the low attendance numbers the year before, when the chat took place at the Student Cellar.

At the International Festival, the International Committee and Aurora each had a bar table to promote themselves. The tables were placed side by side so that the International Office would be able to man both tables and tackle questions on either initiative, as needed.

The International Committee and International Division had a photography competition with the theme „my exchange.“ Prizes were awarded for the best photograph, as decided by a jury made up of representatives from the International Committee, International Division and Division of Marketing and Public Relations. Additionally, there was an „election“ on the best photograph. All the photographs submitted (a maximum of three photos per photographer) were published on the International Committee’s Instagram account and the post that received the most „likes“ was also awarded prizes.

The International Committee hosted two social events during International Days: a karaoke night and a concert called „International Days’ Closing Party.“

Sprettur

Sprettur is a project that supports and prepares promising students from immigrant backgrounds for further studies. The project’s goal is to ensure equal opportunity for education. The project provides junior college (framhaldsskóli) students support, both academically and socially. Students from the university are taken on as Mentors and assist the students with their studies, among other things.

Until now the Student Council, and especially the International Officer, has assisted Sprettur when it comes to advertising for Mentors. During the spring semester 2022 the International Officer met with representatives of Sprettur to examine the possibility of increasing the project’s cooperation with the Student Council. For example, the Mentors in the university’s Mentor System could be invited to take part in the workshops Sprettur provides their Mentors with to increase their training, and the International Officer or other representatives of the Student Council could host talks on the Student Council and social opportunities within the university which could encourage the students taking part in Sprettur to seek further education. This was supposed to be further explored during this academic year but, as of now, nothing has come of it.

Aurora

The International Officer this year held the position of President of the Aurora Student Council (ASC) but the vice president of the Student Council of the University of Iceland also sat on the ASC. During this academic year the ASC’s emphasis was mental health. In cooperation with Fanney Karlsdóttir, the International Officer promoted Aurora’s work and opportunities within Aurora to the general student population. These promotions took the form of social media posts, mass emails and in-person meetings.

During the spring semester a proposal was introduced to the Student Council of the University of Iceland that proposed the creation of the position of Aurora representative, this person will sit on the ASC alongside the International Officer and assist with Aurora promotions and events as needed. The reason behind this change is that, until now, the second University of Iceland representative within the ASC has been a member of the Students' Rights Office that takes that task on alongside their other work. This means that Aurora has often created increased work for the second representative who cannot prioritise Aurora due to their other responsibilities. Hopefully this change will mean that the International Officer can trust that the second representative within the ASC will be fully active.

Two Biannual Aurora conferences took place this year, both of them online. In November the Biannual was hosted by UDE (University of Duisburg-Essen) and in May it was hosted by UEA (University of East-Anglia). During both Biannuals the ASC organised a student session. During the autumn semester that session took the form of a World Café on mental health and during the spring semester the International Officer made a speech on the declining mental health of students, the possible reasons behind the mental health crisis we're facing and what could be done to lend students support, both locally and through the mutual efforts of Aurora. The ideas presented at the World Café event were used in that speech.

In November 2022 the ASC gathered in Amsterdam and met with the Vice Rectors of Education to discuss students' emphases.

During the autumn semester and until January 2023 the International officer, as the President of the ASC took part in writing Aurora's next bid for continued funding from the European Commission. The International Officer guarded students' interests in the bid-writing process and took part in creating two new „Task Teams“ that specifically focus on student matters.

Further information on the work of the ASC can be found in the Council's yearly report, [here](#).

Alma Ágústsdóttir, International Officer of the Student Council 2022 - 2023

4.7 ÁRSSKÝRSLA RITSTÝRU

Lísa Margrét Gunnarsdóttir sinnti starfi ritstýru Stúdentablaðsins árið 2022 - 2023 frá júlí 2022 þegar hún tók við af Þórdísi Dröfn Andrésdóttur, til endaloka maí 2023. Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á ári, tvisvar sinnum á hvoru misseri. Blaðið er mál gagn allra stúdenta, upplýsinga- og afþreyingarmiðill nemenda við Háskóla Íslands.

Ritstýra sinnir krefjandi og fjölbættu starfi sem felur í sér verkefnastjórnun ritstjórnar, blaðamannateymis, prófarkalestursteymis og þýðendateymis. Ritstýra stefnumótar efni og áherslur hvers blaðs ásamt ritstjórn, fundar með ofangreindum teymum og á einnig í samskiptum við prentsmiðju, grafískan hönnuð, ljósmyndara og öll þau sem koma að blaðinu með einhverjum hætti. Ritstýra heldur utan um allt það sem viðkemur gerð og vinnslu blaðsins auk þess að skipuleggja og sjá til þess að hverju tölublaði sé dreift um háskólasvæðið og víðar. Auk þess sér ritstýra um rafræna birtingu blaðsins, samfélagsmiðla þess og heimasíðu blaðsins. Auglýsingaöflun og fjárhagsáætlun blaðsins er á ábyrgð ritstýru í samráði við framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.

Fyrsta verkefni ritstýru er útgáfa Akademiunnar, handbókar Stúdentaráðs um allt það helsta sem viðkemur námi við Háskóla Íslands. Efnið í henni er að stórum hluta byggt á Akademíum fyrri ára og ritstýra uppfærir, staðfestir staðreyndir og sér um gerð nýs efnis á borð við ávörp ritstýru og forseta Stúdentaráðs. Þórdís Dröfn Andrésdóttir sá um útgáfu Akademiunnar skólaárið 2022 - 2023 sem kom út þann 22. ágúst 2022 og var dreift um háskólasvæðið auk þess að vera birt rafrænt á ISSUU eins og fyrri ár. Ritstjórn var ekki ráðin við gerð Akademiunnar, heldur sá Þórdís alfarið um vinnslu hennar og útgáfu. Auk Þórdísar komu Birgitta Björg Guðmarsdóttir og Alma Ágústsdóttir að prófarkalestri, Julie Summers, Alma Ágústsdóttir og Jana Katrín Magnúsdóttir önnuðust þýðingar og Jana Katrín sá einnig um hönnun og umbrot Akademiunnar.

Lísa Margrét Gunnarsdóttir tók við eftir útgáfu Akademiunnar og tók ákvörðun um að ráða nýjan grafískan hönnuð. Alexander Jean Edvard Le Sage De Fontenay var í kjölfarið ráðinn sem grafískur hönnuður Stúdentablaðsins. Auk þess var auglýst eftir umsóknum í ritstjórn, blaðamannateymi, prófarkalestursteymi og þýðingateymi. Öll teymi voru fullmönnuð þann 20. ágúst og lagði ritstýra áherslu á að gæta fjölbreytileika og auka aðkomu alþjóðanema að mótun og vinnslu blaðsins eins og síðastliðin tvö ár. Að skipa ritstjórn svo snemma tryggði að stefnumótun blaðsins gæti hafist fyrir - hins vegar er vert að nefna að ef auglýst væri seinna í

teymi blaðsins væri hægt að auka aðkomu nýnema. Seinni ráðningar myndu þó óneitanlega þýða að meira álag yrði til staðar við gerð fyrsta tölublaðsins, sem er eitthvað sem ritstýri verður að meta hverju sinni. Ritstjórn fundaði vikulega í gegnum starfsárið, með undantekningum sem ritstýra mat eftir þörfum og námstengdum verkefnaþunga á álagspunktum skólaársins. Allir fundir ritstjórnar fóru fram á ensku. Blaðamannateymi fundaði einu sinni á önn, en auk þess lagði ritstýra áherslu á að halda valfrjálsa vinnufundi þar sem fólk gat skipst á hugmyndum, fengið álit og notið samveru hvors annars á meðan skrifum stóð.

Eins og síðastliðin tvö ár var mikil áhersla lögð á aðgengi blaðsins og birtingu alls efnis á bæði íslensku og ensku, og var Victoria Bakshina ráðin sem yfirþýðandi blaðsins og sá um drjúgan hluta þýðinga að undanskildu þriðja tölublaði, þar sem ritstýra hljóp í skarðið í þýðingum vegna ófyrirséðra aðstæðna yfirþýðenda. Þýðendateymi var öflugt og starfaði með svipuðum hætti og blaðamannateymið, þar sem áhersla var lögð á reglulega vinnufundi til að stuðla að samheldni og tryggja að teymið kynntist innbyrðis og skemmti sér við vinnslu blaðsins. Enginn yfirprófarkalesari var ráðinn þetta skólaárið, og auk ritstýru brúuðu ristjórnarmeðlimir og blaðamenn bil stöðunnar. Fjármagn þeirrar stöðu var í staðinn nýtt til að greiða Amber Lim fyrir myndskreytingar í blaðinu.

Í ár blasti við um 40% hærra prentkostnaður en í fyrra vegna stríðsins í Úkraínu og efnahagskreppu, og ritstýra heimsótti allar helstu prentsmiðjur á höfuðborgarsvæðinu til þess að finna hagstæðasta verð sem bauðst. Tekin var ákvörðun um að skipta um prentsmiðju þar sem verðskrá Litrófs var með þeim hæstu, en lægsta verð sem bauðst var annars vegar Ísafold og hins vegar Litlaprent, og tekin var ákvörðun um að velja Litlaprent þar sem það fyrirtæki bauð upp á mun styttri afgreiðslutíma (3-5 virka daga á meðan Ísafold bauð 5-10 virka daga). Öll fjögur tölublöð Stúdentablaðsins voru prentuð af Litlaprent, sem veitti ávallt snögga og góða þjónustu og mælir fráfarandi ritstýra eindregið með því fyrirtæki, en mælir sömuleiðis með því að fá tilboð frá sem flestum prentsmiðjum í upphafi starfsárs til þess að tryggja hagstæðasta verðið. Tli þess að stemma stigu við hækkuðum prentkostnaði var einnig ákveðið í samráði við framkvæmdastjóra Stúdentaráðs að fækka upplagi Stúdentablaðsins í 600 eintök til að spara fjármagn. Skoða mætti jafnvel að minnka upplag enn meira á næsta skólaári, blaðið verður eigulegra í kjölfarið og minna upplag fellur vel að umhverfissjónarmiðum. 600 eintök voru hæfilegt magn í ár með tilliti til þess að blaðinu var

hægt að dreifa víðar, og flest tölublöð kláruðust jafnt og þétt á tímabilinu eftir útgáfu og fram að birtingu næsta tölublaðs.

Fyrsta tölublað ársins kom út þann 28. október og var yfirskrift þess hinseginleikinn, en blaðið var gefið út í samstarfi við Q - félag hinsegin stúdenta. Í kólófóni fyrsta tölublaðs voru fornöfn allra sem komu að blaðinu tekin fram, og var ákveðið að taka einnig fram fornöfn í kólófóni næstu þriggja tölublaða. Útgáfuhóf var haldið í Húsi Máls og menningar við góðar undirtektir, og efnt var til ljóðasamkeppni þar sem ritstjórn hvatti eftir innsendu efni með góðum undirtektum. Sigurvegari var tilkynntur í útgáfuhófi og sigurljóðið lesið upp auk valinna greina úr blaðinu. Eftir útgáfu fyrsta tölublaðs tók ritstjórn eftir stóraukinni eftirspurn hvað varðar þátttöku í blaðinu og fjölmargir stúdentar sóttust eftir að ganga til liðs við blaðamannateymi og þýðendateymi. Magn innsends efnis og áhuga á blaðinu jókst talsvert. Eftir fyrsta tölublað var ákveðið að Regn Sólmundur Evu hannaði áfram dúkristur fyrir forsíðu allra tölublaða. Þetta stuðlaði að einstöku og grípandi útliti Stúdentablaðsins í ár auk þess sem grafískur hönnuður lagði mikla vinnu í umbrot og hönnun hvers tölublaðs.

Annað tölublað ársins fjallaði um stríð og frið og kom það út 16. desember, viku seinna en áætlað var (vegna tafa af hálfu hönnuðar) og æskilegt væri fyrir næsta ritstýri að gefa það út fyrr í desember til að tryggja að það nái til sem flestra stúdenta áður en jólafrí skellur á. Tekin var ákvörðun um að hafa ekkert eiginlegt útgáfuhóf vegna jólaþróa og var í staðinn lögð aukin áhersla á dreifingu blaðsins um Stúdentagarða og miðsvæðis í Reykjavík. Þrátt fyrir tafir á útgáfu var blaðið mikið lesið og kláraðist jafnt og þétt í upphafi vorannar.

Þriðja tölublað fjallaði um umhverfið og var útgáfa þess látin samræmast Grænum Dögum, viðburðar á vegum GAIU - félags meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði og kom það því út þann 1. mars. Magn innsends efnis hélt áfram að aukast og í stað útgáfuhófs var haldið umhverfismálþing á Litla torgi þar sem Andri Snær Magnason, Andrés Ingi Jónsson og Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir héldu uppi umræðum um loftslagsbreytingar og mikilvægi þess að listafólk, fræðafólk og stjórnmalafólk tæki höndum saman í baráttunni við loftslagsvána. Félagsstofnun stúdenta styrkti viðburðinn um veitingar, málþingið var afar vel sótt og blaðið var mikið lesið á útgáfudegi og gekk áfram hratt út á tímabilinu fram að útgáfu fjórða tölublaðsins. Í þriðja tölublaði var fyrsta heilsíða á eftir opnu nýtt til þess að hvetja alla nemendur til þess að senda inn efni, með góðum árangri þar sem enn jókst magn innsends efnis.

Fjórða og síðasta tölublað skólaársins kom út þann 28. apríl og fjallaði um framtíðina. Fjórða tölublað innihélt fleiri innsendar greinar frá stúdentum en nokkru sinni fyrr á skólaárinu, skapandi efni sem og pólitískt og fræðilegt efni. Þrjár smásögur stúdenta voru valdar og birtar í blaðinu, og tekin ákvörðun um að leyfa birtingu lengri innsendra greina frá nemendum. Lítið útgáfuhóf var haldið á Stúdentakjallaranum þar sem teymið kom saman og skálaði í lok starfsárs.

Akademían og öll fjögur tölublöð Stúdentablaðsins voru birt rafrænt á ISSUU. Á heimasíðu blaðsins voru allar greinar sömuleiðis færðar inn samhliða útgáfu hvers blaðs. Ekki tókst að ráða samfélagsmiðlafulltrúa á þessu starfsári fyrr en undir lok starfsársins, og vegna vinnuálags tengdu öðrum þáttum í rekstri blaðsins hefði sýnileiki á Instagram og Facebook mátt vera meiri. Því er lykilatíði á næsta ári að leggja áherslu á að ráða strax samfélagsmiðlafulltrúa (til dæmis gæti það verið hlutverk innan ritstjórnar) sem sér um að auglýsa blaðið og efni þess á Facebook og Instagram.

Á heildina lítið gekk starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu 2022 - 2023 afar vel. Áherslur ritstjórnar þetta árið voru oft í þyngri kantinum, en lagt var upp með að endurspegla tíðarandann á tímum bakslags í réttindabaráttu hinsegin fólks, stríðs í Evrópu og neyðarástands hvað varðar loftslag jarðarinnar. Þessar áherslur skiluðu sér í auknum lestri blaðsins ef marka má hversu hratt það gekk út í öll fjögur skipti sem það var gefið út, og greinilegrar aukningar hvað varðar áhuga stúdenta og fleiri á að senda inn efni og nálgast blaðið. Blaðið þjónaði tilgangi sínum sem mál gagn allra þeirra sem stunda nám við Háskóla Íslands og nýttist vel sem vettvangur til að lyfta upp röddum nemenda og endurspegla raunveruleikann sem blasir við stúdentum og ungu fólki á okkar dögum. Ritstýra þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg hvað varðar gerð og vinnslu Stúdentablaðsins árið 2022 - 2023 kærlega fyrir farsælt samstarf og vel unnin störf.

Lísa Margrét Gunnarsdóttir (hún/hennar)

5 SAMSTARFSADILAR STÚDENTARÁÐS

5.1 STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skrifstofa Stúdentaráðs hefur átt í góðum samskiptum við starfsfólk og ólík starfssvið Háskóla Íslands á starfsárinu.

Forseti hefur átt mjög gott samstarf við rektorsskrifstofu. Reglulegir fundir forseta og rektors hafa reynst vel til að koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri og eiga í góðu samráði.

Nýnemadagarnir í ár voru bæði í samstarfi við markaðs- og samskiptasvið og framkvæmda- og tæknisvið vegna sérstaks græns nýnemadags.



Samskiptin við deild rafrænna kennsluhátta innan kennslusviðs hefur áfram verið mjög mikil, þar sem skrifstofan hefur fengið að nota myndverð í Setbergi til að búa til eigið efni t.d. fyrir herferðir og aðrar auglýsingar. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs var sérstaklega í samskiptum við Alþjóðasvið vegna alþjóðadaga, Orientation days og annað því tengt. Hagsmunafulltrúi hefur verið í sambandi við jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands. Skrifstofan hefur einnig átt í reglulegum samskiptum við m.a. framkvæmda- og tæknisvið, upplýsingatæknisvið, kennslusvið, fjármálasvið og mannauðssvið. Skrifstofa Stúdentaráðs er mjög þakklát fyrir góðar móttökur.

5.4 LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) samkvæmt fléttaskipulagi, nema aðstæður séu aðrar. Rebekka Karlsdóttir fráfarandi forseti Stúdentaráðs og Sara Þöll Finnbogadóttir fyrrverandi varaforseti, áttu sæti í fulltrúaráðinu starfsárið 2022-2023. Varaforseti tók sæti í fulltrúaráðinu vegna þess að forseti Stúdentaráðs hélt áfram störfum í fyrra. Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur þar sem fulltrúar frá öllum aðildarfélögum LÍs koma saman.

Stúdentaráð og LÍs hafa átt gott samstarf á árinu að vanda og unnið náið saman að hinum ýmsu málefnum, þá sérstaklega í tengslum við verkefni sem eru á borði ráðuneytisins s.s. í

tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, endurskoðun reiknilíkans háskólanna og nýja inritunargátt háskólanna.

Landsþing LÍS fór fram á Akureyri dagana 30. mars - 1. apríl. Þrettán fulltrúar Stúdentaráðs sóttu þingið þar sem staða foreldra í námi var meginumfjöllunarefni. Forseti lagði fram þingsályktunartillögu fyrir hönd Stúdentaráðs um framtíð háskólastigsins sem var einróma samþykkt.



5.5 LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Stúdentaráð á einn fulltrúa innan leiðtogaráðs Landssambands ungmennafélaga (LUF) sem er valinn úr hópnum starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og situr til eins árs. Á þessu starfsári var það Gréta Dögg Þórisdóttir sem sat í fulltrúaráðinu fyrir hönd Stúdentaráðs þegar forseti gat ekki sótt fund. Hún sá einnig um að miðla áfram öllum upplýsingum frá LUF til Stúdentaráðs. Leiðtogaráð hefur almennt fundað að minnsta kosti fjórum sinnum yfir árið en gerð var lagabreyting núna í ár og verða fundirnir því aðeins tveir á hverju starfsári. Starfsár LUF byrjar fyrr en hjá SHÍ og hefur fyrri fundur leiðtogaráðs starfsársins nú þegar farið fram.

LUF býður öllum aðildarfélögum sínum að taka þátt í Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ) sem er árlegt verkefni þeirra. Leiðtogaskólinn er vettvangur aðildarfélaganna til að þjálfra persónulega hæfni, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla sig á sviði leiðtogahæfni. Linda Rún Jónsdóttir tók þátt í leiðtogaskólanum fyrir hönd SHÍ í ár. LUF heldur utan um Félag ársins og tilnefndi Stúdentaráð Dagmar Óladóttir til félaga ársins 2022.



Þá hefur aðildarfélögum LUF boðist að tilnefna félagsmeðlimi til ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Félögunum er í sjálfsvald sett hvernig tilnefningin er valin og hafði sá háttur verið hafður á hjá SHÍ að óska eftir tilnefningum meðal þeirra sem koma að starfi Stúdentaráðs. Í ár var sett inn ákvæði í verklagsreglur Stúdentaráðs og gerðar þær breytingar að öllum stúdentum innan Háskóla Íslands var gefinn kostur á að sækjast eftir því að vera tilnefning SHÍ. Auglýsingar voru settar tímanlega inn á student.is og alla helstu samfélagsmiðla þar sem óskað var eftir umsóknum. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og er mælt með því að halda því áfram, enda engin ástæða til að takmarka þetta við Stúdentaráð.

Stúdentaráð tilnefndi á þessu ári fjóra fulltrúa í kjöri til ungmennafulltrúa og hlutu tveir þeirra kjör. Rebekku Karlsdóttir [hlaut kjör](#) sem ungmennafulltrúi á sviði sjálfbærrar þróunnar og Isabel Alejandra Díaz [hlaut kjör](#) í stöðu ungmennafulltrúa á sviði mennta, vísinda og menningar. Ólöf Sunna Eðvarðsdóttir var tilnefning SHÍ í stöðu ungmennafulltrúa á sviði kynjajafnréttis og Una Magnea Stefánsdóttir á sviði loftslagsmála.

Það eru mörg tækifæri sem fylgja aðild SHÍ að LUF og eru sóknarfæri til þess að efla þátttöku SHÍ enn frekar. Það er hins vegar áskorun hvað starfsemi félaganna er byggð upp á ólíkan hátt. Stór félög eins og SHÍ geta átt í erfiðleikum með að taka raunverulega virkan þátt, koma með erindi, breytingartillögur og þess háttar þar sem fundargögn berast með skömmum fyrirvara sem gerir það að verkum að ekki gefst tími til að ræða málin á stjórnar- eða Stúdentaráðsfundum. Á leiðtogaráðsfundi LUF þann 26. apríl 2023 lagði forseti fram eftirfarandi erindi undir önnur mál, með það að markmiði að aðildarfélög geti komið betur undirbúin á leiðtogaráðsfundi og þannig tekið virkari þátt:

Leiðtogaáráðsfundur LUF,
26. apríl 2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands óskar eftir eftir betra vinnulagi í kringum Leiðtogaáráðsfundi LUF. Við óskum eftir því að miðað verði við það að fundargögn berist tímanlega fyrir fundinn, að meginreglu 10 dögum fyrir fund, og að í fundarboði sé tekið fram hvort gengið verði til kosninga eða ekki. Berist fundargögn ekki innan tímaramma skuli taka það sérstaklega fram og tilgreina hvenær megi eiga von á fundargögnunum. Þá óskum við jafnframt eftir því að tekið verði fram með hvaða hætti breytingartillögur og önnur gögn skulu berast frá aðildarfélögum fyrir fundinn.

Þetta teljum við nauðsynlegt til að 4. gr. í framtíðarsýn LUF nái fram að ganga, það er að vinna markvisst að því að stuðla að aukinni virkni og þátttöku félaga í bæði innra og ytra starfi LUF. Ef aðildarfélög hafa ekki tíma til þess að kynna sér og mynda sér skoðun og koma með breytingartillögur getur leiðtogaáráð ekki verið sá öflugur samráðsvettvangur sem stefnt er að.

Þá óskum við eftir því að notast verði við annan vettvang heldur en Facebook til formlegrar fundarboðunar og upplýsingagjafar, ef vilji er fyrir Facebook notkun þá að það sé einnig sendur út tölvupóstur.

*f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ*

5.6 FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Félagsstofnun stúdenta (FS) er óhagnaðardrífín sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er, enda sett á fót af tilstuðlan stúdenta. Skrifstofa Stúdentaráðs á í einstaklega góðu samstarfi við skrifstofu FS og hefur náð að styrkja böndin enn frekar undanfarin ár. Í ár var mikið um merkisdaga hjá FS, en þann 17. nóvember voru 15 ár voru FS að þau flutti inn á skrifstofuna á Háskólatorgi og buðu upp þau upp á köku í tilefni dagsins. Þá hélt Stúdentakjallarinn upp á 10 ára afmælið sitt þann 1. desember með Moses Hightower tónleikum. Þá varð FS 55 ára á árinu og hefur verið haldið upp á það yfir árið, m.a. með kaffi á 55kr á mánudögum.

Forseti Stúdentaráðs situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FS og getur þannig komið sjónarmiðum stúdenta á framfæri auk þess að halda Stúdentaráði upplýstu um starfsemi FS. Forseti hefur einnig haft greiðan aðgang að skrifstofu FS og átt í samskiptum við t.a.m. framkvæmdastjóra,

upplýsingafulltrúa vegna ýmissa mála þvert á einingar FS. Samskiptin eru því mjög regluleg og vel er tekið í tillögu stúdenta. Á starfsárinu hafa helstu samstarfsverkefni verið:

- **Aukið veganúrval:** Meðlimir úr umhverfis- og samgöngunefnd ásamt forseta funduðu með fulltrúum frá FS um aukið vegan úrval í Hámu og mikilvægi þess að hugað sé að næringargildi veganréttanna, í kjölfar tillögu sem samþykkt var á Stúdentaráðsfundi. Sá fundur leiddi til þess að byrjað var að selja vegan jógúrt í morgunbarnum og Oatly kókómjólk í Hámu. Einnig var rætt um að þörf væri á léttu og hollu vegan millimáli s.s. flatkökum með hummus en það hefur ekki orðið að veruleika, spurning um að tékka stöðuna á því.
- **Matarspor:** SHÍ hefur átt í góðu samstarfi við FS varðandi innleiðingu Matarspors, en FS sá um að útvega skjáinn ásamt því að leggja til alla vinnu við að skrá inn upplýsingar í kerfið.
- **Saga:** Reglulegt samráð hefur verið milli forseta og framkvæmdastjóra FS um stöðuna á uppbyggingu stúdentagarðanna í Sögu. Þá hefur Stúdentaráð beitt sér fyrir því gagnvart HÍ að það verði Háma í Sögu, enda gríðarlega mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdentana.
- **Bóksala Stúdenta:** Forseti og framkvæmdastjóri FS hafa átt í góðu samtali um sýn stúdenta á framtíð Bóksölnnar, mögulegar breytingar á vöruúrvali o.fl. og er mikilvægt að halda því samtali áfram.
- **Gluggatjöld í stúdentabúðum:** Forseti kom ábendingu frá stúdentaráðsliða á framfæri um að ástæða væri til að FS myndi sjá um að skaffa gluggatjöldum í íbúðir, þá helst rúllugluggatjöldum í svefnherbergi. Tekið var vel í þá ábendingu hvað varðar framtíðaruppbyggingu stúdentagarða. Þá var sammælt um að FS myndi taka til skoðunar hvað hægt væri að gera varðandi eldri íbúðir, sérstaklega á þeim íbúðum á Ásgörðum þar sem gluggarnir eru þríhyrningslaga og hátt er til loftis.
- **Leigutímabil á Gamla garði:** Í kjölfar ábendingar frá nemanda fór forseti þess á leit við FS að leigutímabil á Gamla garði yrði aðlagð þannig að það tæki mið af kennsluálfmanaki skólans. Úthlutun hefur jafnan farið fram í kringum 30. ágúst sem gerir það að verkum að alþjóðanemar, sem eru stór hluti íbúa á Gamla garði hafa þurft að finna sér aðra gistingu í upphafi skólaárs. Er þetta sérstaklega mikilvægt nú þegar að breytingar hafa verið gerðar á almanaki háskólans og kennsla hefst 21. ágúst. Tekið var vel í þessa ábendingu hjá FS og úthlutun færð framars eins og kostur gafst, en vegna ráðstafana sem nú þegar hafa verið gerðar fyrir haustið var ekki hægt að breyta því fyrir allt húsið. Ákveðið var hins vegar að skoða það fyrir næsta ár og er mikilvægt að skrifstofa Stúdentaráðs fylgi því eftir.
- **Breytingar á úthlutunarreglum:** Tillaga stúdenta um breytingar á úthlutunarreglum stúdentagarða var tekin fyrir í stjórn FS og samþykkt.
- **Nikótínþúðar á Stúdentakjallaranum:** Forseti ásamt fulltrúa stúdenta í stjórn FS lögðu til við framkvæmdastjóra að nikótínþúðar yrðu komið í sölu á Stúdentakjallaranum. Við því var brugðist hratt við og

- **Merkingar rétta í Hámu:** Sabrina Rosazza, verkefnastjóri Spretts sendi erindi á FS og SHÍ varðandi merkingar rétta fyrir fjölmeningalegri inngildingu hjá Hámu, þ.e. að athugað yrði hvort hægt væri að merkja rétti sem eru Halal og Kosher líkt og nú er merkt vegan. Forseti fylgdi því eftir til FS sem brugðust hratt við og er nú í vinnslu að innleiða slíkar merkingar í Hámu. Frábært skref í þágu aðgengilegra háskólasamfélags!

Verkefni FS sem snúa að uppbyggingu húsnæðis eru betur rakin í kafla 6.9.2.

5.7 NEMENDA- OG HAGSMUNAFÉLÖG INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samskipti Stúdentaráðs við nemenda- og hagsmunafélög á árinu voru helst í tölvupóstsamskiptum og á sameiginlegum vettvangi á Facebook, þar sem eru fulltrúar allra félagana ásamt skrifstofu Stúdentaráðs. Einnig voru send skilaboð á Instagram þar sem oft reyndist auðveldara að ná til fólks þar. Alls voru tveir fundir haldnir með félögum, einn á hvoru misseri. Markmið fundanna er að koma upplýsingum áleiðis til félaganna, bæði frá SHÍ og stjórnarsýslu skólans, enda er það hlutverk Stúdentaráðs að vera tengiliður þar á milli, en einnig að skapa vettvang fyrir umræður. Fyrri fundurinn fór fram þann 18. október og héldu forseti, varaforseti og hagsmunafulltrúi utan skipulagningu og fundarstjórn fyrir hönd stjórnar. Á fundinum kynntu forseti og varaforseti hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs ásamt því að farið var yfir gagnlegar upplýsingar fyrir félögin, svo sem stofubókanir, aðgang að tölvupóstum og fleira. Einnig var farið yfir viðburði og málefni á döfinni. Þá miðlaði hagsmunafulltrúi upplýsingum áfram um réttindi stúdenta gagnvart skólanum og kynnti hagsmunahandbókina. Vel var mætt á fundinn og góðar umræður sköpuðust, sérstaklega í tengslum við hagsmunamálin.

Seinni fundurinn fór fram þann 25. janúar. Á fundinum var haustmisserið gert upp og farið yfir helstu viðburði og farið yfir horfur fyrir vormisserið. Viðburðadagatal SHÍ var kynnt, farið yfir helstu baráttumál stúdenta þessi misserin, svo sem skrásetningargjöldin og menntasjóðsmál. Vel mætt og góðar umræður sköpuðust. Til að búa til meiri hvata til að mæta fengum við styrk frá Joe and the Juice til að bjóða upp á samlokur og safu í lok fundar sem mæltist vel fyrir. Í kjölfar fundarins sendi varaforseti út könnun til allra nemendafélaganna til þess að kortleggja betur stöðuna hjá hverju og einu félagi og athuga hvort að það sé eitthvað sem Stúdentaráð eða HÍ getur stutt betur við. Farið er betur yfir niðurstöður þeirrar athugunar í kafla 6.3.5.

Ábendingar fyrir næsta ár:

Góð samskipti við nemenda- og hagsmunafélög eru mjög mikilvæg fyrir Stúdentaráð. Bæði til að miðla því sem Stúdentaráð er að gera en einnig til að virkja félögin í hagsmunabaráttunni þar sem það eru oftast fulltrúar frá þeim sem eiga sæti í deildarráðum. Það er því mikilvægt að halda því samstarfi virku og mætti leita leiða til að efla það enn frekar, t.d. með því að senda þeim reglulega fréttabréf með helstu upplýsingum. Þá eru fulltrúaráð sviðanna mjög mikilvægur vettvangur sem skrifstofan gæti nýtt betur fyrir upplýsingamiðlun, t.d. með því að ræða sérstaklega á stjórnarfundum helstu mál sem miðla þarf til félaganna eða með því að taka saman helstu punkta fyrir sviðsráðin til þess að auðvelda þeim vinnuna. Einnig gæti verið sniðugt að aðili frá skrifstofunni myndi mæta stuttlega á fulltrúaráðsfund hvers sviðs í upphafi árs til þess að ná betri tengingu við félögin og kynna skrifstofuna betur. Þá gæti þessi vettvangur verið nýttur til þess að

Innan Stúdentaráðs er mikil þekking og reynsla af hagsmunagæslu og lagt upp góðri gagnageymd og að fráfaraandi fulltrúar þjálfu þá nýju á milli kjörfundar og skiptafundar, en minna er um þetta hjá nemendafélögunum. Leita mætti leiða til að miðla þessari þekkingu til félaganna með það að markmiði að valdefla þau í hagsmunagæslunni.

Í ár var ekki send út könnun fyrir dagsetningar heldur var bara sent út fundarboð með góðum fyrirvara. Það reyndist vel og mætingin var engu síðri en fyrri ár. Mælt er með að halda því fyrirkomulagi áfram og jafnvel að ákveða dagsetningarnar bara með löngum fyrirvara (t.d. strax í vor fyrir haustið) til að tryggja að dagurinn sé tekinn frá. Þá gæti verið sniðugt að deila tímanlega viðburðadagatali með félögunum með helstu viðburðum til þess að þau geti skipulagt sína dagskrá í samræmi við það.

5.8 FYRIRTÆKI

Í ár var endursamið við Landsbankann og Orkusöluna. Þá var gengið til samninga við Nova í ár. Þá var Stúdentaráð einnig í samstarfi við hin ýmsu fyrirtæki varðandi afmörkuð verkefni og viðburði, svo sem Smitten, Joe and the Juice, Lemon og fleiri. Skilmálar samstarfssamninganna eru að jafnaði bundnir trúnaði og verða þeir þar af leiðandi ekki til umfjöllunar. Stúdentaráðsliðar og aðrir hlutaðeigandi geta hins vegar fengið að skoða samningana á skrifstofu Stúdentaráðs sé þess óskað.

6 STARFSEMI STÚDENTARÁÐS

6.1 MÁLEFNAVINNA OG STEFNUMÓTUN

Á ári hverju á sér stað ítarleg málefnavinna á þeim helstu málaflokkum sem viðkoma Stúdentaráði auk tilfallandi mála. Hefð hefur skapast fyrir því að farið sé í sérstaka stefnumótunarferð í upphafi starfsárs og var þeirri hefð haldið við í ár. Til viðbótar á sér stað ýmis stefnumótun yfir árið í tengslum við tilfallandi mál. Heildarstefna Stúdentaráðs, sem samþykkt var seinasta vor var góður grunnur fyrir alla málefnavinnu. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu stefnumótunarvinnu þessa árs.

6.1.1 STEFNUMÓTUNARDAGUR

Stefnumótunarferð Stúdentaráðs var haldin þann 9. júlí 2022 í Hinu Húsinu á rafstöðvarvegi. Stefnmótunarferðin er sú sjötta í röðinni en í ár var hún með breyttu sniði þar sem dagskráin var yfir einn dag í stað tveggja eins og hefur verið undanfarin ár. Sú ákvörðun var tekin vegna þess að erfitt reyndist að ná fólki saman heila helgi vegna þess að þetta var fyrsta sumarið alfarið án takmarka eftir heimsfaraldur. Þá var vinnu við heildarstefnu Stúdentaráðs nýlukið og því ekki þörf á jafn umfangsmikilli stefnumótun og árið áður.

Í ár var lögð áhersla á framkvæmdaáætlanir nefnda sem er markmiðasetning út frá stefnu Stúdentaráðs, hugmyndavinnu um sýnileika Stúdentaráðs, sviða-tengda vinnu ásamt kynningum á mikilvægum liðum sem nýtist í starfi Stúdentaráðs. Hópefli og áframhaldandi skemmtun eftir málefnavinnu dagsins var einnig mikilvægur liður dagsins til að efla traust og skapa gott andrúmsloft meðal fulltrúa Stúdentaráðs.

Undirbúningur

Skrifstofa Stúdentaráðs kom sameiginlega að skipulagningu stefnumótunarinnar og voru það einna helst forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og framkvæmdastjóri sem stóðu að undirbúningi. Forseti Stúdentaráðs boðaði til rafrænnar atkvæðagreiðslu um dagsetningu stefnumótunardagsins og úr því varð laugardagurinn 9.júlí fyrir valinu. Stúdentaráð var reglulega minnt á að taka dagana frá auk þess að settur var inn viðburður á heimasvæði ráðsins á Facebook. Þar voru allar nauðsynlegar upplýsingar settar inn, t.a.m. varðandi skráningu, verð, mat, dagskrá og stemmingu í aðdraganda dagsins. Þá var undirstrikað að stefnumótunardagurinn væri fyrir öll sem tilheyrðu Stúdentaráði, þ.e.a.s. fyrir aðalfulltrúa

Stúdentaráðs, varafulltrúa, sviðsráðsmeðlimi og nefndarmeðlimi og ítrekað var að verð fyrir daginn væri ekki þáttökugjald heldur kostnaður fyrir mat, drykk og skemmtidagskrá. Ef einhver sá sig ekki fært um að greiða var í boði að hafa samband við skrifstofu Stúdentaráðs. Þátttaka var eins og oft áður mjög mikilvæg og lagði skrifstofan áherslu á að sem flest kæmu að málefnavinnunni. Vegna þessa var mæting ítrekuð sérstaklega við þau sem ekki voru búin að skrá sig fyrir frest.

Undirbúningurinn hófst í byrjun júní og var fljótt ákveðið að vera á höfuðborgarsvæðinu til að gera fulltrúum Stúdentaráðs betur kleift að mæta á staðinn og taka þátt í málefnavinnunni, þá var einnig ákveðið snemma að hafa stefnumótunardaginn á laugardegi.

Forseti, varaforseti og hagsmunafulltrúi sáu um að setja upp dagskrá ásamt því að forseti var með yfirumsjón með skipulagi málefnavinnunnar og hagsmunafulltrúi sá um skipulagningu nefndarvinnu. Varaforseti, framkvæmdastjóri og hagsmunafulltrúi sáu um í sameiningu að senda póst á fyrirtæki og fá góð tilboð fyrir daginn og kvöldskemmtunina. Framkvæmdastjóri sá um matarinnkaup fyrir daginn og hagsmunafulltrúi sá um samskiptin við Hitt Húsið. Í ferðina komu einnig lánasjóðsfulltrúi sem sá um kynningu á menntasjóðnum og alþjóðafulltrúi sem var borðstjóri á borði alþjóðanefndar í nefndarvinnu.



Skráðir þátttakendur voru 27 talsins auk 5 frá skrifstofunni. Þátttakendur í stefnumótunarferðinni árið 2022 voru 28 talsins. Aðilar sem sinna störfum innan Stúdentaráðs eru um 67 talsins og hefði mæting því mátt vera mun betri. Frá upphafi var þó vitað að erfitt yrði að finna dagsetningu þar sem að sumarið var hjá flestum þétt setið af veislum og ferðalögum sem setið höfðu á hakanum sl. 2 sumur vegna heimsfaraldurs. Þátttakendur voru fleiri en merkt höfðu við að komast á þessum degi og er það gleðiefni.

Dagskrá

Stefnumótunardagurinn byrjaði klukkan 10:00. Dagurinn hófst á því að forseti fór yfir dagskránnu á meðan fólk var að koma sér fyrir, eftir það var tekið smá hópefli til að hrista

hópin saman snemma dags. Næst á dagskrá var kynning á Menntasjóði námsmanna frá lánasjóðsfulltrúa sem heppnaðist afar vel, mikilvæg kynning og þá sérstaklega í aðdraganda heildarendurskoðunar á Menntasjóðnum haustið 2023.

Þá næst kynnti forseti stefnu Stúdentaráðs, sem var samþykkt á skiptafundi Stúdentaráðs um vorið og er afurð vinnu stefnumótunarferðarinnar í fyrra (2021). Næst kynnti hagsmunafulltrúi fyrirkomulag nefndarvinnunnar áður en var boðið upp á hádegismat. Hádegismaturinn voru samlokur og djúsar frá Lemon sem sló algjörlega í gegn. Eftir hádegismat, frá 12:30- 14.30 fór fram málefnavinna í framkvæmdaáætlun fastanefnd, forsetar nefndar sáu um borðastjórnun í flestum tilfellum en í fjarveru þeirra tók annar nefndarmeðlimur við því. Í kjölfar þessarar vinnu kynnti hver nefnd drög að framkvæmdaáætlun og tímalínu fyrir vinnu starfsársins.

Klukkan 15:00 var hlé og var boðið upp á kaffi, bakkelsi og brauðmeti áður en haldið var áfram með dagskrána. Næst fór fram málefnaþorð sem voru tileinkuð sýnileika Stúdentaráðs, bæði innri og ytri sýnileiki. Seinni kynningar dagsins voru á sviðsráðunum fimm, en það voru



sviðsráðsforsetar sem héldu utan um þær. Að þeim loknum tóku við svokölluð sviðaspjöll þar sem sviðsráðsforsetar og sviðsráðsmeðlimir ræddu saman um málefni síns sviðs og komandi skólaár. Brotið var uppá dagskrána yfir daginn með reglulegum hópeflum til að halda öllum við efnið. Dagskránni lauk klukkan 18:30 og var þá boðið uppá bulsur og drykki áður en haldið var á SKOR í pílu og áframhaldandi skemmtun til að þetta hópinn saman.

Málefnavinna

Málefnavinna dagsins var skipt upp í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn snéri að fastanefndum SHÍ. Þátttakendum var skipt upp eftir nefndunum sínum og fékk hver nefnd sér borð. Stúdentaráðsliðar sem ekki voru hluti af ákveðinni nefnd fengu að skipta sér upp eftir áhugasviði sínu. Hvert borð var með borðstjóra sem leiddi vinnuna, sem var í flestum tilfellum forseti þeirrar nefndar. Fengu allir borðstjórar sömu verklýsinguna til að tryggja samræmdar

vinnuaðferðir. Í byrjun var farið yfir framkvæmdaáætlun nefndarinnar frá því í fyrra og hún rædd og 'tikkað við/strokað yfir' þær aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar á síðastliðnu ári. Hér má sjá verklýsinguna:

1. Borðstjórinn dregur fram framkvæmdaáætlun sinnar nefndar og kynnir hana létt (*ef borðmeðlimir hafa ekki nú þegar farið yfir hana*). Ef allir borðmeðlimir hafa áður farið yfir framkvæmdaáætlunina þá má sleppa þessu stigi.
2. Eftir að hafa farið yfir framkvæmdaáætlunina mun allt borðið ræða sín á milli og 'tikka við/stroka yfir' þær aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar á síðastliðnu ári. Ef búið er að tikka við/stroka yfir aðgerðirnar þá má sleppa þessu stigi og fara beint í næsta.
3. Borðstjórinn dregur fram flettistöflublað merkt sinni nefnd. Borðstjóri dreifir post-it miðum á hvern og einn borðmeðlim (ásamt því að taka nokkra fyrir sig). Borðstjórinn dregur fram annað blað með nokkrum litakóðuðum spurningum á:
 - a. Hvað getur þessi nefnd framkvæmt á komandi ári?
 - b. Er hægt að bæta aðgerðirnar sem standa eftir svo þær verði framkvæmdar á komandi ári?
 - c. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?

Nú tekur við einstaklingshugmyndavinna. Hver og einn hópmeðlimur á að svara spurningunum á post-it miðana (*ath! passa þarf að hafa ekki of langar setningar á post-it miðunum*). Þegar fólk er búið að skrifa sínar hugmyndir á post-it miðana má setja þá á flettistöflublaðið.

4. Þegar hver og einn hópmeðlimur er búinn að svara spurningunni, biður hópstjórinn alla um að deila sínum hugmyndum svo umræða skapist.
5. Hópurinn getur þá farið að bæta við post-it miðum (*t.d. ef einhver möguleg aðgerð poppar upp í samræðunum*) eða tekið post-it miða af flettistöflublaðinu (*t.d. ef hópurinn heldur að einhver aðgerð sé ekki geranleg eða að það sé ókostur að fjarlægja ákveðna aðgerð af framkvæmdaáætlun nefndarinnar*). Ef það er eitthvað sem er óskiljanlegt, þarf hópurinn að leiðrétta það svo allar hinar nefndirnar skilji hvaða þælingar hópurinn er að setja fram.
6. Hver og einn hópur raðar sínu flettistöflublaði á borðið sitt ásamt framkvæmdaáætluninni. Látið leiðandann (aðilinn sem er með yfirumsjón með málefnavinnunni) vita að borðið sé tilbúið.

Eftir þetta tók við „Silent debate“ sem var með eftirfarandi verklýsingu:

1. Hvert borð á nú að hafa myndað „nýja“ framkvæmdaáætlun og raðað henni á sitt borð.
2. Hver og einn þátttakandi (óháð nefnd) fer um salinn og skoðar allar framkvæmdaáætlanirnar. Þátttakendur fá tækifæri til að bæta við athugasemdum við allar framkvæmdaáætlanir. Þátttakendur fá nokkra post-it miða og penna og setja sínar athugasemdir ofan á flettistöflublaðið. Í miðjunni á salnum eru síðan auka post-it miðar eða pennar. (ath. hér er engin röðun á hvert fólk fer, fólk fer um og skrifar niður athugasemdir eða ekki).
3. Það er hægt að kasta eftirfarandi spurningum fram svo fólk fái hugmyndir að athugasemdum.
 - a. Hvað getur þessi nefnd framkvæmt á komandi ári?
 - b. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?
 - c. Hvernig er mögulega hægt að vinna að þessu málefni?
 - d. Hverju myndir þú breyta/bæta?
 - e. Getur þessi nefnd unnið að einhverju hér í samstarfi við þig/þína nefnd/önnur samtök/aðra hópa?



Annar hluti málefnavinnunnar snéri að þremur málefnum: sýnileiki og aðgengi að Stúdentaráði, kennslumál + aðstaða og ný herferð Stúdentaráðs. Þátttakendum var skipt upp í þrjár stöðvar þar sem hvert og eitt málefni var með sér stöð. Stöð með kennslumálum og aðgengi var einnig með spil til að brjóta upp vinnuna. Hver og einn hópur kom við á hverri stöð til að tryggja aðkomu allra að hugmyndavinnunni. Verklýsing var útbúin fyrir hverja og eina stöð. Í þessum hluta málefnavinnunnar var notað Jamboard sem reyndist

vel og gerði eftirvinnsluna auðveldari, sem var í höndum skrifstofu Stúdentaráðs.

Þriðji og síðasti hluti málefnavinnunnar var vinna innan sviðanna, markmið þeirra vinnu var að gera framkvæmdaáætlun/ stefnu fyrir sviðsráð. Verklýsing fyrir þennan lið var mjög svipuð og fyrir málefnavinnu fastanefndar.

Matur og kaffi

Skrifstofa Stúdentaráðs sá um máltíðirnar yfir daginn og fóru eftir fæðuvali hvers og eins sem var tilgreint í skráningaskjalinu. Þannig var tekið tillit til þeirra sem kusu grænmetisfæði, veganfæði og þeirra sem voru með óþol eða ofnæmi. Keypt var kaffi og var boðið upp á rjúkandi heitt kaffi allan daginn, í hádegismat voru samlokur og djúsar frá Lemon og í hressingu var bakkelsi, brauð og álegg. Í kvöldmat var boðið upp á bulsur og drykki með. Hér eru matarinnkaup fyrir daginn en ásamt því fengum við brauð og bakkelsi, lemon samlokur og djús og bulsur frítt gegn auglýsingu á samfélagsmiðlum. ATH. að verð fyrir bakvið er áætlað og var ekki lokaverð á matarinnkaupum, en heildarverð má sjá hér að neðan.

VARA	STK	ÁÆTLAÐ VERÐ
Kaffi	5x	2600
Jurtasmjör	1x	339
Ostur	1x	960
Gúrka	3x	588
Tómatar	6x	210
Hummus	3x	1287
Pestó	1x	
Veganistusalat	1x	
Smurostur - paprik	1x	
Pylsubrauð	13x	3705
Steiktur laukur	800gr (2x)	520
Tómatsósa	970gr	320
Sinnep	350gr	478
Rúmúlaði	400ml	329
Vegan remúlaði		
Kartöflusalat		
Jurtamjólk	2x	
Appelsínudjús	3x	317
Epladjús	1x	235
Óáfengur bjór/gos		

Kostnaður

Þátttökugjaldið í ferðina var 2.200 kr. í ár sem samþykkt var af stjórn Stúdentaráðs og tók það mið af fjárhagsáætlun. Það var reynt eftir fremsta megni að halda verðinu í lágmarki, en til að ná að fjármagna mat og skemmtun yfir allan daginn var þetta verð ákveðið. Það var þó gert öllum mögulegum þáttakendum skýrt að þetta væri ekki þátttökugjald og mætti ávallt hafa samband við skrifstofu Stúdentaráðs ef einhver sá sig ekki fært um að greiða gjaldið. Rétt fyrir ferðina fékkst styrkur frá Lemon fyrir hádegismat sem gerði það að verkum að ferðin kom út í órlitlum plús þvert á áætlanir, en gjaldið hafði verið miðað út frá því að Stúdentaráð myndi bera þann kostnað sem eftir stæði.

Kostnaðarliður	Upphæð	Innkoma	Upphæð
Matur + drykkir	-26.799 kr.	Þátttökugjald	+49.700 kr.
Píla	-17.700 kr.		
Samtals	3.711 kr.		

Athugasemdir

Ferðin var rædd á stjórnarfundum Stúdentaráðs og óskað eftir ábendingum um hvað hefði mátt gera betur og hvað heppnaðist vel. Stjórn Stúdentaráðs fannst dagurinn í heild sinni ganga

mjög vel og var stjórn sammála að það virkaði vel að hafa daginn yfir einn dag í stað tveggja eins og hefur tíðkast.

Þátttakendur voru beðnir um að svara könnun eftir helgina sem gæti nýst skrifstofunni að ári. Spurt var hvernig þeim hefði fundist helgin ganga, hvað hefði farið vel og hvað mætti bæta í framhaldinu. Ekki bárust mörg svör þrátt fyrir að könnuninni hefði verið komið vel á framfæri en þau sem bárust voru öll jákvæð.

Samantekt og ábendingar fyrir næsta ár

Í heild sinni gekk dagurinn mjög vel. Það virkaði vel að hafa einn dag í stað tveggja og hafa hann á höfuðborgarsvæðinu, það gerir það auðveldara fyrir fólk að mæta yfir hásumarið þar sem flest eru í fullri vinnu/ út á landi/ í fríum. Það gæti hins vegar verið sniðugt að hafa þetta tvo daga á næsta ári og taka þá meiri tíma fyrir fræðslu til að tryggja að fólk komist hratt og örugglega inn í helstu málefni svo að starfsárið nýtist sem best.

Málefnavinna nefndanna er mjög mikilvæg og væri sniðugt að leggja enn meiri áherslu á að útfærð séu afmörkuð og tímasett verkefni sem raunhæft er að náist að vinna á starfsárinu. Framkvæmdaáætlanirnar bera enn vott af því að vera hugsaðar sem stefnur Stúdentaráðs í ákveðnum málaflokkum sem ekki er þörf á eftir tilkomu heildarstefnu Stúdentaráðs. Þá væri einnig sniðugt að taka málefnavinnu í tengslum við HÍ26 í stefnumótunarferðinni með það að markmiði að afmarka helstu áhersluatriði Stúdentaráðs á komandi ári við innleiðingu stefnunnar.

Það var mjög gaman að fara í pílu saman og hélt hópurnir ágætlega saman yfir kvöldið auk þess sem að fleiri bættust í hópinn sem ekki höfðu tök á að mæta yfir daginn. Það hefði verið gott að vera fleiri frá skrifstofunni þar sem það fylgir því mikið álag að sjá um dagskránnu/mat og á sama tíma halda uppi stemmingu. Hitt Húsið hentar mjög vel fyrir þessa vinnu, en það hefði verið gott að vera í fleiri rýmum þar sem stundum þurfti að stoppa dagskrá til að preppa fyrir annan dagskrálið eða matarhlé þar sem húsið var tvíbókað og við höfðum aðeins aðgang að efri hæð hússins.



6.2.2 HEILDARSTEFNA STÚDENTARÁÐS

Heildarstefna Stúdentaráðs sem unnin var á starfsárinu 2021-2022 kom sér vel í störfum Stúdentaráðs í ár. Engar breytingar voru gerðar á stefnu ráðsins í ár, enda var hún splunkuný. Stefnan var gerð til að draga saman helstu áhersluatriði Stúdentaráðs í hverjum málaflokki til að tryggja skýra sýn og samfellu í störfum ráðsins. Eðli málsins samkvæmt ætti hún því ekki að taka miklum breytingum á milli ára en þó er mikilvægt að hún sé uppfærð eftir því sem við á. Stefnuna í heild sinni er að finna í í ársskýrslu 2021-2022 og á student.is.

6.1.3 STEFNA STÚDENTARÁÐS Í TENGLUM VIÐ ENDURSKOÐUN LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

Vinna að heildstæðri stefnu Stúdentaráðs vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna hófst í lok haustannar og fór að einhverju leyti fram samhliða vinnu að sameiginlegum kröfum stúdenta, undir formerkjum LÍS, vegna endurskoðunarinnar. Lánasjóðsfulltrúi og forseti héldu utan um alla stefnumótunarvinnu í tengslum við Menntasjóðsmál fyrir hönd SHÍ. Mikil áhersla var lögð á samráð við stúdentaráðsliða á öllum stigum málsins enda mikilvægt að stefnumótun sem þessi sé unnin í breiðri sátt. Forseti fór ítarlega yfir málin reglulega bæði á stjórnarfundum sem og stúdentaráðsfundum ásamt því að oddvitum fylkinga var sérstaklega boðið að hitta forseta til að fara efnislega yfir helstu kröfur í drög að stefnu Stúdentaráðs.

Stefna Stúdentaráðs var í meginatriðum unnin á grundvelli stefnu LÍS í málaflokknum, enda höfðu lánasjóðsfulltrúi og forseti mikla aðkomu að þeirri vinnu, í vinnuhópi fulltrúaráðs LÍS. Á Stúdentaráðsfundi þann 25. október 2022 fóru fóru forseti og lánasjóðsfulltrúi ítarlega yfir helstu atriði sem verið var að leggja áherslu á í vinnuhópi LÍS og sérstaklega vakin athygli á þeim áhersluatriðum sem Stúdentaráð hefur ekki talað fyrir áður eða breytingum miðað við fyrri áherslur Stúdentaráðs. Stúdentaráð samþykkti svo sameiginlega stefnu stúdentahreyfinganna í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Ákveðinn áherslumunur er þó á stefnunum og einnig er munur á umgjörðinni. Í stefnu Stúdentaráðs eru áherslur ráðsins settar fram í samhengi við stefnu stjórnvalda og upphafleg markmið laga um Menntasjóð námsmanna, samkvæmt greinargerð með lögunum. Með öðrum orðum eru kröfur ráðsins raunar settar fram sem lausnir eða aðgerðir sem stjórnvöld hafa færi á að beita til að ná fram settum markmiðum. Með þessu vildi Stúdentaráð tala til þeirra sem stjórna, á máli sem þau skilja. Stefnan var einnig gefin út í formi rafræns bæklinga á vefútgáfuforritinu Issuu. Var það gert í því skyni að gera hana aðgengilegri og skemmtilegri yfirlestrar. Stefna Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðunina var samþykkt einróma í rafrænni atkvæðagreiðslu á milli funda og er hana að finna í heild sinni í viðauka C. Bæklingin má síðan finna [hér](#).

6.2 KANNANIR STÚDENTARÁÐS

Stúdentaráð sendi út eina könnun á þessu starfsári, varðandi fjárhagsstöðu stúdenta í námi. Þá var einnig unnið úr könnun sem lögð var fyrir seinasta vor um stöðu foreldra í námi á COVID tímum. Helstu niðurstöður þessara kannana er að finna hér að neðan en ítarlegri samantekt má finna í heild sinni á heimasíðu ráðsins, [student.is](#) eða á skrifstofu Stúdentaráðs.

6.2.1 STAÐA FORELDRA Í NÁMI Á COVID TÍMUM

Á seinasta starfsári var send út sérstök könnun fyrir foreldra í námi sem varðaði hagi og aðstæður þeirra, einkum í kjölfar faraldursins. Könnunin var send út 19. apríl 2022 og það lokaði fyrir svörum 28. apríl. Það var sameiginleg ákvörðun skrifstofu og fjölskyldunefndar að niðurstöðurnar yrðu teknar saman og birtar á næsta skólaári. Erfitt reyndist að nálgast niðurstöðurnar þar sem áskrift að forritinu sem notað var hafði verið sagt upp enda fylgdi því töluverður kostnaður. Ákvörðun var því tekin um að vinna niðurstöðurnar á sama tíma og ný könnun yrði send út til þess að halda kostnaði í lágmarki.

Varaforseti Stúdentaráðs sá um að taka niðurstöðurnar saman og voru þær kynntar á Landsþingi LÍS þar sem þema þingsins var staða foreldra í námi. Niðurstöðurnar sýna að foreldrum í námi reynist erfitt að sinna fjölskyldulífi og námi til jafns. Meirihluta foreldra í námi þykir fæðingarstyrkur námsmanna ekki sinna hlutverki sínu, foreldrar reyna jafnvel að komast hjá því að þiggja hann og í þeim tilfellum sem þau hafa nýtt sér hann er hann ekki nægur. Svarendur töldu barnastyrk Menntasjóðs námsmanna einnig ófullnægjandi. Þá sýndu niðurstöður könnunarinnar einnig að aukin viðvera barna á heimilinu vegna Covid-lokana og manneklu á skólum og leikskólum hafi haft neikvæð áhrif á námsárangur.

Nánari niðurstöður má finna á student.is, [hér](#).

6.2.2 FJÁRHAGSSTAÐA STÚDENTA

Könnun Stúdentaráðs um fjárhagsstöðu stúdenta var send út á alla nemendur Háskóla Íslands þann 12. apríl 2023. Nemendur fengu könnunina senda á HÍ netföng sín og var hún send á 14.125 manns. Könnunin stóð opin til og með 5. maí 2023 og bárust 718 svör. Spurningarnar voru 28 talsins og spurt var um persónuhagi, fjárhagsstöðu og námslán, bæði á íslensku og ensku. Markmiðið var að kortleggja fjárhagsstöðu stúdenta, þar á meðal helstu útgjöld stúdenta og hvernig stúdentar fjármagna nám sitt. Lánasjóðsfulltrúi og hagsmunafulltrúi sáu um framkvæmd könnunarinnar og unnu úr niðurstöðum hennar. Nánari samantekt á niðurstöðum könnunarinnar má finna á student.is en hér er samantekt á helstu atriðum:

- Rúmlega fjórðungur nemenda sem svöruðu könnuninni tóku námslán hjá Menntasjóði námsmanna eða forvera hans, Lánasjóði íslenskra námsmanna. Einungis rúmur fjórðungur þeirra sem tóku námslán framfleytti sér eingöngu á lánunum.
- Tæplega 70% þeirra stúdenta sem tók þátt í könnuninni vann með námi en hin framfleyttu sér með ýmsum hætti, þó oftast með námslánum, vinnu maka eða styrk frá foreldrum. Algengast var að stúdentar ynnu hlutastarf með námi en þó voru um það bil 15% þeirra sem unnu með námi í meira en 75% starfi. Tæplega þriðjungur svarenda var með lægri tekjur en 200.000 krónur á mánuði fyrir skatt. Til samanburðar er framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara 208.960 krónur á mánuði fyrir barnlausan einstakling. Ekki er tekið mið af húsnæðiskostnaði í þeirri upphæð.
- Fjórar algengustu ástæður fyrir vinnu lántaka með skóla voru tengdar beinni framfærslu (fæðiskostnaður, húsnæðiskostnaður, samgöngukostnaður og bækur og kostnaður vegna skóla). Rúmur helmingur þeirra sem vann með náminu sagðist

myndu hætta því ef námslánin væru hærri og tæplega 65% þeirra sem tóku námslán sögðu fjárhagsstöðu sína frekar eða mjög slæma.

Ýmislegt má lesa úr niðurstöðum könnunarinnar sem bendir til þess að ráðstöfunartekjur stúdenta dugi ekki fyrir framfærslukostnaði hér á landi. Tilfni er til að gera enn frekari úttekt og kortleggja betur fjárhagsstöðu stúdenta, sérstaklega í ljósi efnahagsaðstæðna og yfirstandandi endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna.

6.3 VIÐBURÐIR OG SÝNILEIKI

6.3.1 OKTÓBERFEST SHÍ

Októberfest SHÍ fór fram í átjándra skipti dagana 1. - 3. september 2022, eftir að hafa fallið niður í tvö ár vegna heimsfaraldurs Covid-19. Hátíðin er haldin af háskólanemum fyrir háskólanema og því fá allir stúdentar að kaupa sér miða. Aðrir þurfa að sýna fram á 20 ára aldur. Í ár var stærsta breyting frá fyrri árum að hátíðin var haldin helgina fyrir nýnemaviku skólans. Var það vegna þess að fyrsta helgin í september var óvenju snemma í ár og nýnema vika skólans var haldin seinna en vanalega. Stúdentaráð ákvað því að standa fyrir „kick-off“ viku SHÍ til að keyra upp stemmingu og vekja athygli á hátíðinni innan skólans.

Í þessari skýrslu verður farið yfir miðasölu, samskipti við íbúa í nágrenni hátíðarinnar, öryggismál, umhverfi hátíðarinnar, hávaða og kvartanir og aðgengi á hátíðina. Auk þess verður farið yfir undirbúning, samskipti við helstu samstarfsaðila, viðburði sem haldnir voru í aðdraganda hátíðarinnar og loks verða niðurstöður teknar saman.

Markaðssetning

Líkt og fyrri ár var auglýst eftir samskiptafulltrúa Októberfest. Ráðninganefndin samanstóð af varaforseta, starfsmanni frá starfsmannasviði HÍ og oddvitum beggja fylkinga líkt og kveðið er á um í lögum. Sex umsóknir bárust í stöðuna og var tveimur umsækjendum boðið í viðtal. Viðtölin fóru fram þann 26. júlí og var Skarphéðinn Finnbogason ráðinn í stöðuna. Hann hóf störf í byrjun ágúst.

Verkefni hans fólust í samskiptum við verktaka, markaðsmálum og utanumhaldi samfélagsmiðla. Samskiptafulltrúi hefur skilað skýrslu þar sem farið er yfir hans störf. Skýrsluna má nálgast á skrifstofu Stúdentaráðs.

Ljóst var að setja þyrfti meiri orku í að kynna hátíðina í ár enda hafði stór hluti þeirra sem stunda nú nám við háskólann aldrei farið á Októberfest SHÍ, ásamt því að hátíðin var fyrr en vanalega og félagslífið í nemendafélögunum því varla farið af stað. Notast var við hinar hefðbundnu leiðir að auglýsa í gegnum Facebook og Instagram, ásamt því að aukin áhersla var lögð á Tiktok og að setja myndbönd inn á „reels“ á Instagram.

Fundað var með HR 17. ágúst og hátíðin kynnt fyrir þeim og samstarf í miðasölu rætt. Þá var hátíðin til tals á fulltrúaráðsfundi LÍS, þar sem allir háskólar landsins eiga fulltrúa og áhersla lögð á að þetta væri hátíð fyrir alla háskólastúdenta og að allir stúdentar, óháð skóla, fengju miðann á stúdentaverði. Samskipti við LHÍ fóru fram í gegnum tölvupóst og á samfélagsmiðlum.

Fjölmiðlar

Það gekk vel að koma hátíðinni á framfæri í fjölmiðlum og lagði forsvarsfólk Stúdentaráðs áherslu á að tala um mikilvægi þess að hafa byggja upp öflugt félagslíf í háskólanum eftir covid-19. Forseti Stúdentaráðs og samskiptafulltrúi sáu um að svara fyrir hátíðina í fjölmiðlum og fóru þau í Síðdegisútvarpið á Rás 2, Bítið á Bylgjunni, Harmageddon á X-inu og á FM-957. Þá var tekið viðtal í beinni útsending í kvöldfréttunum bæði á RÚV og Stöð 2 á svæðinu. Einnig voru viðtöl við forseta Stúdentaráðs fyrir hátíðina bæði í net- og prentútgáfu Fréttablaðisins, á Vísi og á [heimasíðu Háskóla Íslands](https://heimasíðu.haskola.is). Þá fjallaði Mbl.is um hátíðina bæði fyrir og eftir. Þessi umfjöllun er mikilvæg fyrir hátíðina en ekki síður liður í því að vekja almennt athygli á Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Miðasala

Fimmtudaginn 25. ágúst kl. 09:50 hófst miðasala í Stakkahlíð og Háskólatorgi. Miðasala stóð yfir frá 09:50-14:00 í Stakkahlíð virka daga fram að hátíð. Á Háskólatorgi stóð miðasala frá 09:50 til 14:50 alla virka daga fram að hátíð nema til kl. 16:00 á miðvikudegi og fimmtudegi. Þá fór miðasala fram í VRÍI frá 09:50-14:00 frá mánudeginum 29. ágúst til miðvikudagsins 31. ágúst. Haft var samráð vegna þessa við Davíð Skúlason á þjónustuborði Háskólatorgs.

Í ár var ákveðið að hafa hreyfanlega miðasölu með því markmiði að ná til sem flestra nýnema. Þá var miðasala fyrir framan nýnemakynningar í Háskólabíó og Árnagarði ásamt því að ná fjölmennum tímum sem voru dagana 25.-31. ágúst. Þetta gekk mjög vel og náðum við bæði góðri sölu á miðum og einnig var viðveran gott tækifæri til að ná til nýnemanna snemma, sérstaklega í ljósi þess að sum voru að heyra af Októberfest SHÍ í fyrsta skipti.

Armbönd + bjórkort komu til okkar seinnipartinn á miðvikudeginum 31. ágúst og var því afhendingin á armböndum + bjórkortum einungis á fimmtudeginum 1. september frá 09:50-16:00. Það urðu miklar raðir og mikið álag vegna þessa. Það hefði verið betra að geta einnig nýtt miðvikudaginn í afhendingar. Þá var klukkutíma rammi á milli þess sem við lokuðum afhendingarstöðum í Háskólanum og að afhending á armböndum hófst í gámum á hátíðarsvæðinu, en það hefði verið þægilegra ef gámurinn hefði tekið við í beinu framhaldi eftir að okkar afhendingarstaðir lokuðu.

Áður en miðasala hófst í byggingum skólans hafði miðasala farið fram á tix.is til að minnka örtröð í skólanum. Auk þess hélt Stúdentaráð úti miðasölu í HR til þess að stúdentar þar gætu tryggt sér miða þar en þyrftu ekki að koma sérstaklega á Háskólatorg. Miðasala í HR stóð yfir frá fimmtudeginum 29. ágúst fram að hátíð og í LHÍ frá mánudegi til miðvikudags fyrir hátíð.

Í miðasölu og við afhendingu armbanda var ávallt spurt um skilríki og þeir sem voru undir tvítugu fengu sérstaka gerð af armbandi sem gerði þá starfsmönnum barsins auðveldlega kleift að aðgreina þau frá þeim sem hafa náð aldri til að kaupa vínveitingar. Einungis háskólanemar undir tvítugu var heimilt að kaupa miða á hátíðina, annars gildi tuttugu ára aldurstakmarkið fyrir alla aðra.

Nágrannaganga

Í ár líkt og í fyrra var gengið í hús í nágrenni hátíðarinnar við Oddagötu, Aragötu, Bjarkargötu, Tjarnargötu, Fjólugötu, Smáragötu og Sóleyjargötu með miða þar sem eftirfarandi upplýsingar komu fram:

„Kæru

nágrannar

Eins og þið eflaust vitið mun **Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands** fara fram um næstu helgi á lóðinni fyrir framan Háskólann. Hátíðinni mun óhjákvæmilega fylgja hávaði sem gæti borist til nærliggjandi húsa.

Við í Stúdentaráði viljum því biðjast fyrirfram afsökunar á þeim óþægindum sem það kann að valda og bendum á að hafa samband við okkur í netfangið shi@hi.is ef þið viljið koma athugasemdum á framfæri. Við vekjum athygli á því að hátíðinni lýkur fyrr en undanfarin ár.

Hátíðin mun standa yfir á eftirfarandi tímasetningum:

Fimmtudagurinn 1. september - 19:00-23:30

Föstudagurinn 2. september - 19:00-23:30

Laugardagurinn 3. september - 19:00-23:30

*Okkar allra bestu kveðjur,
Stúdentaráð Háskóla Íslands"*

Alls var gengið í um 140 hús í nágrenninu sem var aukið frá því í fyrra og langt umfram það sem er tilgreint í samningi við HÍ að þurfi. Við gengum í hús á miðvikudeginum fyrir hátíð. Þá var óskað eftir því við Félagsstofnun stúdenta að þau myndu auglýsa til íbúa stúdentagarða í nágrenni við svæðið að hátíðin væri að fara í gang og að allt ónæði væri afsakað fyrirfram. Okkur barst ein kvörtun frá íbúa á Sæmundargötu.

Öryggismál

Til að tryggja öryggi gesta var ákveðið að leita á öllum gestum við inngang ásamt því að gæsla í við girðinguna í kringum svæðið var augin. Langar raðir mynduðust við innganginn á fimmtudagskvöldinu. Næstu kvöld var fleira starfsfólk í við innganginn og leitinn var útfærð á annan hátt og varð það til þess að raðirnar gengu hraðar. Líkt og fyrri ár greiðir Stúdentaráð fyrir öryggisgæslu í byggingum skólans á meðan hátíðinni stendur og var skertur opnunartími þessa daga. Engar kvartanir bárust ráðinu vegna þess.

Stúdentaráð lagði mikla áherslu á að öryggi allra skuli tryggt á hátíðinni og að öllum líði velkomnum. Í samstarfi við Druslugönguna voru hengd upp plaköt með upplýsingum um hvað hátíðargestir geti gert ef þeir verða fyrir hvers kyns kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi. Þá kom ungmennaráð UN-women kom með plagöt úr nýjustu herferð sinni sem miðar að því að vekja athygli á bakslagi í hinsegin baráttunni og voru þau hengd voru upp á svæðinu. Haft var samband við Neyðarlínuna og spurst fyrir um mögulegt samstarf um forvarnir gegn kynferðislegu áreiti- og ofbeldi á skemmtanálífinu líkt og einhverjar útihátíðir hafa gert undanfarna mánuði. Þau sendu okkur efni til að deila á samfélagsmiðlum en ákveðið var að senda það ekki út í nafni Stúdentaráðs.

Samráð við hagsmunafélög

Skrifstofa Stúdentaráðs hafði samband við Q-félagið og Feministafélag HÍ og þau upplýst um þá vinnu sem hafði átt sér stað fyrir hátíðina og óskað eftir þeirra innleggi og ábendingum til þess að tryggja að öllum stúdentum líði velkomnum og öruggum á hátíðinni. Bæði félögin svöruðu, frá Q-félaginu bárust eftirfarandi ábendingar:

- Þegar áhorfendur eru ávarpaðir að passa að gera það ekki á kynjaðan máta.
- Ef starfsfólkið þarf að leitar á gestum þá verða þau að vera tilbúin að virða val hinsegin einstaklings á því hver má leita á þeim.

- Passa að það sé merkt vatnsdrykkjarstöð eða álíka þar sem fólk getur fengið sér frítt vatn að vild.
- Að hafa merkt öruggara svæði þar sem fólk getur leitað hjálpar við byrlunum/kynferðisofbeldi sem tekur einnig á móti fólki vegna áreitni/ofbeldi v. hinseginleika.
- Að það séu virkir verkferlar ef hinsegin fólk tilkynnir áreitni/ofbeldi svo hægt sé að grípa inn í strax ef eitthvað kemur upp.
- Varðandi kamra-situation þá setjum við spurningamerki við að það sé öryggisatriði að hafa kynjuð kamrasvæði. Það býður uppá gender-policing, ekki bara frá starfsfólkinu heldur líka frá síð fólki sem er að nota kynjuðu kamrana. Það skapar því óöruggt rými fyrir allt trans fólk (ekki bara kynsegin fólk) og margt hinsegin fólk. Það er gott að það verða ókyngreindir kamrar en það væri skynsamlegt að hafa fleiri en einn. Því það væri ekki sér fyrir kynsegin fólk heldur eini kamarinn opinn öllum.

Frá Femínistafélagi Háskóla Íslands bárust eftirfarandi ábendingar:

- Okkur fannst mikilvægast að sjá sérstaklega til þess að taka allar grunsemdir um byrjanir alvarlega:
 - fylgjast með drykkjum á barnum
 - grípa inn í aðstæður þar sem ekki allt virðist vera í lagi
 - athuga með öll sem virðast vera í slæmu ásigkomulagi eða ofurölvi
 - ekki hika við að grípa inn í aðstæður þar sem hætta virðist vera að myndast
- og einnig sjá til þess að öryggisgæsla sé aðgengileg fyrir öll sem þurfa.

Unnið var úr þessum ábendingum og þeim komið áfram til viðeigandi aðila. Ákveðið var að hafa alla kamrana ókyngreinda í ár. Kamrarnir voru allir upplýstir ásamt því að öryggisgæsla var í kringum kamrana. Miklar raðir mynduðust við kamrana fyrstu tvö kvöldin og var ákveðið að bæta við pissuskálum á laugardagskvöldinu sem minnkaði raðirnar mikið. Eftir að hafa skoðað málið var ekki talin þörf á að útbúa sérstakt „safe-space“ inn á svæðinu þar sem að hátíðin stendur aðeins yfir í um 15 klukkustundir í heildina og er staðsett í hjarta borgarinnar. Stúdentaráð útbjóg plagöt sem hengd voru um svæðið ásamt því að vera varpað upp á stóran skjá á svæðinu þar sem ítrekað var að ofbeldi eða áreitni sé ekki liðið og að hægt sé að leita til gæslunnar ef eitthvað kemur upp.

Októberfest hefur gengið mjög vel fyrir sig í gegnum tíðina. Þrátt fyrir það er mikilvægt að vandað sé til verka og leitað allra leiða til að fyrirbyggja að ofbeldi eða áreitni eigi sér stað á hátíðinni. Samstarf við hagsmunafélög innan skólans mikilvægur liður í því að gera þetta að framsækinni hátíð allra háskólastúdenta á Íslandi og hvetjum við til þess að því verði haldið áfram. Nú eftir hátíðina er búið að hafa samband við sömu hagsmunafélög til þess að gefa þeim færi á að koma fram ábendingum um hvað hefði mátt fara betur á hátíðinni í ár eða hugmyndum fyrir næsta ár.

Umhverfi og rusl

Minningarlundur um fórnarlömb voðaverkanna í Útey var sérstaklega hafður í huga þegar svæðið var girt af. Þá fóru stúdentaráðsliðar ásamt skrifstofu Stúdentaráðs hvern morgun sem hátíðin stóð yfir um svæðið og um háskólasvæðið allt og týndi rusl. Á föstudegi var mætt um 07:30 til að tína rusl og á laugardegi var mætt um 10:30. Nánar tiltekið var farið um hátíðarsvæði, malarstæði, aðalbyggingu, Háskólatorg, Árnagarð, Gimli og Odda, Þjóðminjasafnið og í kringum Gamla Garð alla daga.

Á sunnudeginum 4. september kl. 15:00 mættu fulltrúar úr Stúdentaráði og skrifstofu til að taka hátíðina niður og taka síðasta ruslið. Þegar Stúdentaráðsliðar mættu á sunnudeginum var mikið rusl á grasinu fyrir framan aðalbygginguna, á Sæmundargötunni og í kringum hátíðarsvæðið sem kom ekki vel út fyrir hátíðina. Var ástæðan sú að aðili sem hafði verið ráðinn til að koma og hreinsa ruslið á aðfaranótt sunnudags hafði ekki mætt. Mjög mikilvægt er að passa upp á þetta gerist ekki aftur.

Hávaði og kvartanir

Undanfarin ár hafa borist einhverjar kvartanir vegna hávaða frá tilteknum aðilum en þær bárust ekki í ár. Aðeins ein hávaðakvörtun barst Stúdentaráði í ár og teljum við að stytting hátíðarinnar hafi unnið með okkur. Kvörtunin sem barst í ár kom frá íbúa á stúdentagörðunum og sneri hún að því að hávaðinn byrjaði fyrr en auglýst var, þ.e. æfingarnar (e.soundcheck) sem fóru fram yfir daginn. Mögulega væri sniðugt að bæta inn í bréfið að einhver tónlist gæti borist frá svæðinu yfir daginn, þá umfram þann tíma sem hátíðin sjálf stendur yfir, til að upplýsa nágranna betur um hávaðann. Þá barst árlegt bréf frá Bindindisfélagi Íslands. SHÍ taldi ekki nauðsyn á að svara því bréfi.

Aðgengi

Skrifstofa Stúdentaráðs hafði samband við Margréti Lilju og Styrmi Hallsson, fulltrúa stúdenta í ráði um málefni fatlaðs fólks, til að fá ábendingar um aðgengi á hátíðinni. Stuðst var við lista sem Margrét hafði tekið saman árið 2019 og þau spurð hvort þau vildu bæta við listann eða benda á eitthvað sem hefði mátt gera betur seinast. Listinn sem Margrét sendi SHÍ árið 2019 var eftirfarandi:

- Aðgengileg salerni (vel merkt)
- Gott undirlag- gras og mól hentar mjög illa fyrir hjólastóla.
- Posar í þægilegri hæð eða færanlegir. Einnig seðlar með upplýsingum um drykki og verð þar sem það er oft erfitt að sjá hvað er í boði þegar barborðin eru há. Einnig ef

Það er dimmt væri gott ef það væri einhver lausn á því að hjólastólanotendur verði sýnilegir fyrir þar starfsfólki ef barborðin eru há. T.d. skærliit armbönd eða annað.

- Ókeypis inn fyrir aðstoðarfólk
- Þ merkt bílastæði nálægt inngangi
- Gott væri ef það væri aðgengilegur pallur þar sem gott er fyrir fólk í hjólastól að sjá atriði á sviðinu. Það minnkar slyshættu ef það verður troðningi og fólk verður ölváð.
- Og að sjálfsögðu auglýsa að hugað verður að aðgengi þar sem þá mæta fleiri og geta skemmt sér eins og allir aðrir

Þau töldu þennan lista vera góðan og gildan en lögðu áherslu á að það væri svæði þar sem fólk í hjólastólum eða af öðrum ástæðum getur ekki staðið, getur séð atriði á sviðinu. Þessum punktum var komið áfram til verktakanna og mikil áhersla lögð á þeim yrði fylgt eftir. Öll önnur atriði voru tekin til skoðunar og virt. Um leið og staðfesting fékkst frá verktökunum var upplýsingum um aðgengi deilt inn á Facebook-viðburði hátíðarinnar þann 30. ágúst:

Stúdentaráð Háskóla Íslands vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi aðgengi á Októberfest SHÍ:

- *Hátíðin er haldin á svæðinu fyrir framan Háskóla Íslands, á grasblettinum og malarbílastæðinu þar. Mölin á svæðinu er með þéttara móti í ár en það gæti verið að rigningar sl. daga gætu gert hana verri. Inni í hátíðartjöldunum verður lagt gólfefni.*
- *Í stóru tjöldunum verður aðgengilegur pallur þar sem fólk í hjólastól getur séð atriði á sviðinu. Pallurinn verður staðsettur við hlið svæðisins fyrir hljóðtækna.*
- *Það verða tvö salerni á svæðinu með hjólastólaaðgengi.*
- *Ókeypis er inn á hátíðina fyrir aðstoðarfólk.*
- *Þ merkt svæði verður nálægt innganginum.*

Fyrir frekari upplýsingar eða ábendingar má hafa samband við okkur, hvort sem það er í skilaboðum hér á Facebook eða í tölvupósti, shi@hi.is

Helstu samstarfsaðilar

Þeir aðilar sem Stúdentaráð hefur verið í samskiptum við fyrir hátíðina eru þeir sömu og áður, þ.e.a.s:

- Paxal ehf.: verktakarnir sem sáu um uppsetningu á hátíðinni sjálfri og allan búnað
- Íslenska Gámafélagið: sá um alla sorphirðu
- Veitingaþjónusta: Sex mismunandi matarvagnar voru á svæðinu
- Þjónustuborð Háskólatorgs: Góð samskipti áttu sér stað við Davíð Skúlason.
- Umsjónarmenn fasteigna: varðandi miðasölu í byggingum háskólans
- Framkvæmda- og tæknisvið: Samskipti voru við Laufeyju Sigurðardóttir upp á samstarfssamnings við HÍ.
- Heilbrigðiseftirlitið: Vegna lengdar hátíðarinnar og hávaðamælinga.
- Reykjavíkurborg: Vegna leyfis fyrir hátíðinni.

- Slökkvilið: Tryggðu að verktakar væru við uppsetningu að tryggja öryggi hátíðargesta og hvernig aðkoma fyrir sjúkrabíla ætti að vera.
- Félagstofnun stúdenta: Í samstarfi við þau sendu þau út fjölpóst á íbúa Stúdentagarða.
- Öryggismiðstöðin: Sáú um alla öryggisgæslu á vegum Stúdentaráðs í byggingum háskólans og fór það í gegnum Laufeyju Sigurðardóttur.

Aðrir viðburðir í tengslum við Októberfest

Stúdentaráð stóð fyrir „[Kick-off](#)“ viku SHÍ til að keyra upp stemmingu og vekja athygli á hátíðinni innan skólans og hófst sú vika með miðasölu í byggingum skólans á fimmtudaginn 25. ágúst. Á mánudeginum 29. ágúst var sett upp míní-októberfest tjald fyrir utan Háskólatorg þar sem planið var að hafa stemmingu og uppákomur fram að hátíðinni. Veðrið setti hins vegar strik í reikninginn og þurfti að taka niður tjaldið. Hluti viðburðanna var færður inn á Háskólatorg en aðrir voru blásnir af.

Félagslífs- og menningarnefnd stóð fyrir viðburðum í vikunni og voru þeir miðaðir að því að vekja athygli á og búa til pepp fyrir Októberfest. [Smitten-laug SHÍ](#) var haldin þriðjudaginn 30. ágúst á Stúdentakjallaranum. Föstudaginn 2. september fóru [Ólympíuleikar SHÍ 2022](#) fram og var sá viðburður hugsaður til þess að ná fólki sem fyrst inn á hátíðarsvæðið, en það var enn mikilvægara en áður vegna styttingar hátíðarinnar. Tókst sá viðburður vel og hafa aldrei áður verið komnir jafn margir gestir inn á svæðið jafn snemma. Fjölskyldunefnd SHÍ stóð svo fyrir [fjölskylduskemmtun](#) á laugardeginum 3. september sem er skemmtileg viðbót við vikuna til þess að bjóða upp á eitthvað fyrir sem flesta stúdenta.

Niðurstaða og umræður

Hátíðin gekk mjög vel, hún var stærri en nokkru sinni fyrr og samkvæmt öryggisgæslu var þetta ein friðsamasta hátíð frá upphafi. Það heppnaðist vel að ljúka tónleikunum fyrir miðnætti og var ekki að sjá að það hefði neikvæð áhrif á upplifun gesta á hátíðinni. Með þessu móti fer hátíðin fram í meiri sátt við nágrannana.

Það tókst vel að fá gesti snemma á svæðið og spiluðu viðburðir eins og Ólympíuleikar SHÍ þar stóran þátt. Gaman væri að þróa hátíðina í þá átt að vera með meiri dagskrá yfir daginn, með „festival“ stemmingu, þannig að fólk mæti fyrr og dvelji lengur á svæðinu, fái sér kvöldmat á svæðinu og njóti samverunnar í rólegheitum fyrr um daginn. Októberfest SHÍ er mikilvægur viðburður í félagslífi stúdenta sem Stúdentaráð má vera stolt af. Hátíðin hefur burði til að vera framsækin og fyrirmynd fyrir aðrar hátíðir á Íslandi hvað varðar umhverfismál, jafnréttismál og fleira.

Rebekka Karlsdóttir,
Forseti Stúdentaráðs HÍ 2022-2023



Viðauki I - Minnisblað frá UMSAM til skrifstofu SHÍ varðandi Októberfest

Að mati umhverfis- og samgöngunefndar ætti SHÍ að sýna gott fordæmi fyrir öll og gera sitt allra besta til að gera Októberfest að sem umhverfisvænstum viðburði. Októberfest er fyrsti stóri viðburðurinn innan Háskólans sem nýnemar taka þátt í, því þykir okkur mikilvægt að setja tóninn, sýna að Háskólinn hugsar á umhverfisvænum nótum, sýna gott fordæmi. Við vildum koma á framfæri nokkrum hugmyndum um hvernig mætti gera Októberfest að umhverfisvænni viðburði. Innblásturinn kemur frá [Sziget tónlistarhátíðinni](#) sem er haldin í Búdapest en einnig frá nefndarmeðlimum. Athugið að listinn er alls ekki tæmandi, það er alltaf hægt að gera betur.

Samgöngur:

- hvetja gesti til að nota vistvæna ferðamáta til að komast til og frá hátíðarsvæðinu
- auglýsa vistvæna ferðamáta sérstaklega á miðlum SHÍ
- taka saman lista yfir strætósamgöngur og biðja strætó um að bæta við næturstrætó stoppi við háskólann þar sem hægt væri að ganga inn í næturstrætó
- útbúa sérstakt hjólastæði þar sem hægt er að læsa hjólum, jafnvel undir tímabundnu skýli? Flott ef svæðið væri nálægt inngangi
- Spurning með einhverja afslætti á vistvænum ferðamátum gegn því að framvísa miða? (dettur helst í hug að hopp væri til í þannig sbr tilboði þeirra á kjördag → 50% afsláttur ef þú leggur innan svæðisins næst oktfest, fríar ferðir á oktfest??)

Matur og drykkir:

- fókusa á vegan matsölustaði og hvetja staðina til að auglýsa vegan valkosti mest, jafnvel afsláttur á þeim?
- fjölnota glös!!! á sziget kaupir man fjölnota glas (á hóflegu verði) og skilar þegar þú kaupir næsta drykk, færð þann drykk í hreinu fjölnota glasi án þess að greiða fyrir. Getur skilað fjölnota glasi og fengið mynt í staðinn, sem þú getur notað til að fá glas síðar (hugsað svo þú þurfir ekki alltaf að halda á glasinu).
- á G! festival (Færeyjar) Smukfest (DK) hefur verið hægt að safna saman t.d. 10 fjölnota glösum og fá greitt fyrir að skila þeim (10 notuð fjölnota glös = 1 frír bjór). Þetta minnkar sóðaskap og hvetur fólk einnig til að skila glösum sínum.
- hvetja barinn til að nota drykki af kút í stað flaskna/dósa, þá gengur fjölnota glasapælingin betur upp
- gæti fyrirtæki sponsað glösin, þau gætu þá verið merkt því fyrirtæki?
- vatnshana á svæðinu, vitum öll hvað það er sniðugt að drekka vatn undir áhrifum!
- engin rör á barnum (fjölnota fyrir þau sem þurfa á rorum að halda)

Flokkun og annað:

- flokkunartunnur á svæðinu fyrir plast, pappír, flöskur, dósir og lífrænan úrgang
- hvetja veitingasala til að minnka óþarfa umbúðir um matinn sinn eða nota fjölnota matarílát
- í nefndinni hefur mikið verið rætt um skiptifatamarkaði og framkvæmd á slíkum viðburði. Í spjalli sem við áttum um oktfest kom upp sú hugmynd að hafa djammfatamarkað á Háskólatorgi dagana fyrir hátíðina

*mbkv. Dagmar Óladóttir, Elísabet Unnur Gísladóttir, Maggi Snorrason og Sindri Freyr
Ásgeirsson, fh. Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ*

6.3.2 NÝNEMADAGAR

Nýnemadagar fóru fram dagana 5.-9. september. Hlutverk SHÍ á nýnemadögum var að manna upplýsingaborð alla vikuna frá kl. 10-14, halda græna nýnemadaginn þann 6. september sem Umhverfis- og samgöngunefnd stóð fyrir og tókum við yfir Instagram Háskólans þann sama dag. Félagslífs- og menningarnefnd stóð fyrir nýnema fótboltamóti í skeifunni fyrir framan Aðalbygginguna þann 8. september og föstudaginn 9. september fengu styrktaraðilar SHÍ að vera með kynningarbása á Háskólatorgi. Þá áttu öll sviðsráðin aðkomu að sérstökum nýnemamóttökum innan hvers sviðs. Þar sem að Októberfest fór fram helgina fyrir nýnemadagana í ár en ekki í lok þeirra eins og oft hefur verið var þetta talsvert rólegri vika en undanfarin ár en tókst vel engu að síður. Nýnemadagar eru mikilvægur vettvangur fyrir SHÍ til að kynna sig og starfsemi ráðsins og mætti leita leiða til að gera Stúdentaráð enn meira áberandi þarna strax í upphafi, t.d. með því að ráðast í „sýnileikaherferð“ í aðdraganda þeirra og á meðan þeir standa yfir.

6.3.3 VÍSINDAFERÐIR Í SHÍ

Ákveðið var að halda áfram þeirri hefð sem myndast hefur undanfarin ár að bjóða nemendafélögum í vísindaferð í Stúdentaráð til að auka sýnileika SHÍ. Í ár Félagslífs- og menningarnefnd ásamt hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs og fulltrúum frá hverju sviðsráði sáu um skipulagningu þeirra.

Undirbúningur hófst að alvöru í byrjun september og var þá strax haft samband við öll nemendafélögin með því að búa til sameiginleg hópchött á Instagram- hefði það klárlega mátt byrja fyrr, þá sérstaklega til að finna dagsetningu sem hentar nemendafélögum vel.

SHÍ Vísó-in voru haldin í september/október 2022. Ákveðið var að halda því með svipuðu sniði og 2021, þar sem var haldið Vísó fyrir hvert og eitt fræðasvið. Vísóin

voru haldin í samstarfi við NOVA og voru þau haldin á Stúdentakjallaranum okkar allra. Við undirbúning var settur saman hópur sem samanstóð af fulltrúa frá skrifstofunni sem var með yfirumsjón, fulltrúa frá hverju sviðsráði, auk fulltrúa frá félagslífs- og menningarnefnd. Þetta



var gert til að auka upplýsingaflæði til alla anga sem koma að vísindaferðunum. Verkaskiptingin var þó helst á milli skrifstofu og fél- og menn, skrifstofan sá um að bóka kjallarann og öll samskipti þar, ásamt samskipti við NOVA, gera event og halda utan um skráningu. Fél-og menn græjuðu vinninga og sá um leikina.

Auglýsingar og viðburður

Viku fyrir hverja vísindaferð kom viðburður á facebook og hófst skráning þriðjudeginum fyrir hvert vísó, okkur fannst þetta fyrirkomulag mjög fínt. Við miðuðum við 150 sæti fyrir hvert vísó (í samráði við kjallarann). Facebook viðburðina fyrir hvert svið fyrir sig má finna hér: [VÍSÓ - MVS](#) - [VÍSÓ - VoN](#) - [VÍSÓ - HUGS](#) - [VÍSÓ - HVS](#) - [VÍSÓ - FVS](#)

Almennt voru um 100 skráningar. Það fylltust sætin á vísóið hjá HVS og var þá sett fram skráning á biðlista, að lokum komust öll sem vildu að. Við bjuggum til auglýsingar sem við báðum svo nemendafélögin um að deila - hópgroupa á Instagram gerði það okkur mjög auðvelt

Veitingar

Nova styrkti okkur um 10 bjórkúta í heild sinni og var það dreift á vísó-in eftir mætingu, einnig styrkti FS okkur um 1 kút og var það flott magn, meira segja smá afgangur sem var nýttur sem jólaglaðningur fyrir stúdentaráðsliða eftir Stúdentaráðsfund. SHÍ keypti 7-11 skammta af frönskum fyrir hvert Vísó .

Samstarfsaðilar

Vísóin voru í samstarfi við NOVA og kom það fram á bæði nafni eventsins á facebook auk á öllu auglýsingaefni sem við gáfum út frá okkur. NOVA styrkti um bjór og nýttum við inneign samkvæmt samningi til að hafa vinninga í happdrætti (5x airpods). Til að geta fengið frían bjór, og taka þátt í happdrættinu þurfti fólk að hafa [félagskírteini SHÍ x NOVA](#), það var smá bras á því vegna þess að fólk fékk ekki skírteinið í símann sinn og þurftum við því að halda utan um skráningar þegar fólk mætti sem gerði það að verkum að það myndaðist stundum röð fyrir framan kjallarann. Það hefði verið skemmtilegt að hafa meiri viðveru hjá NOVA á viðburðinum sjálfum en það náðist ekki.

FS ákvað að styrkja okkur um 1 kút, það var spurt um það fyrir seinasta vísóið og tóku þau mjög vel í það - eitthvað sem má hafa í huga strax við undirbúning. Félagslífs- og

menningarnefnd græjuðu svo vinninga frá ýmsum aðilum og var miðað við 5-7 vinninga fyrir hvert vísó, þá notað fyrir kahoot og aðra leiki.

Viðburðurinn

Vísóin gengu almennt mjög vel, mæting var smá misjöfn eftir sviðum. Kjallarinn hefur sína kosti og galla; fengum bara að taka frá gryfjuna og því var stundum mikið af fólki sem var ekki að mæta í vísó á staðnum sem hafði áhrif á t.d kynningarnar frá skrifstofu og sviðsráðum.

Það voru alltaf þrír á staðnum frá skrifstofu sem voru við inngang að taka á móti fólki, dreifa frönskum og almennt utanumhald ásamt því að halda kynningu, oftast var allt sviðsráðið á staðnum og tveir frá fél- og menn. Við byrjuðum viðburðina á að hafa flip og cup keppni sem virkaði vel til að peppa lýðinn áður en kynningarnar voru. Kahoot virkar einnig alltaf vel í svona aðstæðum. Hér má sjá dagskrána, sem raskaðist alltaf eitthvað aðeins:

Dagskrá:

- 17:00 frír bjór á barnum - Fél og menn býður fólk velkomnið og kynnir fyrirkomulagið
- Flip a cup
- 17:15-17:30 kynning frá skrillu SHÍ
- 17:30-17:40 kynning frá sviðsráði
- 17:45-17:55 kahoot (15 sprullur)
- Happdrætti

Annað sem má hafa í huga

- Mikilvægt að fá nemendafélögin með í lið og ákveða dagsetningu í samráði við þau - best að gera það sem fyrst áður allir fimmtudagar/föstudagar fyllast af öðrum vísóum
- Það má alveg skoða hvort kjallarinn sé besti staðurinn fyrir þetta; auðvitað hentugt og aðgengilegt en getur verið smá kaos þegar mörg eru þarna ekki fyrir vísóin
- Mikilvægt að það sé einhver einn frá skrifstofunni með yfirumsjón með undirbúningi þó ábyrgðin dreifist á skrifstofuna

6.3.4 HÁTÍÐARHÖLD 1. DESEMBER

Hefð hefur skapast fyrir því að stúdentar haldi upp á 1. desember, fullveldisdaginn. Venju samkvæmt gengu stúdentar að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallakirkjugarði og lögðu þar blómsveig ásamt Jóni Atla Benediktssyni rektor og Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, aðstoðarrektor vísinda. Stúdentaráð Háskóla Íslands bauð svo stúdentum upp á heitt kakó og smákökur á Háskólatorgi. Rakel Anna Boulter, bókmenntafræðinemi og Stúdentaráðsliði flutti hugvekju til stúdenta í tilefni dagsins sem finna má í heild sinni [hér](#). Þá var stjórn Stúdentaráðs einnig boðið í heimsókn á Bessastaði í tilefni dagsins líkt og venjan er.



6.3.5 HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ EFTIR HEIMSFARALDUR

Skólaárið var það fyrsta í tvö ár sem fór fram með venjulegum hætti eftir heimsfaraldur. Stór hluti nemendahópsins hafði því ekki upplifað háskólasamfélagið og félagslífið sem fylgir því að vera stúdent án takmarkana. Kannanir sem gerðar voru í covid sýndu að ástæða væri til að hafa áhyggjur af tengslamyndun og andlegri líðan stúdenta en ekki var hægt að sjá fyrir hver áhrifin yrðu til lengri tíma. Þessir þættir skipta gríðarlega miklu máli fyrir stúdenta og háskólasamfélagið í heild og ekki sjálfgefið að allt falli í sama farveg. Skrifstofa Stúdentaráðs var því meðvituð um að fylgjast þyrfti vel með þróuninni á þessu ári en erfitt er að mæla þessa þætti. Forseti ræddi þessi mál reglulega við ýmsa aðila, þar á meðal stjórn Stúdentaráðs, rektor og framkvæmdastjóra FS. Tilfinning skrifstofunnar er sú að færri séu á háskólasvæðinu sem sést meðal annars á því að langar raðir í Hámu og fullt Háskólatorg í hádeginu var fátíð sjón, ólíkt því sem þekktist fyrir covid. Það er einnig mikill munur á sölutölum í Hámu á

Háskólatorgi sem styður við þessa tilfinningu um fækkun. Þessu þarf að fylgjast áfram með í breiðu samráði og leita mætti leiða til að kanna það formlega á einhvern hátt.

Á samráðsfundi Stúdentaráðs með hagsmunafélögunum tókum við umræðu um stöðuna. Nemendafélögin halda að stóru leyti uppi skipulögðu félagsstarfi stúdenta og eru þau því best til þess fallin að segja til um hver staðan er. Af umræðum sem sköpuðust á fundinum mátti heyra að staðan var mjög misjöfn á milli nemendafélaganna og ólíkar áskoranir sem þau stóðu frammi fyrir. Í kjölfar fundarins sendi varaforseti því könnun á nemendafélögin til að kortleggja stöðuna betur og leita leiða til að styðja við félögin þar sem þörf er á því. Gott væri fyrir næstu skrifstofu að skoða þau svör sem bárust betur og hafa samband við félögin eftir því sem við á. Mikilvægt er að halda samtalinu áfram og gæti verið sniðugt að gera aðra könnun í samráði við nemendafélögin.

6.4 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Menntasjóðsmál eru alltaf stór málaflokkur í hagsmunabaráttu stúdenta en í áherslan enn meiri þar sem samkvæmt bráðarbirgðarákvæði laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 skal fara fram endurskoðun á lögunum sem kynnt skal eigi síðar en á haustþingi 2023. Við setningu laga nr. 60/2020 var gerð löngu tímabær endurskoðun á námslánakerfinu og gafst stjórnvöldum þar tækifæri til að byggja upp nýtt kerfi með hag stúdenta að leiðarljósi. Afgreiðsla frumvarpsins var hins vegar fljótfer, sérstaklega á lokametrunum, og því mörgu ábótavant í frumvarpi því er það varð að lögum, líkt og Stúdentaráð benti [margsinnis](#) á í gegnum ferlið. Ljóst er að íslenskir stúdentar búa enn, í grundvallaratriðum, við ófullnægjandi stuðningskerfi. Þessi endurskoðun á námslánakerfinu er því nýtt tækifæri fyrir stjórnvöld til þess að gera þarfar breytingar til þess að sjóðurinn uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður.

Tvær umsagnarbeiðnir bárust Stúdentaráði á starfsárinu í tengslum við Menntasjóð námsmanna. Annars vegar var það þingsályktunartillaga um niðurfellingu námslána lögð fram af þingmönnum pírata og skrifuðu lánasjóðsfulltrúi og forseti SHÍ skrifuðu umsögn við hana sem samþykkt var af Stúdentaráði í rafrænni atkvæðagreiðslu. Þá var það umsögn um frumvarp um breytingu á lögum Menntasjóðs námsmanna sem flokkur fólksins lagði fram og varðaði launatekjur þar sem lagt var til að skerðingar á framfærslu vegna tekna námsmanns yrðu afnumdar. Verið var að endurflytja frumvarpið og hafði Stúdentaráð einnig skilað inn

umsögn í fyrra skiptið. Lánasjóðsfulltrúi og forseti skrifuðu umsögn um frumvarpið sem kosið var rafrænt um á milli funda. Báðar umsagnirnar má finna í kafla 9.5.

6.4.1 ENDURSKOÐUN LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

Í upphafi starfsárs fór Stúdentaráð strax að huga að tilvonandi endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020, sem samkvæmt bráðarbirgðarákvæði laganna skal fara fram eigi síðar en á haustþingi 2023. Lánasjóðsfulltrúi hefur borið þungann af þessari vinnu innan Stúdentaráðs ásamt forseta.

Stúdentahreyfingarnar lögðu strax frá upphafi mikla áherslu á það við ráðherra að endurskoðunin yrði nýtt til fulls, þ.e. að lögin yrðu raunverulega tekin til heildarendurskoðunar, enda búa stúdentar enn í grundvallaratriðum við ófullnægjandi stuðningskerfi. Í því samhengi lögðu stúdentar áherslu á að vanda þyrfti til verka og byrja þyrfti vinnuna tímanlega til að svo megi vera og að fullt samráð yrði haft við stúdenta á öllum stigum. Stúdentar óskuðu eftir því strax í haust að stofnaður yrði vinnuhópur líkt og gert var fyrir setningu laganna árið 2020 þar sem stúdentar ættu sæti við borðið í allri vinnunni en ekki var orðið við þeirri bón þar sem það væri ekki stefnan í nýju ráðuneyti, en lofað var að samráð við stúdenta yrði tryggt. Hins vegar hefur raunin verið sú að þrátt fyrir reglulega samráðsfundi með ráðherra og tölvupóstsamskipti við ráðuneytið á starfsárinu hefur gengið erfiðlega að fá upplýsingar um endurskoðunina og lítið samráð átt sér stað.

Stúdentaráð lagði strax upp með að eiga í góðri samvinnu við LÍS og var í fyrstu unnið sameiginlegt minnisblað sem sent var til Háskólamálaráðherra í sumar sem innihélt fyrstu viðbrögð stúdenta við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna. Þá höfðu fengist þær upplýsingar að gögnin frá stúdentum þyrftu að vera tilbúin ekki seinna en í byrjun ágúst og þetta minnisblað því unnið með miklu hraði. Strax í kjölfar þess að fyrsta minnisblaðið var sent á ráðuneytið var hafist handa við að vinna ítarlegri kröfur stúdenta og ákvörðun tekin að stúdentahreyfingarnar myndu vinna þær í sameiningu. Lagði forseti til á fulltrúaráðsfundi LÍS að stofnaður yrði starfshópur til að vinna að málinu og tóku lánasjóðsfulltrúi og forseti SHÍ sæti í þeim hópi, ásamt forseta LÍS, fulltrúa frá SÍNE og fulltrúa frá BÍSN. Þetta reyndist vera mun stærra verkefni en búist var við í upphafi, þar sem að aldrei höfðu áður verið teknar saman heildarkröfur stúdenta í málaflokknum. Þar að auki höfðu engar línur verið dregnar um tilhögun endurskoðunarinnar og því var ekki hægt að miða vinnuna út frá neinu slíku sem varð ekki til þess að einfalda verkefnið. Vinnan hófst því á ákveðnum núllpunkti en úr varð ítarleg, raunhæf og vel ígrunduð samantekt á heildarkröfum stúdenta. Stúdentaráð átti stóran þátt í mótun

stefnunnar og hafði mikla aðkomu að vinnunni frá upphafi til enda. Sú vinna varð síðan grundvöllur að stefnu Stúdentaráðs í málaflokknum, sem mótuð var í samræmi við sameiginlegar áherslur stúdenta. Lánasjóðsfulltrúi og forseti unnu þá stefnu í sameiningu og var hún borin upp til samþykkis Stúdentaráðs, sem og stefna LÍS. Samstarf Stúdentaráðs og LÍS í tengslum við Menntasjóðsmál var mjög náð og gott á starfsárinu.

Samráð ráðuneytis við stúdenta

Á öllum samráðsfundum stúdenta með ráðherrum yfir árið hafa stúdentar spurt um stöðuna á endurskoðuninni. Það reyndist afar erfitt að fá raunverulegar upplýsingar um stöðu vinnunar, hver sæi um hana innan ráðuneytisins, hvernig stæði til að haga vinnunni og hver tímalínan væri. Þá hefur það komið upp að þær upplýsingar sem gefnar hafa verið upp standast ekki. Þykir því tilefni til að fara hér yfir helstu fundi undanfarinna mánaða og það helsta sem rætt var um endurskoðunina á þeim fundum:

Á reglulegum samráðsfundi þann **4. október 2022** tilkynnti ráðherra að hafist yrði handa við endurskoðunina upp úr miðjum október og voru það vonbrigði að vinnan væri ekki nú hafin nú þegar líkt og ráðherra hafði gefið til kynna um sumarið. Á þeim sama fundi fást þær upplýsingar að beðið sé eftir því að stjórn Menntasjóðsins skili skýrslu og að um miðjan mánuðinn fari af stað 6 vikna „*sprettur*“ í ráðuneytinu þar sem vinna á að Menntasjóðsmálum.

Þann **25. október 2022** sendi Stúdentaráð ráðherra [yfirlýsingu](#) vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna þar sem áréttuð var sú krafa SHÍ að kerfið í heild sinni yrði tekið til endurskoðunar og breytingar gerðar til þess að sjóðurinn uppfylli raunverulega hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður. Þá var ítrekað mikilvægi þess að fullt samráð yrði haft við stúdenta á öllum stigum og á hverjum þeim vettvangi sem endurskoðunin mun fara fram á og að kröfur stúdenta myndu hljóta hljómgrunn og allar breytingar yrðu gerðar með hag stúdenta fyrir brjósti. Þá var lögð sérstök áhersla á að við endurskoðunina verði þau áhrif sem nýju löggin hafa haft sérstaklega kortlögð og að fyrstu tölur og gögn um námslán frá Menntasjóðnum verði gerð opinber um leið og þau liggja fyrir. Ekki bárust nein viðbrögð frá ráðherra eða ráðuneyti háskólamála.

Þann **29. nóvember 2022** funduðu lánasjóðsfulltrúi SHÍ, forseti LÍS og fulltrúi SÍNE með starfsfólki í ráðuneytinu þar sem sameiginlegar áherslur stúdenta í tengslum við endurskoðunina voru formlega lagðar fram og fóru fulltrúar stúdenta ítarlega yfir afstöðu stúdentahreyfinganna. Á þeim fundi fengust ekki skýrar upplýsingar um það hver staðan á endurskoðuninni væri né hver næstu skref yrðu. Í samráði við LÍS var því ákveðið að fara ekki

í fyrirhugaða sameiginlega herferð SHÍ og LÍS um Menntasjóðsmál fyrir en á nýju ári. Nánari umfjöllun um aðkomu Stúdentaráðs að þeirri herferð má finna í kafla 6.12.

Þann **1. desember 2022** barst Stúdentaráði beiðni frá nefnd um endurskoðun laganna á vegum stjórnar Menntasjóðs námsmanna sem sneri að sjónarmiðum hagsmunaaðila við undirbúning endurskoðunarinnar. Óskað var eftir svörum Stúdentaráðs, auk annarra hagsmunaaðila, við spurningum sem stjórn sjóðsins lagði fyrir, sem sneru meðal annars að kostum og göllum kerfisins í núverandi mynd. Vísað var til stefnu Stúdentaráðs vegna endurskoðunarinnar en lánasjóðsfulltrúi vann auk þess styttri samantekt á helstu kröfum stúdenta í samráði við forseta. Vakti það furðu hve seint þessar spurningar, sem miðuðu að því að „undirbúa“ endurskoðunina, bárust í ljósi þess að tveimur mánuðum fyrir hafði ráðherra upplýst stúdenta um að beðið væri eftir þessari skýrslu til að taka næstu skref í endurskoðuninni.

Á samráðsfundi með ráðherra þann **20 desember 2022** kom fram að enn væri beðið væri eftir greiningu frá stjórn Menntasjóðs námsmanna um hvað þyrfti helst að laga í kerfinu og þegar að sú skýrsla lægi fyrir ætti að áætla umfang endurskoðunarinnar og næstu skref. Von væri á þeirri greiningu í janúar. Aftur voru það vonbrigði að heyra hve stutt á veg endurskoðunarinnar væri komin og ítrekaði forseti þær kröfur stúdenta að ráðast þyrfti í ítarlega endurskoðun á lögnum og lýsti jafnframt yfir áhyggjum af því hve stutt á veg vinnan væri komin.

Þann **17. janúar 2023** kom fram á reglulegum samráðsfundi að enn væri beðið eftir gögnum frá Mennasjóðinum áður næstu skref yrðu ákvörðuð og enn á ný ítrekuðu stúdentar þörfina á ítarlegri endurskoðun þar sem kerfið í heild sinni væri ófullnægjandi stuðningskerfi. Þann **21. mars 2023** fengust þær upplýsingar á reglulegum samráðsfundi með ráðherra að skýrsla frá stjórn Menntasjóðsins hefði loksins borist og væri nú verið að vinna greiningarvinnu gagnvart þeim athugasemdum sem þar komu fram. Ekki fengust svör um hvað sú greiningarvinna fæli í sér en fram kom að eftir páska stæði svo til að hefja almennilegt samráð.

Þann **17. apríl 2023** fór fram fundur í ráðuneytinu með fulltrúum frá SHÍ og LÍS sem liður í bættu samráði við stúdenta og voru Menntasjóðsmálin m.a. til umræðu þar. Var þar ýmislegt rætt og verður það helsta rakið hér. Kom þar fram að skýrsla stjórnar sjóðsins, sem beðið hafði verið eftir mánuðum saman, væri ekki til þess fallin að liggja til grundvallar vinnu við endurskoðunina að jafn miklu leyti og áður hafði verið gefið til kynna. Kom það á óvart þar sem að miðað við þær upplýsingar sem fengist höfðu hingað til virtist vinna ráðuneytisins við endurskoðunina hafa verið sett á bið þar til umrædd skýrsla bærst. Á fundinum kom einnig

fram að nú væri beðið eftir skýrslu frá framkvæmdastjóra Menntasjóðsins sem óskað hafði eftir því að fá að skila inn sjálfstæðri greinargerð. Af þessu virðist endurskoðunin hafa tafist um nokkra mánuði vegna biðar eftir gögnum frá Menntasjóði námsmanna. Það vekur furðu í ljósi þess að tímasetning endurskoðunarinnar hefur legið fyrir allt frá setningu laganna árið 2020. Stúdentaráð hafði ítrekað óskað eftir frekari aðkomu að endurskoðuninni, sem einn stærsti hagsmunaaðili kerfisins, við dræmar undirtektir ráðuneytisins.

Fram kom að einhver gögn lægju fyrir og óskuðu stúdentar eftir aðgangi að þeim en fengu þau svör að slíkum gögnum væri ekki dreift. Er það miður þar sem stúdentar hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á aðgengi að gögnum og niðurstöðum allrar greiningarvinnu enda skiptir það miklu máli til að hægt sé að tryggja faglega hagsmunagæslu sem byggir á staðreyndum hverju sinni. Þá kom fram að til stæði að fá fjármálaráðuneytið inn í vinnuna við endurskoðunina og hljómar það eins og hið besta mál, enda skiptir fjármögnun sjóðsins grundvallarmáli til þess að hægt sé að gera breytingar í átt að betra stuðningskerfi. Stúdentar spurðu þá hvort til stæði að leggja aukið fjármagn í sjóðinn en þeirri spurningu var vísað til fjármálaráðuneytisins.

Stúdentar komu því enn á ný á framfæri að upplýsingagjöf og samráði við stúdenta væri ábótavant og óskuðu eftir tímalínu á ferlinu framundan. Fengust þau svör að niðurstaða endurskoðunarinnar yrði lögð fram sem skýrsla á haustþingi og að mikið samráð myndi eiga sér stað um leið og drög væru tilbúin. Þá kom fram að skýrslan yrði líklegast sett í samráðsgátt áður en hún yrði lögð fram á þingi og óskuðu stúdentar eftir að svo yrði gert. Þá var niðurstaðan sú að ráðuneytið myndi senda stúdentum betra yfirlit yfir stöðuna á endurskoðuninni og að fundað á nýjan leik í maí til að halda samtalinu áfram. Þegar þetta er skrifað hefur það yfirlit ekki borist og sá fundur ekki verið boðaður. Á stuttum samráðsfundi stúdenta með ráðherra þann **16. maí 2023** nefndi ráðherra þann möguleika að gerð yrði könnun meðal stúdenta varðandi Menntasjóðinn og óskaði hún eftir samstarfi stúdentahreyfinganna við það verkefni. Stúdentaráð tók að sjálfsögðu vel í þá hugmynd og ítrekaði áherslur sínar á að stúdentar yrðu hafðir með í ráðum bæði við undirbúning spurninganna sem og við úrvinnslu hennar.

Samantekt og næstu skref

Af þessari yfirferð má sjá að enn er mjög óljóst hvaða vinna hefur átt sér stað í ráðuneytinu í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna og virðist því miður, af þeim upplýsingum sem stúdentar hafa undir höndum, að endurskoðunin sé í raun mjög stutt á veg komin. Reynist það rétt er það mjög alvarleg staða enda stutt til stefnu fram að haustþingi.

Óttast stúdentar að þetta geti orðið til þess að ekki verði farið í þá ítarlegu og vönduðu endurskoðun sem svo nauðsynlega er þörf á, þrátt fyrir að allir aðilar - ráðherra, ráðuneyti, Menntasjóðurinn sjálfur og stúdentar virðist vera sammála um að kerfið eins og það er í dag sé alls ekki nógu gott. Þá liggur það fyrir að sá aðili innan ráðuneytisins sem haft hefur yfirumsjón með endurskoðuninni muni láta af störfum í júní og óvíst er hver tekur við og hvaða áhrif það mun hafa á vinnuna. Við bindum þó vonir við að þessar áhyggjur reynist ekki réttar enda er bætt stuðningskerfi fyrir stúdenta grundvallarforsenda þess að markmið stjórnvalda í menntamálum nái fram að ganga og því til mikils að vinna fyrir stjórnvöld að gera breytingar sem stuðla að bættum Menntasjóði.

Mikilvægt er að Stúdentaráð haldi áfram öflugri hagsmunabaráttu fyrir bættu lánasjóðskerfi enda er núverandi kerfi ófullnægjandi stuðningskerfi. Til að tryggja að hér á landi sé raunverulega jafnt aðgengi að námi verður Menntasjóðurinn að uppfylla lögbundið hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður og til þess að svo verði þurfa stjórnvöld að taka mið af kröfum stúdenta og stórauka stuðning við námsmenn.

6.4.2 ÚTHLUTUNARREGLUR 2023-2024

Úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2023-2024 voru birtar í Stjórnartíðindum þann 5. apríl 2023. Sama dag sendi Stúdentaráð frá sér [viðbrögð](#) sem lánasjóðsfulltrúi vann í samráði við forseta.

Helstu breytingar reglnanna frá fyrra ári sneru að auknum sveigjanleika fyrir foreldra í námi sem lánasjóðsfulltrúi hafði talað fyrir innan stjórnar sjóðsins. Svigrúm vegna barneigna var aukið úr 16 einingum í 22 einingar, auk þess sem að hvort foreldri um sig átti nú rétt á að nýta svigrúmið, en áður fyrr þurftu foreldrar að skipta því sín á milli.

Stúdentaráð lýsti yfir vonbrigðum um að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða stúdenta um fullnægjandi grunnframfærslu og tvískipt frítekjumark að norrænni fyrirmynd. Þrátt fyrir 18% hækkun á síðasta starfsári er ljóst að framfærslan dugar ekki til að standa straum af framfærslukostnaði hér á landi. Til marks um það er til dæmis sú staðreynd að ný grunnframfærsla sjóðsins er tæplega hundrað þúsund krónum lægri en framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara, þrátt fyrir að tæpt ár sé frá því að það viðmið hafi verið uppfært.

6.5 JAFNRÉTTIS- OG AÐGENGIS- OG GEÐHEILBRIGÐISMÁL

6.5.1 GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Á síðustu árum hafa miklar framfarir orðið í geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands þökk sé ötulli baráttu Stúdentaráðs en eftirspurnin er áfram mikil. Sumarið 2021 sendi Stúdentaráð beiðni til stjórnvalda um aukið fjármagn í geðheilbrigðisúrræði skilaði sér í að allt að 100 milljónum var ráðstafað aukalega til háskólastigsins. Háskóli Íslands fékk 45 milljónir sumarið 2021 sem gerði það mögulegt að fjölga úrræðum og er ítarlega farið yfir þau úrræði sem ákveðið var að ráðstafa fjármagninu í árskýrslu 2021-2022. Eitt af þeim úrræðum er ný þjónusta sem þar sem meistaranemar í félagsráðgjöf bjóða upp á félagsráðgjöf fyrir nemendur skólans sem fór af stað seinasta haust. Var um að ræða hugmynd frá félagsráðgjafadeild sem fyrrum forseti stúdentaráðs fylgdi eftir og fékk góðan hljómgrunn innan háskólans.

Forseti á sæti í geðheilbrigðishópi Háskóla Íslands sem settur var á fót árið 2018. Í honum sitja nú fjórir sálfræðingar sem starfa við Háskólann, deildarstjóri náms- og starfsráðgjafar, sviðsstjóri kennslusviðs, prófessor í geðlæknisfræði, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, klínískur sálfræðingur og fyrrum forstöðumaður ráðgjafarinnar og forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hópurinn hefur það hlutverk að sjá um fyrirkomulag og útfærslu geðheilbrigðisþjónustunnar sem Háskóli Íslands veitir. Hópurinn fundaði aðeins einu sinni á starfsárinu, þann 8. nóvember. Á fundinum var farið yfir stöðu mála í geðheilbrigðisúrræðum innan skólans og kom þar fram að þau hafi verið vel nýtt, bæði einstaklingsúrræðin sem og hóptímarnir. Til umræðu var hvað ætti að gera við þann pening sem eftir stæði af viðbótarfjármagninu og voru ýmsar hugmyndir ræddar. Hins vegar reyndist svo vera búið að ráðstafa langstærstum hluta framlagsins. Það er því aðkallandi verkefni fyrir nýtt Stúdentaráð að halda áfram að brýna fyrir stjórnvöldum mikilvægi bættrar geðheilbrigðisþjónustu og sýna fram á að örugg fjármögnun málaflokksins sé nauðsynleg. Forseti fundaði með sálfræðingum skólans núna í vor og var mikill vilji hjá þeim fyrir frekara samtali við stúdenta um hvaða úrræði vanti helt, hvernig sé best að ná til stúdenta og svo fleira. Það væri gott að þrýsta á að geðheilbrigðishópurinn yrði virkjaður betur raunin var í ár, að fundað oft og virkara samtal eigi sér stað yfir skólaárið til að þess að hægt sé að vinna saman að því að tryggja samfellu í geðheilbrigðisþjónustu við skólann.

6.5.2 JAFNINGJASTUÐNINGUR Á STÚDENTAGÖRÐUM

Á Stúdentaráðsfundi 16.nóvember var samþykkt tillaga þess efnis að skrifstofa Stúdentaráðs beiti sér fyrir því að komið verði á fót jafningja- stuðningskerfi á Stúdentagörðunum. Í kjölfarið var haft samband við bæði Félagsstofnun Stúdenta og félagsráðgjafardeild með þá hugmynd að hafa jafningjastuðning á Stúdentagörðum samstarfsverkefni á milli Stúdentaráðs, Félagsstofnun Stúdenta og nýs til komið úrræðisins félagsráðgjöf fyrir háskólanema. Fengum við góðar undirtektir fyrir samstarfi eftir bæði fund með umsjónaraðila félagsráðgjafar fyrir háskólanema og samskiptum við Félagsstofnun Stúdenta. Drög að útfærslu er tilbúin þar sem hugmyndin er hafa svokallað “mentorakerfi” og myndi skrifstofa Stúdentaráðs sjá um utanumhald og praktísk atriði m.a. hvað varðar mentorapörun og almennt skipulag, aðkoma FS myndi að mestu snúa um tæknilegum atriðum og félagsráðgjöf fyrir háskólanema myndi veita mentorum stuðning ásamt því að halda fræðslukvöld. Fráfarandi skrifstofa mælir með því að setja þetta verkefni í forgang yfir sumartímann með því markmiði að koma úrræðinu á fót fyrir haustið 2023.

6.5.3 BÆTT AÐGENGI Á STÚDENTAKJALLARANUM

Á Stúdentaráðsfundi þann 16. nóvember var samþykkt tillaga þess efnis að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir bættum aðgengismálum á Stúdentakjallaranum. Í kjölfarið var erindi sent á stjórn Félagsstofnunar Stúdenta sem tók málið fyrir og er nú með í skoðun hvernig hægt sé að útfæra lyftu fyrir hjólastóla frá sviðinu niður í gryfjuna. Ljóst er að töluverður kostnaður mun fylgja þessum framkvæmdum. Þá fól tillagan einnig í sér að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir því að inngangurinn sem leiðir að lyftu sem fer niður á Stúdentakjallarann yrði opinn í samræmi við opnunartíma kjallarans til að tryggja aðgengi. Tillöguberar tóku að sér að fylgja því eftir en ekki hafa fengist svör við því hver staðan er á því máli. Mikilvægt er að þessu verði fylgt eftir á komandi skólaári.

6.5.4 AUKIN HINSEGIN FRÆÐSLA Á HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐI

Á Stúdentaráðsfundi 19. janúar var samþykkt tillaga um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði. Í tillögunni var vísað í tvær skýrslur sem snéru báðar af réttindum transfólks og kvára þar sem glögglega kom í ljós að þessir hópar mæta miklu mótlæti í samfélaginu, og þá sérstaklega þegar kemur að heilbrigðiskerfinu og vanþekkingu heilbrigðisstarfsfólks. Því er ljóst að nauðsynlegt að ráðast á rót vandans og koma fræðslu inn í skylduáfanga á heilbrigðisvísindasviði. Í kjölfari tillögunnar fór fram vinna að búa til

yfirlýsingu þess efnis að Stúdentaráð telji nauðsynlegt að hinseginfræðslu verði bætt við í kennsluskrá skyldufaga innan sviðsins, þá sérstaklega í grunnnámi læknis- og hjúkrunarfræði. Yfirlýsingin birt þann 23.maí á 2023 og nýjum forseta sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs í kjölfarið falið að fylgja henni eftir við sviðsstjórn.

6.5.5 ÁTAK Í SKRÁNINGU FORNAFNA Á CANVAS

Á Stúdentaráðsfundi þann 14.nóvember var samþykkt tillaga þar sem lagt var til að Stúdentaráð fari þess á leit við skólayfirvöld að kynna fyrir nemendum og starfsfólki að hægt sé að sýna fornöfn sín við nafn sitt á Canvas. Einnig var lagt til að Stúdentaráð veki athygli á að þetta sé hægt, og af hverju það er mikilvægt, á samfélagsmiðlum sínum. Í kjölfarið var send út fyrirspurn á Upplýsinga og tæknisvið Háskóla Íslands þess efnis að komi verði upp borða á Canvas sem hvetji bæði nemendur og starfsfólk að skrá fornöfn sín og var það gert. Einnig tóku tillöguberi í samstarfi við skrifstofu SHÍ upp myndband þar sem farið var í gegnum hvernig væri hægt að stilla fornöfnin sín á Canvas ásamt því að annað efni var deilt á samfélagsmiðla ráðsins. Ljóst var að þessi kynning bar árangur en alls skráðu 666 fornöfn sín eftir þessa herferð. Upp kom hugmyndir að Stúdentaráð geti haldið áfram að hvetja til auknar notkunnar á fornöfnum með því að ýta á eftir að fyrrnefndi “fitus” sé kynntur reglulega.

6.6 SKRÁSETNINGARGJALD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Stúdentaráð hefur um árábil efast um að þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu séu réttmætar. Vinnan við að fá úr því skorið hvort skrásetningargjaldið rúmist innan ramma laganna um opinbera háskóla hélt áfram af fullum krafti á árinu. Í stuttu máli máli þá telur Stúdentaráð að þeir kostnaðarliðir sem HÍ telur upp að baki gjaldinu standist ekki þau skilyrði sem fram koma í gjaldtökuheimildinni í lögum um opinbera háskóla sem innheimtan sækir stoð sína í. Lög-in setja tvö skil-yrði fyr-ir inn-heimtu gjalds-ins; ann-ars veg-ar að þau skuli ekki skila há-skóla hærrí tekj-um en sem nem-ur sam-an-lögðum út-gjöld-um vegna nem-enda-skrán-ing-ar og ákveðinn-ar þjón-ustu en hins veg-ar að þjón-ust-an sem rukkað er fyr-ir megi ekki telj-ast til kostnaðar við kennslu og rann-sókn-ar-starf-semi. Prófa-hald, skipu-lag kennslu og rekst-ur kennslu-sviðs eru á meðal kostnaðarliða að baki gjald-inu en Stúd-entar-áð tel-ur þá liði órjúf-an-lega þætti kennslu. Upphaf málsins og ferlið hingað til er rakið ítarlega í ársskýrslum síðustu þriggja ára og verður því hér einungis farið yfir það sem átti sér stað á þessu starfsári.

6.6.1 BROT HÁSKÓLARÁÐS Á LÖGUM VIÐ ÚTREIKNING GJALDSINS

Stúdentaráð sendi frá sér yfirlýsingu þann 3. nóvember 2022 þegar [niðurstaða](#) áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema lá loksins fyrir. Yfirlýsingin var afgreidd í rafrænni atkvæðagreiðslu meðal stúdentaráðsliða en í ljósi þess hve um gríðarlega stórt og flókið mál er um að ræða bauð forseti stúdentaráðsliðum á upplýsingafund til að spyrja spurninga um málið.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að háskólaráð Háskóla Íslands hefði brotið gegn stjórnsýslulögum í máli nemanda sem kvartaði undan skrásetningargjaldinu. Háskólaráð miðaði við rauntölur frá 2015 við að ákveða upphæð skrásetningargjaldsins og byggði þannig ekki á þeim kostnaði sem raunverulega hlýst af því að veita þjónustuna sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Með þessu framfylgt Háskóli Íslands ekki skyldum sínum við útreikning á gjaldinu, samkvæmt skráðum og óskráðum meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þrátt fyrir að áfrýjunarnefndin taki ekki afstöðu til þess hvort þessir kostnaðarliðir standist skilyrði laganna, felur úrskurðurinn engu að síður í sér að nefndin telur háskólaráð ekki hafa metið með fullnægjandi hætti hvaða forsendur búa að baki skrásetningargjaldinu og taldi þar með að háskólaráð gæti ekki tekið afstöðu til kröfu nemandans um endurgreiðslu. Úrskurðurinn staðfestir þannig þann grun Stúdentaráðs að gjaldið sé ekki eingöngu skrásetningargjald í fyllstu merkingu orðsins heldur sé það betur skilgreint sem skólagjöld sem fari ekki eingöngu í þá þjónustu sem nemandinn er rukkaður fyrir og fyrir slíkum gjöldum hefur háskólinn ekki heimild til að innheimta.

Málið fékk ágætis umfjöllun í fjölmiðlum ásamt því að forseti mætti í viðtal í Morgunútvarpið á Rás 2 til að ræða afstöðu Stúdentaráðs. Þann 8. nóvember birtist fundargerð háskólaráðs og kom þá í ljós að ráðið hafði tekið mál nemandans aftur til umfjöllunar og hafnað því enn á ný. Fulltrúar stúdenta í ráðinu lýstu afstöðu sinni með [bókun](#) og 10. nóvember skrifaði forseti [grein](#) til að vekja frekari athygli á málinu. Í kjölfarið var fjallað um þetta bæði hjá RÚV og Fréttablaðinu. Nemandinn kærði gjaldið á nýjan leik til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema enda stendur enn eftir spurningin um það hvort kostnaðarliðirnir að baki gjaldinu standist lög um opinbera háskóla og hefur ekki enn borist niðurstaða í málinu.

Stúdentaráð boðaði til [umræðufundar](#) þann 23. nóvember með það að markmiði að halda áfram umræðunni um réttmæti gjaldsins. Forseti Stúdentaráðs byrjaði á stuttri yfirferð um ferli málsins og afstöðu Stúdentaráðs gagnvart gjaldinu. Í kjölfarið tóku við pallborðsumræður þar

sem þau Jóna Þórey Pétursdóttir, lögfræðingur og forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2019-2020, Erla Guðrún Ingimarsdóttir, aðallögfræðingur á rektorsskrifstofu Háskóla Íslands og Friðrik Jónsson, formaður BHM tóku þátt. Fyrir fundinn var sendur póstur á alla þingmenn og þeim boðið að koma, ásamt því að kallað eftir því að lög-gjaf-inn bregðist við og að tekin sé pólitísk afstaða til þess að skólagjöld séu lögð á í opinberum háskólum. Þá var sendur póstur á háskólamálaráðherra og óskaði eftir fundi með henni til þess að ræða skrásetningargjaldið, lögmæti þess og fjármögnun háskólastigsins en ekki bárust svör við þeirri beiðni fyrr en síðar, sem rakið er hér að neðan. Fundurinn gekk vel og var ágætis mæting þrátt fyrir erfiða tímasetningu nálægt prófum og er helsta athugasemdin sú að fundurinn mátt vera lengri til að ná fram dýpri umræðum. Blaðamaður frá mbl.is mætti á fundinn og tók [viðtal](#) við forseta eftir fundinn.

Ljóst er að baráttu Stúdentaráðs fyrir því að fá úr því skorið hvort að skrásetningargjaldið standist lög um opinbera háskóla er hvergi nærri lokið. Niðurstöðu áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema er að vænta á næstu dögum eða vikum og þegar sú niðurstaða berst þarf að taka ákvörðun um næstu skref.

OPINN UMRÆÐUFUNDUR
STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS:
FALIN SKÓLAGJÖLD HÁSKÓLA ÍSLANDS - BROT Á LÖGUM ?

ÞRIÐJUDAGINN 22. NÓVEMBER KL. 12:00
Á LITLA TORGI

GESTIR FUNDARINS:



Jóna Þórey Pétursdóttir
lögfræðingur og fyrrum
forseti Stúdentaráðs

Erla Guðrún Ingimundardóttir
aðallögfræðingur Háskóla Íslands

Friðrik Jónsson
formaður BHM



6.6.2 UMRÆÐUR UM HÆKKUN SKRÁSETNINGARGJALDSINS

Þann 14. desember 2022 birtist fundargerð frá fundi háskólaráðs þann 8. desember þar sem kom í ljós að rektorar opinberu háskólanna höfðu sent sameiginlegt bréf á Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, ráðherra háskólamála þar sem óskað var eftir því að skrásetningargjaldið yrði hækkað upp í 95.000kr. Bréfið hafði verið sent 1. desember, án þess að ræða við háskólaráð fyrst, líkt og gert var árið 2020 þegar þetta var seinast til umræðu. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði gagnrýndu þessi vinnubrögð harðlega í [bókun](#) sinni ásamt því að þær lögðust alfarið gegn hækkun gjaldsins, og tóku undir efasemdir Stúdentaráðs um réttmæti gjaldsins. Stúdentaráð sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem lýst var yfir þungum áhyggjum af fjármögnun Háskóla Íslands í ljósi umræðna um fjárlög á alþingi og beiðni háskólayfirvalda um hækkun skrásetningargjaldsins gagnrýnd harðlega. Ákveðið var að fjalla um þetta saman, undirfjármögnun háskólans og beiðni rektors um hækkun skrásetningargjaldsins í ljósi þess að beiðni rektors um hækkun gjaldsins kom strax í kjölfar 2. umræðna á þingi um fjárlög þar sem fram kom mikil niðurskurðarkrafa til Háskóla Íslands. Úr yfirlýsingunni:

„Það er ekki tilviljun að háskólayfirvöld óski eftir hækkun á skrásetningargjaldinu í kjölfar 2. umræðu fjárlaga og þeim niðurskurði til Háskóla Íslands sem þar er boðaður. Byrðinni af fjármögnun opinberrar háskólamenntunar er velt beint yfir á stúdenta vegna þess að stjórnvöld sinna ekki lögbundinni skyldu sinni til þess að halda uppi grunnstarfsemi háskólanna með nægilegri fjárveitingu á fjárlögum. Beiðni um hækkun gjaldsins nú er ekkert annað en örvæntingarfull tilraun háskólayfirvalda til þess að plástra blæðandi sár, enda yrði hækkun gjaldsins aðeins dropi í hafið fyrir háskólann miðað við það fjármagn sem upp á vantar, en myndi aftur á móti hafa mikil áhrif á stúdenta. [...] Það þarf að ráðast tafarlaust á rót vandans, sem er fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi, eða réttara sagt skortur á henni.“

Yfirlýsingin vakti talsverða fjölmiðlaathygli og skrifðu Vísir, mbl.is og Rúv frétt um málið, ásamt því að forseti fór í [viðtal](#) í Bítinu á Bylgjunni. Yfirlýsinguna má finna í heild sinni í kafla 9.

Á Stúdentaráðsfundi þann 15. desember voru fjárveitingar til háskólans til umræðu og kom Guðmundur Ragnar Jónsson, framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnsýslu á fundinn og kynnti fyrir okkur fjármál HÍ. Kom þar meðal annars fram að háskólayfirvöld hefðu óskað eftir því að lagabreytingin sem þarf til til að hækka skrásetningargjöldin yrði gerð samhliða fjárlögum (í svokölluðum „bandormi“) sem staðfesti enn frekar að beiðni um hækkun gjaldsins kemur til vegna skorts á fjárveitingum á fjárlögum. Sem betur fer var það ekki raunin og gafst Stúdentaráði því meira rými til að beita sér gegn hækkun gjaldsins.

Í kjölfar þessarar atburðarrásar fékk Stúdentaráð svar við beiðninni um fund með ráðherra sem send hafði verið í kjölfar umræðufundarins þann 23. nóvember. Fundurinn fór fram í ráðuneytinu þann 19. desember og fór forseti á fundinn ásamt Katrínu Björk Kristjánsdóttur og Brynhildur Ásgeirsdóttur, fulltrúum stúdenta í háskólaráði. Á fundinum komum við á framfæri efasemdum Stúdentaráðs um réttmæti kostnaðarliðanna að baki gjaldinu og bundum við vonir við að niðurstaðan yrði sú sama og árið 2020, þegar Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra féllst á að verða ekki við ósk rektoranna um hækkun gjaldsins í kjölfar fundar með Stúdentaráði og boðaði þess í stað endurskoðun á gjaldinu. Því miður varð það ekki niðurstaðan í þetta skipti og þrátt fyrir ítrekaðar spurningar um afstöðu ráðherra gagnvart gjaldinu vorum við engu nær um áform ráðherra. Á reglulegum samráðsfundi stúdenta með ráðherra degi síðar fengust þær upplýsingar að ráðherra væri að bíða eftir því að fá sendan betri rökstuðning frá rektorunum fyrir því hvers vegna ætti að hækka gjaldið. Forseti óskaði þá eftir því að fá skila inn frekari rökstuðningi frá SHÍ sem tekið var vel tekið í það. Stúdentaráð tók þá ákvörðun um að fara í stóra herferð í byrjun mars og afhenda rökstuðning stúdenta í lok þeirrar herferðar, en fjallað er ítarlega um herferðina í kafla 6.12.1. Í kjölfar herferðinnar fékkst það svo [staðfest](#) að ráðherra hyggðist ekki leggja fram frumvarp á vorþingi um hækkun gjaldsins og var það mikið gleðiefni.

6.7 FJÁRVEITINGAR TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fjármögnun Háskóla Íslands, eða skortur á henni réttara sagt var fyrirferðarmikið mál á starfsárinu. Þrátt fyrir ítrekuð áköll stúdenta og starfsfólks til yfirvalda um að bregðast við versnandi fjárhagsvanda opinberra háskóla, er ljóst að stjórnvöld hafa trekk í trekk látið háskólastigið sitja á hakanum og þar með brugðist skyldu sinni hvað varðar eina af grunnstoðum íslensks samfélags.

6.7.1 FJÁRLÖG 2023

Háskóli Íslands hefur verið undirfjármagnaður til lengri tíma en við meðferð fjárlaga á Alþingi í desember 2022 varð ljóst að nú væri staðan óvenju slæm. Fyrir 2. umræðu fjárlaga stóðu fræðasvið skólans frammi fyrir 500 m.kr. niðurskurði og til viðbótar við það bættist við 200 m.kr. aðhaldskrafa í 2. umræðu. Háskólaráð lýsti yfir áhyggjum af fyrirhuguðum niðurskurði fjárveitinga árið 2023 á fundi ráðsins þann [8. desember 2022](#) og tók Stúdentaráð undir þær áhyggjur í umsögn við frumvarp til fjárlaga, sem finna má í kafla 9.

Mikil nemendafjöldgun varð í Háskóla Íslands þegar heimsfaraldur vegna Covid-19 reið yfir og má rekja hana til áherslu stjórnvalda á að menntakerfið væri lausnin við kreppunni. Háskóli Íslands svaraði kallinu, varð við óskum stjórnvalda og opnaði skólann fyrir fleiri nemendum. Þess ber að geta að með þessu ákalli stjórnvalda fylgdi viðbótarfjármagn, en þó ekki meira en svo að árið 2020 stunduðu 800 fleiri nemendur nám við HÍ en greitt var fyrir og 540 fleiri árið 2021. Eftir að hafa svarað kallinu þegar á reyndi var boðaður mikill niðurskurður á einu bretti með skömmum fyrirvara og Háskóli Íslands því látinn taka skellinn. Þrátt fyrir ákall skólayfirvalda, stúdenta og háskólakennara var ekki brugðist við og frumvarp til fjárlaga var samþykkt á Alþingi í 16. desember 2022 í óbreyttri mynd hvað varðar stöðu háskólanna.

Í lok janúar bárust svo [fréttir](#) af því að háskólann vantaði allt að milljarð til að ná saman og háskólaráð samþykkti aðhaldsaðgerðir vegna stöðunnar sem fela m.a. í sér niðurskurð í kennslu og stöðvun á ráðningum. Stúdentaráð gaf þá út yfirlýsingu þar sem enn á ný var lýst yfir áhyggjum og þess krafist að bregðist við stöðunni. Yfirlýsinguna er að finna í kafla 9.4. Það skýtur skökku við að á sama tíma og stjórnvöld boða stórsókn í menntun og gefa út háleit markmið hvað varðar starfsemi á háskólastigi, nær fjárveiting til stærsta háskóla landsins ekki einu sinni meðaltali OECD ríkjanna og á langt í land til þess að ná hinum Norðurlöndunum. Stjórn Stúdentaráðs ræddi stöðuna reglulega og óskuðu allir sviðsráðsforsetar eftir upplýsingum um áhrif aðhaldsaðgerðanna á hverju sviði fyrir sig til að kortleggja áhrifin á starfsemi háskólanna og stúdenta. Þá áttu forseti og rektor í reglulegum samskiptum um stöðuna. Frá því í janúar hafa borist fregnir af því að staðan líti betur út en á horfðist en þrátt fyrir það er um mjög alvarlega stöðu að ræða. Stórauka þarf fjárframlög til Háskóla Íslands til þess að skólinn geti haldið úti grundvallarstarfsemi sinni.

6.7.2 ENDURSKOÐUN REIKNILÍKANS HÁSKÓLANNA

Nú stendur yfir endurskoðun á reiknilíkani háskóla í ráðuneyti háskólamála og er stefnt að því að nýtt reiknilíkan verði prufukeyrt samhliða fjárveitingum á grundvelli eldra kerfis með fjárlögum næsta árs. Vinnan hefur staðið yfir allt árið en stúdentar haft litla aðkomu að ferlinu. Stúdentaráð sendi frá sér tvær umsagnir á árinu þar sem komið er lauslega inn á afstöðu ráðsins gagnvart endurskoðun reiknilíkansins. Eru þær báðar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslands til ársins 2025 sem ráðherra háskólamála leggur fram og má finna þær í kafla 9.5.

Stúdentaráð telur áform um að fjölga þeim þáttum sem til skoðunar koma við fjárveitingar háskóla vera af hinu góða en mikilvægt sé að vandað sé til verka þegar skapa á slíka hvata og

að þeir séu útfærðir í víðtæku samráði og sátt. Þá er brýnt að útdeiling fjármuna til Háskóla Íslands taki mið af raunverulegu landslagi háskólastigsins þannig að rekstrargrundvöllur skólans sé tryggður.

Stúdentum var boðið á vinnustofu í ráðuneytinu þann 19. maí sl. til að ræða reiknilíkanið og voru til umræðu ýmsir mælikvarðar tengdri fjárveitingu háskóla, ýmist kostnaði eða gæðum, kosti þeirra og galla og stúdentar beðnir um að taka afstöðu til þeirra og forgangsráða. Vinnustofan var opnuð með innleggi um helstu breytur að mælikvarða í reiknilíkunum í nágrannalöndum okkar og sérstaklega var fjallað um finnska kerfið sem mögulega fyrirmynd. Vinnustofan var áhugaverð og fræðandi og gaf innsýn inn í það vandasama verk sem það er að útfæra hvata og breytur í reiknilíkani sem þessu og verður áhugavert að sjá hvað verður gert við niðurstöður fundarins. Vinnustofur sem þessar gefa færi á samtali og umræðum en gallinn er sá að stúdentahreyfingunum gafst ekki kostur á að mynda sér afstöðu innan sinna raða fyrir fundinn. Forseti hafði óskað eftir því að fá sendar nánari upplýsingar um hvað ætti að ræða á fundinum til þess að Stúdentaráð hefði færi á að móta sína afstöðu innan ráðsins en uppleggið í ráðuneytinu var það að best væri ef fundargestir væru ekki búnir að mynda sér skoðun fyrir fundinn. Forseti LÍS óskaði eftir því að fá að senda inn nánari afstöðu stúdenta gagnvart þeim hvötum sem til greina koma og er þörf á því að Stúdentaráð taki umræðu um þessa þætti innan ráðsins og myndi skýra afstöðu. Nauðsynleg er að gott samráð verði á milli stjórnvalda, háskólanna og stúdenta í við nánari útfærslu þessara hvata til þess að nýtt reiknilíkan verði vandað og unnið í breiðri sátt.

6.8 HÚSNÆÐISMÁL

6.8.1 STÚDENTAÍBÚÐIR

Samstarf Stúdentaráðs og Félagsstofnun stúdenta (FS) hefur verið afar gott í tímans rás og hefur FS staðið vörð um húsnæðisöryggi stúdenta við Háskóla Íslands. FS hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er og hefur í því samhengi stefnt ótrautt áfram í þá átt að geta mætt 15% stúdenta með húsnæði á viðráðanlegu verði í grennd við Háskóla Íslands.

Á vormánuðum 2023 voru íbúðir í Sögu teknar í notkun og bættust við það 111 leiguingar á háskólasvæðinu. Opnunarhátíð fór fram þann 10. maí 2023 og var mikið gleðiefni að sjá nýjar glæsilegar íbúðir fyrir stúdenta í þessu sögufræga húsi. Forseti hélt ávarp á opnuninni þar sem hún talaði um hvað stúdentagarðar eru stórt hagsmunamál stúdenta og mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar þeirra.



Eru leiguingar FS því orðnar 1600 talsins sem er mikið fangaðarefni. Hins vegar er þörfin á stúdentaíbúðum enn mikil og voru biðlistar nú á vormánuðum 2023 helmingi lengri en á sama tíma í fyrra. Breytingar voru gerðar nú í ár þannig að opnað var fyrir skráningu nýnema fyrr en verið hefur og gæti það skýrt að hluta til þessa aukningu á biðlistum nú. Hins vegar má einnig leiða líkur að því að ástandið á húsnæðismarkaðinum spili hér stóran þátt, en leiguverð á hinum almenna markaði hefur hækkað mjög hratt undanfarin misseri. Í niðurstöðum könnunar [Eurostudent VII](#) sem gerð var árið 2019 kemur fram að 43% stúdenta á Íslandi búi við íþyngjandi húsnæðiskostnað og ríma þessar tölur við skýrslu [Stúdentaráðs um stúdenta á](#)

[húsnæðismarkaði](#) sem gerð var sumarið 2022 og byggði á tölum frá 2021. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er þegar meira en 40% af ráðstöfunartekjum fara í að borga leigu og er þetta hlutfall meðal stúdenta tæplega fjórfalt hærra en almennt á Íslandi. Þetta eru sláandi niðurstöður og ljóst er að aðstæður stúdenta á húsnæðismarkaði frá því að þessi könnun var gerð hafa aðeins versnað. Það skiptir því gríðarlega miklu máli að uppbygging stúdentagarða haldi jafnt og þétt áfram svo að hægt sé að tryggja jafnt og hindranalaust aðgengi að menntun.

Það er því sorgleg staðreynd að það sé stjórnarálfólk standi í vegi fyrir áframhaldandi uppbyggingu stúdentagarða. FS hefur unnið að því að stytta biðlista með stöðugri uppbyggingu síðustu ár en nú er staðan hins vegar sú að næsta verkefni, uppbygging í Nýja Skerjafirði, stendur fast í pólitískri klemmu og hefur uppbygging því ekki enn farið af stað líkt og áætlanir stóðu til. Ef uppbygging í Skerjafirði tefst enn frekar eða fer ekki af stað mun FS ekki geta byrjað á nýju verkefni fyrr en árið 2025, þar sem FS hefur næst vilýrði fyrir lóðum árin 2025 og 2026. Er þar um að ræða allt að 239 íbúðir á fjórum þróunarlóðum sem eru Skerjafjörður II, Vesturbugt, Miklubrautarstokkur og U-reitur (BSÍ), ásamt lóðavilýrði við Vatnsstíg sem borgarstjóri og framkvæmdastjóri FS skrifuðu undir viljayfirlýsingu fyrir þann 6. maí 2022. Það skiptir því miklu máli fyrir stúdenta að uppbygging í Skerjafirði I fari af stað sem allra fyrst, en þar hefur FS á áætlun er að byggja allt að 110 fjölskylduíbúðir. Nú þegar eru slíkar íbúðir á háskólasvæðinu og í Fossvoginum, en fjölgun þeirra mun án efa verða til þess að fleiri foreldrar í námi og börn þeirra geti búið við húsnæðisöryggi.

Ákvörðun innviðaráðherra um að skipa starfshóp sérfræðinga til að fjalla sérstaklega um áhrif nýrrar byggðar í Skerjafirði með tilliti til rekstraröryggis Reykjavíkurlflugvallar setti öll áform um uppbyggingu á svæðinu á ís og hefur þar með gríðarleg áhrif á viðkvæman hóp stúdenta. Þessi hópur var skipaður þrátt fyrir að niðurstaða [skýrslu](#), sem unnin var af óháðum sérfræðingum frá Evrópu, væri sú að ekki væri ástæða til þess að hindra uppbyggingu í Skerjafirði með tilliti til flugöryggis. Hópurinn átti að skila niðurstöðum þann 1. október 2022 en miklar tafir urðu og skrifaði forseti [pistil](#) um tafirnar sem birtist þann 13. október, enda gríðarlega mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta að uppbygging fari af stað sem fyrst. Vöktu skrifin athygli og fékk forseti í kjölfarið boð í morgunútvarpið á Rás 2 ásamt því að skrifuð var frétt á RÚV.is. Hópurinn skilaði loksins af sér niðurstöðu nú í lok apríl en enn er óljóst hvenær eða hvort uppbygging mun fara af stað. Stúdentaráð sendi frá sér ályktun þann 9. maí þar sem ítrekað var mikilvægi svæðisins fyrir stúdenta og biðlað til stjórnarálfólks að tefja ekki uppbygginguna enn frekar

enda er niðurstaða skýrslunnar skýr um að ekki sé þörf á því að hætta við byggingaráform í Nýja Skerjafirði, heldur sé nóg að grípa til mótvægisáðgerða. Ályktunina má finna í kafla 9.3

Skerjafjörðurinn er mikilvæg staðsetning fyrir stúdenta í grennd við háskólann þar sem ekki eru uppi áætlanir um byggingu nýs húsnæðis inn á sjálfu háskólasvæðinu. Með uppbyggingu í Skerjafirði er því verið að tryggja íbúðir fyrir stúdenta í grennd við háskólann og á sama tíma verið að stuðla að þéttari, samheldnari og sjálfbærari byggð. Nauðsynlegt er að Stúdentaráð haldi áfram að þrýsta á að uppbygging í Skerjafirði fari af stað sem allra fyrst enda er aðgengi að stúdentagörðum er stór þáttur í að tryggja jafnt og hindranalaust aðgengi að menntun.

Staðan á öðrum byggingar verkefnum hjá FS:

Á Lindargötu 44 standa yfir framkvæmdir, en þar er verið að rífa húsið og byggja nýtt sem hentar betur auk þess að koma fyrir samkomusal fyrir stúdenta. Framkvæmdum á Vetrargörðum lauk í haust og eru nú íbúar fluttir inn í nýuppgert húsnæðið. Stækkun leikskólans Leikgarðs hefur staðið yfir á árinu og stendur til að þeim framkvæmdum verði lokið í október. Þegar því er lokið verður hafist handa við að koma fyrir samkomusal fyrir aftan Eggertsgötu blokkirnar þar sem einnig verða útbúnar skrifstofur fyrir umsjón fasteigna.

6.8.2 FLUTNINGUR MENNAVÍSINDASVIÐS Í SÖGU

Á starfsárinu hefur staðið yfir undirbúningur fyrir flutning Menntavísindasviðs í Sögu sem áætlað er að verði haustið 2024. Það verður mikið framfaraskref að fá Menntavísindasvið loksins hingað í Vatnsmýrina. Forseti Stúdentaráðs hefur áheyrnarrétt í miðlægum starfshópi um Sögu sem fundað hefur um einu sinni til tvisvar í mánuði á starfsárinu. Þá eiga fulltrúar stúdenta í sviðsráði Menntavísindasviðs sæti í hinum ýmsu vinnuhópum innan sviðsins. Ljóst er að það er stórt verkefni að koma allri þessari starfsemi fyrir í Sögu og er hver fermetri nýttur til fulls. Mjög mikill tími hefur farið í umræður um vinnurými kennara í byggingunni sem hefur því miður orðið til þess að minni tími hefur farið í útfærslur á öðrum þáttum, svo sem útfærslu kennslurýma og aðstöðu stúdenta. Fulltrúar stúdenta hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum af því að ekki sé verið að gera fyllilega ráð fyrir þörfum stúdenta í húsinu og sett fram óskir um úrbætur en þegar þetta er skrifað hefur ekki verið fundin fullnægjandi lausn. Á þetta sérstaklega við um skort á lærdómsaðstöðu fyrir stúdenta, en þau rými sem núna eru teiknuð sem lærdómsaðstaða fyrir stúdenta eru fjölnota ráðstefnurými sem hægt er að loka fyrir viðburði. Ekki er tækt að við slíkar aðstæður séu ekki önnur rými í húsinu í boði fyrir stúdenta. Þá hafa stúdentar einnig lagt mikla áherslu á hópavinnuherbergi fyrir stúdenta, að jafnt aðgengi verði raunverulega tryggt og að góð aðstaða verði fyrir foreldra og börn þeirra í

húsinu. Eins hefur Stúdentaráð þrýst á að það verði stór Háma í Sögu, enda skiptir það miklu máli fyrir stúdenta að fá aðgengi að hollum mat á sanngjörnu verði líkt og raunin er í Hámu. Til að ítreka þessa afstöðu samþykkti Stúdentaráð að sent yrði sérstakt erindi um vilja stúdenta um að Háma verði bæði í Sögu og í nýju húsi Heilbrigðisvísindanna og hefur því verið fylgt eftir. Enn er þó óljóst hvort að tekið verði mið af kröfum stúdenta um Hámu í Sögu og er mikilvægt að því verði fylgt eftir nú í sumar.

Krafa stúdenta um góða aðstöðu og meira rými er eðlileg, í ljósi þess að stúdentar eru langstærsti hópur skólans og lang stærstur hluti fjárveitingar til háskólans tekur mið af nemendafjölda. Það ætti því að vera forgangsmáttíð fyrir háskólann að nýta rými skólans í að byggja upp góða aðstöðu fyrir stúdenta. Nýting húsnæðisins endurspeglar það hins vegar ekki, en 16.137 fermetrar eða 21% af heildarhúsnæði skólans fer nú undir skrifstofur, sem er meira en allar kennslustofur háskólans til samans. Til samanburðar eru lesrými um 4% af húsnæði skólans. Í nýjustu byggingu háskólans, Eddu - húsi íslenskunnar eru mest megnis fremst skrifstofur og lítið um rými fyrir stúdenta, og svipað er uppi á teningnum í Veröld Vigdísar. Það skiptir meginmáli fyrir háskólasamfélagið; ástundun náms og tengslamyndun stúdenta að aðstaða sé góð og stúdentar sækja í að stunda sitt nám í skólanum.

Hlutirnir munu gerast hratt núna á næstu mánuðum og er skiptir máli að nýtt Stúdentaráð taki strax boltann og gæti hagsmuna stúdenta við hönnun og útfærslu á Sögu.

6.9 SKIPULAGS- OG SAMGÖNGUMÁL

Framtíð háskólasvæðisins er stórt hagsmunamál fyrir stúdenta og voru skipulags- og samgöngumál því fyrirferðarmikil í ár líkt og áður.

6.9.1 SKIPULAG HÁSKÓLASVÆÐISINS

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á háskólasvæðinu undanfarin ár og má þar helst nefna húsnæði undir háskólastarfsemi, stúdentaíbúðir og á Vísindagarðareitnum. Heildarsýn fyrir háskólasvæðið, sem hefur verið eitt helsta verkefni skipulagsnefndar háskólaráðs frá því hún var sett á laggirnar árið 2017 var áfram í mótun á starfsárinu. Á háskólaþingi þann 18. nóvember 2022 var rætt um skipulag, framkvæmdir og samgöngur á háskólasvæðinu og farið yfir þróunaráætlun svæðisins. Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að háskólasvæðið eiga að vera sjálfbært, þétt og samheldið. Það verður að vera eftirsóknarvert að búa, vinna eða eiga leið um svæðið og því sé uppbygging grunnþjónustukjarna í Vatnsmýrinni forgangspatriði.

6.9.2 LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN Á HÁSKÓLASVÆÐIÐ

Stúdentaráð hefur barist fyrir því um árábil að fá lágvöruverðsverslun á háskólasvæðið, enda er nauðsynlegt að grunnþjónusta sé til staðar til að svæðið geti verið sjálfbært, þétt og samheldið. Um er að ræða stóran lið í þróun og uppbyggingu svæðisins, sem rímar vel við áherslur stúdentahreyfingarinnar og stefnu Háskólans varðandi heildstæða sýn á skipulag háskólasvæðisins. Upphafleg áform voru að fá inn verslun í Grósku sem ekki gekk eftir. Á seinasta starfsári tóku Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta höndum saman og könnuðu bæði rými á stúdentagarðasvæðinu og í kring. Hugmyndavinna fór af stað af krafti sumarið 2021 og var hugmynd um stækkun verslunarrýmis að Eggertsgötu 24 farsælust á þeim tímapunkti, en þar er þegar lítil verslun. Áætlað var framkvæmdir gætu hafist seinni hluta ársins 2022 en FS ákvað í samráði við Stúdentaráð að seinka þeim framkvæmdum vegna mikils álags sem verið hefur á hverfið undanfarin misseri, vegna upptektar á Vetrargörðum og hluta Ásgarða sem og stækkun leikskólans Leikgarðs sem nú stendur yfir. Einnig kom í ljós við framkvæmdir á Leikgarði að stækkun rýmisins á Eggertsgötu 24 væri mun umfangsmeiri og dýrari framkvæmd en gert hafði verið ráð fyrir vegna lagna sem liggja undir bílastæðinu. Í ljósi þessara upplýsinga þarf að endurmeta hvort að þessi lausn sé enn sú ákjósanlegasta.

Forseti óskaði eftir fundi með framkvæmdastjóra Vísindagarða til að taka aftur upp þráðinn um möguleikann á að fá lágvöruverðsverslun inn á svæði Vísindagarða. Farið var yfir áform um framtíðaruppbyggingu á Vísindagarðareitnum og hvaða möguleikar væru í stöðunni fyrir

verslunarrými á svæðinu. Forseti kom á framfæri hve mikilvægt það væri fyrir háskólasamfélagið allt, ekki bara stúdenta, að fá lágvöruverðsverslun inn á svæðið og hve mikilvægt hlutverk Vísindagarða gæti verið í slíkri uppbyggingu. Fundurinn gekk vel, tekið var vel í ábendingar stúdenta og ýmsum mögulegum útfærslum velt upp. Forseti fundaði einnig með framkvæmdastjóra Krónunnar í mars 2023. Á fundinum var því velt upp hvaða möguleikar gætu verið í stöðunni um uppbyggingu lágvöruverðsverslunar hér á háskólasvæðinu og ákveðið var að forseti myndi tengja saman framkvæmdastjóra Vísindagarða og Krónunnar til að hægt væri að halda því samtali áfram. Áhugi er fyrir hendi hjá báðum aðilum en margt sem er enn óljóst.

Ljóst er þó að mörg ár eru í það að slíkar hugmyndir kæmst á framkvæmdastig og mikilvægt að stöðugt sé leitað leiða til að flýta uppbyggingu. Til að skoða hvernig hægt væri bæta aðgengi stúdenta að matvörum á lágu verði sem allra fyrst fundaði forseti með forsvarsfólki Pikkoló, sem er nýsköpunarverkefni sem felst í því að tengja matvöruverslanir við kældar Pikkolóstöðvar, en eina slíka er einmitt að finna við Grósku. Fundurinn gekk vel og er áhugavert að skoða nánar hvort einhverjir samstarfsfletir séu til staðar þar.

Á fundi forseta með Krónunni voru einnig ræddar hvaða aðrar leiðir væru færar til að bæta aðgengi stúdenta að versluninni og útskýrði forseti þær hindranir sem mæta stúdentum við það að nota heimsendingarþjónustu, sem er helst að það henti stúdentum illa hve stór innkaupin þurfa að vera til þess að fá fría heimsendingu, bæði m.t.t. magnsins og kostnaðarins. Tóku þau ábendingunum vel og er nú í skoðun hjá Krónunni hvernig hægt sé að bæta þessa þjónustu með þarfir stúdenta í huga. Stúdentaráð og Krónan eiga fund núna 25. maí nk. til að ræða betur útfærsluatriði í tengslum við það og er spennandi að sjá hvað kemur út úr því samtali.



6.9.3 HEILBRIGÐISMÓTTAKA Á HÁSKÓLASVÆÐINU

Stúdentaráð [ályktaði](#) fyrst um þörfina sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur árið 2020. Til stuðnings vísaði ráðið í [rannsókn frá árinu 2011 unnin innan Heilbrigðisvísindasviðs við Háskóla Íslands](#), sem gaf til kynna að stúdentar hefðu mikla þörf fyrir þjónustu sem þessari. Meirihluti svarenda sagðist bíða með að leita eftir heilbrigðisþjónustu helst vegna kostnaðar og einnig sögðust þeir viljugri til að leita á móttöku þar sem þjónustan væri veitt af stúdentum undir handleiðslu. Þess má geta að ýmis geðheilbrigðisúrræði í Háskóla Íslands eru einmitt af þeim toga, t.a.m. sálfræðiráðgjöf sálfræðinema og tilvonandi félagsráðgjöf félagsráðgjafarnema. Það tíðkast í háskólum erlendis að vera með slíka þjónustu á háskólasvæðinu en hérlandis er það hvorki til staðar né boðið upp á heilbrigðisþjónustu innan menntastofnanna á háskólastigi.

Í tilefni kosninga til borgarstjórnar vorið 2022 [ályktaði ráðið um málið að nýju](#) og óskað eftir viðbrögðum frá frambjóðendum, ásamt því að senda ályktunina á viðeigandi ráðuneyti, þar sem ríkisstjórnarskipti urðu frá síðustu ályktun. Í ársskýrslu seinasta árs kemur fram að tveir flokkar hafi brugðist við en ekkert ráðuneyti. Þá var ályktunin einnig send á rektor Háskóla Íslands og óskað eftir stuðningi sem er hugsaður í formi nýrrar rannsóknar að fyrirmynd þeirrar frá 2011 og samvinnu gagnvart borgaryfirvöldum og stjórnvöldum. Forseti tók þráðinn upp á ný við rektor í upphafi starfsársins og var tekið vel í beiðnina og Sæunni Stefánsdóttur falið að fylgja því eftir. Staðan á því er núna er að verkefnið er komið til Heilbrigðisvísindasviðs en býður fjármögnunar. Mikilvægt er að fylgja því eftir á komandi starfsári.

Heilbrigðismóttaka í Vatnsmýrinni er stórt verkefni sem yrði að njóta breiðs stuðnings sem og beina aðkomu annarra aflu utan veggja háskólans, t.a.m. viðeigandi ráðuneyta, borgaryfirvalda og annarra sveitarfélaga sem gæta vilja að velferð sinna íbúa sem hafa t.d. flust um aðsetur til að stunda nám. Þess ber að geta að á fundi forseta með framkvæmdastjóra Vísindagarða í vor kom forseti þessari hugmynd á framfæri og voru möguleikar ræddir á aðkomu Vísindagarða að slíku verkefni. Hér er um að ræða langtímaverkefni sem mikilvægt er að fylgja stöðugt eftir til að tryggja að það verði að veruleika.

6.9.4 SAMGÖNGU- OG BÍLASTÆÐAMÁL VIÐ HÍ

Samgöngu- og bílastæðamál við Háskóla Íslands hafa verið til umræðu á starfsárinu líkt og undanfarin ár. Samkvæmt innleiðingaráætlun stefnir háskólinn á að vinna uppbyggingu í samræmi við sýn og áætlun um heildarskipulag, með áherslu á samheldið háskólasamfélag, sjálfbæra starfsemi og algilda hönnun. Bílastæði eru þannig víkjandi svæði í heildarsýn fyrir háskólasvæðið. Ástæðan er sú að með aukinni uppbyggingu í Vatnsmýrinni er fyrirséð að mikill vöxtur verði í umferð í Vatnsmýrinni ef ekki verður gripið til aðgerða. Ítarlega hefur verið farið yfir forsögu málsins í ársskýrslum fyrri ára en fyrir samhengi málsins þykir ástæða til að fara yfir söguna hér ásamt því að farið er ítarlega yfir það sem átti sér stað á þessu starfsári.

Starfshópur um bílastæðamál

Starfshópur um bílastæðamál var fyrst skipaður á háskólaþingi í maí 2019. Þar fékk sæti fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd háskólaráðs, fyrir hönd stúdenta. Upplag fundanna var að bílastæðagjöld ættu að vera tekin upp á háskólasvæðinu. Formleg undirbúningsvinna hefur staðið yfir með hléum síðan þá en aðdragandinn teygir sig þó mun lengra aftur. Í því samhengi lagði Stúdentaráð strax mikla áherslu á að samtímis ætti að tryggja kjör stúdenta og starfsfólks í almenningssamgöngur með einskonar **U-passa** og hefur haldið því baráttumáli á lofti allar götur síðan. Umræddur passi er hugsaður sem umhverfisvænt samgöngukort á mjög hagstæðu verði.

Starfshópurinn skilaði af sér tillögum um útfærslur í febrúar 2020 sem fólu í einmitt sér samgöngukort fyrir stúdenta, *H-passa*, í 12 mánuði á aðeins 5.000kr. Samhliða þessu voru áform um gjaldskyldu á öll bílastæði á lóðum skólans. [Háskólaráð samþykkti](#) að senda tillögudrögin til umsagnar m.a. Stúdentaráðs í febrúar sama ár. Í kjölfarið óskuðu sjö stúdentaráðsliðar eftir [opnum stúdentafundi þar sem tillögur starfshóps háskólans yrðu kynntar](#) fyrir háskólasamfélaginu. Sá fundur fór fram 26. febrúar 2020 og inn á hann kom formaður starfshópsins og þáverandi sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs. Á [Stúdentaráðsfundi þann 26. febrúar 2020](#) voru drög að umsögn Stúdentaráðs við tillögur starfshópsins til umræðu. Var þar búið að taka saman athugasemdir Stúdentaráðs við tillögur hópsins sem og athugasemdir sem komu fram á opnum stúdentafundi deginum áður og þeim svo skilað inn til umsagnar.

Sumarið/haustið 2020 fékk [háskólaráð](#) kynningu á framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu, þ.e. drög að tillögum starfshópsins. Tillögurnar sem voru

kynntar voru unnar eftir þeim umsögnum sem bárust fyrr um árið. Staða málsins var sú sama; viðræður við Strætó þær sömu og enn í kortunum að hafa *H-passa* (U-passa) á 5.000 krónur fyrir stúdenta. Málið var einungis til kynningar og óvíst var því hvenær það færi í útfærslu þar sem framtíðarsýn svæðisins er í stöðugri þróun, taka þarf að taka mið af áformum í kring o.s.frv.

Skólaárið 2021-2022

Vorið 2021 áttu forseti Stúdentaráðs og fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd fund með sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs til að ræða gjaldskyldu á bílastæðin við háskólann. Þar var rætt að til þess að Háskóli Íslands gæti yfir höfuð sett gjaldskyldu á sín bílastæði yrði frumvarp um breytingu á umferðarlögum, að fara í gegn, en það fól í sér heimild fyrir stofnanir til að innheimta bílastæðagjöld. Hingað til hefur bílastæðasjóður séð um innheimtuna í boganum/skeifunni og ekki heimild fyrir Háskóla Íslands til að stjórna því öðruvísi. Frumvarpið var samþykkt fyrir þinglok og tók þá við bið á reglugerðinni sem stofnanir sem hyggjast taka upp bílastæðagjöld styðjast við. Meira og minna allt haustmisserið 2021 var fyrirhugað að taka upp gjaldskyldu haustið 2022 og hefja undirbúning fljótlega eftir áramót. Hins vegar var einnig ljóst að útfærslan yrði umfangsmikil og að tíminn til stefnu væri of stuttur.

Vorið 2022 voru nánari útfærslur á gjaldskyldunni voru til skoðunnar en hreyfing hæg, faraldurinn og vatnstjónið sem varð í byrjun 2021 á Háskólatorgi höfðu m.a. áhrif. Þáverandi forseti óskaði því eftir því að starfshópurinn um bílastæðamál kæmi aftur saman, en hann hafði þá ekki verið starfandi frá ársbyrjun 2020. Háskólaráð samþykkti skipun hópsins á [fundi sínum 3. febrúar 2022](#) sem hóf störf og var ætlun hans að undirbúa hvernig mögulega verði staðið að bílastæðamálum á lóðum háskólans til framtíðar. Þáverandi forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ tók sæti í hópnum fyrir hönd stúdenta.

Skólaárið 2022-2023

Landspítalann á Hringbraut innleiddi gjaldskylda á öllum bílastæðum við Landspítalann haustið 2022. Forseti Stúdentaráðs og forseti sviðsráðs HVS beittu sér fyrir því að stúdentar fengju undanþágu frá gjaldskyldunni líkt og starfsmenn í ljósi þess að ekki var komið til móts við stúdenta með öðru móti líkt og Stúdentaráð hefur lagt áherslu á frá upphafi. Rektor og forseti Heilbrigðisvísindasviðs áttu þá í kjölfarið fund með forsvarsfólki LSH þar sem samþykkt var að fresta gjaldtöku á stúdenta. Stefna LSH er hins vegar sú að í upphafi árs 2024 muni nemendur og starfsmenn þurfa að greiða fyrir bílastæði á þessu svæði. Af þessu er ljóst

að þróunin er á þennan veg allt í kring um háskólann, en auk gjaldskyldu við LSH er gjaldtaka hafin við Vísindagarða ásamt því að fyrirséð er að gjaldskyldusvæðum muni fjölga í borginni.

Í samræmi við tillögu sem samþykkt var á fundi Stúdentaráðs þann 22. ágúst 2022 hefur Stúdentaráð beitt sér fyrir fjölgun yfirbyggðra hjólaskýla við HÍ á árinu. Meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar HÍ og forseti SHÍ funduðu með meðlimum skipulagsnefndar HÍ í sl. haust til að ræða tillöguna nánar og koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri. Var tekið vel í þær tillögur og hófst framkvæmda- og tæknisvið

Á Háskólaþingi 18. nóvember 2022 kynnti Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs stöðu mála varðandi framkvæmdir, samgöngur og bílastæði á háskólasvæðinu. Málið var rætt og í kjölfar umræðunnar bar rektor upp svohljóðandi ályktun sem var samþykkt samhljóða:

„Háskólaþing fjallaði í dag um skipulag, framkvæmdir, samgöngur og bílastæðamál á háskólasvæðinu og beinir því til háskólaráðs að fylgja eftir þeim hugmyndum sem kynntar voru á þinginu, m.a. á grundvelli heildarstefnu skólans, HÍ26, og sjónarmiðum sem fram komu á þinginu.“

Á [fundi háskólaráðs þann 12. janúar 2023](#) gerði Kristinn Jóhannesson grein fyrir stöðu mála og áformum um framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu og í nágrenni, sbr. ályktun háskólaþings 18. nóvember, þar sem fjallað var um málið og því beint til háskólaráðs að fylgja eftir hugmyndum um innleiðingu gjaldtöku fyrir bílastæði, bættar almenningsamgöngur og byggingu hjólaskýla. Samþykkt var að fela framkvæmda- og tæknisviði, skipulagsnefnd háskólaráðs og starfandi bílastæðahópi að vinna áfram að málinu á þeim nótum sem kynntar voru á fundinum.

Forseti Stúdentaráðs og fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd áttu fund með sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs mánudaginn 6. febrúar, þar sem óskað var eftir upplýsingum um stöðu málsins. Þar fengust þær upplýsingar að vinnan væri enn á byrjunarreit, ekki hefði verið tekið ákvörðun um hvenær gjaldtaka muni hefjast, hvað hún mun kosta né hvernig hún verður útfærð. Til stæði að hefja samræður við Strætó á næstu mánuðum um útfærslu á samgöngukorti. Eina sem hefði verið ákveðið væri þaðsem háskólaráð samþykkti á fundi sínum 12. janúar, þ.e. unnið yrði áfram að málinu „á þeim nótum sem kynntar voru á fundinum.“

Á fundi Stúdentaráðs þann 14. febrúar 2023 fór forseti yfir þær upplýsingar sem koma fram hér að ofan, um stöðu mála í tengslum við samgöngu- og bílastæðamál við HÍ. Í framhaldi var lögð fram tillaga þess efnis að Stúdentaráð myndi fá það staðfest frá háskólayfirvöldum að tekið yrði mið af kröfum Stúdentaráðs um að stúdentum bjóðist samgöngukort á viðráðanlegu áður eða samhliða því að gjaldskylda verður tekin upp á bílastæðum háskólans. Samhliða því yrði háskólinn að leita lausna til að koma til móts við ákveðna hópa sem þurfa frekar að nýta sér bílastæðin, t.a.m. fjölskyldufólk, til að tryggja jafnt aðgengi að námi. Þar að auki skyldi tryggja að ferlið verði gagnsætt og stúdentar upplýstir jafnóðum um stöðu mála. Var tillagana samþykkt og óskaði tillöguberi eftir því að fá að fylgja henni eftir. Tillöguna í heild sinni má finna í viðauka B.

Á [fundi háskólaráðs þann 2. mars 2023](#) fór Kristinn Jóhannesson fór yfir stöðu mála varðandi samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu, þ.m.t. fyrirkomulag og stýringu bílastæða, bættar almenningssamgöngur og uppbyggingu aðstöðu fyrir hjólreiðafólk. Lögðu þar fulltrúar stúdenta í háskólaráði fram bókun þar sem lýstu yfir miklum áhyggjum af þeirri tímalínu framkvæmda sem þar var kynnt og lögðu áherslu á að skýr áform um U-passa, þá verð og tímasetning, verði komin áður en gjaldtaka er kynnt, ásamt öðrum viðeigandi úrræðum fyrir stúdentahópinn. Bókunina í heild sinni má finna hér:

„Í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um fyrirhugaða gjaldtöku, lýsa fulltrúar stúdenta yfir miklum áhyggjum af tímalínu framkvæmdanna. Mikilvægt er að vel verði komið að innleiðingu gjaldtökunnar, að samráð verði við hagaðila í nágrenninu og góð upplýsingagjöf til bæði stúdenta og starfsfólks verði tryggð. Undirritaðar hafa áhyggjur af því að innleiðing verði ekki farsæl ef sett verður á gjaldtaka um áramót m.a. vegna þess að stúdentar hafa þá þegar gert ráðstafanir fyrir skólaárið og sérstaklega ef innleiðingu U-passa verður frestað. Því tölum við fyrir að gjaldtaka fyrir stúdentu og starfsfólk verði innleidd þegar skýr áætlun liggur fyrir um aðgerðir til að tryggja árangursríka innleiðingu fyrir öll hlutaðeigandi.

Fulltrúar stúdenta ítreka mikilvægi þess að U-passi á viðráðanlegu verði sé stúdentum til boða áður en eða samhliða því að gjaldskylda hefst á háskólasvæðinu, eins og fulltrúar stúdenta hafa áður talað fyrir. Leggjum við þá einkum áherslu á að skýr áform um U-passa, þá verð og tímasetning, verði komin áður en gjaldtaka er kynnt, ásamt öðrum viðeigandi úrræðum fyrir stúdentahópinn.

Fulltrúar stúdenta fagna að sjálfsögðu áformum háskólans í átt að vistvænna háskólasamfélagi og telja einstaklega mikilvægt að vandað verði til verka þannig að hagsmunir stúdenta séu tryggðir að öllu leyti.

*Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir
Katrín Björk Kristjánsdóttir*

Þann 8. mars kom Rakel Anna Boulter, tillöguberi með forseta Stúdentaráðs á fund rektors til fylgja tillögunni eftir. Tóku þær undir áhyggjur fulltrúa stúdenta í háskólaráði varðandi nýjustu fregnir af tímalínu málsins og ræddu þær mikilvægi þess að sett yrði í forgang að útfæra mótvægisaðgerðir fyrir stúdenta. Rektor tók vel í þessi sjónarmið stúdenta og fékkst það staðfest að ekki yrði sett á gjaldskylda á næsta skólaári líkt og rætt hafði verið á seinasta háskólaráðsfundi og jafnframt að ekki yrði innleidd gjaldskylda fyrr en að ásættanlegar móttvægissaðgerðir fyrir stúdenta lægju fyrir. Hvenær það verður veltur á ýmsum þáttum, svo sem samráði við nærliggjandi stofnanir, þá helst Landspítalann, fjárveitingum til háskólans o.fl.

Bílastæðahópurinn hefur unnið áfram að málinu nú í vor en megin áherslan þar hefur verið á tæknilegar útfærslu í tengslum við gjaldtöku á bílastæðum og lítið átt sér stað í tengslum við útfærslu á U-passa og undanþága fyrir þá stúdenta sem það þurfa. Forseti hefur tekið málið upp á reglulegum fundum með rektor á starfsárinu og lagt áherslu á þau sjónarmið stúdenta sem fram koma hér að ofan. Upplifun forseta er sú að hlustað sé á sjónarmið stúdenta í þessum efnum en þörf sé á því að fleiri aðilar úr ólíkum áttum innan háskólans komi að vinnunni. Hefur forseti því óskað formlega eftir því að gerðar verði breytingar á fyrirkomulagi bílastæðahópsins þannig að verkefnið sé unnið á breiðari grundvelli innan háskólans en nú er gert, í ljósi þess að um gríðarlega stórt verkefni að ræða og margir þættir sem hafa áhrif.. Jafnframt var óskað eftir því að aukin áhersla yrði lögð á útfærslu mótvægisaðgerða, samráðs við stúdenta og starfsfólk, kynningarmál og fleira til að tryggja farsæla innleiðingu. Fellur það í hlut nýs forseta að fylgja þessari tillögu eftir sem og að tryggja eftirfylgni á málinu í heild sinni.

6.9.4.1 U-PASSI FYRIR STÚDENTA

Líkt og fram hefur komið hér að ofan hefur Stúdentaráð talað fyrir innleiðingu U-passa gagnvart háskólayfirvöldum um árabíl með góðum undirtektum. Hins vegar er ljóst er að til þess að U-passinn geti orðið að veruleika þarf pólitískan vilja og fjármagn, bæði frá ríki og sveitarfélögum. Í tilefni af fréttum af slæmri fjárhagsstöðu Strætó bs. og samantektar ASÍ sem sýndi að ríkisstjórnin notaði níu sinnum meira fé í niðurgreiðslu rafbílaкупа en til reksturs Strætó bs. taldi Stúdentaráð ástæðu til að krefjast þess að íslenska ríkið tryggði stóraukið fjármagn í málaflokkinn strax, bæði í rekstur almenningsamgangna um allt land og að innleiddur verði U-passi fyrir stúdenta.

Í samantekt ASÍ kom fram að ívilnanir vegna rafbílaкупа væru kostnaðarsamasta loftslagsaðgerð stjórnvalda, aðgerð sem gagnast helst efnameiri hópum og gengur þvert á þau réttlátu umskipti sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Ungt fólk og stúdentar nota almenningsamgöngur í meira mæli en tekjuhærra hópar og er efling almenningsamgangna er því bæði nauðsynleg og réttlát loftslagsaðgerð sem felur í sér bætt kjör og tækifæri fyrir almennig, einkum og sér í lagi áðurnefnda hópa. Var yfirlýsingin send á innviðaráðherra, ráðherra háskólamála og fjármálaráðherra.

Í lok apríl bauð umhverfisráðherra fulltrúum frá Stúdentaráði á fund. Á fundinn fóru forseti, Dagmar Óladóttir og Maggi Snorrason, meðlimir í umhverfisnefnd SHÍ og nýttu þar tækifærið til að ræða U-passann við ráðherra. Hér er fyrst og fremst um að ræða loftslagsaðgerð og því vel við hæfi að taka málið upp við ráðherra. Sammælt var um að Stúdentaráð myndi senda erindið á aðstoðarmann ráðherra sem myndi koma því áfram en ekki hefur borist svar.

6.9.4.2 SAMSTARF VIÐ HOPP

Hugmyndin um U-passa kemur erlendis frá og er þar um að ræða alhliða samgöngukort, sem veitir aðgang að fjölbreyttum vistvænum ferðamátum. Forseti hafði því samband við framkvæmdastjóra Hopp, Sæunni Ósk Unnsteinsdóttur til að kynna hugmyndina um U-passann fyrir þeim og ræða aðra samstarfsfleti með það að markmiði að gera stúdentum auðveldara og ódýrara fyrir að nýta sér vistvæna ferðamáta.

Fundurinn fór fram í mars og gekk mjög vel. Fengust þær upplýsingar að Hopp legði sérstaka áherslu á að þjónusta háskólasvæðið vel og myndu halda að áfram að gera það. Þá tók framkvæmdastjóri vel í að útfæra afslætti fyrir stúdenta sem leggja á ákveðnum svæðum við háskólann. Sérstakt rafskútusvæði er við Háskólatorg og hafði forseti samband við

framkvæmda- og tæknisvið og óskaði eftir því að fleiri slík svæði yrðu máluð við aðrar byggingar háskólans. Var ákveðið að mála stæði við Öskju og Tæknigarð. Þá var einnig ákveðið í samráði við FS að Hopp myndi sjá um að mála stæði við Eggertsgötu 24. Þegar veður leyfir verður ráðist í merkingarvinnu og í kjölfarið mun Hopp bjóða þeim sem leggja innan stæðanna afslátt af ferðinni.

Þá voru Hopp bílarnir einnig til umræðu og ræddi forseti þær áskoranir sem felast í því að lifa bíllausum lífsstíl á stúdentagörðunum vegna fjarlægðar í matvörubúð og aðra grunnþjónustu. Deilibílar líkt og Hopp heldur úti geta auðveldað slíkar ferðir. Forseti stakk upp á því að Hopp fengi að merkja stæðin sem Zip-car hafði til umráða áður, en starfsemi þeirra lagðist af á árinu. Framkvæmdastjóri tók vel í að prófa þá útfærslu að bjóða upp á afslátt fyrir þau sem leggja í þessi merktu stæði, þrátt fyrir að það sé almennt þannig að leggja má Hopp bílunum hvar sem er. Er það bæði kjarabót fyrir stúdenta sem og tilraun til að auka líkurnar á að sem oftast sé bíll til staðar á svæðinu. Framkvæmda- og tæknisvið samþykkti að merkja tvö stæði við háskólann ásamt því að eitt stæði verður merkt við Stúdentagarðana. Sú merking veitur einnig á veðri en það verður spennandi að sjá hvernig verkefnið tekst til. Forseti þakkar Sæunni fyrir ánægjulegan fund og hlakkar til að sjá þetta verða að veruleika.

6.10 UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁL

Umhverfis- og loftslagsmál voru sem fyrr fyrirferðarmikil í starfsemi Stúdentaráðs á árinu. Stúdentaráð kom áfram að skipulagi Loftslagsverkfallsins ásamt Ungum umhverfissinum, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtaka íslenskra stúdenta. Vegna anna náðist því miður ekki að sinna verkefninu eins vel og vilji stóð til. Gert var tilraun til að halda betur utan um starfið með því að setja á fót undirnefnd umhverfis- og samgöngunefndar líkt og fyrri ár. Maggi Snorrason fór fyrir þeirri nefnd og tók hann jafnframt að sér að vera tengiliður Stúdentaráðs við skipulagshóp verkfallsins. Mikilvægt er að leita leiða til að efla aðkomu Stúdentaráðs að verkfallinu á nýjan leik enda um gríðarlega stórt mál að ræða.

Umhverfis- og samgöngunefnd tryggði Grænfánan þriðja árið í röð og var fáninn afhentur á græna nýnemadeginum sem fór fram þann 6. september. Nefndin á skilið stórt hrós fyrir vinnu sína við að tryggja Háskóla Íslands grænfánann. Rætt hefur verið að þrátt fyrir að um sé að ræða verkefni að frumkvæði stúdenta sé eðlilegra að starfsfólk háskólans taki meiri þunga af vinnunni í tengslum við þetta verkefni líkt og almennt tíðkast í Grænfánaskólum.



Í lok september stóðu skrifstofa Stúdentaráðs, umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og framkvæmda- og tæknisvið stóðu fyrir átaksverkefninu hjólað í háskólann annað árið í röð. Í ár var blásið til keppni á milli nemendafélaga skólans sem skilaði sér í fleiri þátttakendum og mælt er með því að halda því fyrirkomulagi áfram á næsta ári. Hér er þó einnig ástæða til að endurskoða í samráði við framkvæmda- og tæknisvið hvert hlutverk skrifstofunnar og nefnarinnar eigi að vera í verkefni sem þessu. Fráfarandi skrifstofa telur eðlilegt að Stúdentaráð komi að upplýsingamiðlun og hvatningu til nemenda til að taka þátt en öll önnur skipulagning eigi frekar heima á borði framkvæmda- og tæknisviðs.

Málaflokkarnir sem umhverfis- og samgöngunefnd heldur utan um eru mjög stórir og krefjast vandaðrar vinnu. Nefndin hefur unnið metnaðarfullt starf og á mikið hrós skilið, en mikið álag hefur verið á meðlimum nefndarinnar og þarf því að skoða enn betur hvernig hægt er að sinna og gera öllum þessu stóru málaflokkum hátt undir höfði. Ein helsta áskorunin er að tryggja að mál staðni ekki innan stjórnsýslunnar og er tilefni til að eiga frekara samtali við háskólayfirvöld um hvernig bæta megi úr því. Nánar er fjallað um þessi verkefni og störf umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ í kafla 7.9.

6.10.1 NEYÐARÁSTAND Í LOFTSLAGSMÁLUM

Stúdentaráð telur að Háskóli Íslands eigi að vera leiðandi í umræðunni um og baráttunni við loftslagsvána og það sé á ábyrgð háskólans að leggja áherslu á alvarleika málsins, benda á vísindin og gera kröfu um að aðilar taki þeirra ábendingum og loftslagsvánni alvarlega með þörfum aðgerðum. Á Stúdentaráðsfundi 25. október var því lögð fram og samþykkt tillaga þess efnis á Stúdentaráð myndi skora á Háskóla Íslands að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og fylgja yfirlýsingunni eftir með því að útbúa aðgerðaráætlun fyrir háskólann. Er þetta er í annað skipti sem Stúdentaráð leggur fram slíka áskorun en taldi ráðið ástæðu til að gera það á nýjan leik í ljósi þess að nú, tæpum þremur árum eftir að Stúdentaráð setti fram þessa áskorun fyrst hefur Háskóli Íslands ekki lýst yfir neyðarástandi í loftslagsmálum né hafið markvissa vinnu að aðgerðaráætlun. Tillöguna í heild sinni er að finna í viðauka B og áskorunina er í kafla 9.7.

Þann 2. nóvember færði forseti rektor áskorunina og forseti umhverfis- og samgöngunefndar fylgdi málinu eftir inn í skipulagsnefnd háskólaráðs. Þar þrýsti hún á að vinnu við gerð aðgerðaráætlunar yrði komið inn í framkvæmdaáætlun nefndarinnar en hefur það ekki náðst í gegn þegar þetta er skrifað. Stúdentaráð verður að halda áfram að þrýsta á háskólann að bregðast við og koma þessu inn á borð háskólaráðs. Með því að lýsa yfir neyðarástandi er Háskóli Íslands að taka skýra afstöðu og setur þannig bæði pressu á sína eigin starfsemi, sem og annarra stofnanna og fyrirtækja, að bregðast við. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir metnaðarfullum aðgerðum HÍ í loftslagsmálum nema ákvarðanir stjórnenda hans.

6.10.2 MATARSPOR

Í byrjun maí var Matarspori, kolefnisspors reiknivél, komið upp í Hámu á Háskólatorgi. Stúdentaráð átti frumkvæði að verkefninu og fylgdi því eftir, en verkefnið grundvallast á tillögu sem lögð var fram á [Stúdentaráðsfundi í janúar 2022](#) þess efnis að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir því að Matarspor yrði innleitt í HÍ. Tekið var vel í hugmyndina af skólayfirvalda og Félagsstofnunar stúdenta (FS) og kom það í hlut framkvæmda- og tæknisviðs að vinna málið áfram í samstarfi við FS. Kolefnisfótsporið er reiknað fyrir heita matinn í Hámu og súpunar og það sett í samhengi við það hversu langt þyrfti að aka fólksbíl til að losa sama magn gróðurhúsalofttegunda. Það er auðvelt að sjá muninn þar sem annar rétturinn og önnur súpan er alltaf vegan í Hámu.

Verkefnið er fjármagnað til eins árs og þarf því að meta stöðuna næsta vor hvort halda eigi verkefninu áfram. Búið var að taka ákvörðun um að upplýsingarnar yrðu einnig birtar á Uglunni til þess að þær nái til allra á háskólasvæðinu en það hefur ekki orðið að veruleika. Hafa þarf samband við framkvæmda- og tæknisvið til að fylgja því eftir. Mælist verkefnið vel fyrir er tilefni til að skoða hvort að hægt sé að setja upp fleiri skjái, t.d. í Tæknigarði og öðrum fjölförnum byggingum.

6.10.3 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Stúdentaráð átti aðkomu að gerð landrýnisskýrslu Íslands, sem er önnur stöðuskýrsla íslenskra stjórnvalda um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Aðkoma Stúdentaráðs var að verkefni sem Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hélt utan um og fólkst það í því að skrifa samantekt frá sjónarhorni borgarasamfélagsins um stöðuna á innleiðingu heimsmarkmiðanna. Öllum félagasamtökum á Íslandi gafst kostur á að taka þátt og þótti okkur mikilvægt að nýta þetta tækifæri til að koma að sýn stúdenta. Forseti tók þátt í vinnuhópi í tengslum við heimsmarkmið 4 - menntun fyrir öll og Dagmar Óladóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar tók þátt í vinnuhópi fyrir hönd Stúdentaráðs í tengslum við heimsmarkmið 11 - sjálfbærar borgir og samfélög og 12 - ábyrg neysla og framleiðsla. Vinnan fólst í því að mæta á þrjá fundi sem haldnir voru á Teams ásamt þar sem hópurinn kom sér saman um það hvað mikilvægast væri að kæmist til skila til stjórnvalda.

6.11 SJÚKRA- OG ENDURTÖKUPRÓF

Áralöng hagsmunabarátta stúdenta bar árangur á starfsárinu, þegar heimild til að halda sjúkrapróf haustmíssis í maí var felld úr gildi og tekin úr reglum skólans á fundi háskólaráðs þann 2. febrúar 2023. Þessi breyting grundvallast á tillögu sem lögð var fyrir Stúdentaráð þann 20. október 2021 þess efnis að Stúdentaráð og fulltrúar stúdenta í háskólaráði myndu sameiginlega beita sér fyrir því að reglum háskólans yrði breytt á þann veg að heimild til að halda prófin í maí yrði felld úr reglum skólans. Þáverandi fulltrúar stúdenta í háskólaráði, þær Isabel Alejandra Díaz og Jessý Jónsdóttir fylgdu málinu svo eftir innan háskólaráðs, sem og Rebekka Karlsdóttir, þáverandi sviðsráðsforseti á Félagsvísindasviði.

Um er að ræða löngu tímabærar breytingar sem tryggja jafnari stöðu meðal stúdenta mismunandi fræðasviða innan skólans. Breytingarnar taka gildi nú í haust og munu þá öll sjúkra- og endurtektarpróf sem haldin eru vegna haustmíssis, fara fram í desember og janúar. Breytingin felur einnig í sér samræmingu á kennsluáhrifum á milli fræðasviða og mun

kennsla því hefjast u.þ.b. viku fyrr á sumum fræðasviðum en tíðkast hefur. Prófatímabilið færast sömuleiðis viku fram og lýkur viku fyrr en áður, sem gerir það að verkum að allar lokaeinkunnir verða komnar í hús fyrir jól. Sjúkra- og endurtektarpróf vegna þeirra prófa sem fara fram í lok nóvember munu fara fram í desember og seinnihlutinn fer fram í byrjun janúar. Tryggt verður að það sé að minnsta kosti vika frá því að einkunn birtist þar til að próf fer fram. Stúdentaráð þakkar öllum þeim sem áttu hlut að máli fyrir sína vinnu í þágu þess að tryggja jafnari stöðu meðal nemenda skólans.

Næstu skref eru svo að tryggja að allir stúdentar hafi færi á að taka endurtektarpróf og er það helst á Heilbrigðisvísinda- og Hugvísindasviði sem það skortir. Eins er mikilvægt að reglur um „þrífal” verði skoðaðar í samhengi við þessar breytingar, þá sérstaklega í ákveðnum deildum á Félagsvísindasviði. Mikilvægt er að nýtt Stúdentaráð haldi þeirri vinnu áfram.

6.12 HERFERÐIR STÚDENTARÁÐS

Stúdentaráð fór af stað með eina stóra herferð á árinu, ásamt því að var farið í „mini” herferð innan skólans með það að markmiði að auka kosningaþátttöku í kosningum til Stúdentaráðs. Þá tók Stúdentaráð mikinn þátt í sameiginlegri herferð LÍS og aðildarfélaganna um Menntasjóð námsmanna.

6.12.1 STÚDENTAR SPLÆSA

Í kjölfar umræðna um hækkun skrásetningargjaldsins sem farið er yfir í kafla 6.6 og mikils niðurskurðar á fjárveitingum til Háskóla Íslands, sjá nánar í kafla 6.7, lögðu forseti og varaforseti fram tillögu um að ráðist yrði í herferð á janúarfundi Stúdentaráðs. Lagt var til að herferðin yrði um skrásetningargjaldið sem innheimt er við Háskóla Íslands og tengsl þess við skort á fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi. Tillagan var einróma samþykkt og skrifstofu Stúdentaráðs falið að útfæra og vinna herferðina nánar. Í kjölfarið hafði forseti samband við Aton JL, en hluti af samningi Stúdentaráðs við Landsbankann felst í vinnu auglýsingastofunnar við herferð.

Undirbúningur

Fyrir fyrsta fund með Aton JL kjörnuðum við megin skilaboð herferðarinnar og mótuðum hugmyndina um að hafa innihaldið kjarnyrt, hnitmiðað og koma skýrum skilaboðum áleiðis til almennings og stjórnvalda. Það var mikilvægt að vera ákveðin með skýra stefnu um innihald herferðarinnar frá upphafi, vera búin að kjarna eins vel og hægt er hvert markmið hennar væri


og hver erindið átti að vera út á við, en það var á sama tíma okkar helsta áskorun - þar sem það reynist stundum erfitt að styttu texta um efni sem er flókið og viðfangsmikið. Við töldum strax frá upphafi að stutt skilaboð myndu skila árangri.

Markmiðið var að koma þeim skilaboðum á framfæri að skrásetningargjaldið sem innheimt er við Háskóla Íslands sé beinlínis fráleitt, og hvað þá hækkun þess sem var til umræðu þegar vafi er um að þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu í dag standist lög um opinbera háskóla. Undirfjármögnun háskólastigsins helst í hendur við umræðu um skrásetningargjaldið og því óumflýjanlegt að fjalla um þetta tvennt í einni og sömu herferðinni. Með skrásetningargjaldinu séu stjórnvöld að velta byrðinni af fjármögnun opinberrar háskólamenntunar yfir á stúdenta - stúdentar þurfa að borga vegna þess að stjórnvöld eru ekki að sinna hlutverki sínu. Þá vildum við koma því á framfæri að alveg eins og það er ákvörðun stjórnvalda að ákveða að auka fjárframlög til háskólanna þá er það líka þeirra ákvörðun að fjársvelta háskólana.

Í framhaldinu funduðu forseti og varaforseti reglulega með teyminu hjá Aton JL, skiptumst á hugmyndum við þau og komum okkar sýn varðandi einkennandi útlit herferðarinnar og framsetningu texta á framfæri við hönnuð og textasmið. Það var ákveðið að Stúdentaráð myndi fara í heldur snarpa en kröftuga herferð að sinni og var meginþungi herferðarinnar í gegnum samfélagsmiðla. Mjög mikið var um að vera í samfélaginu í febrúar og var því tekin sú ákvörðun að seinka herferðinni um tvær vikur til að tryggja að herferðin fengi rými í samfélagsumræðunni. Ákveðið var að yfirheiti herferðarinnar yrði *Há-skólann vantar milljarð, núna!* og svo var unnið með þrjú undirslagorð: *Fjársvelti háskóla er pólitísk ákvörðun, Stúdentar splæsa og Stúdentar gjalda misbrestu stjórnvalda.*


Herferðin sjálf

[Lendingarsíða](#), samtengd heimasíðu Stúdentaráðs, var sett í loftið snemma morguns mánudaginn 6. mars þar sem inntak herferðarinnar var kjarnað í stuttu máli í samhengi við slagorðin, ásamt því að settir voru upp sérstakir „spurt & svarað“ flekar þar sem farið var dýpra ofan í ákveðin atriði.



Með ónógri fjárveitingu í mörg ár hafa stjórnvöld brugðist skyldu sinni varðandi grunnstarfsemi háskólanna. Til að brúa bilið sem myndast hefur í rekstri hafa háskólayfirvöld meðal annars brugðið á það ráð að óska eftir því að skrásetningargjöld stúdenta verði hækkuð. Á Íslandi borga stúdentar margfalt hærra skrásetningargjald en þekkist á Norðurlöndunum og er núna til umræðu að hækka gjaldið enn frekar. Stúdentaráð leggst alfarið gegn hækkingu skrásetningargjaldsins sem er nú þegar allt of hátt. Það takmarkar aðgengi að háskólamenntun og skerðir jafnrétti til náms.

Háskólayfirvöld hafa óskað eftir því að skrásetningargjaldið verði hækkað í 95.000 kr. Skrásetningargjald er þjónustugjald, en ekki er að sjá að hækkingin samræmist þjónustunni sem gjaldið á að ná til. Má því draga þá ályktun að óréttmætri byrði á rekstri háskólans sé velt enn frekar yfir á stúdenta. Hækkingu gjaldsins jafngildir dropa í hafið fyrir háskólann, en er verulega íþyngjandi fyrir nemendur. Hí er opinber stofnun og grunnstoð í lýðræðissamfélagi. Sem slík er rekstur hennar í höndum ábyrgra stjórnvalda.



Háskólann vantar milljarð, núna: Háskóli Íslands hefur verið fjársveltur um árabil. Fyrir næsta ár vantar skólann milljarð til þess að ná endum saman, og er þar ekki talið með það fjármagn sem vantar til að bæta upp fjárskortinn seinustu ár. Enn meiri niðurskurður er boðaður í fjármálaáætlun fyrir árið 2024. Þessi sveltistefna stangast á við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Stúdentaráð krefst þess að stjórnvöld standi við gefin loforð. Sterkir opinberir háskólar skipta sköpum fyrir samfélagið; hátt menntunarstig bætir lífskjör, eflir verðmætasköpun og eykur velsæld.



Opinberir háskólar eru háðir fjármögnun ríkisins. Niðurskurður í fjárlögum eða skortur á fjármagni hefur þess vegna veruleg áhrif á getu þeirra til að veita nemendum góða menntun og þjónustu. Það er því í höndum stjórnvalda að tryggja háskólum nægilegt fjármagn, og að afla því á réttmætan máta. Sé það ekki gert er það meðvitund ákvörðun stjórnvalda hverju sinni. Að fjársvelta háskólann er pólitísk ákvörðun sem mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir framtíð háskólastigsins, og þar með samfélagsins alls.

Kostaðar auglýsingar með grafík herferðarinnar voru settar í loftið á samfélagsmiðlum ásamt því að auglýsingar birtust á strætóskýlum í grennd við háskólann alla vikuna. Fréttatilkynning sem sneri að inntaki herferðarinnar var send út snemma sama dag og leitast var við að fá fjölmiðlaumfjöllun um efnið. Kvöldið áður höfðu sjálfboðaliðar hengt upp plaköt í öllum byggingum skólans og límt límmiða um allan bæ. Þriðjudaginn 7. mars birtist [pistill](#) eftir forseta á Vísi þar sem farið var nánar yfir málf lutning stúdenta og þann sama dag bauð stúdentaráð upp á kaffi og spjall um herferðina á Háskólatorgi ásamt því að fjöldapóstur var sendur út á alla nemendur skólans. Fréttir voru skrifaðar um herferðina, þ.á.m. á [Heimildinni](#). Starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs fékk aðgang að upptökuveri í Setbergi og fékk aðstoð þar við að klippa saman stutt myndbönd sem fóru á samfélagsmiðla SHÍ og fengu mikið áhorf, þá sérstaklega á Tiktok og Instagram.

Herferðinni lauk föstudaginn 10. mars þegar fulltrúar frá Stúdentaráði gengu að ráðherrabústaðnum þar sem ríkisstjórnarfundur fór fram, með tvo stóra fána sem handmálaðir voru af starfsfólki skrifstofunnar í sama lit og stíl og grafík herferðarinnar. Ætlunin var að afhenda forsætisráðherra, fjármálaráðherra og háskólamálaráðherra bréf sem innihélt ítarlega samantekt á sjónarmiðum Stúdentaráðs og áhrifum undirfjármögnunarinnar á starfsemi háskólans, stúdenta og samfélagið allt. Óskað var eftir viðbrögðum við bréfinu og þá sérstaklega svörum við eftirfarandi spurningum:

1. *Hvað verður gert til þess að bregðast við stöðu Háskóla Íslands núna?*
2. *Verður niðurskurðurinn sem boðaður er í fjármálaáætlun leiðréttur?*
3. *Mun ríkisstjórnin standa við loforð sín um stóraukin fjárframlög til háskólastigsins?*
4. *Verður lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um opinbera háskóla sem heimilar hækkun skrásetningargjaldsins?*

Krafði Katrínu og Bjarna um skýr svör

Tryggvi Páll Tryggvason skrifar · 10. mars 2023 11:33



Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ, og hópur mótmælenda.

VÍSIR/EINAR

Stúdentar við Háskóla Íslands mótmæltu fyrir utan Ráðherrabústaðinn í dag, vegna þess sem þeir telja vera vanfjármögnun hins opinbera háskólakerfis. Forseti Stúdentaráðs HÍ afhenti forsætis- og fjármálaráðherra áskorun stúdenta og lét ráðherra vinna fyrir kaupinu sínu með krefjandi spurningum.

Búið var að láta ráðherra vita af komu okkar og var einnig send fréttatilkynning á alla helstu fjölmiðla deginum áður. Forseti fór í mörg viðtöl fyrir utan ráðherrabústaðinn á meðan beðið var eftir því að fundinum lyki. Þegar fundinum lauk afhenti forseti SHÍ Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra og Bjarna Benediktssyni, fjármálaráðherra bréfið og nýtti hún í leiðinni tækifærið til að óska eftir svörum við áhyggjum stúdenta. Í [frétt á Vísi.is](#) má sjá samræður forseta við ráðherra, þar sem forsætisráðherra segir m.a. að ekki sé ráðlagt að hækka skrásetningargjöld á meðan verðbólgan er jafn mikil og raunin er. Áslaug Arna var erlendis og gafst því ekki færi á að ræða við hana en forseti fylgdi spurningunum eftir á samráðsfundi ráðherra með stúdentum síðar í mánuðinum sem farið er yfir í kafla 6.6. Bréfið í heild sinni er að finna í kafla 9.6.

Þessi lokahnykkur var gríðarlega mikilvægur partur af herferðinni og bjó til þrýsting á stjórnmalafólk að bregðast við. Birtust fréttir á öllum helstu netmiðlum, á sumum birtist fleiri en ein frétt ásamt því að fjallað var um herferðina í kvöldfréttum RÚV og Stöðvar 2 og vakti mikla athygli, bæði meðal stúdenta og almennings. Stúdentaráð tók í kjölfarið klippur úr fréttatímunum og deildi á samfélagsmiðlum sem fékk mikið áhorf og fór í dreifingu. Mikilvægt er að miðla fréttaflutningi yfir á samfélagsmiðla til að ná til fleira fólks, sérstaklega ungs fólks. Skjaskot úr frétt [Mbl.is](#) og fyrir neðan úr frétt [RÚV](#):

Stúdentar marseruðu á fund ráðherra



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra tók á mót stúdentum við Ráðherrabústaðinn. [mbl.is/Eggert Jóhannesson](#)

Héldu stúdentar á tveimur stórum fánum þar sem annars vegar stóð: „Háskólinn vantar 1.000.000.000“ og hins vegar: „Stúdentar splæsa“.



Stúdentar gengu frá Háskóla Íslands að ráðherrabústaðnum og afhentu þar kröfur sínar. Á 14 metra löngum fánum stúdenta stóð annars vegar „Háskólinn vantar 1.000.000.000“ og hins vegar „Stúdentar splæsa.“ [mbl.is/Eggert Jóhannesson](#)

Stúdentar mótmæla vanefndum ríkisstjórnar

Stúdentaráð Háskóla Íslands krefst þess að stjórnvöld bregðist við bágrri fjárhagsstöðu háskólanna með auknum framlögum - en ekki með hækkun á skrásetningargjaldi nemenda. Forsætisráðherra hefur efasemdir um hækkun gjaldsins en vill engu lofa.

Alexander Kristjánsson
10. mars 2023 kl. 11:04, uppfært kl. 13:36



Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs.
©/V - Regnar Hraeg



„Það er tímabært að stjórnvöld sinni lögbundinni skyldu sinni og fjármagni opinbera háskólamenntun sem skyldi,“ segir Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs. Fulltrúar stúdenta komu saman við aðalbyggingu Háskóla Íslands og gengu þaðan að ráðherrabústaðnum, þar sem ríkisstjórnin fundar.

Þar afhentu stúdentar forsætisráðherra bréf með kröfum sínum um að bætt verði úr fjárhagsstöðu Háskóla Íslands, með auknum framlögum.

Árangur herferðarinnar

Samantekt frá auglýsingastofunni sýndi að herferðin tókst mjög vel til, birtingatölur voru yfir meðallagi, mikið var fjallað um herferðina í fjölmiðlum og hún vakti athygli og umræðu á samfélagsmiðlum. Segja má með sanni að markmiði okkar um að ná eyrum almennings sem og stjórnmalafólks hafi verið náð. Árangurinn birtist þó ekki aðeins í vitundarvakningunni - í lok mars fékkst það staðfest frá ráðherra háskólamála að skrásetningargjöldin yrðu ekki hækkuð á vorþingi og þá voru fjárframlög til háskólastigsins [aukin um 6 milljarða](#) í fjármálaáætlun. Það er ánægjuefni að þessi árangur hafið náðst en þó er aðeins hálfur sigurinn unninn - þrátt fyrir aukningu eru fjárveitingar til háskólastigsins eru enn langt frá því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum og baráttan fyrir endurskoðun skrásetningargjaldsins heldur enn áfram.

Samantekt og ábendingar

Herferðin var hápunktur starfsársins enda mjög ánægjulegt að sjá raddir stúdenta fá svona mikinn hljómgrunn í fjölmiðlum. Gríðarlega mikil vinna fylgir því að útbúa herferð sem þessa og kom allt starfsfólk skrifstofunnar að undirbúningi og framkvæmd hennar. Gerðar voru tilraunir til að virkja stúdentaráðsliða meira en það reyndist erfitt, mögulega vegna miðmissisprófa og verkefnaskila. Mælt er með því að byrja tímanlega að vinna að næstu herferð og leita leiða til að fá fleiri með í vinnuna.

6.12.2 AUKIN KOSNINGAÞÁTTAKA

Varaforseti vann tillögur um hvernig auka mætti kosningaþáttöku út frá tillögu sem barst frá S. Magga Snorrasyni á Stúdentaráðsfundi í nóvember 2022 um markvissa vinnu til að auka kosningaþáttöku í kosningum til Stúdenta- og háskólaráðs. Sú tillaga var einróma samþykkt á fundi ráðsins í febrúar 2023 og fóru þær tillögur sem sérstaklega voru hugsaðar fyrir aðdraganda kosninga í framkvæmd. Áður hafði starfsfólk skrifstofu SHÍ upplýst fulltrúa nemendafélaganna um dagsetningar kosninga á samráðsfundi með nemenda- og hagsmunafélögum þann 23. janúar. Þar var lögð áhersla á að mikið væri um að vera hjá fylkingunum og þau hvött til að fylgjast vel með í aðdraganda kosninga. Í kjölfar samráðsfundarins var sendur út tölvupóstur á nemendafélögin þar sem aftur var minnt á dagsetningar kosninganna og því lágu þær tímanlega fyrir.

Rafrænn upplýsingabæklingur, sem innihélt að mestu upplýsingar sem fyrri skrifstofa hafði tekið saman, var [gefinn út á issue](#). Upplýsingarnar voru aðlagðar að kosningum þessa árs þar sem það var t.d. ekki kosið um fulltrúa stúdenta í háskólaráði í kosningum þessa árs. Bæklingnum var einnig deilt á samfélagsmiðlum Stúdentaráðs.

Textamyndum með helstu upplýsingum varðandi kosningarnar, þ.e. dagsetningum, opnunartíma kosningakerfis á Uglu, framboðslistum og þess háttar var reglulega deilt á miðlum SHÍ í aðdraganda kosninga. Þá voru prentuð plaköt í sama stíl og þeim dreift í byggingar skólans í aðdraganda kosninga. Einnig voru hannaðir og prentaðir þristrendingar í sama stíl og settir á borð í byggingum skólans á kjördag en þeir eru án



dagsetninga kosninga og því er hægt að nota þá aftur. Þá var einnig haft samband við Markaðs- og samskiptasvið háskólans sem birtu fyrir okkur skjáhvílur á upplýsingaskjám skólans á kjördögum. Þá er mikilvægt að hafa í huga að *allur sýnileiki* Stúdentaráðs yfir árið, t.d. í kringum herferð ráðsins og Októberfest, umfjöllun um baráttumál í fjölmiðlum og virkni á samfélagsmiðlum, er til þess fallinn að auka þáttöku í kosningum til ráðsins. Hér eru miklir möguleikar fyrir komandi skrifstofu að koma með nýjar hugmyndir og nálganir til þess að auka kosningavitund og -þáttöku.

6.12.3 SAMEIGINLEG HERFERÐ UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

Á fundi Stúdentaráðs þann 25. október 2022 samþykkti Stúdentaráð að veita fjármunum í sameiginlega herferð stúdenta í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna og skrifstofu Stúdentaráðs falið að útfæra slíka herferð í samstarfi við LÍS. Var upphaflega planið að þetta yrði stóra herferð Stúdentaráðs á



árinu en vegna vendinga í tengslum við skrásetningargjöldin og fjármögnun háskólans var tekin sú ákvörðun að LÍS myndi sjá um og leiða þessa herferð til þess að Stúdentaráð gæti beint sjónum sínum að hinum málaflokkunum. Lánasjóðsfulltrúi vann mjög mikla vinnu í tengslum við herferðina og er það starf nánar rakið í ársskýrslu lánasjóðsfulltrúa. Herferðin tókst vel upp og sýndu birtingartölur góðan árangur. Efni herferðarinnar má finna [hér](#).

6.13 ENDURSKOÐUN LAGA UM ATVINNULEYSISTRÝGGINGAR

Undanfarin ár hefur Stúdentaráð haldið uppi öflugri baráttu fyrir réttindinum stúdenta til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði til jafns við aðra launþega. Bág kjör stúdenta innan námslánakerfisins hefur lengi leitt til þess að stúdentar neyðast til að reiða sig á vinnu samhliða námi. Stúdentaráð hefur sent frá sér alls sjö umsagnir í tengslum við frumvörp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þær umsagnir eru að finna á [student.is](#) eða skrifstofu Stúdentaráðs.

Heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 fór af stað árið 2021 án beinnar aðkomu stúdenta, þrátt fyrir að Stúdentaráð hafi í umsögnum sínum frá þessum tíma óskað eftir því að endurskoðunin yrði unnin í samráði við stúdentana, sem líkt og aðrir hagaðilar var tilefni til að þeir ættu sæti við borðið. Fyrri skrifstofa Stúdentaráðs fundaði með nýjum félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra þann 10. febrúar 2022. Óskað var eftir að ræða betur við ráðherra um atvinnuleysistryggingakerfið og undirstrikað að það þyrfti að finna góða lausn eða málamiðlun á réttindum stúdenta innan þess kerfis, sem eru ósköp takmörkuð. Skrifstofa Stúdentaráð hefur haft samband við ráðherra og óskað eftir fundi til að halda samtalinu áfram en ekki er komin dagsetning á þann fund. Það fellur því í hlut næstu skrifstofu að fylgja því eftir. Nánar má lesa um atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs og fyrri samskipti við ráðuneytið í ársskýrslum fyrri ára.

7 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

Í kjölfar stefnumótunarferðar Stúdentaráðs þann 9. júlí 2022 unnu fastanefndirnar áfram með það efni sem fram kom í málefnavinnunni. Nefndirnar voru með framkvæmdaáætlanirnar fyrri ára til hliðsjónar. Þær framkvæmdaáætlanir eru aðgengilegar á skrifstofu Stúdentaráðs.

7.1 ALÞJÓÐANEFND

Ársskýrsla Alþjóðanefndar International Committee Yearly Report

Meðlimir (e. Members)

- Alma Ágústsdóttir (Alþjóðafulltrúi SHÍ, forseti nefndar – International Officer, president of the Committee)
- Antonia Hamann (óháður aðili, kom inn undir lok haustannar – Unaffiliated party, joined at the end of the autumn semester)
- Dagur Kárason (Vaka)
- Katrín Le Roux Viðarsdóttir (Röskva)
- María Árnadóttir (Vaka)
- Sigrún Hrönn Bolladóttir (Röskva)

Hlutverk nefndarinnar (e. Role of the Committee)

Alþjóðanefnd sér um kynningardaga erlendra nema í samstarfi við Alþjóðasvið Háskólans, sem og mentorakerfi alþjóðanema þar sem að skiptinemar og nýjir alþjóðlegir nemar eru paraðir við nema hér á landi sem getur aðstoðað þau við að aðlagast háskólaumhverfinu og íslensku samfélagi. Sömuleiðis er hlutverk nefndarinnar að stuðla að vellíðan alþjóðanema við skólann, þá sérstaklega með viðburðahaldi miðað að þeim hópi nemenda.

-

The International Committee helps organise Orientation alongside the International Division, as well as the Mentor system where exchange students and new international students are paired up with an experienced student that can introduce them to life at the University and Icelandic society. The Committee's role is also to maintain the well-being of international students at the University, especially by fostering an active social life by hosting events specifically for that group of students.

FUNDIR NEFNDAR (E. COMMITTEE MEETINGS)

Alþjóðafulltrúi boðaði til funda með minnst viku fyrirvara og var þá farið eftir því hvenær nefndarmeðlimir voru lausir. Annað slagið var nefndarmeðlimum boðið að sitja fund með Alþjóðafulltrúa og fulltrúum Alþjóðasviðs þegar á skipulagi Kynningardaga erlendra nema stóð og skipulagi Alþjóðadaga.

Hlutverkaskipting var óformleg og fór eftir því hver var laus í verkefni á hvaða tíma fyrir sig og hafði áhuga á að sinna þeim verkefnum. Alþjóðafulltrúi tók á sig utanumhald og stóran hluta skipulags þar sem að launuð staða á skrifstofunni gerir þeim aðila kleift að hagræða tíma sínum á þann veg að verkefni Alþjóðanefndar séu í forgangi.

-

The International Officer called meetings with no less than a week's notice and they were organised in accordance with the availability of Committee members. Occasionally, Committee members were invited to sit a meeting with the International Officers and representatives of the International Division, when organising Orientation and International Days.

Roles within the Committee were informal and dependant on members' availability and interest. The International Officer took on a large portion of the organisational work since a paid position at the Students' Rights Office allows that individual to prioritise the work of the International Committee.

Fjármunum varið (e. Finances Spent)

Nefndin hélt eingöngu einn viðburð á starfsárinu sem marktækur kostnaður fór í. Sá viðburður var í formi tónleika á Alþjóðadögum og Alþjóðasvið kostaði viðburðinn. Tónlistarmaður og plötusnúður voru bókaðir og var gert ráð fyrir 100.000 kr í heildarkostnað.

Útrentun kynningarefnis og minniháttar kaup á nammi fyrir Alþjóðatorg á Alþjóðadögum voru greidd af Skrifstofu Stúdentaráðs. Þeim kostnaði var haldið í lágmarki og var undir 10.000 kr. Meðlimir nefndarinnar greiddu þá úr eigin vasa og fengu endurgreitt eftir að þau skiluðu kvittunum. Nefndin reiddi sig á fyrirtækjastyrki í formi drykkjarfanga og/eða verðlauna þegar við átti.

-

The Committee hosted only one event during its term with any relevant cost. That event was a concert during International Days and the International Division financed the event. A musician and DJ were booked and the presumed total cost was 100.000 kr.

The printing of promotional material and minor purchase of candy for the International Festival at the International Days was paid for by the Students' Rights Office. That cost was kept to a minimum and was less than 10.000 kr total. Members of the Committee then fronted the cost and were repaid after turning in receipts.

The Committee relied on company sponsorship in the form of drinks and/or prizes when relevant.

Sýnileiki og viðburðir (e. Visibility and Events)

Alþjóðanefnd stóð fyrir:

Karaoke kvöldum (25.08.22, 06.01.23, 11.05.23)

Pub quizum (26.08.22, 15.12.22)

Pub crawlum (31.08.22, 05.04.23)

Mentor mingle viðburðum (31.08.22, 05.01.23)

Ljósmyndakeppni á Alþjóðadögum (umsóknarfrestur til 11.11.22)

Tónleikum á Alþjóðadögum (11.11.22)

Upplýsingafundum fyrir Mentora (29.08.22, 30.08.22, 09.01.23, 10.01.23)

Alþjóðanefnd nýtti sér samfélagsmiðla sína (@internationalcommitteeui á Instagram og International Committee University of Iceland á Facebook) til að auglýsa opna viðburði. Alþjóðafulltrúi nýtti sömuleiðis Instagram og Facebook stories hjá Stúdentaráði til að benda á þá viðburði.

Lokaðir viðburðir, sem og sumir opnu viðburðanna, voru einnig auglýstir með tölvupósti sem sendur var á þá sem skráðir voru í Mentor program þeirrar annar og með Facebook pósti inn á lokaðan hóp Mentora. Upptaka af upplýsingafundi Mentora hvefarr annar fyrir sig var einnig birt á Facebook hópi Mentora eftir að fundirnir fóru fram til að sjá til þess að þeir Mentorar sem komust ekki á fundina gætu engu að síður nálgast upplýsingarnar sem komu þar fram.

Alþjóðanefnd kom einnig að skipulagi og utanumhaldi annara viðburða á Kynningardögum erlendra nema og Alþjóðadögum en þá í samstarfi við Alþjóðasvið. Þar má nefna grill á Kynningardögum erlendra nema (haustönn), súpu á Háskólatorgi á Kynningardögum erlendra nema (vorönn) og Alþjóðatorg á Alþjóðadögum (nóvember).

Við skipulagningu grillsins bókaði Alþjóðafulltrúi plötusnúðinn DJ KARÍTAS (Karítas Óðinsdóttir) og fékk fyrirtækjastyrk frá Ölgerðinni og CCP í formi gosdrykkja. Í samstarfi við Stúdentakjallarann styrkti Ölgerðin viðburðinn líka um einn bjórkút til að brúa bilið á milli grillsins og viðburðar Alþjóðanefndar sem fór fram á Stúdentakjallaranum. Alþjóðanefnd hjálpaði Alþjóðasviði svo að manna grillið og koma pylsum út til alþjóðanema. Við skipulagningu súpunnar fékk Alþjóðafulltrúi fyrirtækjastyrk frá Ölgerðinni í formi gosdrykkja.

Alþjóðanefnd stóð vaktina á Alþjóðatorgi og svaraði spurningum alþjóðanema. Nefndin hafði prentað út markaðsefni til að kynna sína vinnu og viðburði sem hún stóð fyrir á dögnum.

-

The International Committee hosted the following events:

Karaoke nights (25.08.22, 06.02.23, 11.05.23)

Pub Quizes (26.08.22, 15.12.22)

Pub Crawls (31.08.22, 05.04.23)

Mentor Mingle events (31.08.22, 05.01.23)

Photography Competition during International Days (deadline 11.11.22)

Concert during International Days (11.11.22)

Informational Meeting for Mentors (29.08.22, 30.08.22, 09.01.23, 10.01.23)

The International Committee employed its social media accounts (@internationalcommitteeu on Instagram and International Committee University of Iceland on Facebook) to advertise open events. The International Officer also employed the Student Council's Instagram and Facebook stories to further draw attention to those events.

Closed events, as well as some open events, were also advertised via email to those students signed up for the Mentor Programme of that semester and via posts on the Mentors' closed Facebook group. A recording of the Informational Meetings for Mentors was also posted on that group after the meetings took place to ensure that those mentors who were unable to attend either meeting could still reach the information provided there.

The International Committee also took part in organising and hosting other events during Orientation and International Days but then in cooperation with the International Division. For example, a grill during Orientation (autumn semester), soup at the University Centre during Orientation (spring semester), and the International Festival during International Days (November).

When organising the grill the International Officer booked DJ KARÍTAS (Karítas Óðinsdóttir) and got a corporate sponsorship from Ölgerðin and CCP in the form of sodas. In cooperation with the Student Cellar, Ölgerðin also sponsored the event in the form of a keg to bridge the gap between the grill and the International Committee's event that took place at the Student Cellar. The International Committee also helped the International Division man the grills and get hot dogs out to international students.

When organising the the soup the International Officer got a corporate sponsorship from Ölgerðin for sodas.

The International Committee manned its own table at the International Festival and answered the questions of international students. The Committee had printed out marketing materials to introduce its work concisely and advertise events they had organised during International Days.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur (e. What Went Well and What Could Have Gone Better)

Það gæti aukið ábyrgðatilfinningu nefndarmeðlima að gefa öllum meðlimum sérstakt verkefni, s.s. ritari, samfélagsmiðlastjóri, o.s.frv. Sömuleiðis myndi ég mæla með að setja fasta fundartíma á hvorri önn fyrir sig og hittast mánaðarlega þó að ekki séu sérstakir viðburðir sem verður að skipuleggja á þeim tíma.

Allt viðburðahald gekk þó vel og nefndarmeðlimir voru duglegir að stökkva til þegar kom að því að sækja vinninga, vera viðstödd viðburði og stjórna pub quizum, sem bæði fóru fram þegar Alþjóðafulltrúi var í öðrum verkefnum og gat ekki verið viðstaddur.

Það væri gagnlegt að safna nefndarmeðlimum saman í „vinnufund“ þar sem að ráðist er í mentora-pörun. Þetta verkefni er mikil handavinna og getur tekið marga daga ef Alþjóðafulltrúi vinnur það einn síns liðs.

-

It could increase a feeling of responsibility in Committee members to give all members a specific role, such as secretary, social media manager, and so on. Additionally, I would recommend setting set meeting times for each semester and meeting on a monthly basis, even when there are no specific events to plan.

All event management went smoothly and Committee members were readily available to take on picking up prizes, manning events, and running pub quizzes, both of which took place when the International Officer was otherwise engaged and could not be present.

Gagnlegar upplýsingar (e. Useful Information)

Kolbrún á Alþjóðasviði sér um allt viðburðahald svo sem á Kynningardögum erlendra nema og Alþjóðadögum. Póstfangið hennar er kolbrunh@hi.is.

Aníta á Alþjóðasviði sér um komu erlendra nema og utanumhald með Mentor kerfinu. Póstfangið hennar er anita@hi.is.

Faneyk sér um það sem við kemur Aurora. Póstfangið hennar er fanneyk@hi.is.

Álagstímar fyrir nefndina eru Kynningardagar erlendra nema og Alþjóðadagar og nefndarmeðlimir ættu að fá að vita af þeim dagsetningum sem fyrst og taka frá þann tíma þar

sem að viðburðir og verkefni fara fram um daginn á ákveðnum tímum sem nefndin velur ekki endilega sjálf, sem dæmi má nefna göngur um háskólasvæðið og Alþjóðatorg en það eru verkefni sem Alþjóðafulltrúi veldur ekki einn síns liðs.

-

Kolbrún, at the International Division, oversees the running of all events such as during Orientation and International Days. Her email address is kolbrunh@hi.is.

Aníta, at the International Division, oversees the arrival of international students and the registration for the Mentor system. Her email is anita@hi.is.

Fanney oversees everything to do with Aurora. Her email is fanneyk@hi.is.

Pressure times for the Committee are around Orientation and International Days and Committee members should be alerted to those dates as soon as possible and should reserve the time where events and projects will take place during office hours at times not decided by the Committee, for example tours around the campus and the International Festival, since those are projects that can not be shouldered by solely the International Officer.

Alma Ágústsdóttir

Alþjóðanefnd

7.2 FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND

Í félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Guðríður Elísa Pétursdóttir - forseti
- Skarphéðinn Finnbogason
- Arent Orri Jónsson
- Sýlvía Rut Jóhannesdóttir maí 2022 - ágúst 2022
 - Ármann Leifsson ágúst 2022 - maí 2023
- Aníta Rakel Hauksdóttir
 - Kom inn sem fimmti meðlimur október 2022

Nefndin tók við á skiptafundi sem haldinn var þann 18. maí 2022. Fyrsti fundur nefndarinnar var tekinn ásamt varaforseta stúdentaráðs Háskóla Íslands Grétu Dögg Þórisdóttur þann 9. júní 2022 þar sem farið var yfir hlutverk nefndarinnar og hvaða viðburðir væru á dagskrá. Taka skal fram einnig að nefndin tók þátt í skipulagningu og auglýsingum fyrir Sumarfestival HÍ sem haldið var 20. maí 2022. Sýlvía Rut var upprunalega í nefndinni en ákvað að hætta í ágúst svo farið var í að finna annan úr Röskvu til að koma inn í staðin og var það Ármann sem kom.

Hlutverk nefndar

Hlutverk nefndar er að standa undir viðburðum innan Háskóla Íslands og halda uppi félagslífi fyrir nemendur innan skólans.

Skipulag og fundir nefndar

Ekki var beint skipulag innan nefndarinnar en Guðríður forseti sá um flest og var með yfirumsjón yfir nefndinni en einnig sá hún um samfélagsmiðlana. Mikil hjálp fékkst frá Skrifstofu Stúdentaráðs. Fundir voru haldnir fyrir hverja viðburði fyrir sig, eftir viðburði til að fara yfir það sem mætti gera betur og nokkrir inn á milli til að heyrast aðeins og skipuleggja hvað kæmi næst. Fundirnir voru bæði haldnir á zoom og í raunheimum en oftast hittist nefndin á Stúdentakjallaranum en einnig var möguleiki að leigja stofu til að funda.

Fjármunum varið

Nefndin fékk styrki hjá fyrirtækjum svo sem Smitten, Landsbankanum, Tuborg, Símanum, Slow cow og Concept events til að halda viðburðina. Styrkur frá markaðs- og samskiptadeild fékkst til að flytja mörk á nýnemamóti SHÍ en nákvæm upphæð er ekki vituð þar sem mark- og sam fékk reikninginn beint til sín. Styrkur frá skrifstofunni fékkst til að kaupa Nóa kropp og skálar fyrir Ölympíuleikana.

Gjöld: 5418 kr

Tekjur: 5418 kr

Samtals: 0 kr

Viðburðir

Nefndin hélt 11 viðburði yfir skólaárið þar sem allt gekk virkilega vel yfir heildina litið og er forseti mjög ánægð með árangurinn. Hjálp frá skrifstofu SHÍ var alltaf hægt að fá og er hún ótrúlega þakklát þeim. Forseti náði Instagram reikning fél- og menn úr um 150 fylgjendum yfir í 800 og var það mjög mikilvægt að ná að auka sýnileika nefndar og auglýsa viðburði til sem flestra. Hún gerði það með því að fylgja öllum sem voru að fylgja td. nemendafélögum, stúdentaráði og fleiri og mælir hún með því að halda því áfram á næsta ári til að fá nýnema til að taka þátt.

Auglýsingar viðburða voru gerðar í Canva, á bæði íslensku og ensku, og auglýsingar voru birtar á Facebook og Instagram hjá nefndinni en einnig auglýsti stúdentaráð alla viðburði á sínum miðlum. Einnig var oft sent beint á nemendafélögin á Instagram eða á forseta nemendafélaganna til að ýta vel á þau til að taka þátt sem virkaði vel. Skráningar á viðburði eða keppnir fóru fram með google eyðublöðum.

Smitten-Laug SHÍ

Smitten laugin var haldin þriðjudaginn 30. ágúst 2022 sem hluti af “kick-off viku SHÍ” fyrir Októberfest og var það fyrsti viðburður félagslíf- og menningarnefndar á árinu. Hún var haldin á stúdentakjallaranum sem við fáum frítt til að halda viðburði. Haldin voru 2 holl og í hverju holti var einn spyrill og 3 keppendur sem svöruðu spurningum spyrils og í endann valdi spyrill uppáhalds keppandann sinn og enduðu þessir 2 einstaklingar sem sigurvegarar og fengu að launum miða á Októberfest. Fyrir hvert holl voru spurningar í c.a. 20 mín en við leyfðum líka kynnunum að finna flæðið og ákveða hvenær væri best að taka síðustu spurninguna og slúttu gígginu.

Notað var Google forms fyrir skráningu í keppnina en bæði var hægt að skrá sig og tilnefna aðra, skráningin var opin í um 2 vikur. Alls fengust um 190 skráningar/tilnefningar en þá var lokað fyrir svör. Keppendur sem kepptu voru bæði tilnefnd og skráðu sig sjálf til leiks en vel var tekið í að taka þátt svo ekki var erfitt að finna keppendur. Til að hafa samband við mögulega keppendur sendi forseti á þau á Facebook til að athuga stöðuna. Passa þurfti að staðfesta kynhneigð einstaklinga svo að keppendum var parað rétt saman í holl, taka má fram að spurt var með virðingu þar sem kynhneigð kemur engum við en í þessu tilviki þurftum við að vita.

Patrekur Jaime áhrifavaldur og Ella María Georgsdóttir, sem vann fyndnasta háskólanemann 2022, voru fengin sem kynnar en Smitten greiddi fyrir það að fá Patrek og fyrir frían bjór á svæðinu. Nefndinni fannst mikilvægt að hafa þekktan kynni sem fengi fólk á staðinn. Mætingin fór fram úr okkar björtustu vonum og var fólk strax byrjað að mæta um 17:30 (viðburðurinn byrjaði 19:30) og þegar leið á kvöldið þurftum við að loka Stúdentakjallaranum og vísa fólki frá þar sem of margir voru inni á staðnum.

Viðburðurinn gekk mjög vel en það sem má breyta var að preppa kynnana aðeins betur upp á það hvað þau væru í raun að fara í gera í smáatriðum en það reddaðist allt á endanum. Það hefði mátt gera eins margar spurningar og hægt var til að hafa til vara ef keppendur svöruðu stuttlega. Það mætti einnig ef haldið yrði aftur mögulega finna stærra húsnæði, en okkur fannst gaman að nýta kjallarann þar sem hann er frír fyrir okkur og alltaf góð stemming þar. Við opnuðum fyrir kútana 19:30 og við vorum með 100 bjóra í boði sem hurfu eins og enginn væri morgundagurinn enda var varla hægt að labba þarna inni það var svo troðið. Miðað við hvað gekk vel er Smitten pottþétt til í að gera þetta aftur á næsta skólaári.

Ölympíuleikar SHÍ

Ölympíuleikarnir voru haldnir 2. september 2022 í símatjaldinu á Októberfest svæðinu en tilgangur Ölympíuleikana var að fá fólk fyrr á svæðið. Ölympíuleikarnir eru það sama og mínútuleikarnir sem hefur verið síðustu ár en við ákváðum að breyta nafninu vegna þess að við bjuggumst ekki við að fólk áttaði sig á hvað var átt við og vildum hafa þetta aðeins skemmtilegra nafn. Við höldum skráningu með google forms þar sem skráð var tengiliður liðins og nafn nemendafélagsins. Við herjuðum virkilega á nemendafélögin að taka þátt með því að senda á þau á Instagram og tala beint við forsetana um að mynda lið. Alls skráðu sig 18 lið og voru nemendafélögin mjög spennt fyrir leikunum og mikið að peppa á Instagram.

Leikarnir byrjuðu 19:00 en við báðum liðin um að vera mætt 18:45 til að allt gengi smurt fyrir sig þar sem dagskrá októberfest byrjaði 19:30. Þar sem var svo ótrúlega mikið af fólki urðu leikarnir smá "kaos" og við náðum ekki að byrja fyrr en 19:20 þar sem þurfti að útskýra vel og lengi fyrir fólki hvernig leikarnir færu fram, þá hvaða þrautir væri verið að keppa í og hvernig þær virkuðu. Mögulega er næst hægt að tilkynna fyrirfram hverju verður keppt í til að auðvelda. Tengiliður nemendafélagsins fékk sent daginn áður hversu mikilvægt væri að mæta 18:45 - sem að liðin gerðu mjög samviskusamlega.

Við skiptum liðunum til helminga og höfðum tvö holl, semsagt 9 lið kepptu fyrst og síðan endurtókum við leikinn með hinum 9. Úr hverju hollu fór eitt lið áfram og kepptu þau lið í úrslitum.

Leikarnir voru eins konar boðhlaup en þar voru 3 þrautir sem þurfti að klára og fyrsta liðið til að klára allar 3 þrautirnar komst áfram í úrslit. Leyfilegt voru 4-6 keppendur í liði og leikarnir byrjuðu á Nóa kropps leiknum þar sem einn einstaklingur keppti og þurfti að ná skál af Nóa kroppi yfir í aðra skál með röri. Næsti leikur var flip a cup, þar gat líka bara einn keppt og í síðustu þrautinni kepptu 4 einstaklingar sem var eins konar foss. Allir 4 fengu bjór og fyrsti keppandinn byrjaði að drekka sinn bjór og þegar hann var búinn mátti sá næsti byrja o.s.fr. Þangað til að allir í liðinu höfðu klárað bjórinn sinn. Úrslita leikurinn var síðan beer pong. Vatnið og Mágus komust í úrslit en Vatnið sigraði með glæsibrag.

Það sem hefði mátt gera betur var að við vorum mjög sein með uppsetningu vegna misskilnings svo gott er að vera búinn að skoða tjaldið og ákveða uppsetninguna með smá

fyrirvara ekki á staðnum. Við vorum með 1 dómara í hverri keppni en þar sem var svo mikið af fólki og troðningur í hámarki hefði mátt hafa a.m.k. 3 í síðustu þrautinni í boðhlaupinu til að grandskoða hvort bjórarnir voru í fyrsta lagi búnir og hvaða lið var fyrst að klára. Mikilvægt líka að hafa bjórana í plastglasi til að sjá vel hvort bjórin sé í raun og veru búnir og hver var fyrstur að klára. Einnig hefði mátt hafa stærra tjald þar sem mættu svo margir að hvetja sitt lið áfram. Einnig var búið að fá samþykkt leyfi til að hleypa inn fyrir á hátíðina en á síðustu stundu var það tekið til baka sem kom sér ekki vel fyrir okkur þar sem liðin voru byrjuð að mæta. Bjórin í leikana fékkst gefins frá Tuborg og síðan fékk nefndin fjármagn til að kaupa Nóa kropp og skálar. Vinningar voru skaffaðir af Tuborg og Símanum en Tuborg gaf bjórkút sem innihélt 60 bjóra fyrir sigur-nemendafélagið og Síminn gaf keppendum mánaðar áskrift af Stöð 2 premium og hamborgaratilboð á hamborgarabúllunni.

Leikarnir gengu annars í heildina vel og markmiðinu var svo sannarlega náð að fá sem flest fólk fyrir inn á svæðið.

Nýnemamót SHÍ

Þar sem mikið var í gangi varðandi Októberfest þá fór mjög lítil tími í að hugsa um nýnemamót SHÍ sem fór fram fimmtudaginn 8. september kl 12. Við settum út event á Facebook og skráningu á google forms þann 5. september og fórum strax í það að reyna að hvetja nemendafélögin að skrá sig til leiks. Við sendum félögum á instagram og einkaskilaboð á forsetana. En Októberfest nýlega búið og allir þreyttir og nú þegar búið að herja á nemendafélögin að skrá sig á Ölympíuleikana.

Þann 7. september, daginn fyrir mótið var ekkert lið búið að skrá sig og var nefndin orðin frekar stressuð. Forseti fór á fullt í það að senda á nefndir á instagram og bögga forsetana á facebook og í enda dags voru 9 lið skráð á mótið - sem sannar það að tala beint við forsetana hjálpar gríðarlega. Einnig fór forseti og reddað sjúklega flottum vinning og lét allar nefndirnar vita hvað það var og hefur það líklega ýtt undir áhuga. Mótið fór fram á grasblettinum fyrir utan aðalbygginguna kl 12:00 í hádeginu og vorum við einstaklega heppin með veður. Keppnin var útsláttarkeppni og var keppt upp á 1. og 2. sæti. Flottasti búningurinn átti að líka að vera keppni en þar sem ekki var lögð áhersla nógu mikið á það var hætt við þar sem enginn lagði sig fram í það sérstaklega.

Mörkin fengust frá Val og var flutningabíll pantaður til flutninga sem kom kl 10:30 og hefði alls ekki mátt vera seinna, hefði jafnvel verið flott að fá hann kl 10:00. Tveir meðlimir nefndarinnar voru hjá Val til að lyfta mörkunum í bílinn og aðrir tveir voru í HÍ að taka á móti þeim. Frá fyrrum forseta voru fengnar þær upplýsingar að krani hefði verið pantaður til að lyfta þeim á vörubíl en það er ekki talið nauðsynlegt og ekkert mál að lyfta mörkunum svo við mælum með því að spara peninginn. Styrktaraðilar mótsins voru Slow cow sem gáfu helling af drykkjum og Concept Events sem gaf okkur vinninginn sem var sjúklega flottur hátalari. Markaðs- og samskiptadeild borguðu síðan fyrir flutningabílinn sem ferjaði mörkin á milli staða.

Það sem hefði mátt því gera betur er að undirbúa viðburðinn fyrir ef hægt er og auglýsa besta búninginn mikið mikið betur því myndir frá fyrri árum eru mjög skemmtilegar. Mótið heppnaðist annars mjög vel og erum ánægð með árangurinn sem náðist á stuttum tíma.

Vísindaferðir SHÍ

Vísindaferðir SHÍ voru 5 talsins, eitt fyrir hvert svið skólans og voru þær allar haldnar á Stúdentakjallaranum, haustönn 2022. Vísindaferðinar voru haldnar í samstarfi við skrifstofu SHÍ og sviðsráðin og var hlutverk nefndarinnar í undirbúning að panta Stúdentakjallaranum, gera kahoot og redda vinningum fyrir kahoot. Á viðburðunum sjálfum var hlutverk okkar að bjóða fólk velkomið, kynna dagskrá og halda flip a cup leik í byrjun til að koma fólk í gang.

Skrifstofan sendi á nemendafélögin á instagram til að velja dagsetningu sem hentaði best en við vorum í samráði við SHÍ búin að velja fimm dagsetningar sem myndu henta okkur og völdu félögin úr því. Vanalega eru vísó haldin á föstudögum en ákveðið var að hafa fimmtudaga líka til boða þar sem margir eru með vísindaferðir innan nemendafélaganna á föstudögum. Vinningar fyrir kahoot voru reddaðir með því að senda á öll þau fyrirtæki sem okkur datt í hug en þar voru t.d. veitingastaðir, ísbúðir og samstarfsaðilar SHÍ. NOVA gaf stærri vinninga fyrir happdrættið sem var hvorki meira en né minna airpods.

Við skiptum okkur niður á vísindaferðir þar sem 2 frá fél- og menn voru á hverri og ákveðið var að þeir sem voru á sínu sviði myndu halda þá vísó en eftir á var hugsað hvort hefði verið gaman að koma sem gestur svo það er hægt að hugsa út í það fyrir næsta ár. Dagskráin var svoleiðis að fyrst bauð fél- og menn fólk velkomið og bauð því að fá sér bjór sem útvegaður var ókeypis, við báðum síðan einn úr hverju nemendafélagi að koma og keppa í flip a cup á staðnum, vorum bara með borð á sviðinu og bjór í plastglösum sem við fengum úr kútnum sem var í boði. Síðan kom skrifstofa SHÍ og kynnti starfið. Því næst var það viðeigandi svið sem kynnti sig og að lokum vorum við með kahoot og happdrætti. Allt gekk með þrygði og skemmtum við okkur vel að halda þetta.

Jólaþak

Jólaþak var haldið mánudaginn 19. desember á Stúdentakjallaranum og var planið að hafa jólamynd, jólabjór og að hægt var að skreyta piparkökur. Viðburðurinn var auglýstur á facebook og instagram en ekki var mikil aðsókn í hann en viðburðurinn á facebook fór ekki á mikið flug - held að við höfum náð kannski heilum 10 einstaklingum til að merkja við "interested". Smitten styrkti viðburðinn með jólabjór þar sem öll gátu fengið frían bjór með því að sýna að appið hafi verið í símanum. Í staðin voru sýndar auglýsingar á skjávarpanum frá þeim og fengu þau sitt pláss á auglýsingum. Við mælum ekkert sérstaklega með að halda nákvæmlega svona viðburð þar sem virkilega fáir mættu. Ekki kannski mjög spennandi, á mánudegi og fólk komið í jólafrí. Fylkingarnar eru einnig vanar að halda svona viðburð svo kannski bara fínt að leyfa þeim að sjá um það.

Partýbingó SHÍ

Partýbingó SHÍ var haldið 3. febrúar 2023 á Stúdentakjallaranum. Mikið var hugsað hvort við ættum að breyta um umhverfi þar sem nokkrir hafa beðið um það en þar sem ekkert stórt sponns var fengið, þá var kjallarin öruggt val varðandi fjármagn. Einnig var hugsað hvort það væri ekki gaman að fá frægan bingóstjóra en enn og aftur þar sem ekkert sponns var til staðar þá var ákveðið að taka ekki sénsinn ef ekki var safnað nægur peningur með því að selja spjöld. Nefndarmeðlimur Aníta fékk vinkonu sína Guðný með sér í verkefni bingóstjóra og í staðin fékk Guðný gjafabréf sem nefndin átti til.

Vinningar voru safnaðir og fengust yfir 60 til að gefa en Guðríður og Aníta gerðu lista yfir mjög mörg fyrirtæki á Íslandi og sendu þeim tölvupóst þar sem góðar móttökur voru fengnar og flottir vinningar gefnir. Næsta nefnd má endilega fá þennan lista ef þess er óskað. Nefndin pantaði 500 spjöld af bingospil.is og borguðu Smitten fyrir þau. Þeir sem voru með Smitten appið fengu 2 spjöld frítt og bjór á barnum á meðan birgðir entust. Einnig gaf smitten okkur 3 spottera til að gefa í vinninga. Af kútnum tókum við 5 bjóra til að hafa smá chugg keppni í hlénu til að brjóta viðburðinn upp. Varðandi auglýsingar þá gerði forseti auglýsingar á canva og viðburð á facebook.

Á hverjum degi voru birtir vel valdir vinningar til að auka áhuga fólks og nemendafélög beðin um að birta.

Viðburðurinn gekk virkilega vel og var þétt setið á kjallaranum. 500 spjöld voru ekki notuð öll þar sem fólk fékk bara 2 en við notuðum líklega í kringum 400 - þar sem er ekki mikill verðmunur þarna á milli held ég að það sé sniðugt að taka aftur 500 spjöld sérstaklega ef að sponns er til. Það sem hefði mátt ganga betur er það hefði alveg mátt hafa þetta á stærri stað, margir sem stóðu af því það voru ekki til sæti. Við biðum virkilega lengi eftir svari um sponns og á þessum tíma vissum við ekki nákvæmlega hvað hægt væri að gera varðandi að panta sal og bingóstjóra. Við mælum með að vera tímanlega í þessu þar sem fyrirtæki eru lengi að svara svona.

Við mælum virkilega með að hafa þetta frítt, það var alveg pottþétt ástæðan hvers vegna svona margir mættu og líka bara gaman að fá að gera eitthvað skemmtilegt fyrir fólkið okkar.

Fyndnasti háskólaneminn

Fyndnasti háskólaneminn hefur verið síðustu ár 3 viðburðir í heildina þar sem tvö undanúrslit voru haldin og síðan eitt úrslitakvöld. Því miður þá var ekki nægileg aðsókn í keppnina svo vegna fárra keppenda þurftum við að breyta því í einn viðburð þar sem allir kepptu sama kvöld, í raun var þetta bara eitt úrslitakvöld.

Undirbúningur gekk ágætlega en virkilega erfitt var að fá fólk til að skrá sig eða tilnefna annað fólk til að skrá sig. Við reyndum að henda af stað gjafaleik til að láta fólk tilnefna eða skrá sig sem að gerði nákvæmlega ekkert fyrir viðburðinn og tóku varla neinir þátt í honum. Forseti tók það að sér að hafa samband við fólk og reyna í raun bara að peppa það í að taka þátt sem gekk mjög brösuglega þar sem fólk er bara eiginlega alls ekki til í að taka þátt í svona sama við hversu mikið af fólki hún talaði við. Gert var google eyðublað fyrir skráningu og tilnefningar og event gerður með því til að koma því á flug. Þetta eyðublað var birt á Instagram og facebook og á hverjum degi sett í Instagram story en því miður kviknaði nánast enginn áhugi og komu ekki nema heilar 10 tilnefningar (ein skráning í því). Einnig hengdum við upp plaköt með QR kóða til að skrá sig.

Við höfðum samband við Móðurskipið varðandi að fá dómara og voru Jakob Birgis og Jóhann Alfreð lausir. Við fengum síðan Ellu Maríu sem að vann keppnina í fyrra í að vera dómari og kynnrir og fengum einnig Ebbu Sig að kynna með henni, þau voru öll geggjuð í sínu starfi og erum mjög ánægð með þau. Okkur fannst líka gaman að fá Ellu Maríu sem kynnrir og væri kannski gaman að fá sigurvegarann í ár til að vera kynnrir á næsta ári. Landsbankinn var styrktaraðili fyndnasta háskólanemans og veittu þau pening í vinningana sem var 150þús í heildina, 100þús fyrir fyrsta sæti, 30þús fyrir annað og 20þús fyrir það þriðja. Við fengum upprunalega 500-600þús í budget fyrir öll 3 kvöldin en þar sem við breyttum því í eitt notuðum við ekki allt. Við tókum eins og vanalega nokkra bjóra úr kútunum sem voru gefins til að láta keppendur, kynna og dómara fá.

Landsbankinn gerðu auglýsingar sem voru virkilega flottar en þetta voru auglýsingar sem þau áttu frá fyrri árum en eini gallinn við það var að við gátum ekki breytt því eða gert okkar eigin auglýsingar t.d. með gjafaleik og svona og var oft bið á auglýsingunum. Myndbönd áttu að vera gerð til að auglýsa viðburðinn en nefndarmeðlimir sem fengu það hlutverk fylgdu því ekki eftir. En myndböndin, sem hefðu verið stutt fyrir tiktok og reels, áttu að vera t.d. kynningar á keppendum, eitthvað pepp með kynnum og dómurum eða bara eitthvað skemmtilegt.

Til að redda málunum kynnti forseta keppendur á instagram.

Það sem hefði mátt gera betur er að myndböndin hefðu verið mjög skemmtileg og leggja mátti vinnu í það. Fyndasti háskólaneminn er frábær hefð sem má ekki deyja út og vonandi verður henni haldið á lífi þar sem þetta er svo skemmtilegur og fyndinn viðburður. En miðað við reynslu í ár er þetta erfiður viðburður að halda og mikil streita sem fer í það að fá keppendur. Ef að 100.000kr laðar ekki fullt af keppendum að þá veit ég ekki hvað mun gera það. Ef að undirbúningur gengur vel á næsta ári er það frábært en ef það gengur allt illa þá leggur forseti fram að mögulega breyta (eða jafnvel bara bæta við) fyndasta háskólanemanum í "Söngfugl Háskólans" þannig að söngur kemur í staðin fyrir uppistand. Það er líklegra auðveldara að fá fólk til að syngja en að vera með uppistand. Viðburðurinn gekk þó vel og mættu margir til að horfa. Við tókum borð frá fyrir dómarana og gáfum þeim blað og penna til að skrifa niður pælingar varðandi keppendur.

Samantekt

Í heildina litið heppnaðist allt rosalega vel þó að mikið álag hafi verið á forseta en er hún samt mjög ánægð með árið þar sem miklu var áorkað. Ársskýrslan frá 2019-2020 hjálpaði mjög mikið en þar er mikið tekið fram sem hjálpaði þar sem oft er margt óljóst og reyndi ég að gera okkar skýrslu einnig þannig. Ég segi það með henni Jessý sem var forseti 2019-2020 að þá má endilega skoða það að stækka nefndina þar sem þetta er mikið álag og mikið að gera fyrir litla nefnd, sérstaklega ef verkefni lenda á 1-2 einstaklingum.

Það sem forseta finnst mjög mikilvægt er að fólk sem ætlar að vera í nefndinni verður að vera til staðar og taka í alvöru þátt. Fínt væri að skoða það að hafa einhverskonar reglu að ef nefndarmeðlimur er ekki að taka þátt þá mætti forseti vísa meðlim úr nefndinni og fá annan í staðinn sem vill leggja sig fram og gera vel. Forseti lagði fram lagabreytingu til að fá fimmta meðlim inn sem fyrst en ekki að bíða með það fram í október þar sem margir viðburðir eru búnir þá sem hefði verið mikil hjálp að fá auka 2 hendur strax. Forseti sendir innilegar þakkir til skrifstofu SHÍ sem var alltaf til í að hjálpa og lék stórt hlutverk í mörgum af viðburðum nefndarinnar, þetta hefði ekki verið hægt án þeirra. Ég segi annars bara takk fyrir mig, þetta hefur verið mikil reynsla í bankann og er það mjög gott í hjartað að halda viðburði sem heppnast vel. Til næstu nefndar þá vil ég nefna að það má alltaf heyra í mér ef það er eitthvað óljóst eða álit vantar.

Guðríður Elísa Pétursdóttir
Félagslífs- og menningarnefndar

7.3 FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Birkir Örn Þorsteinsson, forseti
- Embla Rún Halldórsdóttir
- María Árnadóttir
- Ýr Aimée Gautadóttir Presburg
- Roman Chudov

Hlutverk nefndarinnar

Nefndin tekur til meðferðar fjármál stúdenta auk tengsla þeirra við atvinnulífið. Markmið nefndarinnar er að skapa mikilvæga tengingu stúdenta við atvinnulífið, tengingu sem helst til framtíðar.

Fundir nefndar

Fjórir fundir voru haldnir á skólaárinu þar sem allt fólkið hittist og farið var yfir þau verkefni sem þurfti að klára.

Fjármunum varið

Gjöld: 0

Tekjur: 0

Samtals: 0

Sýnileiki og viðburðir

Atvinnutækifæri hjá Ícelandair:

Viðburður í samstarfi við Ícelandair þar sem fólk frá Ícelandair kom og hélt erindi um nýjar stöður sem stúdentar gátu síðan sótt um seinna á önninni.

Atvinnudagar:

Skipulagning Atvinnudaga er unnin í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf HÍ. Undirbúningurinn hófst í október. Dagskráin var fjölbreytt á skemmtileg. Meðal þeirra liða sem voru þar á dagskrá voru CV-kíník hjá náms- og starfsráðgjöf auk fjölda annarra fyrirlestra. Meðal annars hélt Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra erindi um framtíð vinnumarkaðarins. Bragi Valdimar Skúlason, íslensku-, auglýsinga og tónlistarmaður erindi sem bar heitið “Tengsl og tunga” um mikilvægi þess að koma vel fyrir sig orði við tengslamyndun og á vinnumarkaði. María Dóra Björnsdóttir deildarstjóri Nemendaráðgjafar Háskóla Íslands hélt erindi um hvernig stúdentar geta haft áhrif á eigin starfsferil frá því að þau velja sér háskólanám, meðan á námi stendur og þar til þau útskrifast og fleiri mjög góð erindi voru á dagskrá alla vikuna, bæði á staðnum og eru flest erindin núna aðgengileg á netinu. Atvinnudagarnir voru heilt yfir mjög vel heppnaðir.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Skipulagning Atvinnudaga er unnin í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf HÍ og því er mikilvægt að koma sér í samband við þau sem fyrst.

Gagnlegar upplýsingar

Margt hægt að gera með þessa nefnd og er það undir fólkinu komið hversu mikið það vill gera, það eru allt hægt og mjög gaman að setja sig í samband við fólk í atvinnulífinu því það vill halda viðburði og upplýsa nemendur um stöðuna á vinnumarkaði.

Birkir Örn Þorsteinsson, Forseti Fjármála- og atvinnulífsnefndar

7.4 JAFNRÉTTISNEFND

Í jafnréttisnefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Jón Ingvi Ingimundarson, forseti
- Anna María Kjeld
- Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir
- Védís Drótt Cortez
- Dagur Kárason (Birta Karen Tryggvadóttir sat fyrri part haustannar)

Hlutverk nefndarinnar

Jafnréttisnefnd SHÍ sér um að standa vörð um jafnrétti innan Háskóla Íslands og vekur athygli á því þegar jafnrétti er ekki framfylgt. Nefndin stuðlar að því að öll sem sækja nám innan háskólans séu sett undir sama hátt, burtséð frá kyni, bakgrunni, aldri fötlun eða öðrum þáttum.

Fundir nefndar

Fundir nefndar voru ekki margir en voru þó reglulega skipulagðir til þess að passa að upplýsingar næðu til allra meðlima. Einnig voru sóttir stöðufundir með jafnréttisfulltrúum HÍ hvað varðar salernismál í byrjun annar ásamt því að teknir voru nokkrir fundir með forseta SHÍ vegna Októberfest og hvernig mætti tryggja jafnt aðgegni og öryggi nemenda.

Anna María Kjeld sótti þó nokkra fundir fyrir hönd nefndarinnar þegar kom að málefnum hvað varðar hinsegin nemendur og hagsmuni þeirra. Taldi nefndin best að þar sem Kjeld sat einnig í stjórn Q-félags hinsegin stúdenta og gat þannig hvað best miðlað upplýsingum milli hópana tveggja þar sem náíð samstarf var markmið nefndarinnar.

Nefndir og ráð

Forseti jafnréttisnefndar hefur sæti í Jafnréttisráði HÍ, sem hefur það hlutverk að „almennt tryggja jafnrétti innan skólans“. Mánaðarlegir fundir voru haldnir en því miður vegna skipulags og nám forseta jafnréttisnefndar SHÍ var erfitt að sækja þessa fundi. Hins vegar var greitt aðgegni að fundargögnum og var farið yfir þær þegar ekki tókst að sækja fundi. Helsta málefni þeirra var fræðsla fyrir starfsfólk skólans.

Sýnileiki og viðburðir

Eitt stærsta verkefnið sem Jafnréttisnefnd SHÍ steddur fyrir er viðburður sem haldinn er á jafnréttisdögum. Þema jafnréttisdaga var vald, forréttindi og öráreitni og fannst nefndinni tilvalið að halda viðburð sem myndi sýna það vald sem háskólinn er ekki að nota til þess að gera háskólan og háskólanám aðgengilegt. Ákveðið var að halda málstofur þar sem einn fatlaður nemandi, einn hinsegin nemandi, og einn nemandi sem kæmi utan Evrópu og væri hér í fullu námi myndu fjalla stuttlega um upplifun sína á háskólanum. Síðan myndu þeir sem mættu vera skipaðir í hópa þar sem þeir ásamt viðmælendum myndu vinna í því að finna mögulegar lausnir sem háskólinn gæti notað til þess að stíga nær jafnara háskólasamfélagi.

Viðburðurinn var vel sóttur og upp úr honum komu margar góðar og gagnlegar ábendingar um hvernig mætti og ætti að bæta skólan til þess að öll myndu stíga jafnt innan hans. Í kjölfar viðburðarins tók forseti saman þær ábendingar og setti saman skýrslu um þarfir nemenda og skilaði inn til SHÍ og til Jafnréttisráðs HÍ með þeim forvara að þetta væri ekki tæmandi listi um þarfir nemenda, og að verkefnið frammundan við að gera skólan aðgengilegri væri samvinnuverkefni starfsfólks og nemenda.

Helstu verkefni og baráttumál

Þau baráttumál sem Jafnréttisnefnd SHÍ tók sér fyrir þetta starfsárið hafa því miður ekki séð enda sinn. Ástæða fyrir því er að verkefni sem tekin voru eru veigamikil og ekki er hægt að ætlast til þess að þau verði kláruð á einu skólaári. Hins vegar voru nokkur verkefni byrjuð og þarf að því að vera fyrsta verk næstu jafnréttisnefndar að fylgja eftir þessum verkefnum og kanna stöðu þeirra og næstu skref. Eftirfarandi verkefni eru ennþá í vinnslu hjá nefndinni.

Aukinn hinseginfræðsla innan heilbrigðisvísindasviðs, þá sérstaklega á sviði lækna og hjúkrunarfræðinnar.

Verkefnið byggir á tillögu sem forseti jafnréttisnefndar og Dagný Þóra Óskarsdóttir, stúdentaráðsliði fyrir heilbrigðisvísindasvið. Tillagan snýst um að auka þarf hinsegin fræðslu innan heilbrigðisvísindasviðsins þá sérstaklega hjá lækna og hjúkrunarfærði deild. Tillöguberar byggðu þetta á tveimur rannís skýrslum sem gefnar voru út 2022 sem sýndu að trans fólk

upplifir heilbrigðiskerfið mjög neikvætt og mætir mikilli fáfræði. Tillagan var samþykkt á stúdentaráðsfundi og þarf núna eftirfarandi að gerast.

- Skoða þarf, ásamt stúdentaráðsliðum frá heilbrigðisvísindasviði og kennslumálanefnd, kennsluskrá þessara tveggja deilda og finna mögulega áfanga sem hægt væri að bæta inn frekari hinsegin færðslu
- Funda með heilbrigðisvísindasviði og bera upp þessar áhyggjur á vöntun á hinsegin færðslu. Kanna möguleikan á samvinnu og viljan til að stuðla að aukinni fræðslu.

Eftirfylgni á skýrslu sem gerð var í kjölfar viðburðar á jafnréttisdögum

Mikilvægt er að vinna náið með skrifstofu Stúdentaráðs um að skoða hvað næstu skref eru hvað varðar þarfir nemenda til að tryggja jafnt aðgegni að námi. Skýrslan er til hjá skrifstofu SHÍ þannig næsta skref væri að fara vel yfir hana og finna hvar nefndin vill leggja áherslur sínar.

Eftirfylgni með túrtappa á öllum salernum SHÍ.

Samvinnuverkefni með Femínistafélagi Háskóla Íslands. Senda póst á Laufey Sigurðardóttur og finna tíma til að hitta hana og ræða málin. Ætti ekki að vera mikið vesen.

Samantekt

Samvinna og samskipti gegnu gífurlega vel innan nefndinarinnar og voru jákvæð samskipti í fyrirrúmi. Eftirfarandi partar gengu vel

- Samskipti milli meðlima nefndarinnar
- Verkefnaskipting í kjölfar stórra verkefna sem lágu fyrir, þá fyrst og fremst viðburði á jafnréttisdögum
- Samskipti við SHÍ og skrifstofu SHÍ
- Samvinna milli skrifstofu SHÍ og einstakra meðlima SHÍ sem sóttust eftir samstarfi.
- Samskipti við hagsmunafélög sem standa utan HÍ, þá sérstaklega Q-félag hinsegin stúdenta og Trans Ísland

Hins vegar voru eftirfarandi hlutir sem hefðu mátt gera betur

- Samskipti við jafnréttisfulltrúa og að sækja fundi með þeim
- Eftirfylgni á flóknum og tæknilegum verkefnum sem snertu djúpt skrifræði HÍ
- Fundarsókn sem sett voru oft á tímum sem hentuðu nefndarmeðlimum gífurlega illa
- Upplýsingamiðlun milli fyrrum forseta og fráfarandi forseta.

Gagnlegar upplýsingar

- Helstu tengiliðir sem geta bent verðandi forseta nefndar um hver leita skal um ákveðin efni eru helst jafnréttisfulltrúar HÍ, og er mikilvægt að rækta jákvætt þarna á milli til að ýta undir gagnsæi og árangursríka samvinnu.
- Í ljósi þess að nefndinn er að fara í gegnum gífurlegar breytingar á uppsetningu sinni er erfitt að segja til um hvaða upplýsingar skulu taldar gagnlegar og hvert skuli leita. Fráfarandi forseti hefur mikið leitað til fráfarandi hagsmunafulltrúa og hefur viðkomandi oft tekið við verkefnum eða haft upplýsingar reiðubúnað um hvaða skref væri æskilegt að taka næst. Vegna þess er erfitt að taka fram hvaða upplýsingar þarf að taka fram og hvað mun teljast ganglaust. Mun ég þess í stað taka það fram að ég mun verða verðandi forseta og hagsmunafulltrúa til stað út skólaárið og veita þær upplýsingar sem ég hef til að gera breytingu nefndarinnar að hinni farsælustu.

Jón Ingvi Ingimundarson
Forseti Jafnréttisnefndar SHÍ 2022-2023

7.5 FJÖLSKYLDUNEFND

Í fjölskyldunefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Margrét Hörn Jóhannsdóttir, forseti nefndar frá og með desember 2022
- Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir, forseti nefndar ágúst 2022 - desember 2022
- Stefán Oddur Hrafnsson, forseti nefndar maí 2022 - ágúst 2022
- Fanney Anna Ómarsdóttir, frá og með desember 2022
- Linda Rún Jónsdóttir
- Mikael Berg Steingrímsson

Hlutverk

Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að gæta hagsmuna foreldra sem og barna þeirra. Nefndin leggur áherslu á að tekið sé tillit til foreldra í námi, hvað varðar námslán, fæðingarorlof, fæðingarstyrk, leikskólavist og sveigjanleika í námi. Einnig leggur nefndin áherslu á að ekki sé kennt í háskólanum eftir kl. 17:00 á daginn eða um helgar. Nefndin sér um ýmsa viðburði eða námskeið, líkt og Íþróttaskóla SHÍ og jólaball.

Starfsárið

Árið byrjaði í stefnumótunarferð SHÍ þar sem tveir meðlimir í nefndinni mættu og byrjuðu að undirbúa framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Sú vinna hélt svo áfram yfir sumarið þar sem gerðar voru nokkrar breytingar á framkvæmdaráætlun frá árinu áður. Framkvæmdaáætlunin

var kynnt af Jónu Guðbjörgu sem sat þá sem forseti nefndarinnar á stúdentaráðsfundi 22. ágúst 2022 og var hún samþykkt. Það voru því miður ekki margir fundir hjá nefndinni yfir árið þar sem erfitt var að finna tíma þar sem öll voru laus og um tíma var enginn forseti í nefndinni. Um sumarið segir Stefán Oddur Hrafnsson af sér sem forseti nefndarinnar og Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir tekur við, en þar sem hún var nú þegar nefndarmeðlimur var kosið um þetta á fundi nefndarinnar. Stefán heldur þó áfram sem nefndarmeðlimur. Í október segir Jóna Guðbjörg af sér sem forseti og hættir í nefndinni og Stefán Oddur segir sig einnig úr nefndinni. Í desember tekur Margrét Hörn Jóhannsdóttir við sem forseti nefndarinnar og Fanney Anna Ómarsdóttir kemur einnig inn. Vegna þessara skipta á nefndarmeðlimum var erfitt að halda verkefnum á lofti og voru samfélagsmiðlar nefndarinnar t.a.m. heldur óvirkir yfir árið.

Hagsmunamál

Á árinu voru lagðar fram tvær tillögur á stúdentaráðsfundi varðandi fjölskyldumál. Sú fyrri var lögð fram þann 19. janúar 2023 af Lindu Rún meðlimi í nefndinni. Tillagan varðaði það að Stúdentaráð Háskóla Íslands myndi skrifa undir opið bréf til Sundhallar Reykjavíkur og ÍTR þess efnis að einum inniklefa Sundhallarinnar yrði breytt í fjölskylduklefa. Nefndin fékk skilaboð frá aðila sem stóð fyrir þessu bréfi, og var nefndin sammála um það að bera þetta undir Stúdentaráð. Tillagan var samþykkt og fylgdi Linda Rún tillögunni eftir

Sú seinni var lögð fram á stúdentaráðsfundi þann 14. febrúar 2023 af Fanney Önnu og Lindu Rún, meðlimum í nefndinni. Tillagan varðaði það að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir aukinni upplýsingamiðlun til foreldra í námi. Upplýsingar sem varða foreldra í námi yrðu því gerðar aðgengilegri og væri hægt að nálgast þær t.d. á heimasíðu HÍ. Tillagan var samþykkt.

Þema starfsársins 2022-2023 hjá LÍS - Landssamtökum íslenskra stúdenta, var fjölskyldumál. Í október hélt Jóna Guðbjörg, þáverandi forseti nefndarinnar, erindi á Haustþingi LÍS. Þar fór hún yfir störf nefndarinnar og helstu áherslumál.

Fjölskyldunefnd SHÍ árið 2021-2022 lagði fram könnun um stöðu foreldra í námi. Varaforseti Stúdentaráðs sá um að vinna niðurstöður könnunarinnar og voru þær kynntar á Landsþingi LÍS í apríl 2023, þar sem þema þingsins var staða foreldra í námi. Niðurstöðurnar sýndu að foreldrum í námi reynist erfitt að sinna fjölskyldulífi og námi til jafns, meirihluta foreldra í námi þykir fæðingarstyrkur námsmanna ekki sinna hlutverki sínu. Svarendur töldu barnastyrk Menntasjóðs námsmanna einnig ófullnægjandi. Þá sýndu niðurstöður könnunarinnar einnig að aukin viðvera barna á heimilinu vegna Covid-lokana og manneklu á skólum og leikskólum hafi haft neikvæð áhrif á námsárangur.

Viðburðir

Í byrjun haustannar hélt nefndin Fjölskylduskemmtun SHÍ í tilefni Októberfest SHÍ. Viðburðurinn var í samstarfi við Símann og réttindaskrifstofu Stúdentaráðs. Síminn var með andlitsmálningu og lukkuhjól á staðnum sem vakti mikla lukku. Einnig var hoppukastali og veitingar á staðnum sem Stúdentaráð greiddi fyrir..

Nefndin hélt einnig Jólabball starfsfólks og stúdenta HÍ með mannauðssviði HÍ. Jólabballið heppnaðist ótrúlega vel og var vel mætt á það. Langleggur og Skjóða mættu á svæðið og tóku nokkur lög og svo komu jólasveinar með nammi og dönsuðu í kringum jólatréð. Þetta var mjög skemmtilegur viðburður og heppnaðist samstarfið við mannauðssvið HÍ mjög vel.

Íþróttaskóli SHÍ snéri loksins aftur eftir pásu í Covid. Framkvæmdastjóri SHÍ sá alveg um hann og kom nefndin lítið að honum. Á næsta ári væri gott að nefndin kæmi meira að verkefninu, enda er það hugsað sem samstarf skrifstofunnar og fjölskyldunefndar. Íþróttaskólinn gekk mjög vel og var fullt í báða hópana, báðar annirnar.

Lokaorð

Þrátt fyrir mönnunarvanda tókst nefndinni að halda tvo mjög flotta viðburði og koma með tvær tillögur, sem við erum mjög stolt af og vonum að verði fyllilega fylgt eftir. Það er ótrúlega mikilvægt að nefndin haldi sínum störfum áfram og sinni þeim vel, enda er hagsmunavarsla foreldra í námi ótrúlega mikilvæg. Það sem mætti betur fara á komandi ári er virkja nefndarmeðlimi meira svo hægt sé að útdeila verkefnum. Mikil sóknarfæri felast í áherslum LÍS á fjölskyldumál þetta árið og er grundvöllur fyrir frekari samvinnu nefndarinnar við LÍS sem og hagsmunafélög hinna skólanna. Skoða mætti að hafa sameiginlega viðburði fyrir foreldra í námi með öðrum skólum, t.a.m. með Bifröst, en fulltrúar frá þeim hafa sýnt vilja fyrir slíku samstarfi. Nefndin þarf að auka sýnileika sinn á samfélagsmiðlum þannig að foreldrar í námi viti af nefndinni. Fráfarandi nefnd hlakkar til að sjá hvernig komandi ár verður hjá komandi fjölskyldunefnd, þeim viðburðum sem þau munu halda og helstu áherslum.

Linda Rún Jónsdóttir, meðlimur fjölskyldunefndar

7.6 KENNSLUMÁLANEFND

Í kennslumálanefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Raket Anna Boulter, forseti og fulltrúi sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Dagmar Ólafsdóttir sat í nefndinni frá maí til desember, tók þá Brynhildur R. Þorbjarnardóttir við sem fulltrúi sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Dagný Þóra Óskarsdóttir, fulltrúi sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Diljá Ingólfisdóttir, fulltrúi sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Ísak Kárasón, fulltrúi sviðsráðs Menntavísindasviðs

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk kennslumálanefndar SHÍ er að tryggja að raddir og kröfur stúdenta í kennslumálum séu áberandi innan stjórnáslu háskólans. Nefndin er mikilvægur samráðsvettvangur þar sem hún samanstendur af fulltrúum sviðsráða allra fræðasviða sem sitja í kennslunefndum síns

fræðasviðs. Nefndarmeðlimum gefst því tækifæri til að bera saman stöðu mála milli sviða og vinna mál samhliða, þvert á fræðasvið. Þar að auki situr forseti nefndarinnar í kennslunefnd háskólaráðs. Kennslumál eru víðfeðmur þáttur í starfsemi háskólans og snertir alla stúdenta við Háskóla Íslands.

Fundir nefndar

Nefndin fundaði nokkuð reglulega þar sem nefndarmeðlimir báru saman bækur sínar hvað varðaði umfjöllunarefni kennslunefnda fræðasviða. Nefndarmeðlimir skiptu á milli sín umsjón með samfélagsmiðlum en féll sú verkaskipting fljótlega niður.

Nefndir og ráð

Fulltrúar allra sviðsráða sátu í kennslunefnd síns fræðasviðs þar sem ýmis mál tengd kennsluháttum hvers sviðs voru rædd ítarlega. Nánari útlistun á umræðum hvers sviðs fyrir sig er að finna í kafla viðeigandi sviðsráðs. Á fundum kennslumálanefndar SHÍ kynntu fulltrúar hvers sviðsráðs umræðuefni hvers sviðs og þau voru rædd, þar sem hellst að nefna eftirfarandi atriði: Hugmyndir um hvernig hægt sé að auka þátttöku í kennslukönnunum voru ræddar og ekki síður hvernig hægt sé að tryggja eftirfylgni með þeim svo þær skili raunverulegum árangri. Mikið var rætt um námsmat og hvernig hægt væri að auka gagnsæi þess þar sem við á, t.d. með matskvörðum. Þá var rætt um þak á vægi lokaprófa, vinna að því er á lokastigi á Heilbrigðisvísindasviði en grunnstigi á öðrum sviðum.

Forseti sat í kennslunefnd háskólaráðs þar sem stór og mikilvæg málefni sem varða allan háskólann voru rædd. Áform um aukið fjarnám voru kynnt og sá nefndin um að yfirfara gæðaviðmið fjarnáms. Nýtt kennsluálfan, sem tryggir samræmingu milli fræðasviða og gefur aukið rými fyrir sjúkra- og endurtektarpróf. Rafrænir kennsluhættir voru mikið ræddir og vakti forseti þá máls á því að mikilvægi upptöku kennslustunda, þó ekki væri nema aðeins í þeim tilfellum þar sem nemendur komast ekki á staðinn. Viðfangsefni kennslunefndar háskólaráðs voru einnig rædd í kennslumálanefndum fræðasviðanna.

Sýnileiki og viðburðir

Kennslumálanefnd heldur úti aðgang að instagram og twitter. Þegar fer að nálgast prófatíð virkjast þær síður frekar, þó meira hefði mátt gera í þeim efnum á þessu ári. Hvað varðar viðburði hélt kennslumálanefnd engan slíkan en tók virkan þátt í að manna vinnustofu með kennslusviði um aðstöðu í kennslurýmum. Fundurinn fór fram þann 3. nóvember á Hotel Natura og gekk með eindæmum vel. Nefndin hafði samband við nemendafélög og tókst þannig að manna fundinn með fulltrúum frá hverju fræðasviði, 32 stúdentar alls. Á fundinum var rætt hvað þyrfti að breytast í núverandi kennsluaðstöðu til þess að mæta kennslufræðilegum áskorunum þar sem aðstaða stúdenta og tæknibúnaður í stofum væri til

fyrirmyndar. Afraksturinn verður handbók um viðmið í kennsluaðstöðu. Hægt er að lesa nánar um verkefni [hér](#).

Helstu verkefni og baráttumál

Forseti nefndarinnar var fulltrúi stúdenta í mati umsókna í kennsluakademíuna. Verkefnið var viðamiknið og tímafrekt svo tekin var ákvörðun um að skoða möguleika á því að þetta verkefni færi inn á borð hagsmunafulltrúa á skrifstofu stúdentaráðs. Kennsluakademían greiddi fyrir þessa vinnu og væri hægt að taka þá greiðslu inn í launakostnað hagsmunafulltrúa.

Barátta Stúdentaráðs fyrir auknu framboði á starfstengdu diplómanámi fyrir þroskahamlað fólk hefur átt sér langan aðdraganda. Síðasta tillaga sem Stúdentaráð samþykkti þess efnis var í mars 2022. Þá lögðu Inga Huld Ármann, forseti kennslumálanefndar 2021-22 ásamt þáverandi Sviðsráðsforseta MVS, Rósu Halldórsdóttur fram tillögu um bætt aðgengi að starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands til Stúdentaráðs sem var einróma samþykkt. Þroskahjálpar hefur einnig beitt háskólann þrýstings þessa efnis, t.d. með herferð sinni haustið 2022 sem bar titilinn „Hvað er planið?“ Nýr forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs, Auður Eir Sigurðardóttir tók við málinu ásamt nýjum forseta kennslumálanefndar vorið 2022. Rakel Anna bað þá um að málið yrði sett á dagskrá kennslunefndar háskólaráðs þar sem hún spurði út í stöðu mála. Þá var óljóst hvar málið var státt innan stjórnarsýslunnar og fór af stað vinna til að komast af því. Eftir þessa fyrirspurn komst málið aftur á skrið og á kennslunefndarfundum háskólaráðs í lok janúar var nefndinni tilkynnt um styrk frá ráðuneytinu sem hægt er að lesa nánar um [hér](#). Þetta er mikið fagnaðarefni og er góð áminning þess efnis að fulltrúar stúdenta geta látið til sín kveða með því að ýta á eftir mikilvægum málum eins og þessu.

Tillögur sem stúdentaráð samþykkti er vörðuðu kennslumál tók forseti nefndarinnar upp á kennslunefndarfundum háskólaráðs, bæði til upplýsingagjafar, en einnig til að skoða hvaða skref væri hægt að taka til að fylgja tillögunni eftir. Ber þar hellst að nefnda tillögu frá S. Magga Snorrasynti er varðaði frítíma stúdenta, en í kjölfar hennar var tekin ákvörðun um að hvert fræðasvið myndi kanna hvernig óræður frítími stúdenta birtist á tilteknu sviði og þá hvaða aðgerða væri hægt að grípa til. Mikilvægt er að fylgja þessu eftir þó lítil vilji virðist vera fyrir reglubreytingum hjá stjórnendum.

Umræða um jafnréttisfræðslu og mikilvægi hennar fyrir alla háskólakennara fór fram á árinu, sérstakur vilji er fyrir því að sett verið á stökk námskeið þess efnis fyrir alla kennara skólans.

Í byrjun febrúar bauðst kennslunefnd að halda kynningu á námskeiði í háskólakennarafræði um sýn stúdenta á kennslumál með sérstaka áherslu á skipulag námskeiða og gekk það með eindæmum vel. Vöknuðu þar líflegar umræður og er greinilegt að blönduð kennsla, á netinu og í raunheimum er fólki hugleikin.

Kennslumálanefnd var boðið að taka þátt í starfshóp um gervigreind en vegna anna nefndarmeðlima gafst ekki kostur á því. María Rós Kaldalóns tók sæti í starfshópnum auk Rebekku Karlsdóttur, forseta Stúdentaráðs. Við horfum fram á mikil vensl í þessum málaflokki á komandi árum og er mikilvægt að við nýtum þessa nýju tækni sem tækifæri fyrir breytta og bættu kennsluhætti.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Þetta var annað árið með nýju fyrirkomulagi kennslumálanefndar, þ.e. að hvert sviðsráð tilnefni kennslumálafulltrúa. Hefur þetta fyrirkomulag, líkt og í fyrra, reynst afar vel. Að skoða kennslumál þvert á háskólann og bera saman kennslufyrirkomulag milli sviða gerði það að verkum að nefndarmeðlimir voru betur undirbúnir fyrir fundi með kennslumálanefndum sviðanna sem og forseti fyrir fundi með kennslunefnd háskólaráðs.

Mörg tækifæri felast í því að læra á ástandinu eftir covid, en borið hefur á því að stúdentar mæta ekki jafn mikið í skólann eftir covid. Þetta má án efa rekja til margra ólíkra þátta en vekur án efa upp spurningar um kennsluhætti og nútímavæðingu þeirra.

Gagnlegar upplýsingar

Nefndin er með gmail og google drive þar sem haldið er utan um fundargerðir og önnur vinnuskjöl nefndarinnar. Þar er hægt að nálgast frekari upplýsingar um vinnu og viðfangsefni nefndarinnar á líðandi ári. Í upphafi starfsárs fundaði forseti með fyrrum forseta þar sem hún var sett inn í stöðu mála og starfsemi nefndarinnar. Forseti nefndarinnar sótti einnig fund með Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektr kennslumála og reyndist það vel til að fá skýrari mynd af hlutverki fulltrúa í kennslunefnd háskólaráðs. Framkvæmdaáætlun var í ár unnin sem tékklisti og reyndist það vel. Ef farið verður eins að hjá næstu nefnd er mikilvægt að fylgja því vel eftir og nýta það sem aðhaldstæki fyrir nefndina og jafnvel framsenda framkvæmdaáætlunina á kennslumálanefndir fræðasviðanna til að gera þeim skýrt hverjar áherslur stúdenta eru í málafloknum.

*Rakel Anna Boulter
Forseti kennslumálanefndar SHÍ 2022-2023*

7.7 LAGABREYTINGANEFND

Í lagabreytinganefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, forseti
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir
- Arent Orri Jónsson
- Jóhanna Björg Jónsdóttir (kom inn í nefndina fyrir Emblu Kristínu Blöndal)

Hlutverk nefndarinnar

Þar sem störf lagabreytinganefndar eru mjög sérhæfð og nefndin starfar ekki eftir ákveðinni stefnu eru nefndarstörf hverju sinni mismikil. Nefndin er þó til staðar fyrir stúdentaráðsliða til að veita ráðgjöf og hefur Stúdentaráð starfað þannig að allar lagabreytingatillögur sem stúdentaráðsliðar höfðu voru lagðar fyrir nefndina til að gæta samræmis í lögum. Þetta fyrirkomulag hefur virkað vel.

Fjármunum varið

Nefndin varði engum fjármunum og aflaði sér ekki tekna.

Helstu verkefni og fundir

Helstu verkefni nefndarinnar eru að breyta lögum þegar þörf er á. Eru fundir hennar því ekki reglulegir og hefur nefndin nýtt samfélagsmiðla til að koma sér saman um breytingar telji hún ekki þörf á fundum.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Núverandi fyrirkomulag nefndarinnar að funda þegar þörf er á hefur reynst vel, enda ekki á hverjum degi sem breyta þarf lögum. Gott er að nýta sumarið í undirbúning og að kynna sér lögin svo að störf nefndarinnar yfir starfsárið gangi smurt fyrir sig.

*Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir
Forseti lagabreytinganefndar*

7.8 NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Telma Rut Bjargadóttir - Forseti
- Bjarki Leó Snorrason – Varaforseti
- Jeremi Zyrek - Markaðsstjóri
- Kayode Kehinde - Upplýsingastjóri
- Guðmundur Páll Atlason - Upplýsingastjóri
- Sylvie Boucher - Viðburðarstjóri
- Birgitta Guðmundsdóttir – Viðburðarstjóri

Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndarinnar er að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskóla Íslands. Nefndin vinnur náið með Nýsköpunarsviði háskólans ásamt Klak. Veitir þeim nemendum stuðning og ráð sem hafa áhuga á því að reyna fyrir sér í nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi. Nefndin hefur m.a. tekið að sér verkefni innan Gulleggisins og kynningu á Nýsköpunarsviði háskólans á háskóladeginum.

Fundir nefndar

Fundir voru haldnir 1-2 sinnum í mánuði í frumkvöðlasetri grósku, þeir voru ræddir með fyrirfram ákveðni fundaráætlun. Rætt var að mestu leyti um markmiðin nefndarinnar, helstu verkefni og hugmyndir um það hvernig bæta megi starfsemi nefndarinnar er varðar miðlun upplýsingar um nýsköpunar- og frumkvöðlataækifæri við Háskóla Íslands. Verkum voru skipt meðal nefndarmeðlima, eftir því hver staða hvers og eins var innan nefndarinnar. Upplýsingarmiðlun á samfélagsmiðlum voru helst á ábyrgð markaðsstjóra.

Fjármunum varið

Nefndin var fjármögnuð af KLAK Icelandic start-ups en kostnaður var helst fyrir veitingar og plaggöt fyrir vísindaferð Gulleggisins sem var haldin í október s.l.

Nefndir og ráð

KLAK Icelandic start-ups tók virkan þátt í að skipuleggja vísindaferðina með okkur, þau útveiguðu allar allt fjármagn viðburðarins, ásamt því að bjóða bakhjörllum þeirra að kynna sína starfsemi. Fjórir nefndameðlimir frá nefndinni tóku virkan þátt í undirbúning viðburðsins, Telma, Bjarki, Jeremi og Birgitta sáu um að útvega vinninga fyrir happdrætti sem var haldið í vísindaferðinni og að markaðsetja viðburðin á samfélagsmiðlum ásamt því að dreifa plakötum á háskólasvæðinu. Auk þess sáu við um val á tónlistaratriði.

Sýnileiki og viðburðir

Helsta áætlunin var að virkja samfélagsmiðla nefndarinnar, mest Instagram. Við hönnuðum nýtt logo fyrir nefndina og kynntum nefndinarmeðlimi á instagram síðunni, til þess að reyna að auka sýnileika meðal nemenda HÍ. Nefndin sá um að halda vísindaferð Gulleggsins í október.

Helstu verkefni og baráttumál

Helstu markmið og baráttumál nefndarinnar voru þau að auka á sýnileika og aðgengi nemenda Háskóla Íslands að nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Nefndarmeðlimir unnu mikilvægt starf við það að auka sýnileika nefndarinnar sérstaklega á samfélagsmiðlum þar sem við töldum það vera líklegustu leiðinda til þess að koma áfram þeim skilaboðum sem við viljum koma á framfæri. Okkur þótti þetta ganga einkum vel í ljósi þess að Instagram aðgangur nefndarinnar jókst og tókst okkur að auglýsa helstu viðburði með ágætum. Ummerki um hve vel okkur tókst þetta eru sem dæmi þau að vísindaferð nefndarinnar sem haldin var ásamt Klak var ein sú stærsta sem hefur verið haldin í HÍ. Hugmyndasmíð nefndarmeðlima var einnig heldur gott þrátt fyrir að ekki hafi tekist að koma öllum hugmyndum í framkvæmd og því mikilvægt fyrir nefnd næsta árs að skoða fundargerði og sjá þar þema hugmynda sem við höfðum fyrir nefndina svo hægt sé að auka á möguleika nemenda HÍ þegar kemur að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

Gagnlegar upplýsingar

Aðalmarkmið okkar í byrjun var að undirbúa strax fasta fundartíma ca 2 í viku, en þar sem að við vorum 7 meðlimir þá gat verið erfitt að finna fundartíma. Öll fundargögn og verkefni eru inn á Google Drive hjá nefndinni, flokkað eftir verkefni og skólaári. KLAK og Nýsköpunarsvið háskólans vilja vera í góðum samskiptum við nefndina, þar sem að nefndin hefur náinn aðgang að nemendum háskólans. Skoða mætti fleiri tengiliði fyrir næsta skólaár, þar á meðal styrktaraðlia eins og Rannís og Matvælasjóð og með því að byggja tengsl sem gerir það auðveldara að miðla þeim tækifærum sem upp eru að bjóða til ungra frumkvöðla.

*Telma Rut Bjargardóttir,
Forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar SHÍ 2022-2023*

7.9 UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND

Í umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2022-2023 sátu:

- Dagmar Óladóttir, forseti
- S. Maggi Snorrason, varaforseti og tengiliður við Grænfánanefnd
- Bergrún Anna Birkisdóttir
- Elísabet Unnur Gísladóttir
- Júlía Kristín Kristinsson

Hlutverk nefndarinnar

Í byrjun starfsársins var farið yfir fyrri stefnu nefndarinnar frá árinu 2021-2022 og var henni, að miklu leyti haldið óbreyttri. Ákveðið var að halda góðu starfi Grænfánanefndarinnar áfram og á Stúdentaráðsfundi 25. október var tillaga þess efnis samþykkt. Á Stúdentaráðsfundi 8. mars var samþykkt lagabreytingartillaga þess efnis að Grænfánanefnd verði varanleg undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar og er því mikilvæg starfsemi hennar tryggð til frambúðar. Auk þeirra verkefna sem þegar hafa verið nefnd og þeirra sem nefnd verða hér á eftir sat forseti nefndarinnar fundi sjálfbærninefndar Háskólans. Nefndin sinnti verkefnum sem beinast beint að nærumhverfi nemenda sem og verkefnum sem beinast meira að stjórnsýslu skólans eða vinnu stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fundir nefndar

Nefndin fundaði minnst einu sinni í mánuði yfir starfsárið, oftast ef á þurfti að halda. Í heildina voru haldnir 10 fundir og á milli funda var nefndin í samskiptum gegnum Messenger. Fundardagskrá var send út til meðlima eins og fljótt og hægt var fyrir hvern fund og til að halda utan um helstu umræður hvers fundar voru þær skráðar niður með fundadagskrána til hliðsjónar. Nefndarmeðlimir skiptust á að sinna hlutverki ritara á fundum.

Nefndir og ráð

Grænfánanefnd er eina undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar. Hún er tengiliður SHÍ við Loftslagsverkföllin og vann einnig að verkefnum Grænfána. Auglýst var í nefndina í nóvember og tók hún til starfa í desember. Nefndarmeðlimir komu sér saman um markmið fyrir starfsárið og setti upp framkvæmdaáætlun út frá sniðmáti Landverndar. Landvernd býður upp á nokkur þemu að velja úr og Grænfánanefndin í ár valdi “Neysla og úrgangur” og “Loftslagsbreytingar og samgöngur.”

Nefndarmeðlimir komu að skipulagningu Loftslagsverkfallanna sem voru haldin í hádeginu á föstudögum á Austurvelli. Samstarfsfélög tengd þeim voru UU, SHÍ, SÍF og LÍS en nokkur félög bættust í hópinn á þessu ári til þess að styrkja þau eftir heimsfaraldurinn. Sum mættu nánast hvern einasta föstudag en af og til hópaði fólk sig saman á ákveðnum dögum. Stúdentar gerðu það 17. febrúar og gengu þá frá Háskólatorgi yfir á Austurvöll með skilti sem voru útbúin á Stúdentakjallaranum kvöldið áður.

Meðal verkefna sem Grænfánanefndin tók að sér í ár var Loftslagsvikan sem haldin var vikuna 13.-17. febrúar. Þar var kolefnisbókhald skólans kynnt, skiltagerðin og gangan átti sér stað sem fjallað var um hér að ofan og flokkunarleikur haldinn á Háskólatorgi. Í flokkunarleiknum fengu stúdentar sem áttu leið hjá að spreyta sig í að flokka í nýja samræmda flokkunarkerfinu. Þeir fengu 3 hluti/umbúðir sem voru úr mismunandi efnum sem þeir flokka og nefndin segir þeim svo hvort þeir hafi flokkað rétt eða ekki. Allir þátttakendur komust í pott og í lok vikunnar var dregið nokkra heppna sem unnu 20 stk. kaffiklippikort í Hámu fyrir ferðamál.

Grænfánanefndina skipuðu:

- S. Maggi Snorrason, forseti
- Júlía Kristín Kristinsson
- Aixin Wen
- Jóhann Styrmir Jónsson
- Sylvi Thor

Sýnileiki og viðburðir

Umhverfis- og Samgöngunefnd, ásamt undirnefnd Grænfána, kom að mörgum ólíkum verkefnum á síðasta starfsári og farið verður yfir þau hér að neðan.

Ágúst

Fyrsti fundur nefndar haldinn um miðjan mánuðinn þar sem Græni nýnemadagurinn var undirbúinn. Einnig var unnið að minnisblaði sem afhent var Skrifstofu Stúdentaráðs um miðjan mánuðinn. Efni minnisblaðsins var ábendingar nefndar um umhverfisvænar lausnir sem mætti athuga að innleiða við framkvæmd Októberfest hátíðarinnar í Vatnsmýri. Minnisblaðinu var vel tekið og leiða leitað til að framkvæma hluta þeirra ábendinga sem fram komu.

Á ágústfundi Stúdentaráðs var samþykkt tillaga þess efnis að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir byggingu fleiri yfirbyggðra hjólaskýla. Tillagan var lögð fram af Dagmar og Elísabetu og var einróma samþykkt. Málinu var komið áfram til framkvæmda- og tæknisviðs.

September

Græni nýnemadagurinn var haldinn þann 6. september. Á þeim degi tók nefndin, ásamt rektor, við Grænfánanum frá Landvernd fyrir hönd skólans. Haldnar voru ræður á Háskólatorgi að viðstöddum fjölda nemenda, Grænfáninn var dreginn að húni fyrir utan Aðalbyggingu og plöntur voru gróðursettar í lítinn lund aftan við Aðalbyggingu. Að auki var fyrsti Miðvegandagurinn haldinn á þessum degi en aðeins var boðið upp á vegan valkosti í Hámu. Í tilefni dagsins útbjó deilifarartækjaleigan Hopp afmarkað svæði milli Aðalbyggingar og Háskólatorgs þar sem frítt var að leggja rafhlaupahjólum. Einnig tók forseti nefndar yfir instagram SHÍ og kynnti störf nefndarinnar ásamt því að fjalla um græna valkosti stúdenta.

Á stúdentaráðsfundi í september var samþykkt tillaga þess efnis að stúdentaráð myndi beita sér fyrir auknu vegan úrvali á sölustöðum Hámu. Tillagan var samþykkt og í kjölfarið funduðu forseti, einn meðlimur nefndar og forseti Stúdentaráðs með forsvarsfólki FS um málið Fundurinn gekk vel og í kjölfarið unnum við minnisblað fyrir kokk Hámu. Kokkurinn sagðist ekki hafa næga þekkingu á grænkerafæði og því voru hugmyndir að góðum grænkeravalkostum listaðar upp á minnisblaðinu.

Október

Á Stúdentaráðsfundi þann 25. október voru lagðar fram tvær tillögur tengdar starfsemi nefndarinnar. Annars vegar var samþykkt tillaga þess efnis að undirnefnd Grænfána fengi að starfa áfram þetta starfsár. Hins vegar samþykkti Stúdentaráð að skora á Háskóla Íslands að lýsa strax yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og vinna í framhaldinu að viðeigandi aðgerðaáætlun fyrir háskólann.

Þann 6. október lauk Hjólum í skólann áttakinu en það hófst 22. september, á bíllausa deginum. Nefndin vann að skipulagningu átaksins í samstarfi við framkvæmda- og tæknisvið og var helst hlutverk hennar að virkja nemendafélögin til þátttöku. Það tókst vel til og reyndist þátttaka mun meiri en undanfarin ár. Nefndin sá einnig um að útvega verðlaun fyrir sigurliðið en auk farandsbikars frá HÍ fengu þau vísindaferð hjá umhverfisvæna samgöngufyrirtækinu Hopp.

Í kjölfar tillögunnar sem lögð var fram á Stúdentaráðsfundi í september áttum við gott samtal við FS um aukið vegan úrval á sölustöðum Hámu og ein afleiðing þessa samtals var áframhald á Miðvegandagaverkefninu. Til að byrja með var samþykkt að setja verkefnið af stað sem

fjögurra vikna tilraunaverkefni. Okkur þykir það of stuttur tími fyrir slíkt verkefni en lítum þó á þetta sem skref í rétta átt.

Þann 27. október fundaði hluti nefndarinnar með aðilum frá Reykjavíkurborg og Vísindagörðum. Kveikjan að fundinum voru áhyggjur okkar af lélegu aðgengi og aðstæðum fyrir gangandi vegfarendur á svæðinu milli Grósku og Öskju, þá sérstaklega gangstéttaleysi og ljósleysi vegna ljósastauraskorts. Við óskuðum eftir fundi með Hrólfi, sem er yfir Vísindagörðum. Við því var orðið og bauð hann verkfræðingi frá Reykjavíkurborg með til að kynna framtíðaráætlanir á háskólasvæðinu, m.a. skipulag borgarlínu, færslu Miklubrautar í stökk og hjólreiðaáætlun. Vandamálið við svæðið milli Grósku og Öskju er að það liggur bæði á svæði borgarinnar og Grósku svo óvíst hver ber ábyrgð á því. Okkur var þó lofað, á þessum fundi, að unnið yrði að umbótum. Við nefndum þau atriði sem skiptu okkur máli; að það yrði gerð upphituð gangstétt án kanta til að tryggja aðgengi hjólastóla/barnavagna og að svæðið yrði betur upplýst.

Nóvember

Í lok mánaðar funduðum við með framkvæmda- og tæknisviði varðandi byggingu hjólaskýla á háskólasvæðinu ásamt forseta Stúdentaráðs. Við óskuðum eftir fundinum í kjölfar hjólaskýlatillögunnar sem samþykkt var á stúdentaráðsfundi í ágúst. Á fundinum lögðum við áherslu á óskir stúdenta varðandi uppbyggingu hjólaskýla. Við viljum að hjólaskýli séu byggð á núverandi bílastæðum í stað almanna- og grænna svæða og að þau séu læst, aðgangi væri hægt að stýra með stúdentakortum.. Við óskuðum eftir betri aðstöðu fyrir hjólafólk, til dæmis geymslum og sturtum, og að yfirbyggðum hjólaskýlum yrði fjölgað til muna.

Janúar

Vikuna 16.-20. janúar héldum við vegan viku þar sem áhersla var lögð á grænkerafæði innan háskólans sem og almennan ávinning af neyslu grænkerafæðis. Mikið af dagskránni fór fram á samfélagsmiðlum að þessu sinni auk þess að, í samstarfi við FS, var lögð sérstök áhersla á græna kosti í útstillingum í Hámu og Bóksölu. Haldið var bíókvöld á Stúdentakjallaranum og gjafaleikur á instagrammi nefndarinnar. Vinningar voru frá FS og Oatly á Íslandi og vakti leikurinn mikla athygli. Einnig kynntum við niðurstöður úttektar sem Elísabet Unnur, nefndarmeðlimur, gerði á vegan úrvali í sjálfssölum á háskólasvæðinu. Samantekt á úttektinni var síðan send á Ölgerðina með von um úrbætur á þessu á næstunni. Seinni tvær vikurnar í janúar var boðið upp á sérstakan off menu veganborgara á Stúdentakjallaranum.

Febrúar

Í febrúar var loks settur upp strætóskjár á Háskólatorgi, þar er hægt að sjá yfirlit yfir alla þá strætisvagna sem keyra til og frá Háskóla Íslands í rauntíma. Skjárinn var settur upp af framkvæmda- og tæknisviði að okkar ósk og teljum við að þetta muni auka sýnileika Strætó á háskólasvæðinu. Einnig er það von okkar að skjárinn muni virka sem hvatning fyrir háskólafólk til að taka strætó, hann kemur nefnilega ansi oft við á þessu svæði.

Víkuna 13.-17. febrúar stóð undirnefnd Grænfána fyrir Loftslagsviku. Í þriðjudegshádeginu var haldinn flokkunarleikur á Háskólatorgi þar sem stúdentar fengu að spreyta sig í nýja samræmda flokkunarkerfinu. Stúdentar fengu þrjá hluti til þess að flokka og nefndarmeðlimir sögðu þeim hvernig þeim gekk eftir á. Á fimmtudegi kl. 17 var skiltagerð á langborðinu á Stúdentakjallaranum en þar var góð mæting og flott skilti sem komu út. Þessi skilti komu að góðum notum föstudagshádegisd þegar stúdentar gengu frá Háskólatorgi fyrir á Austurvöll á Loftslagsverkfali.

Apríl

Í apríl fundaði nefndin og sendi í kjölfarið ábendingu á framkvæmda- og tæknisvið háskólans þar sem óskað var eftir því að lýsing á Alexandersstíg (sem liggur gegnum háskólasvæðið frá Hringbraut að Sturlugötu) yrði bætt til muna með það að markmiði að auka öryggi gangandi vegfarenda. Vel var tekið í þessa ábendingu og er hún á áætlun í verkbeiðnakerfi skólans, er áætlað að umbótum verði lokið fyrir næsta haust.

Mái

Í maí sendi umhverfis- og samgöngunefnd ábendingu á Reykjavíkurborg varðandi framkvæmdir við gönguljós á gatnamótum Sæmundargötu og Hringbrautar. Samkvæmt upplýsingum frá vef Morgunblaðsins hófust framkvæmdir við umrædd gönguljós árið 2013 en þeim virðist hafa verið hætt. Ábending var send inn á vef Reykjavíkurborgar en einnig var minnisblað sent á borgarstjóra, fulltrúa í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar, fulltrúa háskólans og fulltrúa frá Vegagerðinni.

Vel var tekið í ábendinguna. Þegar þetta er skrifað hafa borgarstjóri, einn fulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur, Vegagerðin og fulltrúar háskólans brugðist við ábendingunni. Fulltrúar háskólans bentu okkur á að leita til Vegagerðarinnar því svæðið er í þeirra eigu. Vegagerðin benti okkur á að vera í sambandi við Reykjavíkurborg því þau koma að

uppbyggingu á gatnasvæðum. Fulltrúum frá Reykjavíkurborg fannst málið áhugavert og lofuðu að kanna betur hvers vegna framkvæmdum var hætt.

Þetta er aðeins upphafið að verkefni sem við í nefndinni höfum velt fyrir okkur lengi. Gönguljós á þessu svæði væru mikil bót fyrir stúdenta en einnig liður í að gera borgina aðgengilegri fyrir gangandi vegfarendur, og þar með meira aðlaðandi. Við leggjum það því í hendur næstu nefndar að fylgja ábendingu okkar eftir og þrýsta á fulltúa Reykjavíkurborgar að aðhafast eitthvað í málinu. Vonumst svo til að fljótlega getum við gengið örugg yfir Hringbraut.

Í maí var einnig loksins komið að stóru stundinni - Matarspor verkefnið varð að veruleika þegar skjár var settur upp í Hámu á Háskólatorgi. Nú geta nemendur og starfsfólk kynnt sér kolefnisfótspor fyrir heita matinn og súpurnar og tekið upplýsta ákvörðun um matarval sitt, með tilliti til umhverfisáhrifa. Nefndin fagnar þessum stóra áfanga innilega og teljum þetta stórt skref í átt að umhverfisvænni háskóla ásamt aukinni umhverfisvitund bæði nemenda og starfsfólks háskólans.

Önnur verkefni

Forseti sat fundi með öðrum félagasamtökum og vann að Landrýniskýrslunni, samstarfsverkefni félagasamtaka og stjórnvalda þar sem farið er yfir frammistöðu stjórnvalda með tilliti til heimsmarkmiðanna. Umhverfis- og samgöngunefnd var fulltrúi SHÍ við vinnu tengda heimsmarkmiðum 11 og 12 - tengdum sjálfbærum borgum og samfélögum ásamt ábyrgri neyslu.

Forseti sat mánaðarlega fundi með sjálfbærnefnd háskólans. Fundarsetan var misánægjuleg og fá málefni sem tengdust stúdentum beint. Þegar forseti kom tillögum stúdentaráðs um neyðarástandsýfirlýsingu í loftslagsmálum áleiðis var því tekið fremur dræmt og ljóst að vinnan við verkefnið verður áfram þungur róður. Þó hvet ég næsta forseta og næsta stúdentaráð til að halda baráttunni áfram, það er svo mikilvægt.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Þegar á heildina er litið gekk vinna umhverfis- og samgöngunefndar afar vel. Verkefnin eru ótalmörg og þó okkur finnst við aðeins hafa dýft tánum í það haf verkefna sem tengjast nefndinni má þó sjá af upptalningunni að við höfum svo sannarlega komið hlutunum í verk.

Þannig er þó eðli nefndarinnar, það er af nógu að taka. Okkar fyrsta ráð er því; setjið allar hugmyndir í framkvæmdaáætlunina en ekki ætla ykkur of mikið. Passið einnig hlutfallið milli minni, ápreifanlegri verkefna og poti í stjórnslu, bæði skiptir máli. Þar sem verkefni tengd nefndinni eru óendanleg hentaði okkur vel að velja fókus nefndarinnar á þessu starfsári út frá áhugasviði nefndarmeðlima; í okkar tilfelli grænkerafæði, skipulag og loftslagsmál. Mikilvægt er að skipta verkefnum upp á milli nefndarmeðlima svo öll beri ábyrgð á sínu, hlutverk forseta felst þá helst í að passa að allt sé á áætlun. Nefndin vill lýsa yfir sérstakri ánægju með að framtíð Grænfánanefnar sé tryggð.

Verkefni nefndarinnar eru bæði fjölmörg og fjölbreytt. Við leggjum til að sérstök áhersla verði lögð á að halda áfram Græna nýnemadeginum, Vegan vikunni, Loftslagsvikunni og Hjólum í skólann verkefninu. Við hvetjum næstu nefnd eindregið til að halda áfram þar sem við sleppum með að auka sýnileika nefndarinnar á samfélagsmiðlum. Fylgjendum fjölgaði mest þegar við höldum gjafaleik á instagram og því vel til fundið að halda slíkan leik aftur. Framar öllu hvetjum við næstu nefnd til að setja niður dagsetningar fyrir sína viðburði sem allra fyrst, þeir eru fjölmargir og tíminn líður hratt á gervihnattaröld.

Gagnlegar upplýsingar

Við hvetjum næstu nefnd til að fylgjast vel með samráðsgátt stjórnvalda sem og vef Reykjavíkurborgar, hún getur nefnilega haft mun meiri áhrif en nokkurn hefði grunað.

Dagmar Óladóttir
F.h. umhverfis- og samgöngunefndar

S. Maggi Snorrason
F.h. undirnefndar Grænfána

8 STÚDENTARÁÐSFUNDIR

Á starfsárinu 2022-2023 hafa verið haldnir alls 9 fundir Stúdentaráðs, að undanskildum kjörfundi og skiptafundi. Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu ráðsins, student.is.

8.1 KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 20. APRÍL 2022

Kjörfundur Stúdentaráðs fór fram 20. apríl 2022 í kjölfar kosninga til Stúdentaráðs 23. og 24. mars. Á fundinum kaus nýtt Stúdentaráð forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs til starfa á réttindaskrifstofu ráðsins starfsárið 2022-2023. Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör:

- Rebekka Karlsdóttir, forseti
- Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti
- Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi
- María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi

Einnig var kosið um tilnefningar fylkinga í sviðsráð, fastanefndir Stúdentaráðs og til Háskólaþings ásamt því að kjósa varafulltrúa Stúdentaráðs og varafulltrúa Stúdentaráðs í fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta.

8.2 SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 18. MAÍ 2022

Skiptafundur Stúdentaráðs fór fram 18. maí 2022. Á fundinum kynnti forseti ársskýrslu fyrir starfsárið 2021-2022. Nýtt Stúdentaráð tók við og tók nýkjörinn forseti við fundarstjórn. Kosið var um eftirstandandi tilnefningar frá kjörfundi í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs, farið yfir praktísk atriði fyrir nýja Stúdentaráðsliða, tímalínu stórra mála síðasta starfsárs og endað á almennum fyrirspurnum til nýrrar skrifstofu. Þá barst tillaga undir önnur mál sem samþykkt var að taka fyrir. Tillagan sneri að því að Stúdentaráð myndi senda erindi til nýkjörinni sveitarstjórnarfulltrúa um málefni stúdenta og var hún samþykkt.

8.3 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. JÚNÍ 2022

Fyrsti fundur nýs Stúdentaráðs fór fram 22. júní 2022. Á fundinn kom Harpa Sif Arnarsdóttir, verkefnastjóri Aurora samstarfsins fyrir Háskóla Íslands og kynnti fyrir ráðinu hlutverk og markmið samstarfsins. Alma Ágústsdóttir, Alþjóðafulltrúi SHÍ tók svo við og fór yfir Aurora samstarfið og hennar starf sem alþjóðafulltrúa á réttindaskrifstofu SHÍ. Þá voru verklagsreglur

ráðsins uppfærðar og samþykktar og skipaðir voru fulltrúar stúdenta í ráð um málefni fatlaðs fólks og skipulagsnefnd háskólaráðs. Eitt bókfært mál var lagt fram um skipti í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs.

8.4 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 22. ÁGÚST 2022



Annar fundur Stúdentaráðs fór fram 21. júlí 2021. Á fundinn komu þau Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ og Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektor kennslu og þróunar og kynntu stefnu háskólans HÍ26. Kosið var í stjórn Stúdentasjóðs og lagt fram minnisblað um Októberfest og nýnemadaga og farið yfir aðkomu Stúdentaráðs að þeim verkefnum.

Þá voru til afgreiðslu framkvæmdaáætlanir félagslífs- og menningarnefndar, fjölskyldunefndar, jafnréttisnefndar, kennslumálanefndar og umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs.

Tvær tillögur voru lagðar fram, annars vegar að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir fjölgun yfirbyggðra hjólaskýla við byggingar skólans og bættum hjólastígum á háskólasvæðinu og önnur sem sneri að því að Stúdentaráð héldi fimm vísindaferðir á árinu, ein fyrir hvert fræðasvið. Báðar tillögurnar voru samþykktar. Eitt bókfært mál um skipti í félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs var lagt fram. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.5 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. SEPTEMBER 2022

Þriðji fundur Stúdentaráðs fór fram 21. september 2022. Á fundinum voru til afgreiðslu framkvæmdaáætlanir alþjóðanefndar, fjármála- og atvinnulífsnefndar, lagabreytingarnefndar og nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar. Á fundinum kynnti forseti skýrslu vegna Októberfest SHÍ 2022, Erna Lea Bergsteinsdóttir kynnti verkefnið Góð kennsla og framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun Stúdentaráðs til umræðu og samþykktar. Þá voru siða- og jafnréttisreglur Stúdentaráðs lagðar til samþykktar, en þær höfðu verið teknar út úr verklagsreglum Stúdentaráðs og gerðar ítarlegri. Einnig voru lagðar fram smávægilegar breytingar á verklagsreglum ráðsins. Ein tillaga kom inn á fundin undir önnur mál, um að

Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Félagsstofnun stúdenta leggi aukna áherslu á vegan úrval í Hámu og var hún samþykkt. Eitt bókfært mál var lagt fram um skipti í lagabreytinganefnd Stúdentaráðs. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.6 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 25. OKTÓBER 2022

Fjórði fundur Stúdentaráðs fór fram 25. október 2022. Á fundinn kom Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta og kynnti FS og starfsemi stofnunarinnar. Þá komu þau Brynhildur Bolladóttir og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, fulltrúar stúdenta í stjórn FS og kynntu sig og sín störf innan stjórnar en Elísabet Brynjarsdóttir stjórnarformaður var erlendis. Þá fóru forseti og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs ítarlega yfir drög að áherslum Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna og gefinn kostur á umræður og ábendingar um stefnuna. Fimm tillögur voru lagðar fram á fundinum og samþykktar. Tvær sneru að Menntasjóðsmálum, annarsvegar að Stúdentaráð myndi senda frá sér ályktun í tengslum við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna og hins vegar að Stúdentaráð myndi veita fjármagni í herferð í samstarfi við LÍS til að koma áherslum stúdenta á framfæri í tengslum við yfirvofandi endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna. Þá var lögð fram tillaga um að Stúdentaráð myndi þrýsta á Háskóla Íslands að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og að lokum var tillaga þess efnis að stofnuð yrði undirnefnd umhverfis- og samgöngunefndar til að fara sérstaklega með umhverfis- og loftslagsmál. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.7 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 16. NÓVEMBER 2022

Fimmti fundur Stúdentaráðs fór fram 16. nóvember 2022. Á fundinum var kosið um tilnefningar í kjörstjórn Stúdentaráðs, forseti fór yfir það sem hefur átt sér stað í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna frá seinasta fundi og næstu skref og að stefnu Stúdentaráðs í tengslum við endurskoðunina lögð upp til samþykktar. Stefnan var samþykkt einróma. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun Stúdentaráðs og stöðuna á fjármálum ráðsins. Þrjár tillögur voru lagðar fram, sú fyrsta sneri að því að Stúdentaráð myndi í samráði við HÍ og FS beita sér fyrir því að komið yrði á fót auknum jafningjastuðningi á Stúdentagörðunum og önnur sneri að því að Stúdentaráð myndi stuðla að aukinni notkun persónufornafna á Canvas. Þær voru báðar samþykktar. Þá var lögð fram tillaga þess efnis að Stúdentaráð myndi vinna markvisst að því að auka kosningaþátttöku í kosningum til Stúdenta- og háskólaráðs og var hún samþykkt. Ein tillaga barst undir önnur mál og var samþykkt að

taka hana fyrir. Tillagana sneri að því að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að kynfræðsla skuli vera skylda fyrir kennaranema við Háskóla Íslands og taki undir áskorun SÍF þess efnis og var hún samþykkt. Til viðbótar voru tvö bókfærð mál lögð fram, um skipti í jafnréttisnefnd SHÍ og um skipti á varafulltrúum á Háskólapingi þann 16. nóvember. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.8 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 15. DESEMBER 2022

Sjötti fundur Stúdentaráðs fór fram 15. desember 2022. Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnarsýslu kom á fundinn og kynnti hvernig fjárveitingum til HÍ er háttað og Alexandra Ýr van Erven, forseti LÍS kynnti samtökin og starfsemi þeirra. Tvær tillögur voru lagðar fram og samþykktar, annars vegar tillaga um að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir því að frídagar stúdenta væru tryggðir og hins vegar tillaga sem sneri að aukinni þjónustu Hámu í Eirbergi, Læknagarði og Stakkahlíð. Þá var lögð fyrir ráðið umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023 og var hún samþykkt. Tvö bókfærð mál voru lögð fyrir sem bæði vörðuðu skipti í fjölskyldunefnd, þar sem Vaka tilnefndi nýjan fulltrúa í nefndina og afsalaði Röskvu einu sæti í nefndina. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.9 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 19. JANÚAR 2023

Sjöundi fundur Stúdentaráðs fór fram 19. janúar 2023. Á fundinum var kynning frá Sigríði Olafsson, Alþjóðafulltrúa LÍS á verkefninu Student Refugees Iceland. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á fjárhagsáætlun Stúdentaráðs og kosin var tilnefning Stúdentaráðs í kjöri til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mennta, vísinda og menninga. Lagabreytingartillögur voru teknar fyrir á fundinum og sneru þær flestar að breytingum í tengslum við kjörstjórn skv. ábendingum frá kjörstjórn í fyrra. Þrjár tillögur voru lagðar fyrir fundinn og allar samþykktar. Var það tillaga um herferð Stúdentaráðs, tillaga um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði og tillaga um að Stúdentaráð leggi til breytingar á úthlutunarreglum FS. Að lokum barst tillaga undir önnur mál þess efnis að Stúdentaráð myndi skrifi undir opið bréf til Sundhallar Reykjavíkur og ÍTR þess efnis að einum inniklefa Sundhallarinnar verði breytt í fjölskylduklefa. Samþykkt var að taka tillöguna fyrir og var hún samþykkt. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B og lagabreytingartillögur er að finna í viðauka C.

8.10 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 14. FEBRÚAR 2023

Áttundi fundur Stúdentaráðs fór fram 14. febrúar 2023. Hrólfur Jónsson framkvæmdastjóri Vísindagarða kynnti starfsemi Vísindagarða fyrir ráðinu, en fundurinn var einmitt haldinn í Grósku. Þá féll einn dagskrárliður niður vegna veikinda, kynning á fjarnámi við HÍ. Jafnframt féll dagskrárliður um tilnefningu Stúdentaráðs í kjöri til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði mannréttinda niður skv. verklagsreglum þar sem ekkert framboð barst. Uppfærð fjárhagsáætlun var lögð til samþykktar og ársreikningur Stúdentaráðs fyrir starfsárið 2021-2022 var kynntur fyrir Stúdentaráði skv. verklagi, en hann var samþykktur af stjórn í janúar. Tillögur um hvernig auka má kosningaþátttöku í kosningum til Stúdentaráðs, í framhaldi af tillögu sem samþykkt var á Stúdentaráðsfundi þann 16. nóvember um að réttindaskrifstofa Stúdentaráðs skili tillögum um hvernig auka megi kosningaþátttöku voru kynntar og bornar upp til samþykktar. Voru þær samþykktar. Þá voru fimm tillögur til viðbótar á dagskrá fundarins. Tillaga um að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir sérúrræðum fyrir stúdenta með erlendan bakgrunn var samþykkt sem og tillaga um að Stúdentaráð sendi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum. Þá var lögð fram tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að upplýsingar fyrir foreldra í námi verði gerðar aðgengilegri, t.a.m í innritunargátt fyrir háskólanema og eftir að nám hefst á heimasíðu háskólans og var hún samþykkt. Þá voru tillaga um að Stúdentaráð myndi álykta um mikilvægi Hámu í Sögu og nýju húsi heilbrigðisvísinda og tillaga um bætt námsaðstöðu fyrir nemendur á Hugvísindasviði báðar samþykktar.

Forseti fór ítarlega yfir minnisblað varðandi stöðuna á samgöngu- og bílastæðamálum við Háskóla Íslands og barst tillaga undir fundarliðnum sem samþykkt var að taka fyrir, en hún sneri að því að skerpt yrði á afstöðu Stúdentaráðs um samgöngur og gjaldskyldu á bílastæðum við HÍ og var hún samþykkt. Í kjölfarið var óskað eftir því að tillaga sem borist hafði undir önnur mál yrði tekin fyrir undir dagskrárliðnum og var það samþykkt. Var það tillaga að ályktun Stúdentaráðs um bílastæðamál en lagt var til að tillögunni yrði vísað frá í ljósi þess að Stúdentaráð hefði verið nýbúið að samþykkja tillögu um bílastæðamál og sú frávísunartillaga samþykkt. Tvö bókfærð mál voru lögð fyrir, annars vegar varðandi skipti í sviðsráði Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og hins vegar varðandi skipti í kennslumálanefnd Stúdentaráðs. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.11 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 8. MARS 2023

Níundi fundur Stúdentaráðs fór fram 8. mars 2023. Á fundinum voru tvær kynningar, annars vegar frá Nílsínu Larsen Einarsdóttur og Sabrinu Rosazza á verkefninu Spretti, sem styður og undirbýr nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Þá kom Hólmfríður Árnadóttir, deildarstýra Kennslumiðstöðvar HÍ og Verkefnisstýra fjarnáms við HÍ og kynnti stöðuna á fjarnámi við HÍ. Ein tillaga var lögð fram um skipun þingfulltrúa á landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta. Þá voru teknar fyrir lagabreytingatillögur á lögum Stúdentaráðs og er þær að finna í viðauka C. Eitt bókfært mál var lagt fyrir varðandi skipti í kjörstjórn Stúdentaráðs. Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

8.12 KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 19. APRÍL 2023

Kjörfundur Stúdentaráðs fór fram 19. apríl 2023 í kjölfar kosninga til Stúdentaráðs 22. og 23. mars. Á fundinum kaus nýtt Stúdentaráð forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs til starfa á réttindaskrifstofu ráðsins starfsárið 2023-2024. Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör:

- Rakel Anna Boulter, forseti
- Dagmar Óladóttir, varaforseti
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi
- Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi

Einnig var kosið um tilnefningar fylkinga í sviðsráð, fastanefndir Stúdentaráðs og til Háskólapings ásamt því að kjósa varafulltrúa Stúdentaráðs og Aurora fulltrúa Stúdentaráðs.


8.13 SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 23. MAÍ 2023

Skiptafundur Stúdentaráðs fer fram 23. maí 2023. Fráfarandi forseti mun kynna ársskýrslu Stúdentaráðs 2022-2023 ásamt því að framkvæmdastjóri mun fara yfir fjárhag ráðsins. Að því loknu tekur nýr forseti við fundarstjórn.

9 ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS

9.1 AKADEMÍAN OG STÚDENTABLAÐIÐ 2022-2023

Ritstjóri á skrifstofu Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Akademíunnar og Stúdentablaðsins.



Akademían er gefin út í upphafi haustmíssis og miðar að því að kynna hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs og Háskóla Íslands fyrir nýnemum.

Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á skólaári, eða yfirleitt tvisvar á hverju míssis. Í blaðinu eru umfjallanir um ýmis málefni stúdenta sem og líðandi stunda. Ritstjóri ber ábyrgð á efni og birtingu blaðsins samkvæmt lögum Stúdentaráðs.



9.2 UPPLÝSINGABÆKLINGUR UM KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS

Gagnlegar upplýsingar um

KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS 2023



Kosningar fara fram á
Uglu 22. og 23. mars



Stúdentaráð gaf út upplýsingabækling vegna kosninga til Stúdentaráðs en hann byggði á uppsetningu sambærilegra bæklinga fyrri ára. Varaforseti Stúdentaráðs var með yfirumsjón með textanum og upplýsingum sem þurfti að uppfæra. Í bæklingnum var að finna upplýsingar um fyrirkomulag kosninga, hlutverk og uppbyggingu Stúdentaráðs og háskólaráðs.

Nánari upplýsingar um kosningarnar voru aðgengilegar á heimasíðu Stúdentaráðs.

9.3 ÁLYKTANIR STÚDENTARÁÐS

9.3.1 VEGNA BYGGÐAR Í NÝJA SKERJAFIRÐI

9. maí 2023

[Skýrsla starfshóps](#) sem innviðaráðherra skipaði til að meta áhrif nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar hefur nú [loksins](#) verið gefin út. Stúdentaráð fagnar því að niðurstaða skýrslunnar sé [skýr](#) um að ekki sé þörf á því að hætta við byggingaráform í Nýja Skerjafirði, heldur sé nóg að grípa til mótvægisáðgerða.

Mikil aðsókn er á stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta (FS) og **telur biðlistinn í dag tæplega 900 manns, sem er rúmlega þriðjungur meira en á sama tíma í fyrra**. FS hefur unnið að því að stytta biðlista með stöðugri uppbyggingu síðustu ár en nú er staðan hins vegar sú að ef uppbygging í Skerjafirði tefst lengur eða fer ekki af stað mun FS ekki geta byrjað á nýju verkefni fyrr en árið 2025, þar sem FS hefur næst vilyrði fyrir lóðum árin 2025 og 2026. **Stúdentaráð krefst þess að nú verði hlustað á sérfræðinga og að uppbygging verði ekki tafin enn frekar**, enda er bráð þörf á áframhaldandi uppbyggingu stúdentagarða og sú staðreynd að stjórnmalafólk reyni að standa í vegi fyrir henni ólíðandi

Skerjafjörðurinn er einstaklega mikilvæg staðsetning fyrir stúdenta í grennd við háskólann, en þar hefur FS á áætlun að byggja allt að 107 íbúðir í Skerjafirði I, auk þess sem að skrifað hefur verið undir [viljayfirlýsingu um úthlutun lóða í Skerjafirði II](#). Samkvæmt áætlunum FS eiga þar að rísa fjölskylduíbúðir. Fjölgun slíkra íbúða mun verða til þess að auka húsnæðisöryggi foreldra í námi og barna þeirra, en samkvæmt [Eurostudent VI](#) á um þriðjungur íslenskra stúdenta eitt barn eða fleiri.

Niðurstöður könnunar [Eurostudent VII](#) hafa sýnt að 43% stúdenta á Íslandi búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað og ríma þessar tölur við skýrslu [Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði](#). Aukið aðgengi að stúdentaíbúðum á hagstæðu verði er mikilvægur liður í að lækka þetta hlutfall og tryggja jafnara aðgengi að námi.

9.4 YFIRLÝSINGAR STÚDENTARÁÐS

9.4.1 VARÐANDI FJÁRMÖGNUN ALMENNINGSSAMGANGNA OG U-PASSA FYRIR STÚDENTA

7. október 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands krefst þess að fjárframlög til almenningssamgangna verði stórefld og U-passi verði innleiddur fyrir stúdenta

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu almenningssamgangna á Íslandi í ljósi nýlegra fregna af fjárhagsstöðu Strætó bs. Stúdentaráð krefst þess að íslenska ríkið tryggi stóraukið fjármagn í málaflokkinn strax, bæði í rekstur almenningssamgangna um allt land og að innleiddur verði U-passi fyrir stúdenta.

Stóraukið fjármagn til almenningssamgangna

Samantekt ASÍ¹ sýnir að ríkisstjórnin ver ný sinnum meira fé í niðurgreiðslu rafbílaþinga en til reksturs Strætó bs. Þessar ívilnanir vegna rafbílaþinga eru kostnaðarsamasta loftslagsaðgerð stjórnvalda, gagnast helst efnameiri hópum og gengur þvert á þau réttlátu umskipti sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar². Efling almenningssamgangna er bæði nauðsynleg og réttlát loftslagsaðgerð sem felur í sér bætt kjör og tækifæri fyrir almenning. Einkum og sér í lagi fyrir tekjulægri hópa, svo sem ungt fólk og stúdenta sem nota almenningssamgöngur í meira mæli³ en tekjuhærri hópar.

Með aðild sinni að samningi um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu⁴ hefur ríkið skuldbundið sig til að grípa til aðgerða, auk þess sem ríkisstjórnarsáttmálinn kveður á um að unnið verði að eflingu almenningssamgangna á landsbyggðunum, í samstarfi við sveitarfélögin. Það þarf að standa við loforðin, efla almenningssamgöngur og aðgengi að þeim með auknu fjármagni, bæði innan höfuðborgarsvæðisins og utan þess.

Fjármögnun U-passa fyrir stúdenta

Háskóli Íslands er staðsettur í hjarta Reykjavíkur, háskólasvæðið er og verður þungamiðja stofnleiða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Það verður að vera raunhæfur

¹<https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/samgongur-og-rettlát-umskipti-gjaldskrarhaekkanir-hja-straeto-en-27-milljardar-i-rafbila/>

²<https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf>

³<https://straeto.is/media/2021/09/markadsmal-sumar-haust.pdf>

⁴<https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/samgonguaaetlun/sattmali-um-samgongur-a-hofudborgarsvaedinu/>

valkostur fyrir stúdenta að komast á milli staða á skilvirkan hátt, bæði hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir fólk og umhverfi.

Til þess að gera það að raunhæfum valkosti þarf að innleiða svokallaðan *U-passa*, samgöngukort á hagstæðu verði fyrir stúdenta, sem Stúdentaráð hefur lengi talað fyrir⁵ og sækir fyrirmynd sína til Evrópu. Innleiðing *U-passa* gerir Strætó að aðgengilegri kosti fyrir stúdenta og fjölgar notendum. Slík útfærsla er þegar til skoðunar hjá Háskóla Íslands og hafa viðræður við Strætó átt sér stað, en ljóst er að til þess að *U-passinn* geti orðið að veruleika þarf pólitískan vilja og fjármagn, bæði frá ríki og sveitarfélögum.

Ríkisstjórnin þarf að auka fjárframlög til málaflokksins með það að leiðarljósi að bæta þjónustu og gera almenningssamgöngur að hagkvæmari kosti, meðal annars með innleiðingu *U-passans*. Hér er um að ræða réttláta loftslagsaðgerð sem hefur áhrif í þágu samfélagsins alls og auðvelt er að hrinda í framkvæmd strax.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Rebekka Karlsdóttir

Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

⁵<https://student.is/stefna-shi/>

9.4.2 VEGNA ERFIÐRAR FJÁRHAGSSTÖÐU HÁSKÓLA ÍSLANDS

29. janúar 2023

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir enn á ný yfir þungum áhyggjum af fjárhagsstöðu Háskóla Íslands, en í [fréttaflutningi](#) hefur komið fram að allt að milljarð vanti upp á til þess að Háskóli Íslands nái endum saman fyrir komandi ár. Ljóst er að vöntun á fjármagni hefur mikil áhrif á grunnstarfsemi skólans, en háskólaráð hefur samþykkt [aðhaldsaðgerðir](#) vegna stöðunnar sem fela m.a. í sér niðurskurð í kennslu og stöðvun á ráðningum. Þessu til viðbótar er enn meiri niðurskurður boðaður í fjármálaáætlun fyrir árið 2024.

Þetta er þung staða og þróun í þveröfuga átt við það sem fram kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, um að stefna að sambærilegri fjármögnun háskóla á Íslandi og þekkt á hinum Norðurlöndunum. Stúdentaráð hefur um [árábil](#) vakið athygli undirfjármögnun háskólans og afleiðingum hennar, nú síðast í [umsögn við fjárlög 2023](#). Þá hefur forseti Stúdentaráðs ítrekað vakið máls á alvarleika stöðunnar við ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar og þeirri staðreynd að fjárveiting til háskólastigsins samræmist ekki þeim áherslum eða markmiðum sem stefnt er að í nýju ráðuneyti háskólamála. Það skýtur skökku við að á sama tíma og kallað er eftir fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum er halli Heilbrigðisvísindasviðs 240 milljónir og sett eru fram markmið um aukið námsframboð í STEAM greinum á sama tíma og Verkfræði- og náttúruvísindasvið hefur þurft að draga verulega úr kennslu vegna fjárskorts.

Háskóli Íslands sinnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku samfélagi og er meðal fremstu háskóla heims, en staðreyndin er sú að vegna skorts á fullnægjandi fjármögnun til að sinna rannsóknum og kennslu hefur skólinn fallið á alþjóðlegum matslistum. Bregðast þarf tafarlaust við og hlúa að grunnstöðum menntakerfisins til að styrkja það til framtíðar. Stúdentaráð tekur undir með háskólaráði og hvetur stjórnvöld til að hraða endurskoðun á reiknilíkani háskóla þannig að fjármögnun til opinberrar háskólamenntunar samræmist samanburðarlöndunum. Tryggja þarf rekstrargrundvöll skólanna og draga úr sveiflum í fjárveitingum með því að auka hlutfall fastrar fjármögnunar og annarrar fjárveitingar sem er ekki jafn breytileg og núverandi þættir reiknilíkansins. Vanda þarf til verka við sköpun hvata fyrir háskólanna þannig að þeir hvatar sem innbyggðir verða í fjárveitingar þjóni samfélaginu í heild sinni og stuðli sannarlega að auknum gæðum náms og rannsókna.

Stúdentaráð krefst þess að stjórnvöld standi við lögbundna skyldu sína og stórauki fjárframlög til opinberrar háskólamenntunar. Það skiptir sköpum fyrir íslenskt samfélag, eflir lífskjör, verðmætasköpun og samkeppnishæfni menntakerfisins auk samfélagsins á alþjóðavettvangi.

9.4.3 VIÐBRÖGÐ VEGNA ÚTHLUTUNARREGLNA MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA 2023-2024

5. apríl 2023

Viðbrögð Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna 2023-2024

Úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2023-2024 hafa verið samþykktar af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hér að neðan er að finna viðbrögð Stúdentaráðs við úthlutunarreglunum:

Aukinn sveigjanleiki fyrir foreldra

Stúdentaráð fagnar því að tekið hafi verið mið af ábendingum lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðsins um aukið svigrúm foreldra í námi hvað varðar kröfur um lágmarks námsárangur. Svigrúm vegna barneigna hefur nú verið aukið úr 16 einingum í 22 einingar auk þess sem að hvort foreldri um sig á nú rétt á 22 eininga svigrúmi, en áður fyrr þurftu foreldrar að skipta því sín á milli. Með þessum breytingum geta foreldrar í námi tekið hlé frá námi í eina önn án þess að námslán þeirra komi til skerðingar. Þetta stóraukey svigrúm er til þess fallið að auka fjárhagslegt öryggi foreldra í námi og draga úr óvissu. Það er því óhætt að segja að um sé að ræða mikla hagsbót fyrir foreldra í námi. Stúdentaráð telur mikilvægt að haldið sé áfram á þessari braut, til að mynda mætti koma betur til móts við foreldra eftir fyrsta ár barns og veita þeim hópi aukið svigrúm.

Grunnframfærsla og viðbótarlán vegna húsnæðis

Stúdentaráð lýsir yfir vonbrigðum yfir því að grunnframfærslan hafi einungis tekið vísitöluhækkun en ljóst er að hún hefur til lengri tíma verið of lág og þrátt fyrir 18% hækkun á síðasta ári þá dugar hún enn ekki til að standa straum af raunverulegum framfærslukostnaði hér á landi, þvert á fyrirmæli 2. mgr. 2. gr. laganna. Þrátt fyrir að húsnæðisgrunnur taki einnig vísitöluhækkunum þá byggir hann eftir sem áður á leiguverði á stúdentagörðum. Einungis um 11-12% stúdenta búa á gördunum og því er ljóst grunnurinn tekur ekki mið af raunverulegum aðstæðum meirihluta stúdenta. Þar að auki hefur grunnurinn ekki hækkað til lengri tíma og hefur því engan veginn haldið í við þróun leiguverðs á hinum almenna markaði.

Frítekjumarkið

Þá veldur það einnig vonbrigðum að ekki hafi verið tekið mið af kröfum fulltrúa stúdenta í stjórn sjóðsins um tvískiptingu frítekjumarksins að norrænni fyrirmynd. Í þessu samhengi er vert að minnast á þá staðreynd að frítekjumarkið hér á landi er það lægsta á Norðurlöndum en ljóst er samspil lágrar grunnframfærslu og lágs frítekjumarks getur haft alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir lántaka sem lenda í vítahring vinnu og of lágra námslána.

ÞÖRF Á BREYTINGUM

Stúdentaráð hefur ítrekað bent á vankanta þess fyrirkomulags að sjóðsstjórn sé falið að ákvarða upphæðir framfærslu- og viðbótarlána vegna húsnæðis. Til marks um þá vankanta er fyrst og fremst sú staðreynd að námslán hafa verið of lág svo árum skiptir. Menntasjóður námsmanna uppfyllir ekki hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður í núverandi mynd. Stúdentaráð bindur vonir við að tekið verði tillit til ofangreindra þátta í framhaldinu og sérstaklega við endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna sem nú stendur yfir. Mikilvægt breytingar á kerfinu verði gerðar með þarfir og hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

9.4.4 VARÐANDI SKORT Á HINSEGINFRÆÐSLU INNAN HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

23. maí, 2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir áhyggjum um skort á hinseginfræðslu innan Heilbrigðisvísindasviðs og telur nauðsynlegt að hinseginfræðslu verði bætt við í skyldufög innan sviðsins, þá sérstaklega í grunnnámi læknis- og hjúkrunarfræði.

Árið 2022 voru gefnar út tvær skýrslur unnar af nemum HÍ sem fjalla um stöðu og réttindi trans og kvára á Íslandi. Önnur [skýrslan](#), *Kynjasambætting út fyrir kynjatvíhyggjuna*, unnin af Birtu B. Kjerúlf, er byggð á rannsókn hennar á stöðu réttinda trans fólks og kvára innan stjórnsýslu Íslands og hin [skýrslan](#), *„Að vera kvár á Íslandi: Hvað felst í kynjajafnrétti fyrir kvár?“*, unnin af Birtu Ósk, fjallar um og gefur góða mynd á hver félagslega staða kvára er á Íslandi í dag. Báðar rannsóknir sýndu þær niðurstöður að trans og kynsegin fólk stendur frammi fyrir stórum áskorunum innan heilbrigðiskerfisins, og þá sérstaklega þegar kemur að þekkingarleysi heilbrigðisstarfsfólks. Niðurstöður úr báðum rannsóknum sýndu að kerfið vinnur ekki með trans og kynsegin fólk og að auknir fordómar og vanþekking innan heilbrigðisgeirans skili af sér lélegri þjónustu fyrir þennan hóp samfélagsins.

Mikilvægt er að brugðist verði við og ráðist sé á rót vandans, sem í grunninn er fáfræði og vanþekking heilbrigðisstarfsfólks, með því að byggja upp þekkingu strax í grunnnámi. Núverandi hinseginfræðsla er af skornum skammti og fer nær einungis fram á þverfaglegum degi Heilbrigðisvísindasviðs, sem er haldinn innan sviðsins ár hvert þar sem nemendur úr ólíkum deildum innan sviðsins koma saman og fá kennslu um mismunandi efni. Þar er um klukkustundarlangur dagskrárliður sem heitir „*margbreytileiki samfélagsins*” þar sem farið er yfir hinseginleikann í stuttu máli. Ljóst er að þetta er langt frá því að vera næg fræðsla fyrir framtíðar starfsfólk heilbrigðiskerfisins.

Stúdentaráð telur því nauðsynlegt að hinseginfræðslu verði bætt við í kennsluskrá skyldufaga innan sviðsins, þá sérstaklega í grunnnámi læknis- og hjúkrunarfræði, og skorar á stjórn Heilbrigðisvísindasviðs að bregðast fljótt við. Með því að opna á umræður og auka fræðslu innan sviðsins er Háskólinn að stíga fram og taka eindregna afstöðu með trans einstaklingum í samfélaginu og tilverurétt þeirra. Háskóla Íslands ber samfélagsleg skylda til þess að vinna gegn mismunum og ein leið til að gera það er með aukinni fræðslu um jaðarsetta hópa og stöðu þeirra innan samfélagsins.

9.5 UMSAGNIR STÚDENTARÁÐS TIL ALÞINGIS

9.5.1 TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM NIÐURFELLINGU NÁMSLÁNA

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 156 – 155. mál.

1. nóvember 2022

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um niðurfellingu námslána

Stúdentaráði Háskóla Íslands barst umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um niðurfellingu námslána. Stúdentaráð styður breytingar og aðgerðir sem ýta undir það að Menntasjóður námsmanna þjóni betur lögbundnu hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður og fagnar allri umræðu sem snýr að því. Þó þykir Stúdentaráði tillagan ýmsum annmörkum háð eins og hún stendur.

Hér er í raun um tvær tillögur að ræða. Annars vegar að heimilt sé að umbreyta eldri lánnum í námsstyrk að ákveðnum almennum skilyrðum uppfylltum, svo sem vegna efnahagsástands, og hins vegar afskriftir námslána að ákveðnum sértækum skilyrðum uppfylltum, svo sem vegna alvarlegra og varanlegra veikinda lántaka.

Afskrift námslána að ákveðnum sértækum skilyrðum uppfylltum

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna hefur sjóðstjórn heimild til að afskrifa höfuðstól lántaka við sérstakar aðstæður. Það má segja að síðari hluti tillögunnar, sem snýr að afskriftum námslána að ákveðnum sértækum skilyrðum uppfylltum, sé því að einhverju leyti þegar til staðar í lögum um Menntasjóð námsmanna. Þessi heimild nær þó aðeins til þeirra sem taka lán frá Menntasjóði námsmanna, eru 66 ára eða eldri og eiga í erfiðleikum með greiðslur af ákveðnum ástæðum. Samkvæmt ákvæðinu er sjóðstjórn heimilt að gera tímabundna samninga við lántaka sem hafa ekki greitt lán sín að fullu á því ári sem lántakar ná 66 ára aldri. Þetta gildir þó aðeins um lántaka sem eiga í erfiðleikum með greiðslur af heilsufarsástæðum, sökum fjárhagsörðugleika eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Ef lántaki hefur staðið við samninginn að lágmarki í eitt ár og sjóðstjórn metur það svo að aðstæður viðkomandi séu með þeim hætti að hann geti ekki greitt hluta hans skal stjórnin afskrifa höfuðstól lántaka að hluta eða öllu leyti.

Stúdentaráð styður að þessi heimild sé útvíkkuð þannig að hún nái ekki einungis til þeirra sem eru 66 ára og eldri heldur til allra lántaka óháð aldri. Sambærilega heimild væri hægt að innleiða fyrir greiðendur eldri lána.

Umbreyting eldri lána í námsstyrk vegna efnahagsástands

Varðandi þann hluta tillögunnar sem snýr að því að heimild verði veitt til niðurfellingar á eldri námslánum sem veitt voru áður en lög nr. 60/2020 tóku gildi, bendir Stúdentaráð á grundvallarmunurinn á Menntasjóði námsmanna og forvera hans, Lánasjóði íslenskra námsmanna, liggur einmitt í styrkveitingunni.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Menntasjóð námsmanna⁶ er því haldið fram að í Lánasjóði íslenskra námsmanna hafi stuðningur ríkisins til námsfólks í raun verið tvenns konar. Annars vegar styrkur vegna afskrifta á námslánum við andlát lánþega og hins vegar styrkur vegna vaxtamismunar á þeim vöxtum sem Lánasjóðurinn fjármagnar sig á og þeim vöxtum sem hann lánar út á. Námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (G-, R-, S- og V-lán) eru verðtryggð og báru áður 1% fasta vexti en bera nú einungis 0,4% vexti⁷. Styrkur ríkisins er veittur með öðru móti í gegnum námslán frá Menntasjóði námsmanna (H-lán). Lántakar sem ljúka námi á réttum tíma fá 30% styrk frá ríkinu, auk þess sem að ríkið fjármagnar greiðslu barnastyrks auk ívilnana. Námslán frá Menntasjóði bera breytilega vexti sem ráðast af þeim lánakjörum sem ríkissjóði bjóðast hverju sinni auk fasts vaxtaálags. Vaxtaþak fyrir verðtryggð lán er 4% en slík lán bera 2,5% vexti í dag.

Niðurfelling á hluta námslána fyrir greiðendur eldri námslána (G-, R-, S- og V-lána), sambærileg þeirri 30% niðurfellingu sem er í boði í nýja kerfinu (H-lán), myndi því þýða að greiðendur eldri lána fengju í raun tvöfaldan styrk á við það sem greiðendum H-lána býðst í núverandi námslánakerfi. Ef greiðendum eldri lána yrði boðin niðurfelling á eftirstöðvum námslánum sinna, þ.e. afskrift þeirra, svo sem vegna efnahagslegra aðstæðna hefði það í för með sér umtalsverða mismunun gagnvart greiðendum H-lána, sérstaklega þeirra sem ekki hljóta styrkinn. Slæmar efnahagsaðstæður bitna töluvert verr á þeim hópi þar sem vextir H-lána eru breytilegir og geta við slíkar aðstæður hækkað, á meðan vextir eldri lána standa í stað.

Stúdentaráð er í grundvallaratriðum sammála þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í tillögunni en vill þó áréttta þann eðlismun sem fólgin er í afskriftum á eftirstöðvum námslánum og niðurfellingu hluta námsláns. Líkt og kemur fram hér að ofan telur Stúdentaráð að ýmislegt þurfi að skoða betur til þess að aðgerðirnar sem lagðar eru til beri sem mestan árangur. Þá tekur Stúdentaráð undir þau sjónarmið sem sett eru fram í greinargerð með tillögunni um að fjárfesting hins opinbera í menntun sé arðbær fjárfesting. Ljóst er að grundvöllur úrbóta á námslánakerfinu í þágu stúdenta er betri fjármögnun kerfsins og eru aukin fjárframlög því nauðsynleg svo hægt sé að framkvæma það sem lagt er til í þingsályktunartillögunni.

⁶ <https://www.althingi.is/alttext/150/s/0373.html>

⁷ <https://www.lin.is/greiðendur/endurgreidsla-namslana/#Endurgrei%C3%B0slur-G,-S,-R--&-V-l%C3%A1na->

Að lokum bendir Stúdentaráð á að lögbundin endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna á að fara fram fyrir haustþing 2023. Stúdentaráð hvetur flutningsmenn, sem og aðra alþingismenn, til að beita sér í þágu stúdenta í þeirri vinnu.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Rebekka Karlsdóttir

Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

9.5.2 FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 48 – 48. mál.

6. desember 2022

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 (launatekjur o.fl.)

Stúdentaráði Háskóla Íslands barst umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna er varða launatekjur og fleira. Þess ber að geta að frumvarpið er endurflutt og skilaði Stúdentaráð inn umsögn þann 10. mars 2021 þegar frumvarpið var fyrst lagt fyrir Alþingi⁸. Stúdentaráð Háskóla Íslands vill því nýta tækifærið og ítreka það sem fram kom í þeirri umsögn. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að umbætur verði gerðar á lögum um Menntasjóð námsmanna en leggur áherslu á að allar breytingar séu til þess fallnar að uppfylla lögbundið hlutverk sjóðsins sem félagslegur jöfnunarsjóður.

Afnám skerðinga vegna launatekna (1. gr.)

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að ekki verði tekið tillit til launatekna námsfólks eða fjölskyldna þeirra við áætlun á upphæðum framfærslulána. Stúdentaráð hefur ítrekað⁹ bent á að í íslensku námslánakerfi er stúdentum gert að vinna með námi þrátt fyrir að vera á framfærslulánum (enda duga lánin ekki til að standa straum af framfærslukostnaði) og gjalda svo fyrir það vegna frítekjumarksins. Í núverandi mynd má því segja að námslánakerfið yti undir atvinnuþátttöku á sama tíma og það refsar fyrir hana.

Afnám skerðinga vegna launatekna myndi aðeins leysa þann vanda að hluta til en eftir stæði viðkvæmur hópur þeirra sem hafa til dæmis ekki færi á að vinna með námi og þurfa að reiða sig á of lága framfærslu. Það er gríðarlega mikilvægt að námslánakerfið grípi þennan hóp ef það á að geta náð yfirlýstum markmiðum sínum um aðgengi að námi óháð efnahag eða stöðu að öðru leyti. Stúdentaráð hefur ítrekað bent á þetta¹⁰ og krafist þess að grunnframfærslan verði leiðrétt og að árleg endurskoðun hennar verði fest í lög. Í greinargerð frumvarpsins kemur einnig fram að þær verulegu tekjuskurðingar sem frítekjumarkið hefur í för með sér, þegar grunnframfærslan er eins lítil og raun ber vitni, feli í sér mismunun á grundvelli efnahags. Hér má lesa á milli línanna að grunnframfærslan sé í raun rót þess vanda sem fólgin er í

⁸ [Umsögn SHÍ vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um MSNM, 10. mars 2021.](#)

⁹ Sjá til dæmis <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-2250.pdf>

¹⁰ Sjá til dæmis <https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2021/01/Grunnframfaersla.pdf>

ófullnægjandi framfærslu lántaka á meðan á námi stendur. Af þessum ástæðum hefur Stúdentaráð bent á að nauðsynlegt sé að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað¹¹. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu eða öðrum breytingum sem hægt væri að gera á frítekjumarkinu áður en ráðist er í afgerandi breytingar á lögum sjóðsins.

Atvinnubátttaka háskólanema hér á landi er með því mesta sem gerist í Evrópu, en í niðurstöðum EUROSTUDENT VII¹² kemur fram að 71% háskólanema hér á landi vinni með námi og þar af fullyrða 72% að án vinnunnar gætu þeir ekki verið í námi. Þessar tölur tala sínu máli og eru í raun áfelligsdómur á námslánakerfið, en hvergi í Evrópu er hlutfallið hærra. Vert er að undirstrika þá staðreynd að fullt nám er full vinna. Það er varhugavert hvað íslenskir háskólanemar vinna mikið með námi samanborið við aðrar evrópuþjóðir en líkt og gefur að skilja hefur slíkt áhrif á námsárangur og þar með námstíma. Til marks um það eru niðurstöður EUROSTUDENT VII en þar kemur fram að 25% háskólanema hérlandis eigi í erfiðleikum með nám sitt vegna vinnu og 31% nema telja fjárhagsstöðu sína vera slæma eða mjög slæma en það er með því mesta sem gerist í Evrópu. Niðurstöður EUROSTUDENT VII sýndu einnig að 15% háskólanema hér á landi glíma við andleg veikindi en að meðaltali glíma 4% háskólanema í Evrópu við andleg veikindi. Allt er þetta til marks um bága stöðu stúdenta hér á landi, en með því að auka stuðning við stúdenta á meðan á námi stendur væri hægt að draga úr þessum vanda.

Þess má geta að í námslánakerfum annars staðar á Norðurlöndum er í gildi einhvers konar útgáfa af frítekjumarki¹³ en líkt og LÍS hefur bent á er frítekjumarkið hér á landi þó það lægsta¹⁴ þrátt fyrir að verð á neysluvöru hér á landi sé það hæsta á Norðurlöndunum og raunar það næst hæsta í Evrópu¹⁵. Líkt og áður kom fram vinna háskólanemar hér á landi meira með námi en háskólanemar annars staðar á Norðurlöndum þannig að skerðing á námslánnum er ekki aðeins meiri vegna lægra frítekjumarks heldur má einnig leiða að því líkum að fleiri verði fyrir skerðingum vegna þessa.

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á frítekjumarkinu en telur þó að það þurfi að stíga varlega til jarðar í þeim efnum og hafa í huga að frítekjumarkið er mikilvægt til

¹¹ https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2022/03/39_-Umso%CC%88gn-vegna-frumvarps-til-laga-um-breytingu-a%CC%81-lo%CC%88gum-um-Menntasjo%CC%81d-na%CC%81msmanna-nr.-60_2020-launatekjur.pdf

¹² https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf

¹³ Þess ber þó að geta að í Noregi hefur frítekjumarkið einungis áhrif á upphæðir styrkja en ekki lánsupphæðir. Sjá nánar hér: <https://lanekassen.no/en-US/grants-and-loans/income-and-assets/>

¹⁴ <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-1047.pdf>

¹⁵ <https://ec.europa.eu/eurostat/en/web/products-eurostat-news/-/ddn-20220621-1>

Þess að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður¹⁶. Þess vegna telur Stúdentaráð að ákvæði um að ekki komi til skerðingar á námsláni vegna launatekna fjölskyldu lántaka dragi úr jöfnunarhlutverki Menntasjóðsins þar sem ekki allir stúdentar búa við sömu fjölskylduaðstoð. Hægt væri að skoða annars konar breytingar á frítekjumarkinu, til að mynda tvískipt frítekjumark að danskri fyrirmynd sem gerir ráð fyrir sjálfsaflafé að sumri annars vegar og sjálfsaflafé að vetri hins vegar. Slík skipting býr til meira svigrúm fyrir stúdenta til að afla sér tekna yfir sumarið án þess að lenda í vítahring.

Fyrningarfrestur (2. gr.)

Lagt er til að 2. mgr. 26. gr. falli brott. Sú regla kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldþrots. Stúdentaráð tekur undir með greinargerð frumvarpsins um að sömu reglur eigi að gilda um fyrningu námslána og gilda um almennar kröfur. Það á ekki að koma að sök að kröfurnar eru tilkomnar vegna námslána frekar en annars konar lána.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,

Rebekka Karlsdóttir

Rebekka Karlsdóttir

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

María Sól Antonsdóttir
María Sól Antonsdóttir
Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs

¹⁶ Sjá t.d. [Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 \(launatekjur\)](#)

9.5.3 FRUMVARP TIL FJÁRLAGA 2023

15. desember, 2022

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um frumvarp til fjárlaga 2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með [háskólaráði Háskóla Íslands](#) og lýsir yfir þungum áhyggjum af fjármögnun Háskóla Íslands í ljósi fyrirhugaðs niðurskurði fjárveitinga árið 2023. Það er vitað mál að Háskóli Íslands hefur verið undirfjármagnaður um árabil en nú stefnir í enn verri stöðu en áður. Fyrir 2. umræðu fjárlaga stóðu fræðasvið skólans frammi fyrir 500 m.kr. niðurskurði og með þeirri 200 m.kr. aðhaldskröfu sem kom fram í 2. umræðu fjárlaga hefur staðan versnað til muna. Stúdentaráð telur að með þeim fjárveitingum sem lagðar eru til séu stjórnvöld að bregðast lögbundinni skyldu sinni við að fjármagna opinbera háskólamenntun. **Stórauka þarf fjárframlög til Háskóla Íslands til þess að skólinn geti haldið úti grundvallarstarfsemi sinni og að óbreyttu stefnir í alvarlegt ástand.**

Mikil nemendafjöldgun varð í Háskóla Íslands þegar heimsfaraldur vegna Covid-19 reið yfir og má rekja hana til áherslu stjórnvalda á að menntakerfið væri lausnin við kreppunni. Háskóli Íslands svaraði kallinu, varð við óskum stjórnvalda og opnaði skólann fyrir fleiri nemendum. Með þessu fylgdi viðbótarfjármagn, en þó ekki meira en svo að árið 2020 stunduðu 800 fleiri nemendur nám við HÍ en greitt var fyrir og 540 fleiri árið 2021. Nú er boðaður mikill niðurskurður á einu bretti vegna nemendafækkunar og er Háskóli Íslands því látinn taka skellinn, eftir að hafa brugðist við þegar á reyndi.

Í [frumvarpi til fjárlaga](#) árið 2016 kemur fram að við útreikninga á framlögum til kennslu í hverjum skóla væri, eins og árin á undan, notaður veginn meðalfjöldi ársnema á síðustu árum og spá fyrir yfirstandandi ár. Þar segir að tilgangurinn með þessari aðferðafræði sé að draga úr sveiflum í framlögum á milli ára auk þess sem áætlanir háskólanna um ríkisframlag byggjast þá aðeins að óverulegu leyti á nemendaspá fram í tímann. Jafnframt kemur fram að þessi aðferð hafi þau áhrif að „*ef nemendafjöldi breytist á milli ára þá breytist framlag ekki strax heldur með töf, enda verður stórum hluta útgjalda háskóla aðeins breytt með góðum fyrirvara.*“ Fyrirhuguð lækkun fjárveitinga með skömmum fyrirvara á milli umræðna vegna nemendafækkunar gerir það að verkum að erfitt er fyrir Háskólann að bregðast við. Stúdentaráð gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega, enda verður ekki séð hvers vegna minni ástæða er talin nú, en fyrri ár, til þess að draga úr sveiflum í fjárlögum til Háskólans á milli ára.

Það skýtur skökku við að á sama tíma og stjórnvöld boða stórsókn í menntun og gefa það út að meginmarkmið þeirra hvað varðar starfsemi á háskólastigi sé að hér séu „*framsæknar og alþjóðlega samkeppnishæfar rannsóknastofnanir og háskólar*“ nær fjárveiting til stærsta

háskóla landsins ekki einu sinni meðaltali OECD ríkjanna og á langt í land til þess að ná hinum Norðurlöndunum. Heildartekjur Háskóla Íslands árið 2019 voru 2,9 milljónir á ársnema á meðan meðaltalið á Norðurlöndunum er 4,2 milljónir á hvern ársnema.

Flestar deildir stærsta háskóla landsins standa frammi fyrir því að óbreyttu að þurfa að skera niður í grunnstoðum sínum með tilheyrandi afleiðingum fyrir menntun og rannsóknir í landinu. Þar að auki er nú til [umræðu](#) að hækka skrásetningargjaldið sem innheimt er við opinbera háskóla sem liggur í augum uppi að kemur til vegna vöntunar á fjármagni frá stjórnvöldum til þess að halda uppi grunnstarfsemi háskólans. Skrásetningargjaldið er nú þegar of hátt og yrði hækkun þess aðeins til þess að auka ójöfnuð og skerða aðgengi að námi. **Þessu þarf að afstýra tafarlaust með því að falla frá kröfum um niðurskurð vegna nemendafækkunar ásamt því að stórauka fjárframlög til Háskóla Íslands.** Þar að auki þarf að endurskoða til framtíðar hvernig fjárveitingum til skólans er háttað. Nauðsynlegt er að endurskoðun á reiknilíkani háskólastigsins verði lokið sem fyrst og að brýnt er að útdeiling fjármuna til Háskóla Íslands taki mið af raunverulegu landslagi háskólastigsins þannig að rekstrargrundvöllur skólans sé tryggður.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

9.5.4 TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM STEFNUMÓTANDI AÐGERÐIR TIL EFLINGAR ÞEKKINGARSAMFÉLAGS Á ÍSLANDS TIL ÁRSINS 2025

20. mars 2023

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar þeirri áherslu sem lögð er á hlutverk háskólanna í tillögunni og tekur undir þá framtíðarsýn að lykkillinn að bættum lífsgæðum og auknum tækifærum á Íslandi felist meðal annars í aukinni áherslu á fjölbreytt og alþjóðlega samkeppnishæft háskólanám og rannsóknir. Nokkrar umsagnir hafa borist um tillöguna frá fræðasamfélaginu innan Háskóla Íslands þar sem bent er á ýmislegt sem betur mætti fara og tekur Stúdentaráð undir margar af þeim ábendingum. Margt er jákvætt í tillögunni, en hér að neðan verður aðeins komið inn á þær helstu athugasemdir sem Stúdentaráð hefur fram að færa:

Í upphafi kemur fram að stefna um þekkingarsamfélag á Íslandi byggi á þeirri sýn að lykkillinn að bættum lífsgæðum og auknum tækifærum í atvinnulífi sé að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Stúdentaráð telur óljóst hvað felist í því að „*hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar*“ og telur þörf á að skýra þetta nánar til að grundvöllur tillögunnar sé ljós. Þá áréttar Stúdentaráð að mikilvægi hugvitsins er ekki aðeins metið í vægi þess sem útflutningsgrein heldur einnig í nýtingu þess innanlands.

Varðandi meginmarkmið í háskóla- og vísindastarfi

Stúdentaráð telur þau meginmarkmið í háskóla- og vísindastarfi sem talin eru upp í tillögunni séu af hinu góða en hefur efasemdir um að aðgerðirnar sem fylgi endurspeglgi markmiðin nægilega vel. Svo dæmi sé tekið verður ekki séð hvaða aðgerð styður beint við markmiðið um að auka gæði náms og námsumhverfis eða hvaða markmið á að virkja metnað og hugvit nemenda. Varðandi hið síðarnefnda telur Stúdentaráð nauðsynlegt að bætt verði inn aðgerð sem tekur til eflingu Menntasjóðs námsmanna. Grundvallaratriði til þess að hægt sé að virkja metnað og hugvit nemenda er að tryggja þeim fullnægjandi framfærslu á meðan námi stendur. Stúdentar á Íslandi búa enn í grundvallaratriðum við ófullnægjandi stuðningskerfi og í ljósi þess að nú stendur yfir lögbundin endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna telur Stúdentaráð eðlilegt að jafn veigamikilið áhersluatriði í málefnum stúdenta sé inni í þingsályktunartillögunni.

Um lið 1.1 - Sókn í STEAM greinum

Stúdentaráð tekur undir mikilvægi þess að STEAM greinar séu efldar og þá sérstaklega með tilliti til þess að fjöldi stúdenta í þessum greinum í íslenskum háskólum er sá lægsti á Norðurlöndunum. Margar STEAM greinar eru einungis kenndar hér á landi við Háskóla Íslands og er mikilvægt að settur verði aukinn kraftur í þessar greinar meðal annars með því að fjölga

kennurum, efla verklega kennslu og svo framvegis. Stúdentaráð telur þó varhugavert að leggja áherslu á umræddar greinar umfram aðrar og bendir á að félags-, hug- og menntavísindi skipta ekki síður máli í okkar samfélagi. Efling þekkingarsamfélags takmarkast ekki við STEAM-greinar heldur krefst hún þverfaglegar nálgunnar.

Um lið 1.4 - Sameiginleg innritunargátt

Stúdentaráð telur jákvætt að taka eigi í notkun nýja sameiginlega umsóknargátt íslenskra háskóla en vill þó ítreka mikilvægi þess að samráð sé haft við stúdenta við útfærslu hennar. Vanda þarf til verka við val og framsetningu á þeim upplýsingum sem þar koma fram enda geta þær haft mikil áhrif á námsval. Mikilvægt er að staðan í atvinnulífínu eða þarfir þess spili þar ekki of stóran þátt enda er styrkur fólgin í því fyrir samfélagið að stúdentar sækji sér fjölbreytta menntun sem leiðir þá á ólíkar slóðir.

Um lið 1.5. - Nýtt reiknilíkan

Stúdentaráð fagnar áformum um endurskoðun fjárveitinga til háskóla enda hefur nýtt reiknilíkan verið í umræðunni í nokkur ár. Stúdentaráð telur áform um að fjölga þeim þáttum sem til skoðunar koma við fjárveitingar háskóla vera af hinu góða en hefur þó athugasemdir við þær áherslur sem fram koma í tillögunni. Stúdentaráð telur meðal annars varhugavert að við endurskoðun reiknilíkansins verði lögð áhersla á „samfélagslega mikilvægar greinar“ líkt og fram kemur í tillögunni. Hvaða greinar eru það sem teljast vera „samfélagslega mikilvægar“ og hver tekur ákvörðun um það, og hvað verði þá um þær greinar sem ekki teljist vera „samfélagslega mikilvægar“. Þá telur Stúdentaráð að á sama tíma og mikilvægt sé að efla tengingu milli atvinnulífsins og háskólanna þá verður að hafa það í huga að hlutverk háskólanna takmarkast ekki við þarfir atvinnulífsins og má sú áhersla því ekki hafa of mikil áhrif á fjárveitingar. Vanda verður til verka þegar skapa á hvata við fjárveitingu til háskólanna og það er lykilatriði að þeir hvatar sem innbyggðir verða í fjárveitingar stuðli að auknum gæðum náms og rannsókna en ekki eingöngu hagræðingu. Á þetta sérstaklega við um hvers kyns aðgangsstýringu, þar sem ávallt verður að hafa jafnrétti til náms að leiðarljósi.

Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á athugasemdum Stúdentaráðs hvað varðar reiknilíkanið enda er nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar til þess að koma þeim á framfæri. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að gott samráð verði á milli stjórnvalda, háskólanna og stúdenta í við nánari útfærslu þessara hvata til þess að nýtt reiknilíkan verði vandað og unnið í breiðri sátt.

Samráð við stúdenta

Að lokum vill Stúdentaráð koma inn á það að til þess að sú framtíðarsýn sem ályktunin felur í sér geti orðið að veruleika verður að stórauka fjárframlög til íslenskra háskóla og auka stuðning við stúdenta til þess að stunda sitt nám. Þá ítrekar Stúdentaráð mikilvægi þess að samráð verði haft við hlutaðeigandi aðila um nánari útfærslur á þeim hugmyndum sem hér

koma fram og minnir á að stúdentar eru þar stór hagsmunaaðili. Umsögn þessi er birt með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum.

9.5.5 TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM STEFNUMÓTANDI AÐGERÐIR TIL EFLINGAR ÞEKINGARSAMFÉLAGS Á ÍSLANDS TIL ÁRSINS 2025

153. löggjafarþing 2022–2023.

Þingskjal 1530 – 982. mál.

11. maí 2023

Stúdentaráði Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025. Stúdentaráð skilaði inn umsögn í samráðsgátt 20. mars sl. sem finna má [hér](#) og skilar hér inn umsögn við uppfærða tillögu. Þá er Stúdentaráð aðildarfélag Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og tekur að fullu undir umsögn félagsins. Stúdentaráð fagnar þeirri áherslu sem lögð er á hlutverk háskólanna í tillögunni. Margt jákvætt er að finna í tillögunni en hér að neðan verður aðeins komið inn á þær athugasemdir sem Stúdentaráð hefur fram að færa.

Almennar athugasemdir:

Stúdentaráð ítrekar úr fyrri umsögn að til þess að sú framtíðarsýn sem ályktunin felur í sér geti orðið að veruleika verður að stórauka fjárframlög til íslenskra háskóla og auka stuðning við stúdenta til þess að stunda sitt nám. Enn er lítið sem ekkert að finna um þessi mikilvægu grundvallaratriði í þingsályktunartillögunni.

Í tillögunni kemur fram að hlutfall nemenda á starfsfólk háskóla er mun hærra hér en í samanburðarlöndunum og afleiðing þess leiðir til mikils álags á starfsfólk háskóla sem verður til þess að erfiðara er að tryggja gæði náms. Jafnframt kemur fram að háskólarnir geti gert betur í að mæta örum tækniframförum og þróun samfélagsins kalli á breytingar í kennsluaðferðum. Áralöng undirfjármögnun háskólanna hefur þarna mikil áhrif og bætt fjármögnun er lykilmála í því að hægt sé að bregðast við þessum áskorunum. Stúdentaráð telur vöntun á umfjöllun um þetta grundvallaratriði og telur nauðsynlegt að bætt verði við þær aðgerðir sem styðja eiga við markmið í háskóla- og vísindastarfi umfjöllun um aukna fjármögnun háskólastigsins í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Í tillögunni segir að „*aðgengi að háskólanámi hér á landi sé nokkuð gott*“ en það ekki útskýrt nánar. Stúdentaráð telur ástæðu til að nefna að í samanburði við hin Norðurlöndin hafa töluvert færri lokið háskólanámi hér á landi, skrásetningargjöld í opinbera háskóla eru margfalt hærri og stuðningur ríkisins við stúdenta er mun minni. Jafnt aðgengi að námi er því ekki tryggt

og kallar Stúdentaráð eftir skýrum aðgerðum í þágu bættis aðgengis að námi, enda er það grundvallarforsenda fyrir eflingu þekkingarsamfélagsins.

Athugasemdir Stúdentaráðs Háskóla Íslands við þær aðgerðir sem styðja eiga við markmið í háskóla- og vísindastarfi til ársins 2025:

Aukið samstarf háskóla.

Tryggja þarf fullt samráð við fulltrúa stúdenta í skólunum í allri umræðu um samstarf og sameiningu háskólanna. Fram kemur í tillögunni að í alþjóðlegum samanburði þyki vel í lagt að sjö háskólar séu starfandi og bjóði oft á tíðum upp á sambærilegt nám. Stúdentaráði þykir ástæða til að áréttu að eðlilegt sé við slíkar aðstæður að áhersla sé lögð á opinbera háskóla við skiptingu fjárveitinga. Þá lýsir Stúdentaráð yfir áhyggjum af því að Samstarfssjóður háskólanna geti orðið til þess að aukin óvissa ríki um fjárveitingar til skólanna.

Sameiginleg innritunargátt háskóla

Stúdentaráð telur jákvætt að unnið sé að því að bæta þjónustu við umsækjendur um skólavist. Stúdentaráð telur hins vegar mikilvægt að vandað sé til verka ef settar verða fram upplýsingar um atvinnumöguleika að námi loknu. Varhugavert er ef hið opinbera fer með beinum hætti að beina nemum í námsgreinar eftir því hvernig starfskraft atvinnulífs dagsins í dag skortir.

Nýtt reiknilíkan fyrir fjármögnun háskólastarfs

Stúdentaráð fagnar áformum um endurskoðun fjárveitinga til háskóla enda hefur nýtt reiknilíkan verið í umræðunni í nokkur ár. Vanda verður til verka þegar skapa á hvata við fjárveitingu til háskólanna og það er lykilatriði að þeir hvatar sem innbyggðir verða í fjárveitingar stuðli að auknum gæðum náms og rannsókna en ekki eingöngu hagræðingu.

Stúdentaráð telur jákvætt að fallið hafi verið frá áherslunni á „*samfélagslega mikilvægar greinar*“ sem kom fram í fyrri drögum ályktuninnar en setur spurningamerki við hvað felist í því að ýta eigi undir að „*námið sé í takti við þarfir nútímasamfélagsins.*“ Óumdeilt er mikilvægi þess að aukinn kraftur sé settur í að styrkja þær greinar sem samfélagsleg þörf er á, svo sem heilbrigðis- og menntunargreinar, en ekki má falla í þá gryfju að láta þarfir atvinnulífsins vera ráðandi þátt þegar kemur að fjárveitingum til háskólanna. Atvinnulífið getur tekið hröðum breytingum og hlutverk háskóla er fyrst og fremst að skila þekkingu út í samfélagið. Á þetta sérstaklega við um hvers kyns aðgangsstýringar.

Aukið jafnrétti í háskólum með sérstakri áherslu á fleiri unga karla í háskólanámi og aukið fjarnám

Stúdentaráð tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að jafnrétti í háskólum enda er nauðsynlegt að háskólarnir séu aðgengilegir öllum óháð kyni, búsetu, efnahag, kynhneigð,

uppruna eða stöðu að öðru leyti. Stúdentaráð lýsir hins vegar yfir áhyggjum að sérstök áhersla sé lögð á fleiri unga karla í háskólanámi umfram aðra hópa og telur að með því sé ekki verið að huga að jafnrétti í sem víðustum skilningi í íslensku háskólasamfélagi. Aðgengi fatlaðra að háskólanámi er verulega ábótavant og engar aðgerðir eru lagðar til til þess að bæta það, né hvernig stuðla eigi að því að Íslendingar af erlendum uppruna skili sér betur inn í háskólasamfélagið, þrátt fyrir að fram komi að sú þróun „*geti leitt til alvarlegrar stéttaskiptingar sem nauðsynlegt er að sporna við.*” Stúdentaráð kallar eftir skýrum og markvissum aðgerðum til að fjölga tækifærum fyrir jaðarsetta hópa til þess að stunda háskólanám.

Þá telur Stúdentaráð að horfa verði á minni sókn karla í háskólanám í víðara samhengi en fram kemur í tillögunni þar sem segir aðeins að finna verði „*leiðir til að skólarnir höfði betur til ungra karla.*” Það er jákvætt markmið að jafna kynjahlutföll í háskólum en vandamálið og þar með lausnin liggur ekki einungis hjá háskólunum sjálfum. Mikilvægt er að líta til þeirra fjölbreyttra þátta sem hafa áhrif, svo sem Menntasjóðs námsmanna, styttingu framhaldsskólanna, launamun kynjanna og kynskiptingu vinnumarkaðar. Fram kemur að ekki hafi tekist að laða karlmenn inn á námsbrautir sem lengst af hafa höfðað mest til kvenna, svo sem menntavísindi og heilbrigðisvísindi. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að aðgerðir til að jafna þennan mun séu lagðar fram.

Öflugt fjarnám við helstu menntastofnanir landsins er vissulega ein leið til að jafna aðgengi mismunandi hópa að háskólanámi en ekki er rétt að fullyrða að það eitt og sér sé „*ein tryggasta leiðin.*” Fjarnám eitt og sér tryggir ekki aukið aðgengi. Í [könnun](#) sem Stúdentaráð gerði meðal foreldra í námi við Háskóla Íslands í apríl 2022 kom fram að á meðan kennsla var að mestu leyti rafræn vegna heimsfaraldurs á sama tíma og stúdentar þurftu að vera meira með börnin heima, höfðu 88% svarenda upplifað árekstra á milli fjölskyldulífs og náms og 47% töldu aukna viðveru barns á heimili hafa mjög neikvæð áhrif á skólasókn þeirra og nám. Tryggasta leiðin til að jafna aðgengi mismunandi hópa að háskólanámi er að til staðar séu fullnægjandi stuðningskerfi fyrir stúdenta, sem ekki er raunin með Menntasjóð námsmanna í núverandi mynd.

Endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020.

Stúdentaráð fagnar því að tekið hafi verið mið af fyrri umsögn ráðsins um mikilvægi þess að fjallað sé um Menntasjóð námsmanna í tillögunni. Hins vegar setur Stúdentaráð athugasemd við einungis sé vísað í fyrirheit stjórnvalda við setningu laganna og lögbundna endurskoðun á lögnum sem nú stendur yfir. Engar stefnumarkandi aðgerðir eru settar fram í tengslum við Menntasjóðinn sem styðja eiga við markmið í háskóla- og vísindastarfi til ársins 2025. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að fjallað sé um mikilvægi sjóðsins í tengslum við inntak tillögunnar í heild sinni og nauðsyn þess breytingar verði gerðar þannig að sjóðurinn uppfylli

sitt grundvallarhlutverk sem félagslegur jöfnunarsjóður. Stúdentaráð hefur sett fram ítarlega stefnu í tengslum við Menntasjóð námsmanna sem finna má [hér](#) og ítrekar mikilvægi þess að allar breytingar á sjóðnum séu gerðar með hag stúdenta að leiðarljósi.

Samráð við stúdenta

Að lokum ítrekar Stúdentaráð mikilvægi þess að samráð verði haft við hlutaðeigandi aðila um nánari útfærslur á þeim aðgerðum fram koma í tillögunni og minnir á að stúdentar eru þar stór hagsmunaaðili.

9.6 ERINDI TIL STJÓRNVALDA

9.6.1 ERINDI TIL NÝKJÖRINNA SVEITARSTJÓRNARFULLTRÚA VARÐANDI MÁLEFNI STÚDENTA SEM HEYRA UNDIR SVEITARSTJÓRNARSTIGIÐ

Erindi til nýkjörinna sveitarstjórnarfulltrúa í eftirfarandi sveitarfélögum: Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnesi

varðandi málefni stúdenta sem heyra undir sveitarstjórnarstigið

28. júní 2022

Sveitarstjórnarstigið fer með vald yfir fjölda málaflokka sem snerta stúdenta, svo sem umhverfis-, samgöngu- og húsnæðismál og búa margir stúdentar við Háskóla Íslands í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir því að nýkjörnir sveitarstjórnarfulltrúar leggi aukna áherslu á málefni stúdenta í störfum sínum á komandi kjörtímabili. Hér að neðan er að finna helstu áherslur Stúdentaráðs í áðurnefndum málaflokkum og aðgerðir sem sveitarstjórnarstigið getur ráðist í:

Umhverfis- og samgöngumál

Stúdentar við Háskóla Íslands eru búsettir víða á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum. Það verður að vera raunhæfur valkostur að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir fólk og umhverfi. Það er mikilvægt að sveitarfélögin taki höndum saman og efli almenningsamgöngur og aðra vistvæna samgöngukosti:

1. Stúdentaráð leggur áherslu á að stúdentar og starfsfólk Háskóla Íslands hafi kost á því að ferðast með vistvænum almenningsamgöngum, t.a.m. með því að **innleiða samgöngukort** á hagstæðu verði, líkt og Stúdentaráð hefur nú þegar talað um sem *U-passa*.¹⁷ Vinna að slíkri útfærslu er þegar til skoðunar hjá Háskóla Íslands¹⁸ og voru viðræður við Strætó bs. komnar langt á veg árið 2020. Ljóst er að bílastæði eru víkjandi í heildarsýn háskólasvæðisins og því **nauðsynlegt að leggja áherslu m.a. á samgöngur til og frá Vatnsmýrinni**. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ættu að leggja kapp á að þessi áform verði að veruleika þar sem háskólasvæðið er og verður þungamiðja stofnleiða ásamt því að Strætó bs. er byggðasamlag í þeirra eigu.

¹⁷ U-passinn, eða Umhverfispassi er að fyrirmynd U-pass sem þekkist erlendis og veitir aðgang að fjölmörgum samgöngukostum. Nafnið segir til um eitt meginmarkmiðað samgöngukortsins, sem er að minnka mengun og bílaumferð og efla umhverfisvænni ferðamáta.

¹⁸ Tillaga skipulagsnefndar háskólaráðs um nýja heildarsýn fyrir háskólasvæðið var samþykkt á [fundi háskólaráðs 9. desember 2021](#)

2. Stúdentaráð telur mikilvægt að áhersla verði lögð á **uppbyggingu almenningsamgangna með Borgarlínu að leiðarljósi**, en í fyrirhuguðu skipulagi Borgarlínu er gert ráð fyrir að hún nái inn í Vatnsmýrina og **að við Háskóla Íslands verði biðstöðvar**. Með tilkomu Borgarlínunnar stækkar svæðið sem nýtt getur verið undir starfsemi háskólans, fleiri stúdentaíbúðir og annars konar þjónustu, sem teygist jafnvel út í nágrannasveitafélög Reykjavíkur.
3. Stúdentaráð telur afar mikilvægt að **næturstreató** verði endurvakinn¹⁹ enda er sú þjónusta sérstaklega mikilvæg ungu fólki á grundvelli umhverfis-, öryggis-, menningar- og jafnréttissjónarmiða. Við fögnum því að næturstreató sé að finna í meirihlutasáttmála þeirra flokka sem mynda borgarstjórn í Reykjavík og teljum mikilvægt að sveitarfélögin öll taki sig saman um að láta þetta verða að veruleika sem allra fyrst.

Húsnæðismál

Í skýrslu [Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði](#), kemur fram að margt bendi til þess að stúdentar séu með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Þetta er í samræmi við niðurstöður [Eurostudent VII](#) þar sem fram kemur að 43% stúdenta á Íslandi búi við slíkt, og er það tæplega fjórfalt hærra hlutfall en almennt á Íslandi. Þetta er alvarleg staða sem þarf að bregðast við strax og eru sveitarfélögin þar í lykilhlutverki. Í skýrslunni leggur Stúdentaráð til tillögur að aðgerðum²⁰ sem byggðar eru á niðurstöðu skýrslunnar. Eftirfarandi tillögur sem fram koma í skýrslunni eru á valdsviði sveitarstjórnarstigsins:

4. **Úthluta þarf fleiri lóðum undir stúdentagarða** en aðgengi að húsnæði í nálægð við skóla á viðráðanlegu verði er lykilatriði þegar kemur að því að tryggja jafnt aðgengi að námi. Hingað til hefur stuðningur sveitarfélaga við uppbyggingu stúdentaíbúða verið bundinn við lóðaúthlutanir frá Reykjavíkurborg og er mikilvægt að staðið verði við þær viljayfirlýsingar sem skrifað hefur verið undir um lóðaúthlutanir í borginni, t.a.m í Skerjafirði. Með aukinni uppbyggingum, t.d. með brú yfir Fossvog opnast einnig á lóðaúthlutanir af hálfu Kópavogsbæjar í grennd við háskólasvæðið.
5. Þessu til viðbótar er tilefni til að skoða hvort að **önnur sveitarfélög** sem eru staðsett fjær Háskóla Íslands **styðji við uppbyggingu stúdentaíbúða með öðrum hætti** en lóðaúthlutun.
6. **Samhæfa þarf reglur um sérstakar húsnæðisbætur á milli sveitarfélaga**, en nú er staðan sú að skilyrði sem þarf að uppfylla eru ákvörðuð af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

¹⁹ Stúdentaráð lagðist gegn fyrirhuguðum áformum Strató bs. að hætta að veita þjónustu næturstreató með [ályktun í ágúst 2021](#).

²⁰ Tillögurnar er að finna á bls. 1-2 í [skýrslunni](#).

Það veldur því að þessi aukalegi húsnæðisstuðningur er mismunandi og er háður lögheimilisskráningu. Þessar mismunandi reglur sveitarfélaga hafa þannig mismunandi áhrif á þann opinbera húsnæðisstuðning sem annars svipaðir stúdentar eiga rétt á.²¹

7. **Endurskoða þarf sérstakan húsnæðisstuðning** fyrir námsfólk með hliðsjón af stúdentum með lögheimili á landsbyggðunum. Undanþága frá skilyrðinu er til staðar fyrir námsmenn undir 18 ára sem stunda nám fjarri lögheimili. Endurskoða þarf þessa undanþágu þannig að hún eigi einnig við um alla sem stunda nám fjarri lögheimili, en heimild er í lögum fyrir að færa aðsetur tímabundið vegna náms.²²

Flestar þessar tillögur fela í sér einfaldar breytingar sem auðsjáanlega eru til bóta fyrir stúdenta og aðra samfélagshópa, en ekki algjöra umbyltingu þeirra kerfa sem þegar hafa verið byggð upp. Því ætti töluverður hluti tillagnanna að geta orðið að veruleika án gífurlegs kostnaðarauka fyrir hið opinbera. Það þarf pólitískan vilja til að ráðast í breytingar fyrir samfélagið þannig að það taki mið af öllum þeim hópum sem það mynda. Stúdentaráð hvetur nýkjörna sveitarstjórnarfulltrúa til að vinna að bættum hag stúdenta með því að láta ofantaldar tillögur verða að veruleika.

²¹ Sjá nánar á bls. 13-14 í [skýrslunni](#).

²² Sjá nánar á bls. 14-15 í skýrslunni.

9.6.1 ERINDI TIL RÁÐHERRA V. FJÁRHAGSSTÖÐU HÁSKÓLA ÍSLANDS OG UMRÆÐU UM HÆKKUÐ SKRÁSETNINGARGJÖLD Í OPINBERUM HÁSKÓLUM

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðherra
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Reykjavík, 10. mars 2023

Vegna fjárhagsstöðu Háskóla Íslands og umræðu um hækkun skrásetningargjöld í opinberum háskólum

Stúdentaráð Háskóla Íslands afhendir ráðherra háskólamála, fjármálaráðherra og forsætisráðherra bréf þetta í kjölfar herferðar ráðsins sem snýr að fjárhagsstöðu Háskóla Íslands og umræðum um hækkun skrásetningargjalds í opinberum háskólum. Stúdentaráð telur mikilvægt að koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri við ráðherra með beinum hætti en fjárskortur Háskóla Íslands og mögulegar hækkunir á skrásetningargjaldinu vegna þessa mun óhjákvæmilega bitna á þeim. Stúdentaráð hefur ítrekað vakið athygli á málinu, til að mynda með útgáfu umsagna og yfirlýsinga, auk þess sem að ráðið hefur átt fundi með ráðherra um stöðuna. Bréf þetta inniheldur ítarlega samantekt á sjónarmiðum Stúdentaráðs og áhrifum undirfjármögnunarinnar á starfsemi háskólans, stúdenta og samfélagið allt.

I. Fjárframlög til Háskóla Íslands

Háskóla Íslands, stærstu menntastofnun landsins, vantar nú [milljarð](#) til þess að ná endum saman fyrir komandi ár, auk þess sem að enn frekari niðurskurður hefur verið boðaður í fjármálaáætlun stjórnvalda fyrir næsta ár. Háskólaráð hefur samþykkt [aðhaldsaðgerðir](#) vegna stöðunnar sem fela meðal annars í sér niðurskurð í kennslu á öllum fræðasviðum skólans og stöðvun á ráðningum. Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem ráðast þarf í slíkar aðgerðir vegna skorts á fjármagni og er staðreyndin raunar sú að starfsemi íslenskra háskóla hefur beðið hnekki á síðustu árum vegna skorts á fjármagni og þess sífella niðurskurðar sem fylgt hefur í kjölfarið. Þá hefur skortur á fullnægjandi fjármögnun til að sinna rannsóknum og kennslu haft þau áhrif að skólinn hefur fallið á alþjóðlegum matslistum.

Ef milljarð vantar til þess að tryggja grunnþjónustu háskólans skortir einnig fjárhagslegt svigrúm hvað varðar framþróun og samkeppnishæfni háskólastigsins í alþjóðlegu samhengi. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur ítrekað lýst yfir áhyggjum af stöðunni, meðal annars með umsögn við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023. Það hefur háskólaráð einnig gert sem og félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara með [ályktun þann 8. febrúar sl.](#) þar sem segir meðal annars: „Ef við viljum efla samkeppnishæfni Íslands, hvort sem það er á sviði hefðbundnari atvinnugreina og þjónustu eða nýrri atvinnugreina, þá gerist það helst með

menntun, þekkingarsköpun og áframhaldandi þróun í átt til jafnréttis. Það er engin önnur leið til ef við viljum gera Ísland að eftirsóknarverðum stað til að búa á til framtíðar og í þekkingarsköpun hvers samfélags vega rannsóknir á háskólastigi þyngst.". Er því ljóst að einhugur er meðal stúdenta, kennara og stjórnenda um alvarleika stöðunnar.

Háskóli Íslands gegnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku samfélagi sem mikilvægt er að hlúð sé vel að. Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja Háskóla Íslands viðunandi fjármögnun og óskar Stúdentaráð eftir upplýsingum um hvað ríkisstjórnin hyggst gera til þess að mæta stöðunni sem nú blasir við Háskóla Íslands.

II. Fjármálaáætlun og endurskoðun reiknilíkans

Ríkisstjórnin hefur lofað stór-sókn í menntun og boðað nauðsyn-legalar breytingar á fyrir-komu-lagi fjár-veitinga til há-skóla-stigsins til að tryggja sam-keppnis-hæfni ís-lenskrar há-skóla-menntunar. Í núverandi mynd endurspeglar fjárveitingar til Háskóla Íslands ekki þá sýn stjórnvalda sem fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, að stefna að sambærilegri fjármögnun háskóla á Íslandi og þekkist annars staðar á Norðurlöndum, sbr. áætlanir Vísinda- og tækniráðs. Þrátt fyrir gefin loforð færast Ísland fjær því markmiði, en samkvæmt tölum frá 2021 eru heildartekjur háskóla á ársnema á Norðurlöndunum að meðaltali 4,6 milljónir króna á ári en á Íslandi aðeins 2,9 milljónir króna á ári. Þá segir í fjármálaáætlun 2023-2027 að draga eigi markvisst úr brottfalli nemenda og koma í veg fyrir sóun og það verði meðal annars gert með því að „*bæta langtímafjárveitingar til háskóla svo unnt verði að ráða fast starfsfólk og efla gæði námsins.*”

Þrátt fyrir ofangreind markmið er niðurskurður boðaður í fjármálaáætlun næsta árs. Stúdentaráð óskar eftir upplýsingum um það hvort til standi að leiðrétta þann niðurskurð sem boðaður er í fjármálaáætlun þannig að Háskóli Íslands fái viðunandi fjármögnun í samræmi við lögbundnar skyldur og markmið ríkisstjórnarinnar.

Nú stendur yfir endurskoðun á reiknilíkani háskólanna en nauðsynlegt að þeirri vinnu verði lokið sem fyrst og að sú vinna verði til þess að fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi samræmist samanburðarlöndunum, samanber stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Stúdentaráð telur nauðsynlegt að stúdentum sé haldið upplýstum og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi þessarar vinnu. Tryggja þarf rekstrargrundvöll skólanna og draga þarf úr sveiflum í fjárveitingum. Það er gert með því að auka hlutfall fastrar fjármögnunar og annars konar fjárveitinga sem eru ekki jafn breytilegar og núverandi þættir reiknilíkansins. Vanda þarf til verka þegar kemur að því að skapa hvata fyrir háskólana þannig að þeir hvatar sem verða innbyggðir í reiknilíkaninu þjóni samfélaginu í heild sinni og stuðli sannarlega að auknum gæðum náms og rannsókna.

Fjárfesting í menntun er hagkvæm fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka í formi samfélagslegs ábata og Ísland hefur alla burði til þess að standa jafnfætis nágrannalöndunum þegar kemur að fjármögnun opinberrar háskólamenntunar. Sterkir opinberir háskólar skipta sköpum fyrir velmegun samfélagsins: hátt menntunarstig bætir líf skjör, eflir verðmætasköpun og eykur velsæld.

III. Aðgengi að námi

Ein birtingarmynd undirfjármögnunar háskólastigsins eru þau skrásetningargjöld sem innheimt eru við opinbera háskóla hér á landi. Stúdentar sýna því skilning að við þessar aðstæður þurfi háskólar að leita allra leiða til að sækja sér auknar tekjur en stúdentar við skólann ættu ekki að þurfa að bera byrðina af því. Skrásetningargjöld við alla fjóra opinberu háskólana eru í dag 75.000 krónur á ári. Er það mun hærra en þekkt annars staðar á Norðurlöndunum, þar sem almennt tíðkast ekki að innheimta skrásetningar- né skólagjöld af stúdentum í opinberum háskólum. Helsta undantekningin er Noregur þar sem nemendur greiða gjöld á bilinu 4.100 – 22.000 krónur, samkvæmt landssamtökum stúdenta í Noregi, sem þó er aðeins brot af því sem tíðkast hér. Stúdentaráð telur hækkun skrásetningargjalda við Háskóla Íslands vera til þess fallna að skerða aðgengi að námi og minnka félagslegan hreyfanleika í íslensku samfélagi.

Hækkun skrásetningargjaldsins yrði íþyngjandi fyrir stúdentum auk þess sem aðeins væri um skammtímalausn að ræða, sem myndi hafa í för með sér fleiri vandamál en hún myndi leysa. Verði áform um hækkun upp í 95.000 krónur að veruleika, mun aðgengi að opinberri háskólamenntun hérlendis kosta stúdentum 90% af grunnframfærslu eins mánaðar frá Menntasjóði námsmanna, sem lána nú þegar aðeins fyrir níu af tólf mánuðum ársins. Því er ljóst að eingöngu átta mánaða framfærsla stendur eftir fyrir stúdentum til að eiga í sig og á. Ákvörðun um slíka hækkun yrði skref aftur á bak og myndi leiða til þess að þeir þröskuldar sem standa í vegi fyrir háskólamenntun yrðu hækkaðir.

Niðurstöður könnunar [EUROSTUDENT VII](#) um stöðu stúdenta á Íslandi sýna að fjárhagsáhyggjur og mikil atvinnuþátttaka stúdenta eru meðal helstu áskorana sem íslenskir stúdentar standa frammi fyrir. Þar kemur einnig fram að 71% háskólanema hér á landi vinni með námi og þar af fullyrða 72% að án vinnunnar gætu þau ekki stundað nám. Í sömu könnun kemur einnig fram að 25% háskólanema hérlendis eigi í erfiðleikum með nám sitt vegna vinnu og 31% nema telja fjárhagsstöðu sína vera slæma eða mjög slæma en það er með því mesta sem gerist í Evrópu.

Allt eru þetta vísbendingar um bága stöðu stúdenta á Íslandi og munu auknar álögur á stúdentum aðeins auka á þennan vanda. Þá er vert að benda á að aðsókn ungs fólks í háskólanám er mun minni á Íslandi en í löndum sem við berum okkur saman við. Í [nýútgefinni](#)

[skýrslu](#) um virði menntunar kemur fram að 38% ungs fólks á aldrinum 25-34 ára hefur aflað sér háskólamenntunar á Íslandi, samanborið við 51% í Noregi og 49% í Svíþjóð.

Hugmyndin um hækkun skrásetningargjalda er til þess fallin að grafa undan gæðastarfi íslenskra háskóla, enda munu auknar álögur neyða nemendur til að afla sér enn frekari tekna með hlutastörfum meðfram námi. Eigi menntun að vera í forgangi í samfélaginu og teljast grundvöllur velsældar og framfara þjóðarinnar telur Stúdentaráð að ryðja verði úr vegi aðgangshindrunum að menntun.

IV. Skrásetningargjöldin í núverandi mynd

Háskóli Íslands er opinber háskóli og grunnstoð í lýðræðissamfélagi. Sem slíkur er rekstur hans í höndum stjórnvalda sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Í greininni segir að „Ráðherra ger[ri] tillögur um fjárframlög til hvers háskóla til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna“. Þá segir jafnframt í 3. mgr. 1. gr. reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla að nemendaframlagi úr ríkissjóði til háskóla sé ætlað að standa undir öllum venjulegum kostnaði skóla vegna kennsluþáttarins í rekstri hans og kemur þar fram eftirfarandi upptalning í dæmaskyni: „m.a. kennslu, þjónustu, húsnæði, búnaði og annarri aðstöðu sem nemendum og starfsmönnum skólans er látin í té vegna námsins og kennslunnar. Skóli getur aflað viðbótartekna til að standa straum af umframkostnaði við kennsluþáttinn í samræmi við lagaheimildir hans.“

Þann [8. desember 2022](#) var lagt fyrir fund háskólaráðs bréf sem rektorar opinberu háskólanna höfðu þá þegar sent til háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra þar sem óskað var „heimildar til að færa skrásetningargjald nær raunverulegum kostnaði við þá þjónustu sem því er ætlað að standa undir“ og er það í bréfinu rökstutt með vísan til verðlagsbreytinga. Það er eðlilegt að gjöld taki mið af verðlagsbreytingum milli ára, en hér er lykilatriðið að hluti skrásetningargjaldsins fer í að standa straum af kostnaði sem er alls [ótengdur eiginlegri skrásetningu stúdenta](#). Stúdentaráð dregur í efa að allir þeir kostnaðarliðir sem háskólinn rökstyður gjaldið með standist lög um opinbera háskóla og því haldi ekki vatni að rökstyðja hækkun gjaldsins með vísitöluhækkunum á núverandi kostnaðarliðum.

Ljóst er að framlag ríkisins dugar ekki til að standa straum af ofantöldum kostnaðarliðum og eru skrásetningargjöld nemenda því nýtt til að fjármagna þætti sem snúa til að mynda að kennslu. Það er grundvallaratriði að þegar opinberar stofnanir innheimta þjónustugjöld eins og skrásetningargjöldin að heimild sé í lögum fyrir slíkri innheimtu og að þau fari aðeins í þá þjónustu sem greiðandi er í raun að fá. Nýlega úrskurðaði áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema í máli nemanda sem kvartaði undan skrásetningargjaldinu. Niðurstaða nefndarinnar var sú að Háskóli Íslands hefði ekki farið rétt að við útreikninga á skrásetningargjaldinu. Samkvæmt niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar lagði háskólaráð ekki

réttar forsendur til grundvallar gjaldinu og byggði þannig ekki á þeim kostnaði sem raunverulega hlýst af því að veita þjónustuna sem gjaldinu er ætlað að standa undir og brotið gegn stjórnsýslulögum með þessum vinnubrögðum. Úrskurðurinn staðfestir þann grun [Stúdentaráðs](#) um að gjaldið sé ekki eingöngu skrásetningargjald í fyllstu merkingu orðsins heldur sé það betur skilgreint sem skólagjöld.

V. Forsendur skrásetningargjalds

Umfram andstöðu Stúdentaráðs við hugmyndir um hækkun skrásetningargjalds samkvæmt framangreindum köflum, telur Stúdentaráð rétt að fara yfir þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu.

Í 2. mgr., 24. gr. [laga um opinbera háskóla](#) segir: „Háskóla er heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með: a.) skrásetningargjöldum sem nemendur greiða við skráningu í nám, allt að 75.000 kr. fyrir hvern nemanda á ársgrundvelli; álögð gjöld samkvæmt þessum lið skulu eigi skila háskóla hærrí tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum háskólans vegna nemendaskráningar og þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi.“

Í [viðauka B við reglur nr. 244/2014](#) um um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl. og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds ásamt viðaukum er tekinn til ýmiss kostnaður vegna skrásetningargjaldsins. Þar er meðal annars nefndur kostnaður við rekstur: 3) námsráðgjafar, 4) utanumhalds prófa, 6) hluta kennslusviðs, 7) hluta alþjóðaskrifstofu, sem annast meðal annars umsjá skiptináms, og 9) rekstri tölvuvera sem nýtt eru til kennslu og prófahalds. Stúdentaráð getur ekki skilið hvernig t.a.m. próf séu ekki hluti af kennslu sem hluti námsmats í flestum áföngum, hvernig rekstur kennslusviðs eða umsjá skiptináms geti með góðu móti snúist um annað en kennslu eða þá rekstur bókasafns og tölvuvers þar sem hvort tveggja er nýtt beint í kennslu og rannsóknarstörf. Stúdentaráð dregur því í efa að umræddir liðir falli undir kostnað sem felur í sér þjónustu við nemendur sem ekki telst til kostnaðar við kennslu og rannsóknastarfsemi í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla.

Þá dregur Stúdentaráð í efa að ströng lagaáskilnaðarregla um innheimtu gjalda, heimili svo víðtæka túlkun á því sem teljist til kostnaðar umfram lögbundið hlutverk skólans við kennslu og rannsóknastarfsemi. Það vekur upp spurningar að gera hald lokaprófa að hluta af greiðslu (skrásetningargjaldi) sem er skilyrði fyrir því að geta notið lögbundnar þjónustu sem Háskóla Íslands er skylt að veita, og hvort það rúmist innan gjaldtökuheimildarinnar í 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Auk þess sé hluti kostnaðarliðanna í reglum nr. 244/2014 til þess gerðar að standa undir almennum rekstri skólans vafasamt ef miða ber við skilyrði 2. mgr. 24. gr. laganna.

VI. Að lokum

Stúdentaráð leggst alfarið gegn hvers konar hækkunum á skrásetningargjaldi Háskóla Íslands og krefst þess að stjórnvöld sinni skyldum sínum hvað varðar fjármögnun opinberrar háskólamenntunar. Íslenskir stúdentar borga nú þegar margfalt hærrí skrásetningargjöld en þekkist á annars staðar á Norðurlöndum, og enn frekari hækkun mun litlu áorka öðru en takmörkaðra aðgengi að háskólanámi og skerðingu á jafnrétti til náms. Það þarf að ráðast á rót vandans, sem er fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi, eða réttara sagt, skortur á henni.

Öflugir opinberir háskólar eru lykilstofnanir í nútímasamfélagi og undirstaða hagsældar og velferðar. Þrátt fyrir ítrekuð áköll stúdenta og starfsfólks háskólans til yfirvalda um að gripið verði til aðgerða til að bregðast við versnandi fjárhagsvanda opinberra háskóla, er ljóst að stjórnvöld hafa aftur og aftur valið að láta háskólastigið sitja á hakanum og þar með brugðist skyldu sinni hvað varðar eina af grunnstoðum íslensks samfélags. Stjórnvöldum ber skylda til að standa við gefin loforð og bregðast við fjárskorti háskólanna til að tryggja framþróun íslensks lýðræðissamfélags.

Stúdentaráð Háskóla Íslands óskar eftir því að fulltrúar þess verði hafðir með í ráðum og eigi þátt í áframhaldandi samtali um stöðu háskólans og þá sérstaklega hvað varðar mögulega hækkanir á skrásetningargjaldi stúdenta. Stúdentaráð óskar jafnframt eftir viðbrögðum við efni þessa bréfs og þá sérstaklega svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvað verður gert til þess að bregðast við stöðu Háskóla Íslands núna?
2. Verður niðurskurðurinn sem boðaður er í fjármálaáætlun leiðréttur?
3. Mun ríkisstjórnin standa við loforð sín um stóraukin fjárframlög til háskólastigsins?
4. Verður lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um opinbera háskóla sem heimilar hækkun skrásetningargjaldsins?

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands,

Rebekka Karlsdóttir,
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

9.7 ERINDI TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS

9.7.1 ÁSKORUN TIL HÍ AÐ LÝSA YFIR NEYÐARÁSTANDI Í LOFTSLAGSMÁLUM OG KOMA Á AÐGERÐARÁÆTLUN FYRIR HÁSKÓLANN

27. október 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands skorar á Háskóla Íslands að lýsa tafarlaust yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og fylgja yfirlýsingunni eftir með því að koma á aðgerðaráætlun fyrir háskólann.

Þetta er í annað skipti sem Stúdentaráð leggur fram slíka áskorun, en í febrúar 2020 skoraði Stúdentaráð á Háskóla Íslands að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og gera samhliða því viðeigandi aðgerðaráætlun fyrir Háskóla Íslands²³. Stúdentaráð setti þá fram aðgerðalista til að koma stjórnslu skólans af stað í slíkri vinnu. Nú, tæpum þremur árum eftir að Stúdentaráð setti fram þessa áskorun hefur Háskóli Íslands ekki lýst yfir neyðarástandi í loftslagsmálum né hafið markvissa vinnu að aðgerðaráætlun. Stúdentaráð verður, með öllum tiltækum ráðum, að þrýsta á háskólann að vera leiðandi í loftslagsmálum og að setja fordæmi fyrir land og þjóð, sem og háskóla um allan heim. Þess vegna skorar ráðið nú á Háskólann að lýsa **tafarlaust yfir neyðarástandi** og fylgja síðan yfirlýsingunni eftir með því að koma á skýrri og róttækri aðgerðaráætlun um hvert framlag skólans verður í baráttunni við loftslagsvána.

Háskólinn ætti að vera leiðandi í umræðunni um og baráttunni við loftslagsvána en ljóst er að með aðgerðarleysi sínu undanfarin ár hefur Háskóli Íslands dregist aftur úr og er nú eftirbátur annarra vísindastofnana í þeirri þróun heimsomræðunnar að viðurkenna alvarleika málsins. Vísindin hafa sjaldan verið meira afgerandi en nú þegar fjölþjóðlegt vísindasamfélag Sameinuðu þjóðanna gefur út skýrslur IPCC og IPBES²⁴ sem sýna fram á slæm áhrif mannsins á náttúru og loftslag. Það er á ábyrgð háskólans að leggja áherslu á alvarleika málsins, benda á vísindin og gera kröfu um að aðilar taki þeirra ábendingum og loftslagsvánni alvarlega með þörfum aðgerðum. Það sýndi sig þegar að heimsfaraldur Covid-19 reið yfir hversu mikilvægur málsvari vísinda háskólinn er og hversu miklu máli framlag hans í upplýsingagjöf skiptir þegar kemur að krefjandi alþjóðavandamálum. Þann stuðning þarf núna, í baráttunni gegn loftslagsvánni.

Í nóvember verður COP27 haldin í Egyptalandi, en niðurstöður COP26 í fyrra voru vægast sagt vonbrigði þar sem þær stjórnust af miklum hluta til af stórfyrirtækjum. Í ár er vonin sú að vísindasamfélagið geti þrýst á raunverulegar aðgerðir og er mikilvægt að Háskóli Íslands taki

²³ [Ársskýrsla Stúdentaráðs 2019-20](#), bls. 192

²⁴ https://ipbes.net/sites/default/files/2021-06/20210609_workshop_report_embargo_3pm_CEST_10_june_0.pdf

þátt í að beita þeim þrýstingi. Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun þjóðarinnar og ber sem slík ríka samfélagslega ábyrgð hér á landi. Sú ábyrgð teygir sig sömuleiðis út fyrir landsteinana þar sem að HÍ er leiðandi í Aurora samstarfsnetinu.

Með því að lýsa yfir neyðarástandi er Háskóli Íslands að taka skýra afstöðu og setur þannig bæði pressu á sína eigin starfsemi, sem og annarra stofnanna og fyrirtækja, að bregðast við. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir metnaðarfullum aðgerðum HÍ í loftslagsmálum nema ákvarðanir stjórnenda hans. Því skorar Stúdentaráð á stjórnendur skólans að láta þetta ekki bíða lengur og koma þessu strax inn á borð háskólaráðs.

9.8 ÖNNUR ERINDI

9.8.1 ERINDI TIL STJÓRNAR FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA VEGNA AÐGENGISMÁLA Á STÚDENTAKJALLARANUM

23. febrúar 2023

Stúdentaráð óskar eftir því að stjórn Félagsstofnun Stúdenta (FS) taki til skoðunar að byggja/koma fyrir rampi á Stúdentakjallaranum, nánar tiltekið niður í „Gryfjuna“. Rampurinn þarf að hafa burðarþol fyrir rafmagnshjólástóla.

Fengist hafa upplýsingar um að slíkur rampur myndi taka nokkra fermetra af gólfplássi í „Gryfjunni“ en Stúdentaráð telur að aðgengi að Stúdentakjallaranum, helsta samkomustað stúdenta vegi þyngra en fjöldi borða og stóla sem kemst fyrir á staðnum. Vonar ráðið að FS vilji fara eftir stefnu Heimsmarkmiðana en Heimsmarkmið nr. 10 er aukin jöfnuður:

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annara stöðu.

Þessi framkvæmd myndi stuðla að auknu aðgengi og vera þannig í takt við stefnu FS um góða þjónustu og jákvæða upplifun sem og stefnu Heimsmarkmiðana um bætt aðgengi fyrir alla að félagslífi.

Stúdentaráð mun einnig eiga í samtali við Háskóla Íslands vegna opnunartíma bygginga skólans til að auka aðgengi að Stúdentakjallaranum, vegna inngangs sem leiðir að lyftu sem fer niður á Stúdentakjallarann. Inngangurinn er einungis opin á opnunartíma Háskóla Íslands og er Stúdentakjallarinn því ekki aðgengilegur utan opnunartíma háskólans. Vonast ráðið til þess að njóta stuðnings FS í því máli eftir því sem við á.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Rebekka Karlsdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

9.8.2 ERINDI TIL STJÓRNAR FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA VARÐANDI BREYTINGAR Á ÚTHLUTUNARREGLUM

25. janúar 2023

Erindi til stjórnar Félagsstofnunar Stúdenta varðandi breytingar á úthlutunarreglum í tengslum við námsframvindu

Stúdentaráð samþykkti á fundi sínum 19. janúar sl. að leggja til við stjórn Félagsstofnunar Stúdenta að gerð verði breyting á kröfum um eðlilega námsframvindu sem fram koma í 9. gr. úthlutunarreglna FS, þannig að íbúum verði gefið rými fyrir eina „frí-önn“. Með þessu er verið að leggja til að ef til þess kemur að íbúi skili ekki tilskildum einingafjölda einu sinni á meðan dvalartíma stendur, skuli ekki koma til riftunar samnings vegna þessa skv. grein 6.2. Þessi „frí-önn“ ætti aðeins við stúdenta sem eru sannarlega í námi og ætti ekki að skerða rétt á þeim undanþágum frá reglum um námsframvindu sem fram koma í grein 9.1 í úthlutunarreglunum. Samhliða þessu þyrfti að rýmka reglur um hámarksdvöl sem koma fram í 10. gr. úthlutunarreglnanna þannig að „frí-önnin“ hafi ekki þau áhrif að stúdentar þurfi að flytja út áður en þeir hafa lokið námi sínu.

Rökstuðningur

Úrskurðanefnd FS hefur undanfarin 2-3 ár veitt fleiri undanþágur frá námsframvindukröfum og væri með þessari breytingu verið að gera framkvæmdina skýrari og gæta jafnræðis. Biðlistarnir eftir húsnæði ekki eins langir og þeir voru áður og er því meira svigrúm fyrir Félagsstofnun Stúdenta til þess að slaka örlítið á námsframvindukröfunum og bjóða fólki húsnæði yfir lengri tíma, án þess að það komi niður á öðrum stúdentum. Ofangreindar breytingar á úthlutunarreglum eru lagðar til með það að markmiði að auka húsnæðisöryggi stúdenta á meðan námi stendur. Pressan af lokaprófum og öðru námsmati er nógu mikil ein og sér og með því að auka aðeins sveigjanleikann á kröfum um námsframvindu og hámarksdvöl á Stúdentagörðum má létta á slíkum áhyggjum.

f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Rebekka Karlsdóttir, forseti

10 STÚDENTASJÓÐUR

Stjórn Stúdentasjóðs 2022-2023

- Dagný Þóra Óskarsdóttir - Forseti
- Arna Dís Heiðarsdóttir - Varaforseti
- Roman Chudov
- Árni Þór Sörensen
- Viktor Pétur Finnsson
- Draumei Ósk Ómarsdóttir

Tímasetningar á úthlutunum 2022-2023

- 1. úthlutun → 11. - 24. október 2022
- 2. úthlutun → 5. - 19. desember 2022
- 3. úthlutun → 30. janúar - 13. febrúar 2023
- 4. úthlutun → 28. mars - 11. apríl 2023

Fjöldi umsókna

- 1. úthlutun → 76 umsóknir (55 samþykktar, 21 hafnað)
- 2. úthlutun → 78 umsóknir (41 samþykktar, 37 hafnað)
- 3. úthlutun → 62 umsóknir (44 samþykktar, 18 hafnað)
- 4. úthlutun → 59 umsóknir (44 samþykktar, 15 hafnað)

Eins og fyrri ár var sendur út póstur á alla skráða nemendur HÍ við upphaf úthlutunartímabila með umsóknareyðublaði ásamt lögum og verklagsreglum sjóðsins. Pósturinn var alltaf sendur tveimur vikum áður en umsóknarfrestur rann út. Umsóknareyðublað var rafrænt og mælst var til þess að umsækjendur skiluðu gögnum í ólæstum Google Drive möppum og/eða Dropbox.

Í upphafi starfsárs skrifuðu stjórnarmeðlimir undir trúnaðaryfirlýsingu sem forseti útbjó, en unnið er með mikið magn trúnaðargagna við hverja úthlutun fyrir sig. Öllum gögnum var síðan eytt að úrvinnslu lokinni. Stjórn kom saman í lok hvernar úthlutunar, sama dag og umsóknarfrestur rann út, og fór yfir umsóknir sem höfðu borist. Ef ágreiningsmál komu upp var kosið af stjórn hvort samþykka eða hafna skyldi umsókninni. Forseti og varaforseti sendu síðan út pósta á alla umsækjendur, með upplýsingum um hvort umsókn viðkomandi hafi verið

samþykkt eða hafnað, og loks sendi forseti skjal á framkvæmdastjóra SHÍ með reikningsupplýsingum þeirra sem fengu umsókn sína samþykkt og sá hann um að útteila styrkjunum. Gott samtal var á milli sjóðsstjórnar og skrifstofu SHÍ.

Tillögur að lagabreytingum:

- Stofnkostnaður fyrir nemendafélög
- Bæta við styrk fyrir fólk með hreyfihömlun
- Ekki 5% hámark á framfærslustyrki
 - Eins og staðan er núna í sjóðnum er hægt að hækka það hámark töluvert - eða breyta lögnum þannig ekkert hámark sé heldur velji sjóðsstjórn upphæð
- Auglýsa úthlutanir betur
- Endurskoða orðalag með fastastyrki (hversu oft á hvert félag rétt á styrk)
 - *1. tl. Hvert námsgreinafélag; sviðs-, deildar- eða fagfélag; alþjóðlegt félag stúdenta og þverfagleg hagsmuna- og menningarfélag sem uppfylla kröfur gr. 5 geta sótt um fasta styrki. Úthluta skal hverju því félagi föstum styrkjum, sæki forsvarsmáður félags um slíkan styrk. Fastir styrkir eru tvenns konar, annars vegar félagsstyrkur að fastri upphæð og hins vegar höfðatölustyrkur er ræðst af fjölda félagsmanna. Sjóðsstjórn ákveður upphæð beggja styrkja, sbr. viðmið í 7., 13. og 14. gr. Hvert félag getur fengið úthlutun af föstum styrk á hverju misseri.. → **Gera skýrar að verið sé að tala um einu sinni á hvoru misseri***
- Styrkur fyrir próftöku útá landi
 - Einstaklingar sem eru búsettir úti á landi og eru í fjarnámi og þurfa að koma til Reykjavíkur til þess að taka próf
 - Einstaklingar sem eru staddir úti á landi af einhverjum ástæðum þegar próf fer fram og þurfa að taka prófið utan höfuðborgarsvæðisins
- Gera skýrara hvenær þarf kvittun fyrir kostnaði og hvenær ekki
 - Það á sérstaklega við greiningarstyrki og þegar verið er að styrkja beinan kostnað sem þarf kvittun fyrir
- Framkvæmdastjóri SHÍ eigi sæti í sjóðsstjórn
- Forseti og varaforseti (eða stjórnin öll) fái þóknun fyrir alla þá vinnu sem falin er í hlutverkunum

11 KOSNINGAR OG KJÖRSTJÓRN 2023

11.1 SKÝRSLA KJÖRSTJÓRNAR

Á Stúdentaráðsfundi þann 16. nóvember 2022 kaus Stúdentaráð fulltrúa í kjörstjórn í samræmi við lög ráðsins. Voru þau Guðjón Björn Guðbjartsson, forseti og Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir skipuð fyrir hönd Röskvu. Fyrir hönd Vöku voru þau Birta Karen Tryggvadóttir, Kamila Antonina Tarnowska (sagði sig úr kjörstjórn þann 16. febrúar 2023) og Ragnar Þór Snæland (tók sæti í kjörstjórn þann 7. mars 2023).

Skipan kærufundar:

Ingveldur Anna Sigurðardóttir, Jóna Þórey Pétursdóttir og Pétur Marteinn Urbancic

Verklagsreglur kjörstjórnar

Í skýrslu kjörstjórnar frá 2022 var lagt til að kjörstjórn myndi setja sér verklagsreglur þegar kemur að samskiptum og samráði við fylkingar. Þar segir “Kjörstjórn telur eðlilegt að samskipti eigi sér stað en afmarka þarf betur hvers eðlis þau skulu vera. Að auki telur kjörstjórn mikilvægt að verklagsreglur séu settar um hlutleysi kjörstjórnar með tilliti til kosningaáróðurs fylkinga á samfélagsmiðlum, viðburði og svo framvegis.”

Á fundi kjörstjórnar þann 28. febrúar voru eftirfarandi verklagsreglur kjörstjórnar samþykktar:

1. Kjörstjórn ber að gæta hlutleysis í störfum sínum. Meðlimir kjörstjórnar deila ekki kosningaáróðri á neinum vettvangi. Meðlimir kjörstjórnar sækja ekki viðburði framboða þar til kjörstöðum hefur verið lokað né taka þátt í störfum framboða á annan hátt.
2. Samskipti við framboð
 - a. Samskipti við framboð er tengjast kosningum skulu fara fram eftir samráð innan kjörstjórnar ef kostur er.
 - b. Ef samskipti við framboð eiga sér stað án undangengis samráðs innan kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
3. Kjörstjórn ber að haga samskiptum við skrifstofu SHÍ faglega.
 - a. Samskipti við skrifstofu SHÍ skulu fara fram í samráði kjörstjórnar ef kostur er.
 - b. Ef samskipti við skrifstofu SHÍ fara ekki fram í samráði kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
4. Kjörstjórn leitast við að svara erindum sem henni berast innan 24 klukkustunda.
5. Kjörstjórn skal bóka allar ákvarðanir sínar og niðurstöður. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar fulltrúum framboða sbr. f-lið 32. gr. laga SHÍ.

6. Kjörstjórn sinnir störfum sínum af heilindum. Ákvarðanir kjörstjórnar skulu ávallt miða að því að auka traust í garð lýðræðislegra kosninga til Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Mælst er til þess að næsta kjörstjórn taki upp sambærilegar verklagsreglur í byrjun síns skipunartíma.

Fundir kjörstjórnar

Kjörstjórn fundaði alls fimm sinnum formlega en var þess á milli í samskiptum sín á milli á messenger hóp kjörstjórnar.

Fyrsti fundur kjörstjórn 9. Janúar 2023

Staðsetning: HTT 334

Tímasetning: 17:00

Mætt: Hallgerður, Guðjón, Kamilla og Birta. Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs, og Lilja Hrönn, forseti lagabreytinganefndar, tóku sæti á fundinum.

Ritari: Kamila Antonina Tarnowska

Birta Karen Tryggvadóttir, Guðjón Björn Guðbjartsson, Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir og Kamila Antonina Tarnowska mynda kjörstjórn fyrir stúdentaráðskosningar 2023 og eru þau öll viðstödd þennan fund.

Kamila Antonina tekur að sér að vera ritari. Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs, og Lilja Hrönn, forseti lagabreytinganefndar SHÍ, taka sæti á fundinum og fara yfir grunnatriði með okkur.

Farið er yfir tillögur að lagabreytingum frá fyrri kjörstjórn.

Atriði sem rætt er um eru eftirfarandi:

- Fjöldi fulltrúa til stúdentaráðs.
 - Ákveða þarf hvort breyting á fjölda fulltrúa ætti að eiga sér stað. Öll svið erum með einn fulltrúa og svo einn fulltrúa fyrir hvern þúsund nemenda á því sviði. Samkvæmt þeim reglum ætti að fjölga fulltrúum á HVS og jafnvel MENNT, og fækka fulltrúum VON niður í 2. Sú ákvörðun myndi hins vegar skarast á reglu um oddatölu fulltrúa.
 - Því var lagt til að hvert svið fái einn fulltrúa í stúdentaráð og svo 2 fulltrúa fyrir hverja 3500 nemenda. Með þeim hætti munu engar breytingar eiga sér stað að þessu sinni. Reglan mun jafnframt koma í veg fyrir framtíðar skorun á reglu um oddatölu fulltrúa.
- Þörf á skýrari lögum og reglum fyrir kjörstjórn til að auðvelda starf kjörstjórnar.

- Endurskoðun rafræna undirskriftalista.
- Þörf á betri skilgreiningu á kjörstað vegna breytinga í samfélaginu. Einnig opnunartíma kjörstaða.
- Næstu skref kjörstjórnar
- Kjörskrá

Lagabreytingar verða lagðar til 18. eða 19. janúar á Stúdentaráðsfundi.

Lagt til 22. og 23. mars 2023 sem dagsetning kosninga. Þá er staðlota og flestir nemendur viðstaddir á háskólasvæðinu. Dagsetning er samþykkt af öllum kjörstjórnarfulltrúum. Stefnt er á að auglýsa dagsetningu kosninga á næsta fundi, snemmt eftir stúdentaráðsfundinn 19.janúar sem gefur fylkingum tæpa 2 mánuði í undirbúning.

Birta Karen valin samskiptaaðili við UTS.

Kosið er um opnunartíma kjörstaða. Niðurstaða er sú að kjörstaðir verða opnir allan sólarhringinn. Hins vegar þarf að ræða við fulltrúa fylkinga um fyrirkomulag úthringinga.

Næsti fundur ákveðinn: Mánudagur 23. janúar 2023 kl. 20:00

Verkefnaskipting fyrir næsta fund:

- Birta Karen: Hafa samband við UTS
- Guðjón: Útbúa kjörskrá og aðgengilega (8. mars)
- Hallgerður: Lýsa eftir framboðum (12. mars) og Búa til tölvupóst með auglýsingu kosninga
- Kamilla: útbúa tímalínu yfir kosningatímabil
- ALLIR: leggja huga í bleyti um verklagsreglur fyrir kjörstjórn

Fundi slitið: 18:43

Annar fundur kjörstjórnar 31. janúar 2023

Fór fram í gegnum fjarfundabúnað

Tímasetning 20:00

Mætt: Hallgerður, Guðjón og Birta.

Ritari: Hallgerður

Kjörstjórn kom saman þann 31. janúar til að fara yfir auglýsingu um framboð. Hallgerður hafði byrjað þá vinnu eftir 1. fund kjörstjórnar. Þá hafði uppkast af slíkum pósti fylgt frá kjörstjórn 2022.

Kjörstjórn ræddi það við yfirferðina að hvergi kveði á um það í lögum SHÍ að kjörskrá skuli keyrð saman við bannskrá Þjóðskrár. Það gæti verið eitthvað sem þyrfti að skoða að setja inn í lög. Þá fór kjörstjórn yfir lagabreytingar, sem samþykktar voru á fundi SHÍ 18. janúar.

Fundur ákvað að framboð skyldu safna undirskriftum með blaði á penna. Rafrænar undirskriftir ekki teknar gildar í kosningum til Stúdentaráðs 2023. Undanfarin ár hefur undirskriftasöfnun farið fram rafrænt, í gegnum forritið GoogleDocs, vegna heimsfaraldurs Covid. Þar sem forritið er ekki öruggt og ekki hægt að sannreyna hverjir eru á bak við hverja undirskrift telur kjörstjórn þá leið ekki nógu örugga. Kjörstjórn leggur til að sú næsta kanni möguleika á að undirskriftum sé safnað í gegn um Ísland.is ef undirskriftasöfnun á að fara fram rafrænt.

Þá var farið yfir tillögur að verklagsreglum kjörstjórnar og viðurlög við brotum á lögum stúdentaráðs í kosningum rædd. Kjörstjórn vill ekki setja sér reglur um viðurlög án þess að fá athugasemdir frá Stúdentaráðsliðum. Lagt til að leggja höfuð í bleyti og mögulega fá álit frá lagabreytinganefnd og SHÍ.

Frekari verkaskiptingu frestað og dagsetning næsta fundar rædd á samfélagsmiðlum vegna fjarveru Kamillu.

Fundi slitið 21:40.

Þriðji fundur kjörstjórnar 13. febrúar 2023

Fór fram í stofu O-104

Tímasetning 17:30

Mætt: Kamila, Guðjón og Birta.

Ritari: Kamila

Rennt yfir tímalínu kosninga. Einnig rennt yfir upplýsingapakka til framboða - hvernig hlutir eiga að vera og hvað þarf að vita. Hvernig er einstaklingsframboðum háttað?

Fara yfir verklagsreglurnar um samskipti við fylkingar. Ákveða viðurlög við brot á kosningareglum.

Rennt yfir tilkynningu um Stúdentaráðskosningar sem verður sendur út. Farið einnig yfir drengskaparheita-skjalið og endurskoðað m.v. lagabreytingar.

Farið yfir hvaða gögn þurfa vera í upplýsingapakka til framboða.

- Undirskriftalisti
- Framboð til stúdentaráðs 2023
- Drengskaparheit frambjóðanda fyrir fylkingar
- Drengskaparheit frambjóðanda fyrir einstaklingsframboð
- Áminning til framboða

Farið yfir verklagsreglur kjörstjórnar.

Ákveða þarf reglur um hegðun framboða í kosningum. Stefnt er á fund varðandi þetta með stjórn SHÍ í næstu viku.

Það sem þarf að gera fyrir næsta fund:

- Heyra í Rebekku og stjórn SHÍ ⇒ Guðjón

Fundi slitið: 18:46

Fjórði fundur kjörstjórnar 28. febrúar 2023

Fer fram rafrænt

Tímasetning 20:00

Mætt: Hallgerður, Guðjón og Birta.

Ritari: Hallgerður

Búið að senda út auglýsingu um framboð. Þá hefur verið ítrekað við UTS að fá kjörskrá afhenta. Dagskrá fundarins er að fara yfir verklagsreglur kjörstjórnar og reglur um samskipti við kjósendur og önnur framboð.

Kamilla hefur stigið til hliðar úr kjörstjórn. Oddvitum beggja fylkinga hefur verið gert viðvart og Vaka er að vinna að því að tilnefna nýjan fulltrúa í kjörstjórn. Þeim jafnframt gert viðvart um opnunartíma kosninga.

[Verklagsreglur kjörstjórnar 2023 samþykktar.](#)

[Reglur um samskipti við kjósendur og önnur framboð](#)

- Farið yfir reglurnar og vafaatriðum breytt.
- Sent til stjórnar SHÍ til yfirlstrar og því næst sett í almenna atkvæðagreiðslu hjá Stúdentaráði sbr. ii-kafli b-liðar 33. greinar SHÍ.

Farið yfir verkefnalista kjörstjórnar og verkefnum úthlutað fyrir næsta fund.

Fundi slitið: 21:05.

Fimmti fundur kjörstjórnar 11. mars 2023

HT - 300

Tímasetning 12:30

Mætt: Birta Karen, Guðjón Björn og Ragnar Snæland

Ritari: Birta Karen

- Ragnar á fyrsta fundi. Guðjón fer yfir verklagsreglur kjörstjórnar.
- Fórum yfir verkefnalistann og athugum framgang mála.
- Kjörstjórn bars beiðni um frest um söfnun undirskrifta - kjörstjórn tók ákvörðun um að það væri óheimilað.

Fundi slitið 14:48

Samskipti kjörstjórnar á milli funda og kvartanir frá fylkingum

Kjörstjórn stofnaði spjallhóp á forritinu Messenger þar sem samskipti áttu sér að mestu stað.

Kjörstjórn var í miklum samskiptum í vikunum fyrir kosningar og kom það nokkrum sinnum fyrir að stuttir óformlegir fundir, í gegn um myndsímtal á messenger, voru haldnir til að ræða ýmis mál.

Kjörstjórn bárust nokkrar kvartanir frá Röskvu og ein frá Vöku. Unnið var að því að leysa málin með samtali en í einstökum tilfellum taldi kjörstjórn hegðun framboða verðskulda tiltal.

Tölvupóstar til nemenda

Auglýsing um framboðsfrest var send á alla stúdenta þann 24. febrúar 2023 í gegnum Uglu en skrifstofa SHÍ sendi póstinn út fyrir hönd kjörstjórnar.

Efnislína: Vegna kosninga til Stúdentaráðs 2023 / Elections to the Student Council 2023

- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru stúdentar,

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands verða haldnar frá klukkan 9:00 miðvikudaginn 22. mars til klukkan 18:00 fimmtudaginn 23. mars n.k. Þær eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna (www.ugla.hi.is). Í kosningum munu stúdentar hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð til eins árs.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs árið 2023.

Skilafrestur framboða

Skilafrestur framboða er til kl. 18:00, 12. mars 2023. Vinsamlegast hafið samband við kjor@hi.is hafið þið hug á framboði til að fá afhenda undirskriftalista og eyðublað vegna framboða. Framboð til Stúdentaráðs skulu uppfylla ákvæði kafla IX. [laga SHÍ](#) um kosningar og kjörstjórn.

Hver frambjóðandi skal safna tíu undirskriftum. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina. Samhliða þessu skulu framboð tilnefna umboðsaðila við kjörstjórn, sem sér um samskipti við hana.

Kjörstjórn mun taka á móti framboðum rafrænt í gegnum netfangið kjor@hi.is til kl. 18:00 12. mars og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við kjörstjórn í gegnum sama netfang.

Kjörskrá

Kjörskrá mun liggja fyrir þann 8. mars og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12:00 þann 15. mars. Á kjörskrá eru þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2022-2023. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt.

Framboð til Stúdentaráðs munu fá afhenda skrá yfir stúdenta, í þeim tilgangi að hafa samband við stúdenta vegna kosninganna. Kjörskrá verður keyrð saman við bannskrá Þjóðskrár og símanúmer þeirra sem eru þar skráð verða tekin út af skránni sem afhent verður framboðunum. Jafnframt verður gætt að skilyrðum 94. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022. Þá er öllum sem eru á skránni veittur réttur til að andmæla notkun á sínum persónuupplýsingum í þessum tilgangi.

Ef stúdent vill ekki að hringt sé í sig í aðdraganda kosninga getur viðkomandi fyllt út eyðublað [hér](#). Hægt er að koma á framfæri andmælum til klukkan 23:59 þann 7. mars. Tekið verður tillit til andmæla sem þá hafa borist.

Framboðum er óheimilt að hringja í einstaklinga sem svara ekki símhringingum oftar en þrisvar sinnum. Eins mega framboðin hvorki senda SMS-skilaboð né hafa samband við einstakling sem er ekki „vinur“ viðkomandi á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að kynna framboð.

Ef ykkur þykir áreitið af hringingum orðið of mikið er ætíð hægt að hafa samband við Stúdentaráð (shi@hi.is) eða kjörstjórn (kjor@hi.is). Ef þið fáið símtal frá framboðum sem þið teljið vera ólöglegt eða viljið ekki frekari símtöl er jafnframt hægt að senda tilkynningu á fyrrnefnd pósthólf og framboðum verður gert viðvart.

Frekari spurningum má beina á netfangið kjor@hi.is.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2023 skipa Guðjón Björn Guðbjartsson (forseti), Birta Karen Tryggvadóttir, Kamila Antonina Tarnowska og Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir.

F.h. Kjörstjórnar SHÍ,
Guðjón Björn Guðbjartsson

-- ENGLISH VERSION --
Elections to the Student Council 2023.

The elections for the Student Council and the University Council will be held from 9:00, 22nd of March until 18:00, 23rd of March. The elections will be online and students vote through Ugla (ugla.hi.is), the intra web of the University. In the elections, students of each academic school will elect a representative to the Student Council for one year.

The election committee of the Student Council of the University of Iceland (SHÍ) hereby announces that students can declare their intent to run as candidates for the Student Council election in 2023.

Regarding candidacies

Candidacy for the elections shall be handed in to the Election Board through email at kjor@hi.is before 18:00 on the 12th of March 2023. Candidacies will not be accepted after that time. If you are interested in running for the Student Council, please contact kjor@hi.is for forms regarding the candidacy. Candidates for the Student Council must comply with the provisions of chapter IX of the Statute of the Student Council on Elections and Electoral Commission.

Each candidate must collect ten signatures. If the same organization presents a candidate list in all fields, the supporters of the list don't need to be more than 100 in total. Candidates should contact the Election board for more information on collecting signatures. Along with this, candidates must nominate a representative to the electoral commission, who will be in charge of communication with it.

If any difficulties arise, please contact the Election Board at kjor@hi.is.

The Electoral Register

The electoral register will be available on the 8th of March. You can make sure you are on the list or make requests to be added to it until 12:00 on the 15th of March. Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2022-2023 is eligible to vote. Neither exchange students nor students in programs consisting of singular courses (such as Símennt) are eligible to vote.

Candidates for the Student Council will be given a list of students, for the purpose of contacting students regarding the elections. Voters who are on the “do not call” register at Registers Iceland will have their phone numbers removed from the electoral register that will be delivered to the candidates. At the same time, the conditions of Article 94 of the Personal Data Protection Act no. 70/2022 will be upheld. Everyone on the electoral register is also given the right to object to the use of their personal information for this purpose.

If a student does not want to receive phone calls regarding the elections, the person can send an email to kjor@hi.is with their full name and social security number. You can also fill out [this form](#). Objections can be made until 23:59 on March 7. Objections will be taken into account at that time.

The campaigns are not allowed to call a person more than three times if they do not answer the calls. They are also not allowed to send out text messages, and people who are not your “friends” on social media are not allowed to contact you by text for the sole purpose of promoting their campaign.

If you feel you are being contacted too aggressively, you may contact the Student Council at shi@hi.is or the electoral commission at kjor@hi.is. Please also send an email if you feel that you have been contacted in an illegitimate way or simply don't want any more phone calls. All campaigns will be notified that you do not wish to be contacted.

*For any further questions, please contact kjor@shi.is.
On behalf of the Election Board,
Guðjón Björn Guðbjartsson, chairman of the election board*

Þann 15. mars var eftirfarandi póstur sendur á nemendur Háskóla Íslands en skv. g. lið 32. gr. laga SHÍ á að auglýsa opnunartíma kosninga viku fyrir fyrri kjördag.

Efnislína: *Kosningar til Stúdentaráðs 2023 fara fram í næstu viku / Elections to the Student Council are coming up next week*

- ENGLISH VERSION BELOW -

Kæru stúdentar

*Kosningar til Stúdentaráðs fara fram miðvikudaginn 22. og fimmtudaginn 23. mars næstkomandi. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð til eins árs. Kosningarnar eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, **Ugluna**.*

Á kjörskrá eru þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2022-2023. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt.

Kosningakerfið verður opið frá klukkan 9:00 þann 22. mars til klukkan 18:00 þann 23. mars.

[Hér má finna upplýsingar um framboð til Stúdentaráðs 2023.](#)

Frekari spurningum eða kvörtunum má beina á netfangið kjor@hi.is.

F.h. Kjörstjórnar SHÍ,

Guðjón Björn Guðbjartsson

-- ENGLISH VERSION --

Dear students

*Elections for the Student Council will be held on the 22nd of March and the 23rd of March. In the elections, students of each academic school will elect a representative to the Student Council for one year. The elections will be online and students vote through **Ugla** (ugla.hi.is), the intra web of the University.*

Everyone who has been registered at the University of Iceland in the school year of 2022-2023 is eligible to vote. Neither exchange students nor students in programs consisting of singular courses (such as Símennt) are eligible to vote.

The elections will be open from 9:00 on the 22nd of March until 18:00 on the 23rd of March.

[Here you can find information on the candidates running for Student Council in 2023.](#)

For any further questions or complaints, please contact kjor@shi.is.

On behalf of the Election Board,
Guðjón Björn Guðbjartsson

Á fyrri kjördegi, þann 22. mars, var eftirfarandi póstur sendur á nemendur Háskóla Íslands. Skv. g. lið 32. gr. laga SHÍ skal auglýsa opnunartíma kjörstaða báða kjördaga.

(English below)

Kjörstjórn SHÍ minnir alla nemendur á að kosningarnar til Stúdentaráðs hófust í morgun (miðvikudag) klukkan 09:00 og standa yfir til klukkan 18:00 á morgun, fimmtudag. Kosningarnar fara fram á Uglunni. Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að kjósa geta þeir haft samband við kjor@hi.is.

Þá vill kjörstjórn einnig minna frambjóðendur og framboð til Stúdentaráðs Háskóla Íslands á að óheimilt er að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Kjósandi má þó greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kýs.

Kjörstjórn vekur athygli á því að tveir framboðslistar bjóða fram á öllum sviðum en að auki býður eitt einstaklingsframboð fram á Hugvísindasviði.

[Hér](#) má kynna sér framboð til Stúdentaráðs 2023.

--ENGLISH--

The Student Council's election commission wants to remind all students that the election started this morning (Wednesday) and will take place on Uglu until 6 p.m. tomorrow (Thursday). If any problems occur while voting, please contact the election commission through kjor@hi.is.

The election commission also wants to remind candidates and candidacies that they are not permitted to systematically encourage voters to organize their votes in such a

way that would skew election results in their favor. However, students can cast their vote to any candidate, no matter their party, in any order they please.

The election commission wants to draw attention to the fact that within the School of Humanities there are two lists of candidates and one individual candidacy.

[Here](#) you can read about the candidates who are running for Student Council in 2023.

Á seinni kjördegi, þann 23. mars, var eftirfarandi póstur sendur á nemendur Háskóla Íslands. Skv. g. lið 32. gr. laga SHÍ skal auglýsa opnunartíma kjörstaða báða kjördaga:

Efnislína: Kosningar til Stúdentaráðs opnar til kl. 18 í dag / Student Council elections open until 18:00 today

(English below)

Kjörstjórn SHÍ minnir alla nemendur á að kosningarnar til Stúdentaráðs hófust í gærmorgun (miðvikudag) klukkan 09:00 og standa yfir til klukkan 18:00 í kvöld, fimmtudag. Kosningarnar fara fram á Uglunni. Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að kjósa geta þeir haft samband við kjor@hi.is.

Þá vill kjörstjórn einnig minna frambjóðendur og framboð til Stúdentaráðs Háskóla Íslands á að óheimilt er að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Kjósandi má þó greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kys.

Kjörstjórn vekur athygli á því að tveir framboðslistar bjóða fram á öllum sviðum en að auki býður eitt einstaklingsframboð fram á Hugvísindasviði.

[Hér](#) má kynna sér framboð til Stúdentaráðs 2023.

--ENGLISH--

The Student Council's election commission wants to remind all students that the election started yesterday morning (Wednesday) and will take place on Ugla until 6 p.m. tonight (Thursday). If any problems occur while voting, please contact the election commission through kjor@hi.is.

The election commission also wants to remind candidates and candidacies that they are not permitted to systematically encourage voters to organize their votes in such a

way that would skew election results in their favor. However, students can cast their vote to any candidate, no matter their party, in any order they please.

The election commission wants to draw attention to the fact that within the School of Humanities there are two lists of candidates and one individual candidacy.

[Here](#) you can read about the candidates who are running for Student Council in 2023.

Tillögur til úrbóta

Kjörstjórn SHÍ 2022 vill leggja áherslu á að Stúdentaráð sem tekur við starfsárið 2023-2024 þarf að fara vel yfir IX. Kafli – Kosningar og kjörstjórn. Einstaklingsframboð og tækniörðugleikar vörpuðu ljósi á veikleika og ósamræmi í löggjöf SHÍ sem þarf að lagfæra. Þá eru ýmis tækifæri til að skýra verkferla svo samræmi sé í störfum kjörstjórna á milli ára.

Lög Stúdentaráðs um kosningar og kjörstjórn

- Ítrekað eru fylkingar skrifaðar inn í lög SHÍ þrátt fyrir að einstaklingar geti boðið fram. Lögin mætti bæta með því að skrifa inn “framboð” í stað “fylkinga”.
- Heimild fyrir kosningu á pappír þarf að tryggja í lögum.
- Skýra þarf hvað felst í kæru vegna kjörskrár í lögum, þ.e. hvað felst í kæru, hvernig hún skuli afgreidd og hver skuli afgreiða hana.
- Kjörstjórn mælist til þess að tímafrestur til að kæra kjörskrá verði samræmdur við afhendingu á kjörskrá til framboða sem miðast við hvenær framboðsfrestur rennur út.

Reglur um samskipti við kjósendur og önnur framboð

1. Virtur verði í einu og öllu réttur kjósenda til leynilegra kosninga. Ekki skal undir neinum kringumstæðum krefja kjósenda um sönnun á kosningu eða að kjörseðill sé sýndur.
2. Óheimilt er að halda viðburði á meðan kjörfundi stendur ef hætt er á að að réttur kjósenda til leynilegrar kosningar verði ekki virtur.
3. Framboðum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans, sbr. 33. gr. laga Stúdentaráðs um framkvæmd kosninga.
4. Heimilt er að dreifa kosningaefni innan veggja háskólans. Fylgja skal reglum háskólans við slíka dreifingu, m.a. með því að notast við þar til gerðar töflur og skilgreind svæði fyrir plaköt.
5. Skipulögð dreifing kosningaefnis í byggingum háskólans á kjördögum er óheimil.
6. Hvers kyns skemmdarverk á kosningaefni annarra framboða er óheimil.

7. Dreifing á hvers kyns óhróðri eða meiðandi athugasemdum er óheimil.

Minniháttar brot eru þau brot sem ganga í berhögg við markmið um háttarni framboða án þess að teljast meiðandi og/eða af yfirlögðu ráði.

Meiriháttar brot fela í sér dreifingu á hvers kyns óhróðri, meiðandi athugasemdum eða einbeittan brotavilja gagnvart lögum SHÍ og/eða drengskaparheitum. Ef meiriháttar brot eiga sér stað mun kjörstjórn veita skriflega áminningu og birta hana á *Facebook* og/eða *Twitter*.

Unnið verður að því að leysa minniháttar brot án áminninga í lengstu lög. Ef minniháttar brot eiga sér ítrekað stað eftir talt mun kjörstjórn veita skriflega áminningu og birta hana á *Facebook* og/eða *Twitter*.

Listi yfir brot er ekki tæmandi. Kjörstjórn áskilur sér rétt til að bregðast við með þeim hætti sem hún telur viðeigandi ef ófyrirséð brot á almennri háttsemi eiga sér stað.

- Stúdentaráð samþykkti ofangreindar reglur um samskipti við kjósendur og önnur framboð sem kjörstjórn lagði fyrir ráðið líkt og b.i. mgr. 33. gr. laga Stúdentaráðs kveður á um. Umræddar reglur voru þær fyrstu síns eðlis sem samþykktar voru hjá Stúdentaráði og gáfu góða raun en þær þarfnast þó ákveðinnar endurskoðunar.
- Erfitt reyndist fyrir kjörstjórn að finna hvar línán á milli meiriháttar og minniháttar brota lægi þrátt fyrir að hafa lagt til skilgreiningu í reglunum. Erfitt reyndist að meta ásetning og hversu ítrekuð minniháttar brot þyrftu að vera til að verðskulda skriflega áminningu. Þá þarf að skýra í reglunum hvar skrifleg áminning verði birt, þ.e. á hvaða reikningi á hvaða samfélagsmiðli eða þá á heimasíðu Stúdentaráðs.

Verklag

- Eyðublöð fyrir framboð verði gerð aðgengileg á vef SHÍ í stað þess að kjörstjórn afhendi þau þegar þeim berst beðni þess efnis.
- Verklag fyrir kosningu á pappír þarf að móta svo hægt sé að bjóða upp á hana með skömmum fyrirvara ef rafræna kosningakerfið bregst í einstaka tilvikum eða algjörlega. Þá þarf að vera skýrt hvernig kosning á pappír spilar við kosningu á Uglu, t.d. þegar kemur að útreikningum á niðurstöðu kosninga og að hver einstaklingur geti aðeins kosið einu sinni
- Í ljósi Covid-19 faraldursins hefur verið heimilað að skila framboðsgögnum inn rafrænt fyrir ákveðinn tíma. Kjörstjórn mælist til þess að sá tími verði afmarkaður og að kjörstjórn veiti gögnunum móttöku í persónu á fyrir fram auglýstum stað.

Kjörsókn

- Kjörsókn var betri en undanfarin ár en 32,54% stúdenta nýttu kosningarétt sinn. Kjörstjórn í samstarfi við skrifstofu Stúdentaráðs vann að því að efla kjörsókn og benda kjörsóknartölur til þess að þær aðgerðir hafi skilað árangri, þó erfitt sé að segja til um hversu stóran hlut aukinnar kjörsóknar megi rekja til þeirra aðgerða því kosningarnar voru þær fyrstu eftir Covid-19 faraldurinn og framboðin ráku áberandi kosningabaráttu.
- Kjörstjórn mælist þó til þess að áfram verði unnið að því að viðhalda góðri kjörsókn og leggur til að reglum sem kveða á um kosningaefni innan bygginga háskólans á kjördögum verði haldið óbreyttum og að skrifstofa Stúdentaráðs auglýsi kosningarnar á kjördögum.

11.2 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2023

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2022-2023 fóru fram rafrænt á Uglu, innri vef Háskóla 22. og 23. mars 2023. Á kjörskrá voru alls 13.395 stúdentar og var heildarkjörsókn 32,54% sem gera 4.359 einstaklinga sem nýttu kosningarétt sinn.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1.296 af 3.603 á kjörskrá, eða 35,97%
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 1.079 af 2.783 á kjörskrá, eða 38,77%
- Á Hugvísindasviði kusu 577 af 2.119 á kjörskrá, eða 27,23%
- Á Menntavísindasviði kusu 600 af 2.669 á kjörskrá eða 22,48%
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 806 af 1.808 á kjörskrá eða 44,58%

Röskva samtök félagshyggjufólks fékk alls 12 fulltrúa kjörna en Vaka félag lýðræðissinnaðra stúdenta fékk 5 fulltrúa kjörna.



VIÐAUKI A - ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA

SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS

Meðlimir í sviðsráði FVS 2022-2023

- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir
- Dagur Kárason
- Diljá Ingólfssdóttir
- Viktor Ágústsson
- Þórkatla Björg Ómarsdóttir

Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs er að gæta hagsmuna stúdenta innan sviðsins og vera málsvari stúdenta í stjórn og nefndum sviðsins. Fundir sviðsráðsins fóru bæði fram í persónu og rafrænt og var það metið að hverju sinni hvort hentaði ráðinu betur. Á milli funda fóru samskipti fram í gegnum samfélagsmiðla.

Fundir sviðsráðs

Fundir sviðsráðs voru á tveggja vikna fresti, en féllu niður ef ekki var talin þörf á fundarhaldi. Innan ráðsins sá forseti þess um boðun funda og ritari þess um ritun fundargerða. Allir meðlimir ráðsins tóku virkan þátt í umræðum á fundum og á milli funda.

Fjármunum varið

Hér má sjá útgjöld og tekjur sviðsráðs félagsvísindasviðs starfsárið 2022-2023

Gjöld: 0 kr.

Tekjur: 0 kr.

Samtals: 0 kr.

Nefndir, ráð og önnur verkaskipting innan sviðsráðs

Sviðsráðsforseti: Sviðsráðsforseti félagsvísindasviðs var Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir.

Ritari sviðsráðs: Ritari sviðsráð félagsvísindasviðs var Viktor Ágústsson.

Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðs: Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðs félagsvísindasviðs var Þórkatla Björg Ómarsdóttir.

Skemmtinefnd sviðsráðs: Skemmtinefnd sviðsráðsins var skipuð af Degi Kárasyni (forseti skemmtinefndar), Diljá Ingólfisdóttur og Viktori Ágústssyni.

Fulltrúaráð: Diljá Ingólfisdóttir var fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði félagsvísindasviðs.

Jafnréttisnefnd sviðsins

Sviðsráð tilnefndi ekki í jafnréttisnefnd í upphafi starfsárs vegna misskilnings á milli jafnréttisnefndar sviðsins og sviðsráð. Sviðsráðið auglýsti því í stöðuna. Sviðið óskaði þó eftir nýjum fulltrúa í febrúar 2023 og tilnefndi sviðsráð þann umsækjanda sem hafði upphaflega verið talin hæfastur og var það Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir. Hún mun sitja í jafnréttisnefnd þar til nýr fulltrúi er skipaður af Stúdentaráði á kjörfundi.

Stjórn stúdentasjóðs

Sviðsráðið auglýsti eftir fulltrúa ráðsins í stjórn stúdentasjóðs. Ráðinu bárust góðar umsóknir en tilnefndi ráðið Örnú Dís Heiðarsdóttur og var hún jafnframt sjóðsstjóri sjóðsins.

Kennslumálanefnd sviðsins

Fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd stúdentaráðs og félagsvísindasviðs er skipaður úr röðum sviðsráðsins og var Diljá Ingólfisdóttir kjörin í kennslumálanefnd.

Stjórn sviðsins

Sviðsráð félagsvísindasviðs á tvo fulltrúa í stjórn sviðsins, einn fullgildan stjórnarmeðlim og einn áheyrnarfulltrúa. Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, sviðsráðsforseti, sat í stjórn sviðsins sem fullgildur stjórnarmeðlimur. Áheyrnarfulltrúi í stjórn sviðsins var Dagur Kárasón.

Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Sviðsráð leitaðist við að nota samfélagsmiðlana Facebook og Instagram til að auka sýnileika sviðsráðsins og deildi þar m.a. því sem Stúdentaráð hafði sett á sína samfélagsmiðla. Sviðsráð nýtti samfélagsmiðla einnig til að auka sýnileika á sviðsráðinu og miðla upplýsingum til stúdenta sviðsins um réttindi sín.

Nýnemadagar

Sviðsráð tók þátt í nýnemadögum Háskóla Íslands og hélt kynningu fyrir alla nýnema sviðsins í Háskólabíó á sama tíma og sviðið hélt kynningu. Þar kynnti sviðsráð sig fyrir nemendum, kynnti hlutverk sitt og sagði stúdentum frá Októberfest SHÍ sem var á döfinni þegar kynningin átti sér stað. Þótti það heppnast vel.

Vísindaferð í SHÍ

Vísindaferð félagsvísindasviðs í SHÍ var 20. október 2022 á Stúdentakjallaranum. Sviðsráð hélt þar kynningu um störf ráðsins.

Helstu verkefni og baráttumál

Sjúkra- og endurtektarpróf

Eftir margra ára baráttu stúdenta komst það í gegn að sjúkra- og endurtektarpróf haustmíssis verða héðan í frá tekin í janúar. Sviðsráðið vann ekki eitt að þessu verkefni og þakkar þeim sem á undan okkur voru í sviðsráðum sem og fulltrúum stúdenta í háskólaráði kærlega fyrir alla vinnuna. Mikilvægt að fylgja því eftir og tryggja góða útfærslu, vinna með stjórn sviðsins.

Stofur í Odda

Stofur í Odda voru á starfsárinu endurnýjaðar að hluta til. Sviðsráð vonast eftir að sjá frekari þrýsting frá næsta sviðsráði um endurnýjun fleiri stofa, bæði í Odda og öðrum byggingum innan sviðsins þar sem margar þeirra eru komnar á tíma. Sviðsráðið fundaði með kennsluþróunarstjóra og verkefnastjóra hjá sviðinu og ræddum þessar framkvæmdir og önnur kennslumál. Sviðsráð ráðleggur næsta sviðsráði að eiga strax gott samtal við þau.

Gimli

Framkvæmdir í Gimli hafa tekið langan tíma og skert flæði á milli bygginga sviðsins. Læriaðstaða á neðstu hæð í Gimla er enn framkvæmdasvæði og mikilvægt að ýta á að þær klárast sem fyrst. Í þessum málum er vera í góðu sambandi við sviðsforseta.

Nemendafélög

Sviðsráð lagði mikla áherslu á að eiga gott samstarf við nemendafélög í gegnum fulltrúaráð. Mikilvægt er að halda því samstarfi áfram á komandi starfsári og efla tengsl á milli nemendafélaganna en frekar.

Kennslumál

Sviðsráð fór á fund með formanni kennslunefndar FVS og verkefnastjóra sviðsins og átti gott samtal um kennsluhætti og tækifæri til að betrumbæta. Meðal umræðuefna voru vendikennsla, rafrænir kennsluhættir og sjónarmið foreldra til dæmis með skyldumætingu eftir klukkan 16 og fyrir klukkan 9. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd FVS bar upp tillögu sem samþykkt var í Stúdentaráði um að frídagar stúdenta séu tryggðir og var tekið vel í hana. Þá hélt hún einnigáfram þeirri baráttu að halda lokaprófum í 80% eða undir og minnti á mikilvægi þess að áfangar séu í samræmi við einingar, verkefni, álag og væntingar. Þá ræddi hún mikilvægi þess að við skil á stórum verkefnum séu settar fram góðar og skýrar upplýsingum, að farið sé yfir allar dagsetningar vel og vandlega áður en efni er gefið út til að koma í veg fyrir óánægju, misskilning og slíkt. Mikilvægt er að halda þessu samtali áfram og halda í gott samstarf.

Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Samtarið innan sviðsráðsins gekk almennt mjög vel. Góð og skýr hlutverkaskipting skiptir miklu máli og tæklaði ráðið það mjög vel. Það er mjög fínt að hittast tvisvar í mánuði og jafnvel oftari ef þörf krefur. Hvetjum einnig nýtt sviðsráð að funda með öðrum sviðsráðum í upphafi starfsárs og síðan gera eitthvað skammtilegt eftir á, en við teljum mikilvægt að sviðsráðin starfi saman að stórum sem smáum hagsmunamálum og kynnist sín á milli.

*Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir
Sviðsráðsforseti félagsvísindasviðs*

Verklagsreglur sviðsráðs Félagsvísindasviðs 2022-2023

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt.
3. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin.
4. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði. Á þeim fundi skal:
 - a. Kosið um ritara,
 - b. Kosið um fulltrúa í fulltrúaráði.
 - c. Kosið um umsjónarmann samfélagsmiðla
 - d. Kosið um fulltrúa ráðsins í skemmtinefnd sviðsráðs
 - e. Kosið um fulltrúa ráðsins sem hefur áheyrnarrétt í stjórn FVS.
 - f. Kynna þessar verklagsreglur fyrir nýju sviðsráði.
5. Á milli kjörfundar SHÍ og skiptafundar SHÍ skal ráðið kjósa sér fulltrúa í kennslumálanefnd SHÍ sem jafnframt tekur sæti stúdenta í kennslumálanefnd sviðsins.
6. Forseti sviðsráðs skal sitja í stjórn Félagsvísindasviðs nema annað sé ákveðið.
7. Ritari ber ábyrgð á fundargerðum og öðrum gögnum ráðsins.
8. Fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði ber ábyrgð á upplýsingastreymi milli sviðsráðs og hagsmunafulltrúa og forseta/formanna nemendafélaga á sviðinu.
9. Umsjónarmaður samfélagsmiðla ber ábyrgð á samfélagsmiðlum ráðsins og upplýsingaflæði út á við.
10. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
11. Í upphafi hvers starfsárs skal nýtt sviðsráð setja sér starfsáætlun
12. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
13. Meðlimur sviðsráðs getur krafist forseta um fundarboð ef ástæða þykir til og hann hefur tillögu að fundarefni.
14. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa er mættur.
15. Fundir sviðsráðs eru opnir öllum og haldinn skal opinn viðburð fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
16. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum
17. Sviðsráð skal senda tölvupóst á alla nemendur sviðsins og auglýsa eftir fulltrúa nemenda í jafnréttisnefnd sviðsins og í stúdentasjóð.
18. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs samþykkti verklagsreglur þessar einróma á fundi sínum þann 9. ágúst 2022.

SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

Meðlimir í sviðsráði HVS 2022-2023

- Andri Már Tómasson (R) - Forseti
- Dagný Þóra Óskarsdóttir (R) - Ritari
- Kristín Brynjarsdóttir (R) - Viðburðarstjóri
- Styrmir Hallsson (R) - Samfélagsmiðlastjóri
- Telma Rún Magnúsdóttir (V) - HEILÓ-fulltrúi

Fundir sviðsráðs

Andri Már, forseti sviðsráðsins, boðaði fundina á lokuðum facebook hóp ráðsins. Þeir fóru langoftast fram í fundarherbergi matvæla- og næringarfræðinema í Læknagarði, en einnig fóru nokkrir fundir fram á Zoom. Andri Már stjórnaði fundunum og Dagný ritari gerði fundargerðir. Ef einhver verkefni þurfti að tækla kom ráðið sér saman um hver bæri ábyrgð á málinu og kæmi því í farveg.

Nefndir og ráð

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð HVS nefnist HEILÓ-ráð og er sviðsráðsmeðlimur nefndur HEILÓ-fulltrúi. Facebook-hópur með fulltrúum nemendafélaga var virkur þar sem við gátum komið á framfæri upplýsingar frá Stúdentaráði og öðru nytsamlegu. Einn fundur var haldinn á árinu og var það í lok september. Meginþungi fundarins var fyrirhuguð gjaldtaka sem lýst er nánar að neðan. Einnig gátu fulltrúar nemendafélaga komið á framfæri vandamálum sinna stúdenta. Þar var m.a. efnt vöntun á fundaraðstöðu fyrir nemendafélögin FLOG og Virtus, vöntun á sjálfsala í Stapa og lélega nestisaðstöðu í Eirberg utan opnunartíma Hámu. Eitt af þessum verkefnum fór í framkvæmd og var það sjálfsali í Stapa sem lýst er nánar að neðan.

Jafnréttisnefnd sviðsins og stjórn stúdentasjóðs

Dagný Þóra var forseti Stúdentasjóðs þetta starfsárið. Úthlutanir voru fjórar, tvær fyrir áramót og tvær eftir. Stjórn sjóðsins kom saman í lok hveftrar úthlutunar fyrir sig og fór yfir umsóknir. Framkvæmdastjóri SHÍ sá síðan um að úthluta styrkjunum eftir að stjórn hafði farið yfir.

Lilja Ósk Atladóttir skipaði stöðu stúdenta í jafnréttisnefnd. Fundað var mánaðarlega en lítið komst í verk og því lítum við björtum augum til næsta árs þegar breytt fyrirkomulag um jafnréttisnefnd SHÍ tekur gildi.

Kennslumálanefnd sviðsins

Dagný Þóra sat í kennslumálanefnd sviðsins þetta starfsárið fyrir hönd nemenda, en ásamt henni sátu þar fulltrúar hvernar deildar á sviðinu. Fundirnir fóru allir fram á Teams og voru boðaðir í byrjun hvernar annar fyrir sig. Mikið var rætt almennt um kennslumál á sviðinu, kennslukannanir, inntökuskilyrði í nám á sviðinu o.fl. Vel var hlustað á rödd nemenda og okkar sjónarmiðum komið á framfæri.

Stjórn sviðsins

Fundi stjórnar sviðsins sótti Andri Már að mestu. Til afleysinga komu Dagný, Kristín eða Styrmir. Fundir voru að öllu jöfnu haldnir annan hvern mánudags eftirmiðdag. Fulltrúar héldu sjónarmiðum stúdenta vel á lofti í ýmsum málum en þar voru fyrirferðamest áframhaldandi umræða um 80% þak á vægi lokaprófa, gjaldskylda á bílastæðum við Hringbrautarreit og bágur fjárhagur. Einnig voru ýmis mál rædd sem snertu stúdenta beint og óbeint en þar má nefna stöðu alþjóðanema, inntökuskilyrði í nám, kynbundið ofbeldi og hækkun á gjaldi í inntökupróf í Læknadeild og Tannlæknadeild.

Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Til þess að auka sýnileika sviðsráðs var meðal annars notast við samfélagsmiðla líkt og Instagram. Með því að fylgja nemendum á Heilbrigðisvísindasviði tókst að auka sýnileika sviðsráðs og gera upplýsingagjöf skilvirkari. Auk þess voru samfélagsmiðlarnir notaðir til þess að auglýsa viðburði tengda sviðsráðinu líkt og vísindaferð í Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ), fund SHÍ um réttmæti skrásetningargjaldsins, réttindi nemenda í prófatíð (í samstarfi við Hagsmunafulltrúa SHÍ), úthlutun stúdentasjóðs, herferð um notkun fornafrna á Canvas, auglýsing á Heilsudeginum og Mottumars. Samfélagsmiðlar voru nýttir til þess að upplýsa nemendur sviðsins um gjaldskyldu á bílastæðum við Læknagarð og Eirberg og hvernig það væri hægt að skrá sig á greenparking til þess að koma í veg fyrir sektir.

Samfélagsmiðlarnir voru notaðir til þess að kynna meðlimi sviðsráðs, hlutverk þeirra innan sviðsráðs og hvernig hægt sé að hafa samband við þá. Samfélagsmiðlarnir voru einnig nýttir til þess að auglýsa starfsemi SHÍ, upplýsingar frá réttindaskrifstofu SHÍ, yfirlýsinga frá SHÍ, kannana frá SHÍ og tillaga sem höfðu verið lögð fram af stúdentaráðsliðum SHÍ. Með þessu tókst að auka sýnileika bæði sviðsráðsins, réttindaskrifstofu SHÍ og virkni stúdentaráðs.

Nýnemadagar

Markaðsdeild sviðsins ákvað að fara óhefðbundna leið varðandi nýnemadaga. Ekki var haldin neinn sérstakur dagur þar sem allir nýnemar komu saman. Frekar héldu deildirnar sér daga.

Við ákváðum að kynna okkur og okkar starf fyrir nýnemunum og fórum því inn í tíma hjá öllum fyrsta árs bekkjum.

Heilsudagurinn

Heilsudagurinn var endurvakinn þann 8. mars eftir tveggja ára pásu. Þar var krabbameinsfélagið með bás og varning ásamt því að vera með gjafaleik á instagram í tilfelli Mottumars. Blóðbankabíllinn var á planinu fyrir utan háskólatorg og tók fagnandi á móti nemendum og starfsmönnum skólans. Dagurinn gekk vel þrátt fyrir að hann var haldinn með smærra sniði en áður og var gaman að geta endurvakið þennan viðburð á ný.

Vísindaferð í SHÍ

Vísindaferð sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs var haldin 13. Október í Stúdentakjallaranum. Hér var boðið upp á frían bjór og franskar. Vísindaferðin var nýtt til þess að kynna meðlimi sviðsráðs, starfsemi SHÍ, forseta SHÍ, auk markmiða sviðsráðs fyrir komandi námsár. Í vísindaferðinni var einnig Kahoot-leikur þar sem að boðið var upp á vinninga (þetta var gert fyrir pepp og almennt góða stemningu). Að mati samfélagsmiðlastjóra var þetta vel heppnuð vísindaferð þar sem að almenn ánægja þátttakenda ríkti að loknum viðburði.

Helstu verkefni og baráttumál

Tillaga um aukna hinseginfræðslu á sviðinu:

Á stúdentaráðsfundi 19. janúar 2023 lögðu Dagný Þóra og Jón Ingi, forseti jafnréttisnefndar SHÍ, fram tillögu um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði. Tillagan var einróma samþykkt af 17 stúdentaráðsliðum. Árið 2022 komu út tvær skýrslur sem snéru báðar af réttindum transfólks og kvára þar sem glögglega kom í ljós að þessir hópar mæta miklu mótlæti í samfélaginu, og þá sérstaklega þegar kemur að heilbrigðiskerfinu og vanþekkingu heilbrigðisstarfsfólks. Því er nauðsynlegt að ráðast á rót vandans og koma fræðslu inn í skylduáfangi á sviðinu, þá sérstaklega í læknis- og hjúkrunarfræði.

Tillaga um aukna þjónustu í Hámu í Læknagarði og Eirbergi

Á stúdentaráðsfundi 15. desember 2022 lögðu sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs, í sameiningu við sviðsráðs Menntavísindasviðs, fram tillögu um stuðning til að biðja FS um aukna þjónustu í Hámu í húsum þessara sviða. Þetta eru útstöðvar langt frá Hámu á Háskólatorgi og því ógerlegt að biðja stúdenta um að sækja þjónustu þangað utan þjónustutíma í sínum húsum. Afraksturinn var fundur með Framkvæmdastjóra FS, Guðrúnu Björnsdóttur, sem Andri og Sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs sóttu. Engin hörð loforð fengust. Hins vegar sögðust þau ætla að athuga með hlutaopnun í maí í Læknagarði, þar sem stúdentar í ákveðnum deildum eru enn í skóla eftir almenna lokun Hámu. Vegna aðstæðna í samfélaginu og áhrif þess á rekstur FS er skiljanlegt að erfitt sé að bæta þjónustuna án þess

að þurfa þá að hækka verðin,, en það voru góð samskipti milli okkar og þeirra og þau reyna eins og þau geta.

Tillaga að ályktun um Hámu nýju húsi heilbrigðisvísinda

Á fundi Stúdentaráðs 14. febrúar 2023 lögðu Forseti Stúdentaráðs og Forsetar Sviðsráða Heilbrigðisvísindasviðs og Menntavísindasviðs fram tillögu að ályktun. Hún snerist um að Stúdentaráð væri alfarið á því máli að hagur stúdenta sé að Háma sjái um veitingaþjónustu í Sögu og nýju húsi heilbrigðisvísindanna. Þessu var fylgt eftir með því að kynna ályktunina fyrir stjórn sviðsins og línurnar voru lagðar fyrir fulltrúa stúdenta í þarfakönnunarhóp fyrir sviðsins.

Tilvonandi gjaldtaka á bílastæðum á Hringbrautarreit.

Á stjórnarfundum í ágúst 2022 var tilkynnt að áform væru um að hefja gjaldtöku á bílastæðum við landspítalann við Hringbraut, Læknagarð og Eirberg. Þessi ákvörðun var tekin af Landspítalanum þar sem sú stofnun á lóðirnar. Engar frekari upplýsingar lágu fyrir, fyrr en að skyndileg dagskrárbreyting kom samdægurs á stjórnarfundum 26. september. Þar var kynnt að gjaldtaka myndi hefjast þá um mánaðarmótin, þ.e. 1. Október. Til stóð að gefa starfsmönnum spítalans undanþágu ásamt starfsmönnum háskólans og þannig skilja stúdenta eftir. Stefna SHÍ í þessum málum er afar skýr. Ekki skal taka til gjaldskyldu nema að mótvægisáðgerðir, þar veigamest U-passinn, séu tilbúnar. Þær voru það ekki og því mótmælti fulltrúi stúdenta harðlega á fundinum við góðar undirtektir stjórnar. Daginn eftir átti samráðsfundur Sviðsráðs, nemendafélaga og forseta sviðsins að fara fram. Hann kom á heppilegum tíma því að þarna myndaðist samstaða meðal stúdenta um að þetta væri óboðlegt. Í framhaldinu þrýstu Forseti SHÍ og Sviðsráðsforseti á Rektor og Forseta sviðsins að aðhafast í málinu. Því lauk með að Landspítali myndi veita stúdentum sem eiga erindi í Læknagarð og Eirberg undanþágu frá gjaldtöku til 4. janúar 2024.

Sjálfsali í Stapa

Eftir fulltrúaráðsfundum í september var haft samband við Ölgerðina varðandi það að fá sjálfsala í Stapa. Formaður nemendafélags sjúkráþjálfunarnema, Sóley Ásta Lóudóttir sem jafnframt var varamaður í Stúdentaráð þetta starfsárið hafði yfirumsjón með þessu verkefni. Eins og staðan er við skrif þessarar ársskýrslu erum við á biðlista eftir sjálfsala en öll gögn liggja fyrir.

Mál í stjórn Heilbrigðisvísindasviðs

Ýmis mál voru tekin fyrir í stjórn Heilbrigðisvísindasviðs sem við settum ekki á oddinn en þurftum að bregðast við. T.d. komu upp persónuverndarmál innan Hjúkrunarfræðideildar sem tekið var fyrir bæði í stjórn og í kennslumálanefnd og höfðu þar fulltrúar stúdentar hátt um hag stúdenta í þeim málum. Ekki er hægt að fara frekar út í þau hér.

Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Heilt yfir litið var góð uppskera á starfsárinu. Ýmis verkefni voru endurvakin eins og t.d. Heilsudagurinn. Tillögur sem komu frá starfsárinu fengu mikinn hljómgrunn í Stúdentaráði og voru settar í framkvæmd. Vísindaferð SHÍ heppnaðist vel en ráð væri að ákveða dagsetningu fyrr þar sem nemendafélög er gjarnan búin að skipuleggja haustið sitt með miklum fyrirvara. Mál sem eru í vinnslu og næsta sviðsráð þyrfti að halda áfram með er að koma 80% þaki á vægi lokaprófa í lög sviðsins, fá aukna hinseginfræðslu í nám á sviðinu og fylgjast vel með gangi í mála gjaldskyldu á bílastæðum við Læknagarð og Eirberg. Eins og reifað er vel að ofan er stefna Stúdentaráðs skýr í þessum efnunum og mikilvægt að fylgja henni vel eftir. Eins gæti líklega komið til þess að ekkert verði af sjálfsalanum í Stapa þar sem hann verður settur upp í sumar eða nálægt því þegar ekki er nægilegur umgangur í húsinu til að halda við sölu. Þrýsta þarf á Ölgerðina að fá sjálfsalan þegar næsta skólaár hefst.

Gagnlegar upplýsingar

Við mælum eindregið með að þið setjist niður í byrjun sumars og ákveðið hlutverk innan ráðsins. Eins er gott að setja upp gróft yfirlit yfir framkvæmdaáætlun áður en frí kemur í júlí. Það er þá hægt að fullklára eða endurskoða í ágúst. Við mælum með að þið veljið fasta fundartíma fyrir allt haustið eða eins langt fram í tímann og hægt er. Við mælum með að þið miðið við fund þriðja hverja viku. Þar sem við höfum rétt á að hafa tvö á stjórnarfundum mæli ég með að nýta ykkur það eins og þið getið. Gott er að skipta á milli sín hver sækir fundi ásamt Sviðsráðsforseta. Heilsudagurinn hefur alla eiginleika til að verða stór og flottur viðburður. Hann þarf ekki endilega vera að vori en það hefur reynst vera þægilegasta tímasetningin. Við mælum með að þið hefjið vinnu að því með 3 mánaða fyrirvara.

Niðurlag

Auðvelt er að tapa sér í hlydýpinu sem hagsmunabarátta stúdenta er. Einhvern veginn er hægt að finna galla alls staðar. Því er gríðarlega mikilvægt að setja sér afmörkuð og skýr tímasett markmið með framkvæmdaáætlun. Mál mega taka tíma og það þarf ekki að gera allt í einu. Við mælum með að vera frekar með færri en fleiri mál því starfsárið er þannig að sviðsráð fær alltaf verkefni í hendurnar eða hagsmunamál koma upp innan sviðsins sem bregðast þarf við. Mikilvægt er að þau mál sem tekin eru fyrir séu kláruð eða komin á þann stað að næsta sviðsráð eigi auðvelt með að taka upp þráðinn. Munið að þið eruð sjálfboðaliðar þannig að gott skipulag er lykillinn að velgengni að starfi. Við náðum ekki að framkvæma allt sem við

ætluðum okkur á árinu en náðum samt að gera svo mikið. Við þökkum kærlega fyrir okkur og erum gríðarlega spennt að sjá næsta Sviðsráð kynna starfinu og dafna í því.

Andri Már Tómasson, forseti
F.h. sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs

Verklagsreglur sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs 2022-2023

1. Sviðsráð skal stefna að því að funda einu sinni í mánuði (að undantöldum frímánuðum).
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur meðlimur áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef meðlimur í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföll sem allra fyrst til sviðsráðsforseta.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - a. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
 - b. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forseta,
 - c. Kosið skal um ritara,
 - d. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði.
 - e. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
 - f. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - g. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
6. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði
7. Forseti boðar fundi með viku fyrirvara, neyðarfund má boða með tveggja sólarhringa fyrirvara
8. Þrír meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
9. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári. Ef nemandi á HVS óskar eftir að sitja fund, þá má það.
10. Fundargerðir verða gerðar aðgengilegar öllum þegar viðeigandi vettvangur verður búinn til inn á student.is
 - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki
 - b. Sviðsráð skal veita öllum þeim sem óska þess, aðgang að fundargerðum og -gögnum, nema þegar um trúnaðargögn er að ræða.
11. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.
12. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
13. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Andri Már Tómasson

SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS

Meðlimir sviðsráðs Hugvísindasviðs starfsárið 2022-2023

- Raket Anna Boulter, (Röskva) forseti
- Draumey Ósk Ólafsdóttir (Röskva)
- Lilja Reykdal Snorradóttir (Röskva)
- Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)
- Ástrós Hind Rúnarsdóttir (Röskva)

Um sviðsráð

Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs Hugvísindasviðs er að gæta hagsmuna stúdenta á sviðinu. Sviðsráð er tengiliður stúdenta við stjórn sviðsins og innri nefndir þess, s.s. kennslumála- og jafnréttisnefnd. Auk þessa situr forseti sviðsráðs í stjórn stúdentaráðs.

Fundir sviðsráðs

Sviðsráð fundaði reglulega yfir starfsárið, eða í samræmi við álag. Ákveðið var að Lilja Reykdal tæki að sé umsjón með samfélagsmiðlum.

Fjármunum varið

Gjöld: 2.986 kr. fyrir léttar veitingar á samráðsfundi með nemendum í Íslensku sem annað mál.

Tekjur: 0 kr.

Samtals: - 2.986 kr.

Nefndir og ráð

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga á sviðinu. Í ár tóku eftirfarandi nemendafélög þátt: Banzai, Blekfélagið, Fróði, Huldumál, Kuml, Linguae, Mímir, Rýnirinn, Soffía og Torfhildur. Öllum nemendafélögum var þó boðið að skipa fulltrúa í ráðið og voru alls 20 fulltrúar frá nemendafélögunum í fulltrúaráði. Lilja, Magnús Orri og Raket Anna sáu um fulltrúaráð og sátu fundi með þeim. Stærsta verkefnið sem fyrir þeim lá var að halda Hugvöku, sem er skemmtun sem nemendafélög sviðsins standa fyrir, ætluð öllum nemendum sviðsins og gekk það með eindæmum vel. Fulltrúaráð var með virkan Facebook-hóp og var hann, ásamt

fundum ráðsins, nýttur til að koma áleiðis upplýsingum til og frá öllum aðilum. Á liðnu ári hefur orðið skýrt hve mikil þörf er á virku samtali milli nemendafélaga og gefst því gott tækifæri til að virkja fulltrúaráð betur.

Jafnréttisnefnd sviðsins

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir sat í jafnréttisnefnd Hugvísindasviðs fyrir hönd stúdenta. Nefndin fundaði reglulega þar sem jafnréttismál í víðu samhengi innan sviðsins voru rædd.

Stjórn stúdentasjóðs

Draumey Ósk Ólafsdóttir sat í stjórn stúdentasjóðs fyrir hönd sviðsráðs Hugvísindasviðs.

Kennslumálanefnd sviðsins

Rakel Anna Boulter tók sæti í kennslumálanefnd SHÍ sem og kennslumálanefnd sviðsins. Nefndin fundaði hálfsmánaðarlega þar sem kennslumál innan sviðsins voru rædd. Samrýming kennsluálgjafar var mikið rædd, en það hefur þær breytingar í för með sér fyrir Hugvísindasvið að önnin byrjar viku fyrr til að vera í frekara samræmi við hin fræðasviðin.

Nefndin stóð fyrir sérstöku kennsluþingi innan sviðsins þar sem viðfangsefnið var *bætt námssamfélag* og flutti Rakel Anna þar erindi um áherslur nemenda. Á þingið mættu 11 fulltrúar stúdenta sviðsins og tóku virkan þátt í umræðum. Á þinginu var mentora-fyrirkomulag, sem hefur verið starfrækt innan bókmenntafræðinnar í nokkur ár, kynnt og var mikill áhugi fyrir að taka það upp innan fleiri námsgreina. Starfsfólk skólans sér þá um utanumhald og skipulag en nemendur sjá alfarið um framkvæmd og að fylgja því eftir. Niðurstöður þessa þings munu án efa gagnast komandi sviðsráði við að stuðla að betra námssamfélagi í samvinnu við sviðið. Fær kennslumálanefnd Hugvísindasviðs hér með sérstakt hrós fyrir stúdentamiðaða vinnu á liðnu skólaári.

Stjórn sviðsins

Rakel Anna Boulter tók sæti í stjórn sviðsins. Fundirnir voru að öllu jöfnu annan hvern miðvikudagsmorgun og gættu fulltrúar stúdenta þess að sjónarmið stúdenta heyrðust. Af fjölbreyttu umtalsefni stjórnar ber helst að nefnda umræðu um hvernig hægt væri að bæta mastersnám á sviðinu, flutning í Eddu, nýtt hús íslenskra fræða og hvað verður um Árnagarð í framtíðinni. Þar að auki er viðvarandi umræða um fjárfsemi sviðsins og bitnar það á allri starfsemi þess.

Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Sviðsráð Hugvísindasviðs heldur úti Instagram síðu ásamt Facebook síðu.

Nýnemadagar

Á nýnemadögum tóku fulltrúar í sviðsráði Hugvísindasviðs þátt í að manna upplýsingaborð á Háskólatorgi. Rakel Anna kynnti sviðsráð og starfsemi þess á kynningu fyrir nýnema.

Samráðsfundur með nemendum í Íslensku sem annað mál

Haldin var samráðsfundur með Huldumáli, nemendafélagi stúdenta í Íslensku sem annað mál, þar sem staða innan námsgreinarinnar var rædd. Varð þar ljóst að ýmislegt er ábótavant innan námsgreinarinnar að mati stúdenta. Sviðsráð tók ábendingarnar saman og útbjó ábendingaskjal sem var sent á deildarforseta Íslensku- og menningardeildar. Bréfið er móttekið en ekki hefur borist svar, svo næsta sviðsráð mun þurfa að fylgja þessu máli eftir.

Vísindaferð í SHÍ

Föstudaginn 7. október hélt stúdentaráðs vísindaferð á Stúdentakjallaranum fyrir stúdent á Hugvísindasviði. Þar var starfsemi stúdentaráðs og sviðsráðs kynnt, sem gekk prýðilega.

Helstu verkefni og baráttumál

Megináhersla þessa sviðsráðs hefur verið bætt námssamfélag á sviðinu. Þetta ár var í raun fyrsta heila skólaárið eftir covid án nokkurra takmarkanna og heyrðust þær raddir bæði meðal nemenda og starfsfólks að til mikils væri að vinna að ná upp eins góðri stemningu innan sviðsins og hafði verið fyrir covid. Sviðið vann að könnun um námssamfélag og félagstengsl nemenda á sviðinu í samstarfi við Margréti Guðmundsdóttur. Margrét á sérstakt hrós skilið fyrir sitt framlag til námssamfélagsins á sviðinu síðastliðið ár, en hún keypti m.a. kaffivél fyrir Baðstofuna, nemendarymi í Árnagarði ætlað öllum nemendum á Hugvísindasviði og efndi til kaffiboðs þar með nemendum sviðsins.

Í umræðum um og undirbúning fyrir flutning í Eddu hefur sviðsráð átt tvíþætta aðkomu. Annars vegar hefur sviðsráð þrýst á að góð og aðgengileg nemendarymi verði í Eddu, bæði næðisrymi og samverustaður fyrir samvinnu og samveru. Hins vegnar hefur Árnagarður verið sviðsráðsliðum hugleikinn, en óvíst er í hvað hann verður nýttur eftir flutningana. Þann 14. febrúar lögðu Lilja, Magnús Orri og Rakel Anna fram tillögu fyrir Stúdentaráð þess efnis að leggja ætti áherslu á bætt námsaðstöðu utan kennslurýma í byggingum Hugvísindasviðs. Þar var m.a. bent á að nú væri skert aðgengi að byggingum þar sem nemendur á Hugvísindasviði hafa nemendarymi vegna takmarkaðs opnunartíma. Sviðsráð hefur leitað leiða til að bæta úr

Þessu og tryggja studenum á sviðinu greiðara aðgengi að sínum nemendarymum, þetta hefur m.a. verið tekið upp innan stjórnar sviðsins.

Önnur áhersla þessa sviðsráðs hefur verið að lyfta upp ásýnd hugvísindasviðs innan háskólasamfélagsins, en hefur fulltrúum gjarnan þótt sem svo að litið sé niður á hugvísindi og hefur samfélagsumræða og umræða sprottin frá Háskóla-, vísinda-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu borið merki þess viðhorfs. Sviðsráðsmeðlimir nýttu því hvert tækifæri til að tala um mikilvægi hugvísinda í háskólasamfélaginu og samfélaginu öllu.

Samantekt

Mikilvægt er að hlutverk innan ráðsins séu skilgreind vel frá upphafi og að öll í sviðsráði hafi hlutverk og ábyrgð. Gott er að setja niður ákveðinn fundartíma við upphaf misseris og hafa þá möguleika á að aflýsa þeim ef ekkert er til umræðu í stað þess að reyna að finna nýjan fundartíma fyrir hvern fund.

Gríðarlegur áhugi er fyrir auknu samstarfi nemendafélaganna og áframhaldandi vinnu að bættu námssamfélagi á sviðinu. Efla þarf fulltrúaráð og gera nemendafélögum skýrt hvert hlutverk sviðsráðs er. Huga þarf sérstaklega að alþjóðanemum og nemum með annað móðurmál en Íslensku, en sá hópur er stórt hlutfall stúdenta á Hugvísindasviði.

Gagnlegar upplýsingar

Mikilvægt er að setja ákveðin verkefni í forgrunn og klára þau frekar en að ætla að gera allt. Ár er stuttur tími, þar sem stúdentar eru fulltrúar í nefndum eru aðrir nefndarmeðlimir gjarnan skipaðir til lengri tíma og hafa því gjarnan betri innsýn inn í málefni. Fulltrúar stúdenta hafa þó alltaf bestu innsýnina inn í málefni stúdenta. Stúdentafulltrúar verða að vera óhræddir við að spyrja spurninga og vaða beint í að ræða stóru málin. Með virðingu geta allir sigrar unnist.

Rakel Anna Boulter
Forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs 2022-23

Verklagsreglur sviðsráðs Hugvísindasviðs 2022-2023

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hafa fulltrúar þess áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal hann tilkynna forföllin til sviðsráðsforseta með góðum fyrirvara.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði.
 - . Á þeim fundi skal fráfarandi formaður sviðsráðs tilnefna nýjan forseta.
 - . Fulltrúar nýja sviðsráðsins kjósa um forsetann.
 - . Kosið skal um ritara og samfélagsmiðlastjóra.
 - . Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - . Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - . Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
2. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
3. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
4. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
5. Fundur telst löglegur ef meirihluti fulltrúa mætir á hann.
6. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
7. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
 - . Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá samþykki meirihluta.
2. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
3. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.
4. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands og réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagrað Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri- og kynbundinni áreitni og kynferðislegu- og kynbundnu ofbeldi.
5. Samfélagsmiðlastjóra sviðsráðsins og mun sá sviðsráðsmeðlimur bera ábyrgð á samfélagsmiðlum ráðsins. Sá hinn sami skal upplýsa aðra sviðsráðsmeðlimi um þau efni sem birtast á samfélagsmiðlunum.

SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS

Meðlimir sviðsráð Menntavísindasviðs 2022 – 2023

- Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)
- Ísak Kárasón (Röskva)
- Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)
- Jón Hjörvar Valgarðsson (Röskva)
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)

Hlutverk sviðsráðs

Við í sviðsráðinu sjáum um hagsmuni stúdenta og erum teymið sem stendur vörð um réttindi nemenda. Eitt meginhlutverk sviðsráðs er að vinna að bættu námsumhverfi þar sem nemendur eru í fyrirrúmi.

Fulltrúar sviðsráðsins voru skipaðar í eitt af fimm hlutverkum, forseti, ritari, samfélagsmiðlastjórar, hagsmunafulltrúi og sviðsráðsliði.

- Forseti sá um umsjón á þeim verkefnum sem sviðsráðið tók á sig sem og að deila verkefnum niður á aðra sviðsráðsmeðilimi. Forseti sá um að boða fundi með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara einu sinni í mánuði ásamt því að bóka fundarstað. Forseti sat einnig í stjórn Menntavísindasviðs sem fulltrúi úr sviðsráðinu, í framkvæmdarhóp þar sem unnið er að flutningi Menntavísindasviðs í Sögu ásamt því að gegna embætti í stjórn Stúdentaráðs
- Ritari sér um að rita niður fundargerðir fyrir hvern fund og birta hana svo aðrir fulltrúar geti nálgast hana.
- Samfélagsmiðlastjórar sáu um að viðhalda reglulegum póstum á Instagram, Facebook sem og á öðrum viðeigandi samfélagsmiðlum. Þetta er gert til að ná betur til hins almenna stúdents svo þau viti hvert hægt er að leita fyrir hagsmunamála.
- Hagsmunafulltrúi sér um að taka móti ábendingum frá hagsmunafulltrúum nemendafélags sviðsins sem og að vera í góðum samskiptum við nemendafélögin til að byggja upp traust við þau.
- Sviðsráðsliði sér um að mæta á fundi og vinna þau verkefni sem þeim er gefið samfúslega.

Fundir sviðsráðs

Fundir sviðsráðs voru haldnir einu sinni í mánuði, hittust sviðsráðsmeðlimir annaðhvort í Skúta í Stakkahlíðinni eða á Zoom í gegnum netið. Í byrjun árs skiptu sviðsráðsmeðlimir hlutverkum upp á milli sín til þess að reyna að dreifa álaginu jafn á milli allra.

- Auður - sviðsráðsforseti og samfélagsmiðlafulltrúi, fulltrúi á stjórnarfundum sviðsins ásamt fulltrúi í starfshóp MVS í Sögu.
- Ísak - varaforseti og samfélagsmiðla fulltrúi, fulltrúi í kennslumálanefnd
- Rannveig – hagsmunafulltrúi, varafulltrúi forseti á stjórnarfundum sviðsins, notendasamráðshóp MVS.
- Bergrún - ritari, sviðsráðsliði, fulltrúi í jafnréttisnefnd
- Jón Hjörvar - ritari, sviðsráðsliði

Fjármunum varið

Fengum 6.701 kr frá SHÍ fyrir plaköt af sviðsráðinu sem voru prentuð út og hengd upp um Stakkahlíðina til að auka sýnileika.

Nefndir og ráð

Jafnréttisnefnd sviðsins

Bergrún Anna Birkisdóttir sat fyrir hönd sviðsráðsins Jafnréttisnefnd sviðsins.

Jafnréttisnefnd sviðsins leggur áherslu á jafnrétti ólíkra hópa og vinnur að því að tryggja öllum stúdentum og starfsfólki Menntavísindasviðs jafnan rétt. Fundir fóru fram í gegnum Teams á nokkra vikna fresti og á þeim var rætt fyrir nefnd málefni.

Meðal markmiða nefndarinnar er að efla þekkingu á jafnréttissjónarmiðum í sínum víðasta skilningi í námi á vegum Menntavísindasviðs. Efla stuðning í námi stoðþjónustu við nemendur af erlendum uppruna sem búsettir eru á Íslandi. Rætt var aðgerðir til að jafna hlutfall allra kynja í námi við MVS. Miða að jafnrétti í víðum skilningi og koma í veg fyrir hvers konar mismunun í innihaldi og skipulagi námsbrauta og námsleiða. Tryggja að starfsfólk og nemendur með fötlun hafi aðgengi og vinnuaðstæður við hæfi og geti tekið virkan þátt í Háskólastarfinu. Að fyrirbyggja samskiptavanda, mismunun á grunni fordóma og/eða kynþáttar, einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Að starfsfólk og nemendur Menntavísindasviðs fái fræðslu um jafnréttismál.

Kennslumálanefnd sviðsins

Ísak Kárason sat fyrir hönd sviðsráðsins í Kennslumálanefnd sviðsins.

Unnið var að merkingum á kennsluskra til að gera stúdentum auðveldara fyrir að sjá hvernig námið er sett upp. Hugmyndir settar fram um merki sem varða stað-, fjar-, net-, og blandað nám sýndar þar sem hefur vafist mikið fyrir stúdentum við umsóknir. Þessar merkingar eru nú komnar í loftið og er auðsjáanlegt hvernig námið/námskeiðið er sett upp.

Tillaga að færa staðlotur áfangar þar sem enn er hægt að velja/breyta áfangavali þegar staðlotur eiga sér stað. Einnig hafa kennarar verið að senda út tilkynningar að ekki séu staðlotur þegar stúdentar utan að landi hafa pantað sér flug og gistingu og þurfa kennarar að merkja sérstaklega hvort það sé nauðsynlegt að mæta í staðlotur. Við færslu á staðlotum aftur í kennsluálfingunni hafa stúdentar tækifæri til að mæta þrátt fyrir að hafa valið áfangann seinna.

Flutningur Menntavísindasviðs á Hótel Sögu var mikið í umræðunni þar sem kennarar voru mikið að ræða skrifstofuaðstöðu sína. Þægindi kennara voru í algjörum forgangi þar sem hver og einn vildi hafa skrifstofu aðstöðu og gleymdust stúdentar mikið í umræðunni. Einnig fannst mér íþrótt- og heilsufræði gleymast þar sem þeir iðka það nám eru mikið í Laugardalshöll á rannsóknarstofu og ferðalagið þar á milli langt fyrir stúdenta sem eru bíllausir. Síðustu drög að Hótel Sögu er flott og verður skemmtilegt fyrir Menntavísindasvið að komast nær virku háskólasamfélagi.

Umræður um aðgang stúdenta að orðabók í inspera prófum þar sem það gæti reynst gagnlegt fyrir erlenda nemendur. Hver og einn kennari hefur leyfi til að opna á að hafa aðgengi að orðabók í inspera prófum. Hugmyndin var sú að hafa alltaf aðgang að orðabók. Kennarar voru tvísýnir í þessum málum þar sem orð/hugtök í hverju samhengi fyrir sig geta ekki átt við og geta þýðingar verið rangar í sambandi við samhengi. Málið var kannað óformlega og niðurstaða sú að halda fyrirkomulaginu óbreyttu.

Stjórn sviðsins

Strax í byrjun fór mikið af tíma í að ræða flutning í Sögu. Margt sem þarf að passa upp á tengt flutningnum, út frá því var stofnaður notendasamráðshópur fyrir Sögu. Það var haldið miðmisserisþing í nóvember 2022 þar sem forseti sviðsráðs var með erindi um sýn nemenda á flutningnum í Sögu, þar var farið yfir áhyggjur nemenda yfir því að ekki væri verið að hlusta á okkar skoðanir og athugasemdir. Rætt um að kennsla sé að breytast eftir Covid-19, nemendur eru ekki eins mikið að mæta í skólann, fleiri vilja fjarkennslu eða að fá að mæta 50/50. Margar spurningar tengt staðlotum, rætt um að þær eru orðnar gamaldagskennsla og þarf að horfa til framtíðarinnar með staðloturnar í huga.

Fjármagn var mikið til umræðu á Menntavísindasviði, farið í það að skortur verður á fjármagni, hver deild átti að kynna hvernig þau ætla að skera niður og í öllum deildum mun það bitna á kennslu og gæði náms til nemenda sem er mikið áhyggjuefni.

Sýnileiki og viðburðir

Mikilvægt er að viðhalda sýnileika sviðsráðsins. Sviðsráð reyndi að vera sýnileg með ýmsum háttum yfir skólaárið. Hér eftirfarandi eru nokkrar leiðir eða viðburðir þar sem sviðsráð var sýnilegt:

Samfélagsmiðlar

Það hefur sýnst að samfélagsmiðlar eru gott tól til þess að auka sýnileika og því var reynt að halda virkni inni á samfélagsmiðlum sviðsráðsins sem mestu. Sviðsráðið heldur úti Instagram og Facebook síðu. Instagram virkni skólaársins var ágæt og var reglulega deilt póstum með upplýsingum frá SHÍ eða um hluti sem áttu sér stað innan sviðsins t.d. um sálfræðipjónustu í Stakkahlíð. Kynning á meðlimum sviðsráðsins var sett inn á Instagram sem meðlimir deildu á sín persónulegu prófíla til þess að vekja athygli sem flestra á Instagram síðunni. Facebook síðan var minna virk og þjónaði hún aðallega þeim tilgangi að taka á móti skilaboðum. Póstum var þó deilt þar inn á og var hún t.a.m. notuð til þess að deila viðburðum inni í nemendafélagshópa.

Nýnemadagar

Sumarið 2022 var haft samband við forseta sviðsráðs og var forseti ásamt sviðsráðsmeðlimum beðin um að taka þátt í nýnemadögum í Stakkahlíð. Meðlimir sviðsráðs tóku þátt í kynningu sem átti sér stað í fyrirlestrasalnum Bratta í Stakkahlíð. Þar gafst sviðsráði tækifæri á að kynna hlutverk sitt ásamt því að aðstoða nýnema með ýmsar spurningar sem lágu á þeim. Eftir það var farið í hópeflisleiki sem sviðsráðið ásamt fleiri nemendum héldu utan um með hjálp frá Ásu Proppé, þá var öllum nýnemum skipt upp í deildir og út frá því í minni hópa. Farið var í hópeflisleiki, kynningarleiki ásamt því að sviðsráðsmeðlimir svöruðu mikið af spurningum sem nýnemar voru með. Mikilvægt að halda áfram að taka svona vel á móti nýnemum.

Plaköt

Sviðsráð fékk fjármagn til þess að prenta út plaköt með myndum af sviðsráðsmeðlimum ásamt upplýsingum fyrir stúdenta um hvernig hægt sé að hafa samband við sviðsráð. Plakötin heppnuðust mjög vel og voru hengd á víð og dreif um Stakkahlíðina.

Vísindaferð í SHÍ

Vísindaferð SHÍ og MVS var haldin fimmtudaginn 29 september árið 2022. Gekk ágætlega en var dálítið erfitt að fá fólk til að skrá sig, möguleg ástæða fyrir því að þetta var haldið í lok mánaðarins þegar námsmenn eiga oftast en ekki mikinn pening eftir. Einnig var stúdentakjallarinn og gryfjan þar tvíbókuð sem var ekki gott. Fyrir næsta sviðsráð mælum við með að hafa vísindaferðina í byrjun mánaðarins og að athuga 2x hvort að tvíbókun hafi nokkuð átt sér stað þann sama dag.

Helstu verkefni og baráttumál

Standa vörð um réttindi og hag nemenda í undirbúningi á flutning Menntavísindasviðs í Sögu. Flutningur Menntavísindasviðs í Sögu er búið að taka upp gífurlega mikið af okkar tíma, við erum búin að berjast hart fyrir réttindum nemenda og vera í góðu samstarfi við Hollenska fyrirtækið Veldhoen sem hefur hlustað vel á okkar skoðanir og athugasemdir tengt Sögu.

- Fá tillögu samþykka af Stúdentaráði þar sem lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að kynfræðsla skuli vera skylda fyrir kennaranema.
- Fá tillögu samþykka af Stúdentaráði þess efnis að lögð sé áhersla á að í Sögu og nýju húsi Heilbrigðisvísindasviðs verði tryggt að Félagsstofnun Stúdenta fái rými til að starfrækja Hámu.
- Það voru opnaðar auka les stofur yfir prófatímabil fyrir nemendur, til að auka námsaðstaða væri fyrir nemendur á sviðinu.
- Fá tillögu samþykka af Stúdentaráði þess efnis að ráðið beiti sér fyrir því að FS auki þjónustu Hámu í Eirbergi, Læknagarði og Stakkahlíð til muna, og fylgja því eftir á fundi með FS.
- Hengja upp í Stakkahlíð plaköt með upplýsingum um Sviðsráðið og hvar væri hægt að ná til okkar, til þess að komast betur til móts við nemendur og vera aðgengilegri.
- Sviðsráðið fékk í gegn að keyptir væru sex hitarar í matsalinn í Stakkahlíðinni til þess að hita upp rýmið sem var gífurlega kalt yfir vetrartímann og erfitt var fyrir nemendur að borða þar og læra.
- Betrubættum skipti aðstöðuna til þess að skipta á börnum á klósettum í Stakkahlíðinni.
- Fengum það í gegn að gjaldtaka fyrir notkun á hópverkefnarýmum á bókasafninu í Stakkahlíð var felld niður
- Erum að vinna með SÍF í baráttunni fyrir því að námskeiðið KME101F Kynjajafnrétti í skólastarfi verði að bundnu vali í kennaranáminu.
- Eftir mörg ár að berjast fyrir aukningu á starfstengdu diplóma námi og færslu þess yfir á önnur svið, þá kom í gegn auka fjármagn fyrir þróun, uppbyggingu og samvinnu milli háskólanna um aukningu á inngildandi námi.

Halda áfram að berjast fyrir

- Standa sterk í umræðum og fundum um flutning Menntavísindasviðs í Sögu og koma skoðunum nemenda skýrt fram og passa að einnig sé hugsað um réttindi og hag nemenda á meðan flutningum stendur.
- Berjast áfram fyrir því að ókyngreind salerni verði í Sögu ásamt fríum tíðavörum á klósettum.
- Launað starfsnám
- Fella niður staðlotur

Samantekt

Hvað gekk vel og hvað má gera betur.

Samstarf við nemendafélög og stjórn sviðsins var mjög góð, mikilvægt er að halda áfram góðu samstarfi þar. Flutningur í Sögu hefur tekið mikið upp af tíma okkar á þessu ári og mun það halda þannig áfram fyrir komandi sviðsráð, mjög mikilvægt er að halda áfram að berjast hart fyrir réttindum nemenda og koma á framfæri þeirra skoðunum og vilja.

Gott væri að reyna að ná betur til nemenda strax á nýnemadögunum. Vera sýnileg, gera t.d. ný plaköt og hengja út um allt í Stakkahlíð til þess að nemendur á Menntavísindasviði vita hvert á að leita. Fá staðfest frá stjórn MVS að það verði áframhald á því að gjaldtakan á lesherbergjunum á bókasafninu í Stakkahlíð haldi áfram að vera gjaldfrjáls. Það tók sinn tíma að fá ofna/hitara í matsalinn yfir vetrartímann. Mikilvægt að taka þessa umræðu sem fyrst á næstu önn við stjórn MVS og finna betri lausn þar sem þessir ofnar/hitarar voru ekki nærum því nóg til að halda hita í matsalnum yfir vetrartímana. Halda áfram að reyna að ná betur til nemenda í gegnum samfélagsmiðla.

Gagnlegar upplýsingar

Gott er að ákveða strax hvaða sviðsráðsmeðlimur fer í hvaða nefnd eða auglýsa eftir nemenda sem væri til í að sitja í ákveðnum nefndum. Gera sameiginlegt google docs skjal sem allir meðlimir hafa aðgang af. Passa vel að skipta niður verkum svo að álagið detti ekki mest á eina manneskju. Gott að allir séu með lykilorð til að komast inn á t.d. instagram síðuna

Auður Eir Sigurðardóttir
Forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs 2022-2023

Verklagsreglur sviðsráðs Menntavísindasviðs 2022-2023

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
3. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin og hægt er að boða varafulltrúa í sinn stað.
4. Varafulltrúar sviðsráðsins hafa áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt á fundum sviðsráðsins nema þegar varafulltrúi kemur í stað aðalfulltrúa hefur hann einnig atkvæðisrétt.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 1. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
 2. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forsetann,
 3. Kosið skal um ritara,
 - i. Sem skal sjá um fundargerðir sviðsráðsins.
 4. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði.
 5. Kosið skal um Samfélagsmiðlafulltrúa sviðsráðsins,
 - i. Sem skal sjá um alla helstu samfélagsmiðla sviðsráðsins.
 6. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
 7. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - i. Einnig skal afhenda nýkjörnu sviðsráði öll helstu gögn sem fráfarandi sviðsráð telur að muni koma nýju sviðsráði að gagni t.d. fundargerðir og lykilorð að samfélagsmiðlum.
 8. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
6. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
7. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
8. Aðalfulltrúar sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð ef þörf er á.
9. Fundur telst löglegur ef 4 fulltrúar sviðsráðs mæta og skulu meðlimir úr báðum fylkingum vera viðstaddir. Aðalfulltrúar boði varafulltrúa í sinn stað ef þeir komast ekki.
10. Fundir eru opnir öllum og haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
11. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á vegum sviðsráðsins.
 1. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki.
12. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
13. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni/ofbeldi.

SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

Meðlimir sviðsráðs 2022-2023

- Brynhildur R Þorbjarnardóttir, forseti
- Dagmar Óladóttir
- Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir
- Telma Rut Bjargardóttir
- Dagmar Ólafsdóttir (haust 2022)
 - *María Rós Kaldalóns (vor 2023)*

Hlutverk sviðsráðs

Sviðsráð Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs er ráð sem sér um að gæta hagsmuna stúdenta við sviðið og sjá til þess að þeir séu upplýstir um réttindi sín.

Fundir sviðsráðs

Fundir sviðsráðs voru haldnir aðra hverja viku, á fimmtudagskvöldum á haustönn, og þriðjudagskvöldum á vorönn. Fundirnir voru skipulagðir til 1.5 klst í senn, og voru notaðir til þess að upplýsa meðlimi um vinnuna sem fór fram í nefndum utan sviðsráðs, sbr. kennslunefnd VoN.

Á skipulagsfundum sviðsráðsins sumarið 2022 skiptu meðlimir með sér verkum, og var þeim skipt á eftirfarandi hátt:

- Dagmar Ólafsdóttir sat í kennslunefnd sviðsins og kennslumálanefnd SHÍ.
- Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir sat í jafnréttisnefnd sviðsins.
- Telma Rut Bjargardóttir sat sem fulltrúi Íslands í stúdentaráði NORDTEK og tók við forsæti þar á haustönn.
- Dagmar Óladóttir og Telma Rut Bjargardóttir sátu í fulltrúaráðinu Náttverk.
- Brynhildur R Þorbjarnardóttir sá um samfélagsmiðla sviðsráðs.

Um áramót sagði Dagmar Ólafsdóttir af sér í sviðsráði, og í stað hennar kom María Rós Kaldalóns. Þá tók Brynhildur sæti Dagmar í kennslunefnd sviðsins og kennslumálanefnd SHÍ.

Fjármunum varið

Sviðsráð reyndi að halda útgjöldum í lágmarki. Einu fjármununum sem var varið fóru í skipulagningu fyrir viðburðinn Ryðjum veginn, en þar réði sviðsráðið grafískan hönnuð til að

útbúa auglýsingaefni fyrir viðburðinn. Sviðið styrkti ráðningu hans, en svo voru keyptar veitingar.

Gjöld: 60.980.-

Styrkir: 50.000.-

Samtals: 10.980.-

Nefndir og ráð

Fulltrúaráðið Náttverk

Fulltrúaráð Náttverk er skipað öllum formönnum nemendafélagana og fulltrúa í sviðsráði. Í ár var áhersla sett á sýnileika sviðsráðs og fóru fulltrúar þess á fundi með öllum stjórnnum nemendafélaga. Dagmar Óladóttir, fulltrúi sviðsráðs í Náttverk, tók að sér að skipuleggja þá fundi, og skiptu svo meðlimir með sér að mæta á fundina. Fulltrúaráðið var virkjað í október þegar sviðsráð skrifaði viljayfirlýsingu

Fulltrúaráðið var svo virkjað í kjölfar þess að forseti nemendafélagsins Nörd óskaði eftir hjálp sviðsráðs með að virkja Discord-server fyrir alla nemendur á sviðinu, þar sem nemendur gætu sótt allar upplýsingar frá SHÍ, sviðsráði, nemendafélögum, sviðinu sjálfu, og fleiru. Skipað var undirnefnd Náttverk með einum fulltrúa úr hverri stjórn þar sem þetta var prófað, með mis miklum árangri. Þetta gæti verið eitthvað sem er verðugt að skoða á nýju ári.

Jafnréttisnefnd sviðsins

Hvað varðar mál stúdenta í Jafnréttisnefnd VoN sendu fulltrúar sviðsráðs, ásamt Q-félagi hinsegin stúdenta erindi á stjórn sviðsins þess efnis að staða hinsegin stúdenta á sviðinu væri ábótavön. Staðreyndin er sú að mörg upplifa sig ekki örugg í rýmum Háskóla Íslands. Erindrekar bréfsins lögðu fram tillögu að ítreka fyrir starfsfólki að notkun fornafnna í auknum mæli gæti skapað töluvert öruggara rými fyrir nemendur.

„Okkur hafa borist ábendingar þess efnis að hinsegin nemendur verða vitni af neikvæðri og fordómafullri orðræðu í garð hinsegin fólks almennt inni í kennslustofum og þetta þykir okkur alvarleg þróun. Neikvæð og fordómafull orðræða í garð hinsegin fólks í skólastofum veldur því að rýmið sem nemendurnir eru í telst ekki lengur öruggt, þó orðræðan beinist ekki beint að þeim nemendum.“

Vegna sérstöðu sviðsins varðandi eðli námsins og hvernig umræða sem ríkir í samfélaginu ratar ekki inn í kennslubækur þykir sviðsráði mikilvægt að staðan á öruggari rýmum sé tekin föstum höndum.

„...vegna sérstöðu sviðsins í því að hinseginleiki kemur sjaldan sjálfu umfjöllunarefni námskeiða við þá er einstaklega mikilvægt að áhersla sé á að hinseginfræðsla sé tekin fyrir með afgerandi hætti innan allra deilda sviðsins. Oft er hægt að koma hinseginleika fyrir með öðrum hætti í fyrirlestrum, með dæmum sem innihalda hinsegin fólk, ræða hinseginleika í náttúrunni og alltaf þegar tækifæri gefst. Auk þess getur skipt miklu máli að starfsfólk viti hvert þau geta beint hinsegin stúdentum eða hvert þau geta leitað sjálf, svo sem hagsmunafélög og hagsmunafulltrúar. Það er þörf á aðgerðum í formi verkferla, áætlana og fræðslu.“

Auk ásamt þessu lagði jafnréttisnefnd VoN til að á sviðinu verði settur á núlláfangi sem allir dæmatímakennarar þurfa að sitja áður en þeir hefja kennslu. Þannig er hægt að tryggja að dæmatímakennarar hafi lesið siðareglur, viti hvernig á að kenna jafningjum sínum því borið hefur á óeðlilegum samskiptum á milli nemenda og dæmatímakennara sem oft eru jafnaldrar. Uppsetning áfangans væri þá í höndum jafnréttisfulltrúa og hefur jafnréttisnefnd komið þessu í farveg.

Um þessar mundir eru sviðsráð og Q-félagið svo að leggja lokahönd á nokkurskonar auglýsingarherferð þar sem plaköt verða hengd upp í byggingum sviðsins og vakið athygli á hinseginleikanum.

Kennslunefnd sviðsins

Fyrri hluta starfsársins var kennslunefnd sviðsins að vinna að skarpara fyrirkomulagi fyrir kennsluáætlun. Uppsetningin var svo kynnt á sviðsþingi í byrjun desember. Ásamt því var kennsluviðurkenning VoN veitt, og tóku nemendur sviðsins þátt með að tilnefna tvö til kennslunefndar í annað skipti. Til þess var Náttverk virkt, og deildi tilnefningarskjali til nemenda í sínu nemendafélagi. Loks kom Náttverk saman og kom sér saman um hvaða tvö við tilnefndum til kennslunefndar.

Seinni hluta starfsársins var kennslunefnd sviðsins lengi af stað, en eftir að hún kom saman var rætt um fyrirkomulag á þýddum verkefnum og lokaprófum, og málstefnu HÍ26 í kjölfarið.

Stjórn sviðsins

Sviðsráðsforseti sat alla stjórnarfundi sviðsins, en Sigurbjörg tók auka sætið á haustönn og María Rós á vorönn. Fyrri hluta starfsársins var aðal umfjöllunarefni á fundum stjórnar sviðsins fjárhags- og kennsluáætlun 2023 þar sem mikill niðurskurður á fjárframlagi til háskólastigsins hafði gífurleg áhrif á sviðið. Í febrúar síðastliðnum fóru Brynhildur og María með eftirfarandi bókun, fyrir hönd sviðsráðs, á stjórnarfund

“Við í Sviðsráði Verkfræði og Náttúruvísindasviðs fögnum því hversu vel það hefur verið tekið í tillögur okkar varðandi sýnileika hinsegin stúdenta á sviðinu, eins fögnum við kynhlutlausu salernunum á fyrstu hæð í VRÍI. Þá viljum við benda á að það væri einnig mjög auðvelt að sýna hinsegin stúdentum stuðning með því að fjarlægja kynjaðar merkingar á salernum í Öskju, þar

sem salernin þar eru nú þegar einstaklingssalerni. Við hvetjum því stjórn sviðsins til þess að taka undir þessa kröfu sem hefur verið hávæð meðal stúdenta.

Brynhildur R Þorbjarnardóttir, sviðsráðsforseti, Dagmar Óladóttir, sviðsráðsliði, Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir, sviðsráðsliði, Telma Rut Bjargardóttir, sviðsráðsliði, María Rós Kaldalóns, sviðsráðsliði”

Bókunin fékk góðar undirtektir frá stjórn og var erindi sent beint í kjölfar fundar á framkvæmda- og tæknisvið þar sem stjórnin bað um úttekt á kynjamerkingum á salernum í Öskju. Í byrjun apríl fékk sviðsráðsforseti tillögur að breytingum, hún bar þær undir fyrrum forseta Q-félagsins, og þær komu með auka athugasemdir við tillögurnar. Sviðsforseti mun þó leggja til að tillögurnar verði framkvæmdar, en við hvetjum næsta sviðsráð til að grípa þennan bolta, og halda áfram góðu samstarfi við Q í þessum málum.

NORDTEK

Fulltrúi sviðsráðs sat og situr enn sem forseti stúdentaráðs samtakana NORDTEK. Fulltrúinn vann við að finna fulltrúa í ráðið frá helstu tækni og verkfræðiháskólum norðurlandanna og eystrasaltsríkja. Helsta áhersla er að vinna að komandi ráðstefnu sem verður í Aarhus í ágúst, þar sem einblýnt er á umræðum tengdri sjálfbærri þróun og hvernig það getur verið aflað innan tækni og verkfræðikunnáttu.

Telma fór á fund hjá stjórn samtakanna í Árósum í byrjun mars og mun sækja annan fund í byrjun maí, auk þess að sækja ráðstefnuna næsta haust.

Sýnileiki og viðburðir

Samfélagsmiðlar

Sviðsráð heldur úti instagram síðu, en allt sem fer þangað inn fer inn á facebook síðu ráðsins líka. Vettvangurinn var nýttur til að miðla verkefnum sviðsráðs og sigrum til nemenda, ásamt því að upplýsa stúdenta um réttindi þeirra, m.a. réttindi stúdenta í prófatíð.

Nýnemadagar

Á nýnemadögum tók sviðsráð þátt með kynningu á Stúdentaráði og sviðsráði í kynningu fyrir alla nýnema. Eftir kynninguna var grillað með öllum nýnemum og nemendafélögum, og mættu fulltrúar sviðsráðs þangað og spjölluðu við nýnema á óformlegan máta.

Vísindaferð í SHÍ

Í október var haldin vísindaferð í samstarfi við skrifstofu Stúdentaráðs og félagslífs- og menningarnefnd. Sviðsráðið hélt utan um skráningu í vísindaferðina, en sætum var úthlutað eftir stærð nemendafélaga. Þau sæti sem fylltust ekki voru færð á milli nemendafélaga til

þeirra sem voru með biðlista. Sviðsráð var með kynningu á starfsemi sinni og heppnaðist vel. Slæm mæting í vísindaferðina gæti verið vegna þess að hún var á fimmtudegi, og margir kúrsar á sviðinu hafa skiladaga á föstudegi.

Ryðjum veginn - konur í verkfræði og vísindum

Fimmtudaginn 2.mars var viðburðurinn Ryðjum veginn haldinn í fimmta sinn í sal 2 í Háskólabíó. Markmið viðburðarins er að auka sýnileika kvenfyrirmynda í verkfræði og vísindum, hann á að vera hvetjandi fyrir ungar konur og önnur í námi, atvinnulífinu eða einfaldlega hafa áhuga á greinum í verkfræði og vísindum.

Líkt og í fyrra, réði sviðsráð inn grafískan hönnunarnema til að útbúa auglýsingaefni, og var Margrét Lóa Stefánsdóttir ráðin í verkið.

Konurnar sem komu fram á viðburðinum í ár voru Kristín Jónsdóttir jarðeðlisfræðingur, Yrsa Sigurðardóttir byggingaverkfræðingur, Helga Hvanndal stúdent í umhverfis- og auðlindafræði og Victoria Lynn Martin nýdoktor í eðlisfræði við HÍ. Auk þeirra opnaði Sigríður Hrund forseti FKA viðburðinn. Mæting var ágæt, en gæti verið betri.

<p>HÁSKÓLABÍÓ, SALUR TVÓ</p> <p>2. MARS 15:00-17:00</p> <p>VEITINGAR Í BÓDI EFTIR VIÐBURÐ</p>	<p><i>Kristín Jónsdóttir</i></p>  <p>Kristín Jónsdóttir er stjórnláta- og jarðeðlisfræðingur og starfar sem deildarstjóri hjá Væðunartölu Íslands. Hún lauk Síða-prófi í jarðeðlisfræði frá HÍ og doktorsprófi frá Úppsælaháskóla í stjórnláta- jarðeðlisfræði. Hún er virk í uppþingarmálum um nánáttúva á Íslandi, tekur þátt í vísindaráði Áttanavarmas, hefur íbúlega erindi á Ólafurundum vða um land- og hefur starfað sem staundakennari við Háskóla Íslands.</p>
<p><i>Konur í verkfræði & vísindum</i></p> <p>RYÐJUM VEGINN</p>	
<p><i>Yrsa Sigurðardóttir</i></p>  <p>Yrsa Sigurðardóttir er byggingaverkfræðingur og stúdent í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Hún lauk BA-gráðu í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2018 og er nú í síðri stúdentgráðu í umhverfis- og auðlindafræði. Hún hefur starfað sem verkfræðingur og er nú stúdent í síðri stúdentgráðu. Hún er virk í vísindum og hefur tekið þátt í vísindum og hefur tekið þátt í vísindum.</p>	<p><i>Helga Hvanndal</i></p>  <p>Helga Hvanndal er stúdent í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Hún lauk BA-gráðu í umhverfis- og auðlindafræði frá Háskóla Íslands árið 2018 og er nú stúdent í síðri stúdentgráðu. Hún hefur starfað sem stúdent og er virk í vísindum og hefur tekið þátt í vísindum.</p>
	<p><i>Victoria Lynn Martin</i></p>  <p>Victoria Lynn Martin er nýdoktor í eðlisfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsgráðu í eðlisfræði frá Háskóla Íslands árið 2018 og er nú nýdoktor. Hún hefur starfað sem nýdoktor og er virk í vísindum og hefur tekið þátt í vísindum.</p>

Helstu verkefni og baráttumál

Lærdómsaðstaða:

Í október skrifaði Náttverk og sviðsráð sameiginlega viljayfirlýsingu þar sem beðið var um bættu lærdómsaðstöðu og aðstöðu fyrir nemendur sem stunda nám í Öskju. Í kjölfarið fór yfirlýsingin inn á instagram og facebook síðu sviðsráðs, sem og inn á borð stjórnar sviðsins. Eftir það fóru sviðsráðs forseti og kennslustjóri á fund þar sem þær ræddu mögulegar útfærslur á lærdómsaðstöðu fyrir grunnema í Öskju. Lendingin var á að kennslustjóri bókaði stofu í Öskju utan kennslu sem nemendur geta lært í, og er hugsað sem lesstofa.

Aðkoma kennara í prófstofur - könnun:

Sviðsráðið tók upp mál sem hafði komið upp í faraldrinum, að kennarar hættu að mæta í prófstofu á próftíma. Könnun sem fór í loftið síðasta vor var endurvakin eftir sumarið, og fékk tæplega 400 svör frá stúdentum á sviðinu. Þar voru þeir spurðir hvort þeir vildu að kennarar myndu mæta og var yfirgnæfandi meirihluti stúdenta hlyntur því að kennarar myndu mæta, eða 93.7%. Umræðan var tekin innan stjórnar sviðsins, og þóttu stjórnarmeðlimum eðlilegt að svara kalli stúdenta með því að setja þau tilmæli að kennarar mæti í prófstofu, en áhersla var sett á það að stjórnin getur aðeins sett fyrir tilmæli, en ekki skipað þeim fyrir.

Samantekt

Gagnlegar upplýsingar

Forseta sviðsráðs finnst mjög mikilvægt að virkja Náttverk í hagsmunabaráttu um leið og hægt er. Eins og kemur fram hér að ofan er fulltrúaráðið lykilpartur af verkefnum sviðsráðs, og væri best að skoða að halda fundi með stjórnnum nemendafélagana strax í vor og virkja þau beint í hagsmunavinnu.

Margir boltar eru enn á lofti, t.a.m. sýnileiki hinsegin stúdenta á sviðinu, NORDTEK ráðstefnan í haust, kynhlutlaus salerni í byggingum sviðsins ofl.

Við hvetjum svo nýtt sviðsráð að kynna sig sem allra fyrst á samfélagsmiðlum sviðsráðs og reyna að vera sem sýnilegust. Hugmynd sem sviðsráðsliðar fengu í ár var að halda opinn fund þar sem nemendum býðst að koma og spyrja út í hagsmuni sína, eða koma með ábendingar og spjalla við sviðsráðsliða.

*Brynhildur R Þorbjarnardóttir
Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs*

Verklagsreglur sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs 2022-2023

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
3. Forseti ábyrgist fundaraðstöðu.
4. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
5. Ritari ábyrgist fundargerðir og skal bera hana fullunna upp til samþykktar á næsta fundi sviðsráðs.
6. Á fundum sviðsráðs hafa fulltrúar áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
7. Ef fulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin með sólarhrings fyrirvara.
8. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfaramandi sviðsráði
 - a. Fulltrúar fráfaramandi og nýkjörins sviðsráðs skulu mæta á skiptafund.

- b. Fulltrúar nýs sviðsráðs kjósa um forseta og ritara.
 - c. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráð (NáttVerk). Hann hefur áheyrnar-málfrelsis- og atkvæðisrétt á fundum Náttverk. Aðrir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar-málfrelsis- og tillögurétt á fundum NáttVerk. Fulltrúi sviðsráðs í NáttVerk býr til vettvang fyrir nýskipað Náttverk.
 - d. Kosið skal um samfélagsmiðlafulltrúa sviðsráðsins.
 - e. Forseti skal vera fastur fulltrúi sviðsráðsins í stjórn VoN. Aðrir aðalfulltrúar skulu skiptast á að mæta á stjórnarfundi fyrir hönd sviðsins.
 - f. Kosið skal um fulltrúa í Kennslunefnd VoN sem hefur jafnframt sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.
 - g. Kosið skal um fulltrúa í Nortek samtökin.
 - h. Kosið skal um fulltrúa nemenda í jafnréttisnefnd sviðsins.
 - i. Verklagsreglur skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - j. Nýtt sviðsráð skal endurskoða verklagsreglurnar í upphafi starfsársins.
 - k. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, ásamt almennri lýsingu á starfi og skipulagi fráfaramandi sviðsráðs.
 - l. Fráfaramandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málástöðu sviðsráðs.
9. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfaramandi sviðsráði.
10. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
11. Fundur telst löglegur ef meirihluti atkvæðabærra fulltrúa er mættur.
12. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
13. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
- a. Hægt er að kjósa um að loka dagskrárlíð sem kemur þá ekki fram í birtri fundargerð og þarf þá einróma samþykki sviðsráðsmeðlima.
14. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
15. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
16. Sviðsráð sér til þess að VoN hafi aðgang að stjórnskiptingu og ábyrgðardreifingu Sviðsráðs og NáttVerk. (Hver skiptir í hvaða nefnd o.s.frv.)
17. Forseti sviðsráðs passar upp á að góður andi sé við lýði í sviðsráði.
18. Á sviðsráðsfundum ríkir skoðanafrelsi og skulu allir fulltrúar sviðsráðs sýna hvort öðru virðingu á fundum sem og á öðrum vettvöngum.

Seinast samþykkt 24.maí 2022

VIÐAUKI B - TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI

Skiptafundur 18. maí 2022

- T I L L A G A -

um að erindi um málefni stúdenta sé sent nýkjörnum sveitastjórnarfulltrúum

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands sendi sveitarstjórnarfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu sem kjörnir voru 14. maí 2022 sl. erindi um hvernig þau geti unnið að bættu samfélagi fyrir stúdenta á sveitarstjórnarstiginu.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Stúdentar við Háskóla Íslands búa mörg hver í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hafa þessi sveitarfélög og fulltrúar þeirra í sveitarstjórnunum mikið vald yfir umhverfis-, samgöngu-, húsnæðis- og leikskólamálum. Það þarf pólitískan vilja til að breyta því samfélagi sem við búum í núna og því leggja undirrituð til að skrifstofa Stúdentaráðs sendi öllum nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum erindi um áherslumál stúdenta og hvernig þau geti unnið að bættu samfélagi fyrir stúdenta á sveitarstjórnarstiginu. Lagt er til að erindið innihaldi áherslur stúdenta í þeim málaflokkum sem að ofan eru taldir þar sem að þessi mál snerta marga stúdenta í þeirra daglega lífi og falla að miklu leyti undir starfssvið sveitarstjórna. Í umhverfis- og samgöngumálum telja undirrituð að mikilvægt sé að áhersla sé lögð á uppbyggingu umhverfissvænna ferðamáta í sem eru í takt við þær áherslur sem Stúdentaráð hefur haft síðastliðin ár, til að mynda með að taka upp U-Passann og að áhersla sé lögð á uppbyggingu almenningssamgangna með Borgarlínu að leiðarljósi.

Í húsnæðismálum telja undirrituð að sveitarfélögin skuli líta til þeirra áherslna sem koma fram í skýrslu Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði en samkvæmt skýrslunni bendir margvíslegt til að stúdentar séu með þyngjandi húsnæðiskostnað sem er í samræmi við niðurstöður Eurostudent IV.

Í leikskólamálum þykir undirrituðum mikilvægt að sveitarfélögin greiði jafn há mótframlög með börnum sem eru á leikskólum FS.

Lagt er til að sveitarstjórnarfulltrúum í eftirfarandi sveitarfélögum sé sent erindið; Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.

*Andri Már Tómasson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs
Auður Eir Sigurðardóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs
Brynhildur R Þorbjarnardóttir, sviðsráðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, oddviti Röskvu og sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs
Rakel Anna Boulter, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs*

Stúdentaráðsfundur 22. ágúst 2022

- T I L L A G A -

um Vísindaferðir í Stúdentaráð

Lagt er til afgreiðslu að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi *ffórða skólaárið í röð* vísindaferð líkt og samþykkt hefur verið síðustu þrjú árin. Vísindaferð er haldin í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess, réttindaskrifstofunnar og sviðsráðana fyrir stúdentum Háskóla Íslands. Þá er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar, ein fyrir hvert fræðasvið.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Ætlunin er eins og fyrr segir að fá sem flesta stúdenta til að sækja viðburðinn og því er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar líkt og gert var í fyrra, ein fyrir hvert fræðasvið. Er það gert með það í huga að fleiri geti sótt viðburðinn sem og hægt sé að kynna sviðsráð á sama tíma. Þá er líka mögulegt fyrir nemendafélög að sleppa því að bjóða upp á vísindaferð og hvetja sitt félagsfólk til að skrá sig, en miserfitt er að bóka vísindaferðir fyrir nemendafélög og fjölmenna. Líkt og í vísindaferðirnar sem haldnar voru sl. þrjú ár verða 150 pláss í boði og svo opið á biðlista.

Skrifstofu Stúdentaráðs og Félagslífs- og menningarnefnd er falið að halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn í samstarfi við viðeigandi sviðsráð. Stúdentaráð og Félagslífs- og menningarnefnd sjái um að útbúa ákveðinn „grunnþakka“ þar sem jafnræðis á milli sviða verður gætt, en sviðsráðunum verður svo heimilt að útfæra og bæta við eftir sínu höfði. Viðburðurinn yrði með svipuðu sniði og áður: kynning á Stúdentaráði, pubquiz, veglegt happdrætti í samráði við samstarfsfyrirtækin okkar o.s.frv. Að auki yrði kynning á sviðsráði hvers sviðs fyrir sig (ef vísó fyrir HVS, þá kynni sviðsráð HVS!). Viðræður við Nova um aðkomu standa yfir og mun skrifstofan fara í það, en síðast kom góð niðurstaða í þau mál.

Árin 2019 og 2020 var boðið upp á franskar og hnetumix en vegna samfélagsástandins var það ekki gert árið 2021. Lagt er til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa veitingar og annað tilheyrandi sem fylgir hefðbundnum vísindaferðum nemendafélaga. Gerð yrði fjárhagsáætlun sem yrði lögð fyrir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar áður en útgjöld yrðu staðfest.

Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Guðríður Elísa Pétursdóttir, forseti félagslífs- og menningarnefndar SHÍ

Stúdentaráðsfundur 22. ágúst 2022

- T I L L A G A -

um fjölgun yfirbyggðra hjólaskýla við byggingar Háskóla Íslands og bættum hjólastígum á háskólasvæðinu

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að viðunandi geymslupláss fyrir reiðhjól séu við hverja byggingu við Háskóla Íslands, t.d. yfirbyggð hjólaskýli eða læstar geymslur fyrir stök reiðhjól. Einnig leggja undirritaðar til að Stúdentaráð beiti sér enn fremur að bættum hjólastígum á háskólasvæðinu. Stúdentaráð beitir sér nú þegar fyrir því að efla vistvænar samgöngur á háskólasvæðinu, og telja undirritaðar að þetta yrði stórt skref í átt að því markmiði.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Þann 12.-22. september fer átakið *hjólað í háskólann* fram innan Háskóla Íslands. Undirritaðar fagna því og krefjast samhliða átakanu að aðstaða hjólandi fólks við háskólann verði bætt. Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ hefur unnið að bættum lausnum fyrir hjólreiðafólk háskólans undanfarin ár, t.a.m. með átakanu *hjólaðu í háskólann*, vitundarvakningu um virka ferðamáta og þrýst á bættu aðstöðu fyrir hjólafólk.

Í stefnu SHÍ, sem var samþykkt á stúdentaráðsfundi í maí 2022, er kafli sem einblínir á samgöng- og skipulagsmál. Kafli 8.3 snýr að örflæðilausnum í samgöngumálum og stendur þar eftirfarandi “Yfirbyggð hjólaskýli og góð aðstaða fyrir þau sem kjósa að ferðast milli staða hjólandi eða gangandi verður að vera til staðar í húsakynnum skólans, ásamt deilihjóla og rafhlaupahjólalausnum.” Eins og staðan er núna eru tvö yfirbyggð hjólaskýli á háskólasvæðinu, hjá VR-II og Lögbergi en þessi hjólaskýli voru reist í kjölfari þess að umhverfis- og samgöngunefnd beitti skólayfirvöld þrýstingi um bættu aðstöðu hjólreiðafólks við háskólann. Háskólasvæðið er stórt og þessi aðstaða nýtist því ekki nema litlum hluta þeirra stúdenta og starfsfólks sem koma á hjóli. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg réðust þá í samvinnuverkefni um háskólasvæðið í lok 2020 og var markmið verkefnisins að skapa heilsteypa framtíðarsýn fyrir háskólasvæðið. Í 4. kafla skýrslu²⁵ sem gerð var vegna verkefnisins er fjallað um tíu einkenni farsælla háskólasvæða en þar kemur fram að fjölbreyttar vistvænar samgöngur einkenni farsæla háskólagarða. Þar kemur einnig fram að stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt yfirbyggðum hjólaskýlum séu hluti af þeim innviðum sem falla undir vistvæna samgöngukosti.

²⁵ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/haskoli_islands_2.pdf

Ljóst er að með þéttingu byggðar á háskólasvæðinu, þarf að draga úr bílaumferð sem þverar svæðið, þess í stað verða að vera viðunandi úrlausnir fyrir vistvænar samgöngur.

Undirritaðar telja að fleiri lausnir fyrir þau sem kjósa að fara hjólandi á milli staða myndu vera hvatning fyrir nemendur og starfsfólk við háskólann til þess að nýta sér þann kost að hjóla í skólann.

Dagmar Óladóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ
Elisabet Unnur Gísladóttir, meðlimur í umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ

Stúdentaráðsfundur 21. september 2022

- TILLAGA -

um að Félagsstofnun stúdenta leggi aukna áherslu á vegan úrval í Hámu

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð óski eftir við Félagsstofnun stúdenta að einu sinni í viku verði einungis boðið upp á vegan heitan rétt og súpu á sölustöðum Hámu og jafnframt að vegan úrval verði aukið almennt.

- RÖKSTUÐNINGUR -

Félagsstofnun stúdenta (FS) er með afar gott vegan úrval í Hámu og sinnir þannig sístækkandi hópi þeirra sem vilja takmarka neyslu dýraafurða. Hér er lagt til að FS taki þátt í að stuðla að því að fleira fólk neyti meira grænkerafæðis dags daglega, með því að bjóða ekki upp á kjötvalkost sem heita rétt dagsins einu sinni í viku. Auk þess ýtir fjölbreyttara úrval á köldum réttum undir frekari neyslu, sérstaklega af hendi þeirra sem velja vegan valkostinn oft eða alltaf.

Mikilvægt er að vegan matur sem boðið er upp á uppfylli sömu skilyrði og aðrir valkostir hvað varðar næringargildi. Þannig er mikilvægt að vegan útgáfa af kjötrétt sé ekki einungis án kjötsins heldur þarf að finna annan próteingjafa í stað kjötsins. Einnig væri óskandi að meira úrval á millimálum væri vegan.

Rannsóknir sýna að eitt það helsta sem fólk getur gert til þess að sporna gegn hnattrænni hlýnun er að minnka neyslu okkar á mjólkurafurðum og kjöti. Það að sleppa neyslu dýraafurða, þó ekki sé nema einn dag í viku skiptir máli í baráttunni gegn loftslagsvánni. FS tók þátt í græna nýnemadeginum, sem fram fór þann 6. september sl., m.a. með því að bjóða einungis upp á vegan heitan rétt og súpu í Hámu, sem og að auglýsa vegan mat sérstaklega á Stúdentakjallaranum. Þátttaka FS í græna nýnemadeginum sýndi að hægt er að framkvæma grænan dag vikulega.

Háskólinn, og allar þær stofnanir sem rúmast innan hans, eiga að sýna gott fordæmi þegar kemur að því að hvetja fólk til að lifa umhverfisvænum lífsstíl. Stór hluti af því að sýna gott fordæmi er að auka sýnileika, sem vikulegur grænn dagur væri skref í átt að. Tillaga þessi miðar að því að gefa forystu Stúdentaráðs aukið umboð í samtali sínu við FS um breytingar til hins betra í þágu umhverfisins.

*Dagmar Óladóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, oddviti Röskvu*

Stúdentaráðsfundur 25. október 2022

- T I L L A G A -

Lagt er til að Stúdentaráð samþykki að veita fjármunum í herferð/ir í samstarfi við Landsamtök íslenskra stúdenta, til þess að koma áherslum stúdenta á framfæri í tengslum við yfirvofandi endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020. Skrifstofu Stúdentaráðs er falið að útfæra herferðina í samráði við LÍS með tilliti til kostnaðar og áherslumála herferðarinnar.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna skal fara fram endurskoðun á tédum lögum innan þriggja ára frá því þau komu til framkvæmda og niðurstöður endurskoðunarinnar kynntar á haustþingi 2023.. Þessi endurskoðun veitir gríðarlega mikilvægt tækifæri til að gera þarfar breytingar á kerfinu og er mikilvægt að rödd stúdenta sé sé leiðandi í umræðunni í tengslum við endurskoðunina. Stúdentar verða að vera tilbúnir að bregðast hratt við og er því leitast eftir samþykki Stúdentaráðs núna til þess að fá að hefja undirbúning. Grunnhugmyndin er að farið verði í „litla“ herferð núna í haust (þ.e. ekki jafn umfangsmikla og hefur verið gert undanfarin ár) til þess að vekja athygli á því að stúdentar telja mikla þörf á að endurskoðunin verði umfangsmikil og að hún sé gerð með hag stúdenta að leiðarljósi. Á þessari herferð væri svo hægt að byggja á í stærri herferð (í takt við það sem hefur verið gert fyrri ár) þegar vinnan við endurskoðunina er komin betur af stað. Skrifstofan mun gæta að því að rödd SHÍ heyrir og munum við halda okkar sjónarmiðum sterkt á lofti. Upplýsingaflæði til Stúdentaráðs verður tryggt.

Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur 25. október 2022

- TILLAGA -

Lagt er til að Stúdentaráð skori á Háskóla Íslands að lýsa strax yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og leggi í framhaldi af yfirlýsingunni fram viðeigandi aðgerðaráætlun fyrir háskólann.

- RÖKSTUÐNINGUR -

Í febrúar 2020 skoraði Stúdentaráð á Háskóla Íslands að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og gera samhliða því viðeigandi aðgerðaráætlun fyrir Háskóla Íslands. Stúdentaráð setti þá fram aðgerðalista til að koma stjórnslu skólans af stað í slíkri vinnu. Nú, tæpum þremur árum eftir að Stúdentaráð setti fram þessa áskorun hefur Háskóli Íslands ekki lýst yfir neyðarástandi í loftslagsmálum né hafið markvissa vinnu að aðgerðaráætlun. Teljum við því þörf á að leggja fram slíka áskorun á ný og skorum við nú á Háskólann að taka af skarið og lýsa **strax yfir neyðarástandi** og setja sér í **framhaldi af slíkri yfirlýsingu aðgerðaráætlun** fyrir Háskóla Íslands í loftslagsmálum.

Háskólinn ætti að vera leiðandi í umræðunni um og baráttunni við loftslagsvána en ljóst er að með aðgerðarleysi sínu undanfarin ár hefur Háskóli Íslands dregist aftur úr og er nú eftirbátur annarra vísindastofnana í þeirri þróun heimsvarðunna að viðurkenna alvarleika málsins. Vísindin hafa sjaldan verið meira afgerandi en nú þegar fjölþjóðlegt vísindasamfélag Sameinuðu þjóðanna gefur út skýrslur IPCC og IPBES²⁶ sem sýna fram á slæm áhrif mannsins á náttúru og loftslag. Það er á ábyrgð háskólans að leggja áherslu á alvarleika málsins, benda á vísindin og gera kröfu um að aðilar taki þeirra ábendingum og loftslagsváni alvarlega með þörfum aðgerðum. Það sýndi sig þegar að heimsfaraldur Covid-19 reið yfir hversu mikilvægur málsvari vísinda háskólinn er og hversu miklu máli framlag hans í upplýsingagjöf skiptir þegar kemur að krefjandi alþjóðavandamálum. Þann stuðning þarf núna, í baráttunni gegn loftslagsváni.

Í nóvember verður COP27 haldin í Egyptalandi, en niðurstöður COP26 í fyrra voru vægast sagt vonbrigði þar sem þær stjórnvöld af miklum hluta til af stórfyrirtækjum. Í ár er vonin sú að vísindasamfélagið geti þrýst á raunverulegar aðgerðir og það er mikilvægt að Háskóli Íslands taki þátt í að beita þeim þrýstingi. Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun þjóðarinnar og ber sem slík ríka samfélagslega ábyrgð hér á landi. Sú ábyrgð teygir sig sömuleiðis út fyrir landsteinana þar sem að HÍ er leiðandi í Aurora samstarfsnetinu. Með því að lýsa yfir neyðarástandi er Háskóli Íslands að taka skýra

²⁶https://ipbes.net/sites/default/files/2021-06/20210609_workshop_report_embargo_3pm_CEST_10_june_0.pdf

afstöðu og setur þannig bæði pressu á sína eigin starfsemi, sem og annarra stofnanna og fyrirtækja, að bregðast við..

Stúdentaráð verður, með öllum tiltækum ráðum, að þrýsta á háskólann að vera leiðandi í loftslagsmálum og að setja fordæmi fyrir land og þjóð, sem og háskóla um allan heim. Þess vegna skorum við á Háskólann að lýsa tafarlaust yfir neyðarástandi og fylgja síðan yfirlýsingunni eftir með því að koma á skýrri og róttækri aðgerðaráætlun um hvert framlag skólans verður í baráttunni við loftslagsvána. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir metnaðarfullum aðgerðum HÍ í loftslagsmálum nema ákvarðanir stjórnenda hans. Því skorum við á stjórnendur skólans að láta þetta ekki bíða lengur og koma þessu strax inn á borð háskólaráðs.

*Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands,
Brynhildur Þorbjarnardóttir, Sviðsráðsforseti á VoN
S. Maggi Snorrason, meðlimur í Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ
Rakel Anna Boulter, Sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs*

Stúdentaráðsfundur 25. október 2022

- T I L L A G A -

Undirnefnd umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs

Lagt er til að umhverfis- og samgöngunefnd fái heimild til að stofna undirnefnd sem ætlað er að fara sérstaklega með umhverfis- og loftslagsmál, auk þeirrar vinnu sem Stúdentaráð sinnir í tengslum við grænfánann. Undirnefndin myndi starfa náið með meginnefndinni, einn meðlimur umhverfis- og samgöngunefndar verður yfir undirnefndinni og helsti tengiliður þeirra á milli.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Á síðasta starfsári var samskonar undirnefnd sett á laggirnar, helsti munurinn á henni og þeirri sem lýst er hér að ofan er sá að í fyrra sat formaður umhverfis- og samgöngunefndar einnig sem formaður undirnefndarinnar. Sú útfærsla reyndist ekki hentug þar sem tilgangur undirnefndarinnar var að dreifa álaginu en leiddi hins vegar til þess að álag á forseta nefndarinnar jókst. Nefndin sjálf skilaði þó sínu og betri yfirsýn fékkst á þau verkefni sem þurfti að sinna í tengslum við það verkefni að tryggja Háskóla Íslands Grænfánann.

Rökin sem sett voru fram síðast standa enn, um er að ræða tvo stóra málaflokka sem skarast. Annars vegar samgöngu- og skipulagsmál og hins vegar umhverfis- og loftslagsmál. Með því að skipa undirnefnd sem sér að miklu leyti um umhverfis- og loftslagsmál er hægt að veita þeim aukna og mjög þarfa athygli. Einnig fá verkefni á borð við Grænfánann og loftslagsverkföllin betri aðhlyningu. Meginnefndin getur þá einnig beitt sér enn betur í uppbyggingar-, samgöngu- og skipulagsmálum en á komandi árum má búast við að aðhald stúdenta í þeim málaflokkum verði gríðarlega mikilvæg vegna yfirstandandi húsnæðisskorts, bílastæðaáforma, tilkomu borgarlínu og áætlana um uppbyggingu innan háskólasvæðisins. “Það er mikilvægt að bæði umhverfismálin og skipulagsmálin fái það rými sem þau þurfa til að unnið sé að þeim faglegum hætti.”²⁷

Ef reynslan af undirnefndinni heldur áfram að vera góð mætti taka það til umræðu að festa hana í lög Stúdentaráðs, á viðeigandi fundi síðar á starfsárinu. Það má vel vera að málefnið skarist of mikið til að hægt sé kljúfa þau í tvær fastanefndir en með þessu fyrirkomulagi er hægt að halda góðri tengingu milli umhverfis- og skipulagsmála en þó skipta þeim niður á fleiri aðila sem geta einbeitt sér betur að þeim.

*S. Maggi Snorrason, loftslagsfulltrúi umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs
Dagmar Óladóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs
Stúdentaráðsfundur 16. nóvember 2022*

²⁷ Sindri F. Ásgerisson og Isabel A. Díaz, *Tillaga: Undirnefnd umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs* (2021).

- T I L L A G A -

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs beiti sér fyrir því að komið verði á fót jafningja- stuðningskerfi á Stúdentagörðunum.

- R Ö K S T U ð N I N G U R -

Jafningjastuðningur er stuðningur sem er veittur af og er fyrir fólk sem er í svipuðum aðstæðum og deila svipuðum áskorunum, vandamálum og reynslu. Stúdentar sem flytja á stúdentagarða eru oft að upplifa mjög svipaðar aðstæður á sama tíma; flytja að heiman, byrja í nýjum skóla og byggja upp ný félagsleg tengsl²⁸. Ekki allir stúdentar eru með bakland í nærumhverfi sínu sem aðstoðar við að koma sér fyrir og venjast nýjum aðstæðum. Nemendur sem koma af landsbyggðunum eru dæmi um hóp sem jafningjastuðningur gæti nýst afar vel.

Tillagan miðar að því að veita skrifstofu Stúdentaráðs umboð til þess að beita sér fyrir því að komið verði á fót jafningjastuðningi, eins konar „mentora-kerfi” fyrir nýja íbúa á Stúdentagörðunum. Slíkur stuðningur þekkist víða erlendis þar sem háskólar halda utan um jafningjastuðning á stúdentagörðum sem aðstoðar nemendur að aðlagast nýjum aðstæðum og tengir nemendur við önnur geðheilbrigðisúrræði. Leitast yrði eftir því að verkefnið yrði samstarfsverkefni á milli Stúdentaráðs, Félagsstofnun Stúdenta og Háskóla Íslands. Hægt væri að skoða samstarf með þjónustu sem er nú þegar í boði, til dæmis Félagsráðgjöf fyrir stúdenta.

Jafningjastuðningur á Stúdentagörðum getur komið í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga sem eru að kljást við nýjar, og oft krefjandi aðstæðir. Jafningjastuðningur getur einnig haft jákvæð áhrif á geðheilbrigði stúdenta en stúdentar eru oft öruggari með að leita eftir stuðningi og leiðbeiningum frá jafningjum yfir faglega ráðgjafþjónustu. Jafningjastuðningur getur verið leið til að tengja nemendur við þau úrræði og þjónustu sem eru til staðar á háskólasvæðinu og náð til þá stúdenta sem myndu annars ekki leita til faglegrar þjónustu²⁹

Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ

Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ

²⁸ Student minds. (2014). Sótt af

https://www.studentminds.org.uk/uploads/3/7/8/4/3784584/peer_support_for_student_mental_health.pdf

²⁹Suresh, R., Karkossa, Z., Richards, J. og Karia, M. Program evaluation of a student-led peer support service at a Canadian university. (2021). Sótt af <https://ijmhs.biomedcentral.com/articles/10.1186/s13033-021-00479-7>

Stúdentaráðsfundur 16. nóvember 2022

TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð fari þess á leit við skólayfirvöld að kynna fyrir nemendum og starfsfólki að hægt sé að sýna fornöfn sín við nafn sitt á Canvas. Einnig er lagt til að Stúdentaráð veði athygli á að þetta sé hægt, og af hverju það er mikilvægt, á samfélagsmiðlum sínum.

RÖKSTUÐNINGUR

Að merkja sig fornöfnum sínum er einföld en skilvirk leið til að standa með kynsegin fólki. Fyrst og fremst normalíserar það almennt að fólk kynni sig með fornöfnum sínum. Í öðru lagi hjálpar það kynsegin fólki að skera sig ekki frá fjöldanum með því að merkja sig sínum fornöfnum og draga óþarfa athygli til sín. Í þriðja lagi myndi aukning í merkingu fornafna vonandi auka líkur á að fólk, bæði nemendur og kennarar, kíki á nafnalista og komi í veg fyrir rangkynjanir eins og hægt er.

Því legg ég til að Stúdentaráð nýti vægi sitt gagnvart stjórnendum og þrýsti á Háskólann til að hvetja nemendur og starfsfólk með beinum hætti til þess að sýna fornöfn sín. Þetta væri best gert með því að grípa athygli á fjölförnum vegi og tel ég Canvas-vefinn bestan til þess fallinn. Á nokkurra vikna tímabili er líklegt að flest ef ekki öll hafa opnað Canvas í það minnsta einu sinni. Hægt væri að setja upp borða efst á heimasíðunni. Á borðanum myndi vera texti þess efnis að hægt sé að merkja sig fornöfnum sínum og svo hlekkur sem kæmi manni beint á stillinga-síðuna sína. Meðfylgjandi þessu væri hægt að senda út tölvupóst með leiðbeiningum um hvernig hægt er að setja inn fornöfn sín.

Stúdentaráð gæti vakið athygli á þessu með því að t.d. bjóða Q-félaginu inn á miðla sína til að fjalla um af hverju þetta er mikilvægt. Í framhaldinu gæti SHÍ sett inn leiðbeiningar um hvernig er hægt að birta fornöfn sín, líkt og má finna á Instagram-reikning Sviðsráðs VoN.

Háskólinn á að vera aðgengilegur öllum og myndu einfaldar og skilvirkar aðgerðir eins og þessar vonandi stuðla að auknu aðgengi kynsegin fólks að háskólanámi.



Andri Már Tómasson

Sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs

Stúdentaráðsfundur 16. nóvember 2022

- T I L L A G A -


um markvissa vinnu til að auka kosningaþátttöku til Stúdenta- og háskólaráðs

Lagt er til að réttindaskrifstofa SHÍ skili tillögum um hvernig auka mætti kosningaþátttöku í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs. Tillögurnar skulu unnar í samráði við kjörstjórn og kynntar í síðasta lagi á febrúarfundi Stúdentaráðs.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Kosningaþátttaka í kosningum til Stúdentaráðs var sú lægsta í ár af kosningum árána 2011-2022. Hún var hæst árið 2015 þar sem 43,63% kjörgengra kusu en í ár kusu aðeins 21,70%.³⁰ Hér má sjá kosningaþátttökuna yfir árin (sótt af heimasíðu Stúdentaráðs):

Kosningaþátttaka meðal kjörgengna



Til þess að skoða hvernig hægt sé að bregðast við þessari þróun er mikilvægt að taka saman gögn um þróun kosningaþátttöku undanfarin ár. Ýmislegt kemur til greina til dæmis frestun á kosningum til mars³¹, ný persónuverndarlög³² sem hindra aðgang fylkinga að símanúmerum kjósenda, upptaka á kerfinu Canvas árið 2020³³, heimsfaraldur með fjarkennslu eða mögulega minni áhugi stúdenta á

³⁰ <https://student.is/lagaleg-skjol/>

³¹ Ársskýrsla 2019-2020 sótt af <https://student.is/lagaleg-skjol/>

³² 90/2018: Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

³³ <https://www.hi.is/vidburdir/hvernig-skipuleggur-thu-namskeidinn-thin-i-canvas>

hagsmunum sínum. Þar sem margt gerðist á þessum stutta tíma þar sem kosningabátttaka hefur minnkað þá telur undirritaður að Stúdentaráð ætti að rýna í þessar mögulegu ástæður og hvað sé að hafa mest áhrif til þess að ráðið geti farið vel upplýst inn í næstu kosningar með aðgerðir í huga. Þá er hægt að athuga hvernig svipuð stúdentaöfl erlendis eru að standa sig í þessum efnum. Mögulega eru stúdentafélög að eiga við jafn mikla lækkun í kosningabátttöku eða með góðar leiðir til að ná til stúdenta.

Þróunin er augljóslega ekki góð og það er skylda okkar í Stúdentaráði að bregðast við með markvissum aðgerðum til þess að viðhalda öflugu og sjálfbæru hagsmunaafli.

S. Maggi Snorrason, Stúdentaráðsliði

Stúdentaráðsfundur 16. nóvember 2022

- T I L L A G A -

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að kynfræðsla skuli vera skylda fyrir kennaranema við Háskóla Íslands og taki undir áskorun SÍF þess efnis

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, hefur leitað stuðnings Stúdentaráðs við kröfur þess um að kynfræðsla skuli vera skyld fyrir kennaranema við Háskóla Íslands

4. liður viðbragðsáætlunar SÍF sem lagt er til að tekið verði undir: „SÍF skorar á Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri að skylda alla kennaranema í kynfræðslu með áherslu á hinsegin málefni og kynferðisafbrot. SÍF mun óska eftir fundum með rektorum og forsetum menntavísindasviða til þess að kanna betur hvernig bæta má nám kennaranema.,,

Kynferðisofbeldi er dreifður og djúpur samfélagslegur vandi og er mikilvægt að við látum okkur það varða. Almenn er kynfræðsla innan skólakerfisins af skornum skammti og er því líklegt að nemendur skorti þekkingu á þeim málefnum.

Forvarnir og fræðsla fyrir tilvonandi kennara og önnur sem starfa með börnum og ungmennum er mikilvægur liður í samfélagslegum framförum er snúa að málefnum sem koma að kynferðisofbeldi.

Í stefnu Stúdentaráðs segir að jafnréttisfræðsla eigi að vera skylda fyrir stúdenta við Háskóla Íslands og telja tillöguberar að mikilvægt sé að aðlaga þá fræðslu að viðfangsefnum námsleiða.

Verði tillagan samþykkt munu viðeigandi aðilar innan Stúdentaráðs leggja SÍF lið við nánari útfærslu.

*Auður Eir Sigurðardóttir, stúdentaráðsliði og forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ
Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ*

Stúdentaráðsfundur 15. desember 2022

- T I L L A G A -

um að frídagar stúdenta séu tryggðir

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér í því að próf og verkefni séu ekki lögð fyrir um helgar, seint á kvöldin og á öðrum tímum sem almennt eru ætlaðir sem frítímar.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Eflaust hafa flestir stúdentar heyrt að þeir eigi að vera í fullri vinnu sem námsmenn. Mörg eru hvött til að vinna ekki með skóla og einbeita sér algjörlega að náminu. En eins og Stúdentaráð hefur margítrekað bent á er það algjörlega óraunhæf krafa til margra af þeim sem stunda nám við Háskóla Íslands. Stór hluti stúdenta þarf að halda sér og mögulega fjölskyldu uppi, rúmlega 70% íslenskra stúdenta vinna með námi samkvæmt niðurstöðum EUROSTUDENT VII og þar af fullyrða 72% að án vinnunnar gætu þau ekki verið í námi.³⁴

En annar stór munur á að vera nemandi við Háskóla Íslands og að vera starfsmaður á vinnumarkaði er að vinnumarkaðurinn gerir ekki kröfu um að fólk mæti í vinnuna á kvöldin og um helgar nema að þau séu sérstaklega ráðin til þess. Stúdentar gera flestir ráð fyrir því að hið sama gildir um þá, þar til í ljós kemur að svo er ekki. Sumir nemendur lenda reglulega í því að próf eru lögð fyrir á laugardögum eða námsferðir skipulagðar yfir helgar. Þetta er oft gert með stuttum fyrirvara og er því ómögulegt fyrir nemendur að vita fyrir víst hvaða frídaga þeir hafa áður en misserið byrjar. Þetta hefur þau áhrif að stúdentar geta ekki skipulagt hvað þeir vilja gera við frítíma sinn án þess að eiga á hættu að það skarist við námið. Hvort sem það sé fyrir utanlandaferðir eða læknisaðstoð þá er óásættanlegt að nemendur geti ekki treyst á að neinn dagur sé raunverulegur frítími.

Þetta gerir það líka að verkum að línurnar milli námstíma og frítíma verða óskýrar, en vitað er að pásur geta haft jákvæð áhrif á geðheilsu fólks³⁵ og námsframvindu. Niðurstöður EUROSTUDENT VII sýndu að 15% háskólanema hér á landi glíma við andleg veikindi en að meðaltali glíma 4% háskólanema í Evrópu við andleg veikindi. Einnig verður að hafa í huga hvaða hópa þetta hefur mest áhrif á, en meiri

³⁴Hauschildt, Gwosć, Schirmer og Cras. *The Social Dimension of Student Life in the European Higher Education Area in 2019*. Sótt af

https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf

³⁵Packer, Jan. *Taking a break: Exploring the restorative benefits of short breaks and vacations* (2020). Sótt af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2666957920300069>

líkur er á að þessi ófyrirsjáanleiki og takmarkaði frítími bitni frekar á fólki sem er nú þegar í viðkvæmri stöðu, s.s. foreldra í námi og þau sem þurfa að vinna með námi vegna fjárhagsstöðu sinnar. Háskólanum ber skylda til þess að haga skipulagi náms og námsmats þannig að kostur gefist á jafnvægi milli náms og einkalífs.

Ein af þeim ástæðum sem liggja fyrir því að próf séu haldin um helgar er að sum námskeið eru verulega fjölmenn og aðstaðan er ekki til staðar fyrir próftöku á virkum dögum. Hins vegar eru til dæmi um að stór námskeið haldi próf á virkum degi, námskeið með undir hundrað nemendur haldi próf um helgar og undirritaður efast stórlega um að þörfin á prófum sé svo mikil að þau þurfi að vera haldin á frítíma nemenda. Sé ómögulegt að halda próf á virkum degi vegna skorts á plássi þá verður skólinn að finna aðrar leiðir í námsmati, t.d. að gera prófið að heimaprófi.

Önnur ástæða sem á að réttlæta sum próf um helgar er að þau séu aðeins til upphækkunnar og því ekki gerð krafa til nemenda að mæta. Þá má þó athuga sérstaklega að þau sem eru líklegri til að komast er fólk með sveigjanlegri tíma og það fólk fær þá sérstakt forskot á aðra nemendur sem eru ekki jafn lánsamir, þ.e. foreldrar og vinnandi stúdentar. Jafnt aðgengi að námi og jöfn tækifæri fólks í námi eiga að vera tryggð og er þetta mikilvægur liður í þeirri baráttu.

Þá geta námsferðir tekið langan tíma og því reynst erfitt að koma fyrir á virkum dögum. Undirritaður telur þó að í slíkum tilfellum sé eðlilegra að fella til dæmis niður fyrirlestra og fresta skilaverkefnum svo hægt sé að fara í námsferðir á skólatíma, frekar en að troða enn meiri skyldum á stúdenta.

Sé námskeið frábrugðið öðrum námskeiðum og nauðsynlegt að kalla nemendur inn á kvöldin eða um helgar ætti að það að vera ljóst fyrir upphaf annar, tilgreint sérstaklega í námskeiðslýsingu á vef háskólans og einnig í kennsluáætlun ásamt því úrræði sem myndi koma til móts við nemendur með fríi í hefðbundinni kennslustund til jafns, ef við á. Ef þörf er á að prófa um helgar innan skilgreindra prófatímabila s.s. vegna sjúkra- og endurtökuprófa skal það vera birt í kennslualmanaki.

Þessi réttur stúdenta til frítíma ætti að vera tryggður í reglum háskólans enda gera mörg ekki ráð fyrir því að þurfa að mæta í skólann um helgar og algjör tímaskekkja að hægt sé að gera þessa kröfu til stúdenta. En þar sem það gæti tekið langan tíma að koma ákvæði þar inn telur undirritaður rétta nálgun að byrja á að beina þessari kröfu Stúdentaráðs til deildarforseta og stjórna fræðasviðanna.

S. Maggi Snorrason, Stúdentaráðsliði

Stúdentaráðsfundur 15. desember 2022

T I L L A G A

Um aukna þjónustu Hámu í Eirberg, Læknagarði og Stakkahlíð

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Félagsstofnun stúdenta auki þjónustu sína í Hámu í Eirbergi, Læknagarði og Stakkahlíð.

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Eins og staðan er í dag er Háskólanum skipt í þrjú aðal svæði. Svæðið í kringum Háskólatorg, Hringbrautarreiturrinn og Stakkahlíð. Háma á Háskólatorgi þjónar öllum þeim sem eiga erindi í suðvestur hluta Vatnsmýrarinnar. Óraunhæft er þó að nemar og starfsfólk í Læknagarði, Eirberg og Stakkahlíð komist milli tíma í Hámu á Háskólatorgi.

Háma í Læknagarði er opin milli 9-14 og Háma í Eirbergi ásamt þeirri í Stakkahlíð eru opnar milli 9-15. Almennt er litið svo á að kennsla innan HÍ fari fram milli 8:20-16:30. Þarna myndast því bil í þjónustu þar sem mikil starfsemi er á þessum þremur starfsstöðvum en Háman er ekki opin. Vegalengdin milli þessara svæða og Háskólatorgs er of mikil til að fara á milli bygginga í stuttum pásam á milli kennslustunda. Auk þessa eru lestraraðstöður flestra deilda á Heilbrigðisvísindasviði og Menntavísindasviði í þessum þremur byggingum og því myndi einnig vera forsenda fyrir lengdum opnunartíma utan hefðbundinna kennsludaga, svo sem í prófatíð, en við teljum að fólk myndi nýta sér lærdómsaðstöðuna miklu frekar ef Háma væri opin á þeim tíma. Við teljum því vera forsendur, í það minnsta m.t.t. eftirspurnar, fyrir því að Háma auki þjónustu sína á þessum starfsstöðvum.

Andri Már Tómasson, Sviðsráðsforseti HVS
Auður Eir Sigurðardóttir, Sviðsráðsforseti MVS
Sigríður Helga Ólafsson, Stúdentaráðsliði
Dagný Þóra Óskarsdóttir, Stúdentaráðsliði
Ísak Kárason, Stúdentaráðsliði
Bergrún Anna Birkisdóttir, Stúdentaráðsliði
Kristín Brynjarsdóttir, Sviðsráðsfulltrúi HVS
Styrmir Hallsson, Sviðsráðsfulltrúi HVS
Telma Rún Magnúsdóttir, Sviðsráðsfulltrúi HVS
Jón Hjörvar Valgarðsson, Sviðsráðsfulltrúi MVS
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, Sviðsráðsfulltrúi MVS

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

- T I L L A G A -

að herferð Stúdentaráðs

Undirritaðar leggja hér til að herferð Stúdentaráðs verði að þessu sinni um skrásetningargjaldið sem innheimt er við Háskóla Íslands og tengsl þess við skort á fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Hefð er fyrir því að Stúdentaráð fari í herferð á hverju starfsári og eru dæmi um slíkar herferðir t.d. „fjárfestum í menntun“ frá haustmisseri 2019 og „[stúdentar eiga betra skilið](#)“ haustið 2021. Herferðin snýst um áherslur ráðsins hverju sinni og í stefnumótunarferð Stúdentaráðs á þessu starfsári var til umræðu hvaða málefni gætu verið áhersluatriði í herferð Stúdentaráðs í ár. Voru þar Menntasjóðsmál fyrirferðarmikil og í samræmi við það var lagt til og samþykkt á Stúdentaráðsfundi í október að veita fjármagni í sameiginlega herferð með LÍS til að koma á framfæri áherslum stúdenta í tengslum við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna.

Síðan þá hefur mikið átt sér stað hvað varðar fjárveitingar til Háskóla Íslands og umræður um hækkun skrásetningargjaldsins og teljum við því mikilvægt að Stúdentaráð bregðist við þeirri þróun og setji af stað herferð með það að markmiði að sporna gegn slíkri hækkun. Þar að auki hefur ráðherra boðað að endurskoðun reiknilíkansins og er því mikilvægt að Stúdentaráð komi áherslum stúdenta á framfæri í tengslum við fjárveitingar til Háskólans. Stúdentaráð myndi þó enn koma að og leggja til fjármagn í herferð LÍS í tengslum við endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna en í minna mæli en upphaflega var lagt upp með.

Útfærsluatriði yrðu í höndum skrifstofu Stúdentaráðs, sem eins og stendur sér fyrir sér herðferð í formi stuttra myndbanda á samfélagsmiðlum, grípandi markaðsefni sem yrði unnið af auglýsingastofu og greinaskrif og fjölmiðlaátak þar sem farið yrði dýpra í málefnið. Það er mikilvægt að Stúdentaráð og rödd stúdenta sé leiðandi í umræðunni og hljóti tillaga þessi samþykki mun vinnan við útfærslu herferðarinnar fara strax á fullt.

*Rebekka Karlsdóttir forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Gréta Dögg Þórisdóttir varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

- T I L L A G A -

Um aukna hinseginfræðslu á Heilbrigðisvísindasviði

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð lýsi yfir áhyggjum um skort á hinseginfræðslu innan Heilbrigðisvísindasviðs og beiti sér fyrir því að hinseginfræðsla sé bætt við skyldufög innan sviðsins, þá sérstaklega í grunnnámi læknis- og hjúkrunarfræði.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Árið 2022 voru gefnar út tvær skýrslur unnar af nemum HÍ sem fjalla um stöðu og réttindi trans og kvára á Íslandi. Önnur skýrslan, *Kynjasambætting út fyrir kynjatvíhyggjuna*, unnin af Birtu B. Kjerúlf, er byggð á rannsókn hennar á stöðu réttinda trans fólks og kvára innan stjórnsýslu Íslands og hin skýrslan, „*Að vera kvár á Íslandi: Hvað felst í kynjajafnrétti fyrir kvár?*“, unnin af Birtu Ósk, fjallar um og gefur góða mynd á hver félagslega staða kvára er á Íslandi í dag. Báðar rannsóknir sýndu þær niðurstöður að trans og kynsegin fólk stendur frammi fyrir stórum áskorunum innan heilbrigðiskerfisins, og þá sérstaklega þegar kemur að þekkingarleysi heilbrigðisstarfsfólks. Niðurstöður úr báðum rannsóknum sýndu að kerfið vinni ekki með trans og kynsegin fólki, og auknir fordómar og vanþekking innan heilbrigðisgeirans skili af sér lélegri þjónustu fyrir þennan hóp samfélagsins.

Mikilvægt er að ráðast á rót vandans, sem í grunninn er fáfræði og vanþekking heilbrigðisstarfsfólks. Telja því tillöguberar mikilvægt að byggja upp þekkingu strax í grunnáminu, en þar er hinseginfræðsla af skornun skammti. Núverandi fræðsla fer nær einungis fram á Þverfaglegum degi Heilbrigðisvísindasviðsi, sem er haldinn innan sviðsins ár hvert þar sem nemendur úr ólíkum deildum innan sviðsins koma saman og fá kennslu um mismunandi efni. Þar er liður sem heitir „margbreytileiki samfélagsins“ þar sem farið er yfir hinseginleikann í stuttu máli. Sá liður rétt nær einni klukkustund þar sem farið er yfir málaflokkinn á hálfgerðu hundavaði og teljum við að það sé langt frá því að vera næg fræðsla fyrir framtíðarstarfsfólk heilbrigðiskerfisins. Teljum við þess vegna mikilvægt að SHÍ lýsi yfir áhyggjum á skorti hinseginfræðslu innan heilbrigðisvísindasviðs og tjái þær sem fyrst til stjórnar sviðsins. Einnig viljum við að Stúdentaráð feli sviðsráði HVS, jafnréttisnefnd og jafnvel kennslumálanefnd að beita sér fyrir því á sínum vettvöngum hvernig auka megi hinsegin fræðslu innan sviðsins, með það að markmiði að aukinni hinsegin fræðslu verði bætt inn í kennsluskra sviðsins, þá sérstaklega á sviði hjúkrunar- og læknisfræði.

Háskóla Íslands ber samfélagsleg skylda til þess að vinna gegn mismunum og á að gera það með því að auka fræðslu um jaðarsetta hópa og stöðu þeirra innan samfélagsins. Til eru töluvert að heimildum sem sem fjalla sérstaklega um vanlíða trans einstaklinga á Íslandi og þá sérstaklega innan heilbrigðiskerfisins. Með því að opna á umræður og krefjast þess að aukin fræðsla sé gerð innan sviðsins er SHÍ að stíga fram og taka eindregna afstöðu með trans einstaklingum í samfélaginu og tilverurétt þeirra.

Dagný Þóra Óskarsdóttir, Stúdentaráðsliði HVS
Jón Ingvi Ingimundarson, Forseti Jafnréttisnefndar

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

- T I L L A G A -

varðandi breytingar á úthlutunarreglum í tengslum við námsframvindu

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð leggi til við stjórn Félagsstofnunar Stúdenta að gerð verði breyting á kröfum um eðlilega námsframvindu sem fram koma í 9. gr. úthlutunarreglna FS, þannig að íbúum verði gefið rými fyrir eina „frí-önn“. Með þessu er verið að leggja til að ef til þess kemur að íbúi skili ekki tilskildum einingafjölda einu sinni á meðan dvalartíma stendur, skuli ekki koma til riftunar samnings vegna þessa, sbr. grein 6.2. Þessi „frí-önn“ ætti ekki að skerða rétt á þeim undanþágum frá reglum um námsframvindu sem fram koma í grein 9.1 í úthlutunarreglunum. Samhliða þessu þyrfti að rýmka reglur um hámarksdvöl sem koma fram í 10. gr. úthlutunarreglnanna þannig að „frí-önnin“ hafi ekki þau áhrif að stúdentar þurfi að flytja út áður en þeir hafa lokið námi sínu.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Ofangreindar breytingar á úthlutunarreglum eru lagðar til með það að markmiði að auka húsnæðisöryggi stúdenta á meðan námi stendur. Framkvæmdin hjá úrskurðarnefnd FS hefur undanfarið verið sú að veita alltaf undanþágu frá námsframvindukröfum einu sinni, komi þannig beiðnir inn á borð til nefndarinnar. Með þessari breytingu á úthlutunarreglunum væri því verið að gera framkvæmdina skýrari og gæta jafnræðis. Þar að auki eru biðlistarnir eftir húsnæði ekki eins langir og þeir voru áður og því meira svigrúm fyrir Félagsstofnun Stúdenta til þess að bjóða fólki húsnæði yfir lengri tíma, án þess að það komi niður á öðrum stúdentum. Pressan af lokaprófum og öðru námsmati er nógu mikil ein og sér og með því að auka aðeins sveigjanleikann á kröfum um námsframvindu og hámarksdvöl á Stúdentagörðum má létta á slíkum áhyggjum.

*Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ
Diljá Ingólfssdóttir, Stúdentaráðsliði*

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

vegna sérúrræða fyrir stúdenta með erlendan bakgrunn

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Nemendaráðgjöf (áður Náms- og starfsráðgjörf) verði falið að veita stúdentum með erlendan bakgrunn aðgang að orðabók og auknum próftíma.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Háskóli Íslands leggur mikla áherslu á að vera opinn og alþjóðlegur, eins og sjá má í HÍ26, og hópur alþjóðanema við skólann fer stöðugt stækkandi. Háskólinn hefur þjónustað íslenska nemendur í áratugi en þjónustu hans við nemendur sem tala ekki íslensku að móðurmáli er enn ábótavant. Undirritaðar telja því brýna þörf á að bjóða þeim hópi nemenda upp á notkun orðabóka í prófum og trúa að því þurfi að fylgja lengri próftími.

Samkvæmt reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 481/2010, hefur Nemendaráðgjöf umboð frá háskólaráði til að veita sérúrræði í tilvikum fötlunar og sértækra námsörðugleika. Umboð þeirra snertir ekki á sértækum úrræðum í námi á grundvelli tungumálaörðugleika.

Eins og er liggur ákvörðun um hvort orðabækur séu leyfðar í prófum því hjá deildum skólans, sem þýðir í framkvæmd að oft verður þetta geðþóttaákvörðun kennara, og ekki er gert ráð fyrir því að nemendur sem þurfa að styðjast við orðabók fái lengdan próftíma. Skiljanlega tekur þó tíma að fletta upp í orðabók og þeir nemendur sem þurfa að nýta hana oft í hverju prófi fyrir sig hafa þau þar af leiðandi minni tíma til prófurlausnar.

Við leggjum því til að úrræði fyrir nemendur sem tala ekki íslensku að móðurmáli fari inn á borð háskólaráðs með það að marki að veita þessum hópi stúdenta aukinn stuðning, sem og skilning. Við leggjum sömuleiðis til að Nemendaráðgjöf verði ábyrgðaraðili þegar kemur að því að veita sérúrræði á þessum grundvelli svo að hægt sé að staðla stuðninginn þvert á deildir.

Öll sértæk úrræði í námi sem Nemendaráðgjöf veitir í dag gera kröfu um að nemandi framvísi greiningu eða vottorði frá sérfræðingi. Það er erfitt að gera sambærilega kröfu þegar kemur að tungumálakunnáttu nemenda. Leiðin sem hér er lögð til er sú að nemendur sem uppfylla eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum fái aðgang að viðeigandi orðabók í prófum og lengdan próftíma sem gildir fjórðungs aukningu*.

- A. Lokið því sem nemur helmingi námsferil síns erlendis.
- B. Erlent ríkisfang.
- C. Eitt eða fleiri foreldri tala annað móðurmál en íslensku.

*Þetta ákvæði á ekki við þegar prófað er upp úr námsefni sem er að finna í orðabókunum.

Hátt í 1.700 nemendur við Háskóla Íslands eru alþjóðanemar í fullu námi, samkvæmt nýlegu viðtali við rektor Háskóla Íslands þýðir þetta að fjöldi erlendra nemenda við skólann hefur rúmlega fjórfaldast það sem af er þessari öld. Það eru allar líkur á að þessi nemendahópur muni halda áfram að stækka á komandi árum. Það er því nauðsynlegt að til sé úrræði fyrir stúdenta sem tala ekki íslensku að móðurmáli til að tryggja jafnara aðgengi að námi.

Þar sem að þessi hópur jafngildir rúmlega 12% nemenda má gera ráð fyrir að þetta úrræði skapi aukið álag hjá Nemendaráðgjöf og til að tryggja að vel sé að þessu staðið þarf að setja frekara fjármagn til þeirra. Þetta samræmist stefnu Háskóla Íslands, þar sem lögð er áhersla á aukinn stuðning við nemendur með erlendan bakgrunn.

Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ

Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ

Rakel Anna Boulter, forseti kennslumálanefndar SHÍ

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, stúdentaráðsliði

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L Ö G U R -

réttindaskrifstofu SHÍ um hvernig auka megi kosningabátttöku í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs

Skrifstofa Stúdentaráðs telur að viðvarandi sýnileiki Stúdentaráðs sé mikilvægur hlekkur í að tryggja upplýsingaflæði til stúdenta yfir árið, vekja athygli á málstað Stúdentaráðs og auka kosningabátttöku í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs. Hér fyrir neðan verður farið yfir þær aðferðir sem notast hefur verið til þess að vekja athygli á Stúdentaráði á árinu hingað til en einnig nýjar hugmyndir sem raunhæft er að ráðast í fyrir komandi kosningar.

Til þess að vekja sérstaka athygli á kosningunum hefur skrifstofa Stúdentaráðs útbúið tímasetta birtingaáætlun fyrir slíkt efni. Helst má þar nefna blöðunga og plaköt með dagsetningum kosninga og helstu upplýsingum um þær sem dreift verður um skólann og það efni sem deilt verður á samfélagsmiðlum Stúdentaráðs, s.s. stutt myndbönd og myndir með texta um kosningarnar. Þá mun skrifstofan einnig kanna hvort hægt sé að setja eins myndir sem skjáhvílur á skjái skólans. Einnig komu fram nýjar hugmyndir á stefnumótunardegi Stúdentaráðs sem haldinn var í sumar, m.a. að auglýsa þyrfti Hanaslaginn betur og þó svo að sá viðburður sé ekki á vegum Stúdentaráðs mætti kanna hvort SHÍ gæti stutt við það verkefni með einhverjum hætti og athuga með leyfi fyrir plakötum og bæklingum á Stúdentakjallaranum. Þá þarf einnig að vera í samskiptum við kjörstjórn varðandi hugmyndir um breytingar á því hvernig kosningaglugginn birtist, möguleika á því að kjörseðill birtist eins og miðmisseriskannanir og vega þyrfti þar kosti og galla. Í framhaldi þyrfti kjörstjórn að taka endanlega ákvörðun og vera í samskiptum við Upplýsinga- og tæknisviði háskólans varðandi fyrirhugaðar breytingar. Einnig er uppi sú hugmynd um að SHÍ standi fyrir kosningaviðburði sem hugsaður væri sem kynningarfundur þar sem frambjóðendum og fylkingum gæfist tækifæri til að kynna sínar áherslur og málefni.

Þá hefur skrifstofan lagt mikið upp úr virkni á samfélagsmiðlum, auglýsingum viðburða og almennri upplýsingagjöf á starfsárinu. Öll slík virkni, ásamt umfjöllun um hagsmunabaráttu Stúdentaráðs í fjölmiðlum, verður talin hafa áhrif á hversu mikið stúdentar sjá af störfum Stúdentaráðs og taki þá heldur þátt í kosningum til ráðsins. Til viðbótar þess ætlar skrifstofan nú opinberlega að deila pistli eftir þá Stúdentaráðsfundi sem eftir eru og stikla þar á stóru yfir viðfangsefni fundanna.

Samráðsfundur SHÍ með nemenda- og hagsmunafélögum innan HÍ var haldinn þann 23. janúar sl. og þar voru dagsetningar kosninga tilkynntar. Einnig var sendur út póstur til félaganna með mikilvægum dagsetningum á misserinu og þar lögð sérstök áhersla á þær dagsetningar. Skrifstofan ætlar einnig að

útbúa efni sem nemendafélögin geta dreift beint á sína miðla og lokuðu hópa með helstu upplýsingum og leiðbeiningum í aðdraganda kosninga.

Á næsta leyti fer Stúdentaráð í herferð með það að markmiði að ná til almennings, stúdenta og stjórnvalda. Við viljum gera fólki það ljóst að skrásetningargjaldið sem innheimt er við Háskóla Íslands sé beinlínis fráleitt, og hvað þá hækkun þess sem nú er til umræðu þegar vafi er um að þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu í dag standist lög um opinbera háskóla. Undirfjármögnun háskólastigsins helst í hendur við umræðu um skrásetningargjaldið og því óumflýjanlegt að fjalla um þetta tvennt í einni og sömu herferðinni. Við ætlum að gera stutt og grípandi TikTok-myndbönd með hreyfifrafík ásamt kubbum á Instagram og landingarsíðu með áherslu á „Spurt og svarað“ og flekum með stuttum textum á heimasíðu Stúdentaráðs, greinar og leitast við að fá fjölmiðlaumfjöllun. Vonandi mun tímasetning herferðarinnar hafa áhrif á kosningavitund og -þátttöku þegar þar að kemur.

Auk þess sem að framan er talið eru allir viðburðir á vegum SHÍ, t.a.m. Októberfest, hlekkur í því að fólk kannist við SHÍ og sé þá vonandi líklegra til að kjósa í kosningunum og allt útgefið efni sem hefur fengið umfjöllun í fjölmiðlum eykur sýnileika Stúdentaráðs.

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2022-2023

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

um að Stúdentaráð sendi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð sendi eftirfarandi erindi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta (FS) vegna aðgengismála á Stúdentakjallaranum:

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Stúdentaráð óskar eftir því að stjórn FS taki til skoðunar að byggja/koma fyrir rampi á Stúdentakjallaranum, nánar tiltekið niður í „Gryfjuna“. Rampurinn þarf að hafa burðarþol fyrir rafmagnshjólástóla.

Við höfum fengið þær upplýsingar að slíkur rampur myndi taka nokkra fermetra af gólfplássi í „Gryfjunni“ en teljum við að aðgengi að Stúdentakjallaranum, helsta samkomustað stúdenta vegi þyngra en fjöldi borða og stóla sem kemst fyrir á staðnum.

Vonumst við eftir að FS vilji fara eftir stefnu Heimsmarkmiðana en Heimsmarkmið nr. 10 er aukin jöfnuður:

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annara stöðu.

(Heimsmarkmiðin, e.d.).

Aukið aðgengi verður þá að teljast í takt við gildi FS um góða þjónustu, jákvæða upplifun og stefnu Heimsmarkmiðana um bætt aðgengi fyrir alla að félagslífi.

Þá leggja undirritaðar einnig til að Stúdentaráð þrýsti á Háskóla Íslands vegna opnunartíma bygginga skólans vegna inngangs sem leiðir að lyftu sem fer niður á Stúdentakjallarann. Inngangurinn er einungis opin á opnunartíma Háskóla Íslands og er Stúdentakjallarinn því ekki aðgengilegur utan opnunartíma háskólans.

*Auður Eir Sigurðardóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, oddviti Röskvu*

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

um aukna upplýsingamiðlun til foreldra í námi

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að upplýsingar fyrir foreldra í námi verði gerðar aðgengilegri, bæði við skráningu í nám í sameiginlegri innritunargátt háskólanna sem og eftir að nám hefst, t.d. inn á heimasíðu HÍ.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Í kringum 1/3 stúdenta á Íslandi eru foreldrar. Það er mikið sem þarf að hafa í huga þegar verið er að stofna fjölskyldu og mikið af upplýsingum sem foreldri þurfa að nálgast. Það getur tekið á að leita uppi allar þessar upplýsingar og teljum við því mikilvægt er að þær séu aðgengilegar stúdentum á einföldu formi. Það myndi einfalda verðandi foreldrum og foreldrum í námi að komast að sínum réttindum og hvert þau geta leitað ef eitthvað kemur fyrir. Þeir þættir sem um ræðir snúa að ýmsum úrræðum fyrir foreldra í námi, t.a.m. upplýsingar um fæðingarorlofssjóð, úrræði hjá FS, upplýsingar frá Menntasjóði námsmanna og upplýsingar um leikskólaláss, en listinn er ekki tæmandi.

Við teljum heimasíðu HÍ vera réttan stað fyrir þessar upplýsingar, en flest allar upplýsingar sem snúa að upplýsingaflæði fyrir stúdenta má finna þar.

Mikilvægt er að þessu verkefni verið fundin farvegur í stjórnslu háskólans og það það sé sett í hendur tiltekinna aðila sem geta fylgt því eftir og uppfært eftir því sem upplýsingarnar breytast.

Faney Anna Ómarsdóttir, meðlimur Fjölskyldunefndar SHÍ

Linda Rún Jónsdóttir, meðlimur Fjölskyldunefndar SHÍ

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

um að Stúdentaráð sendi frá sér erindi varðandi Hámu í Sögu og húsi Heilbrigðisvísinda

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi erindi til viðeigandi aðila þar sem lögð er áhersla á að í Sögu og nýju húsi Heilbrigðisvísindasviðs verði tryggt að Félagsstofnun Stúdenta fái rými til að starfrækja Hámu.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Nú stendur yfir vinna við að hanna hvernig Saga mun nýtast í nýju hlutverki sem hús Menntavísinda og sömuleiðis stendur nú yfir vinna við að hanna nýtt hús heilbrigðisvísindasviðs HÍ, sem áætlað er að rísi um mitt ár 2025. Enn er óákveðið hvernig veitingasölu verður háttað í þessum nýju byggingum.

Fulltrúar stúdenta sem komið hafa að undirbúningsvinnunni hafa lagt mikla áherslu á að í Sögu og í húsi heilbrigðisvísinda verði tryggt að FS fái rými til að starfrækja Hámu. Þykir undirrituðum áhersla til þess að skýra þessa afstöðu stúdenta enn frekar með erindi frá Stúdentaráði.

Félagsstofnun Stúdenta (FS) er óhagnaðardrífín sjálfseignarstofnun sett á fót af stúdentum fyrir stúdenta og háskólann. FS leggur þar af leiðandi mikið upp úr því að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er og bjóða upp á hollan mat á eins lágu verði og mögulegt er. Þar að auki fá stúdentar afslátt af mat og kaffi í Hámu. Stúdentar hafa átt í mjög góðu samráði og samvinnu við FS og hefur það meðal annars skilað sér í stóruknu vegan úrvali.

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta að í þessi stóru hús verði tryggt að Félagsstofnun Stúdenta fái rými til að starfrækja Hámu.

*Rebekka Karlsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Auður Eir Sigurðardóttir, sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs
Andri Már Tómasson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs*

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

um bætt námsaðstöðu utan kennslurýma

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir bættu námsrými fyrir hugvísindanema. Þar að auki leggja undirrituð til að stúdentaráð móti skýra stefnu um áherslur stúdenta varðandi aðstöðu í byggingum utan kennslurýma, bæði til náms og samveru.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Námsrými fyrir nemendur á Hugvísindasviði er verulega ábótavant. Bætt námsrými er grundvöllur sterkara námssamfélags sem eykur námsframvindu, félagsleg tengsl og vellíðan stúdenta. Nemendur á Hugvísindasviði hafa aðgang að sérstökum nemendarymum í kjallara aðalbyggingar annars vegar og kjallara Árnagarðs hins vegar. Báðar þessar byggingar loka kl. 18:00 á virkum dögum og eru alveg lokaðar um helgar. Eðlilegt væri ef opnunartími þessara bygginga væri lengri og fyrirkomulagið væri álíka því sem tíðkast í öðrum byggingum háskólans sem hægt er að komast inn í með aðgangskorti.

Nú standa yfir flutningar í nýtt hús íslenskra fræða. Við flutninga rýmkar til í Árnagarði, sem tilvalið væri að nýta til að mæta kröfum stúdenta á Hugvísindasviði um bætt námsrými. Árnagarður þarf, til þess að vera bygging aðgengileg öllum stúdentum, að uppfylla skilyrði um aðgengi hvað varðar hjólastóla eins og aðrar háskólabyggingar. Einnig hvað varðar aðgengi að kynhlutlausri klósettaðstöðu, en mikill skortur er á þeim í Árnagarði, sem Stúdentaráð fordæmir harkalega.

Námsaðstaða fornleifafræðinnar hefur löngum verið bagaleg en Stúdentaráð telur enn fremur nauðsynlegt að komið sé til móts við grunnkröfur fornleifafræðinnar til að geta sinnt kennslu og rannsóknnum að fullnustu. Aðstaða þeirra er bæði of lítil og uppfyllir ekki þau skilyrði sem þarf fyrir þá verklegu kennslu sem á sér stað í fornleifafræðinni.

Hvað varðar aðstöðu nemenda innan háskólans alls væri gagnlegt að hafa skrifborð og geymslurými bæði til lang- og skammtímaleigu. Skiptiborð ætti að vera aðgengilegt í öllum byggingum. Þar að auki hefur Stúdentaráð löngum kallað eftir rými þar sem stúdentar geta komið með börnin sín, eins konar hreiður, þar sem gæfist næði til brjóstagjafar, bleyjuskipta og leiks.

Lilja Reykdal Snorradóttir, sviðsráðsliði
Magnús Orri Aðalsteinsson, stúdentaráðsliði
Rakel Anna Boulter, stúdentaráðsliði

Stúdentaráðsfundur 14. febrúar 2023

- T I L L A G A -

um að skerpa á afstöðu Stúdentaráðs um samgöngur og gjaldskyldu á bílastæðum við HÍ

Undirrituð leggur til að skrifstofa Stúdentaráðs, í samræmi við fulltrúa á þar til bærum vettvöngum, beiti sér áfram fyrir og ítreki við háskólayfirvöld mikilvægi þess að samgöngukort á viðráðanlegu verði bjóðist stúdentum **áður eða samhliða** því að gjaldskylda verður tekin upp á bílastæðum háskólans. Þá skal Stúdentaráð krefjast þess að fá þetta staðfest skriflega frá skólayfirvöldum.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Gjaldtöku á bílastæðum háskólans eru óhjákvæmilegar í uppbyggingu og sóknaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir næstu árin. Ljóst er að borgarlínan muni fara í gegnum háskólasvæðið og þess vegna munu skipulagsbreytingar á háskólasvæðinu taka mið af þeim áformum. Stúdentaráð hefur lagt gífurlega mikla áherslu á eflingu almenningssamgangna eins og kemur fram í stefnu ráðsins.³⁶ Til að koma til móts við stúdenta hefur Stúdentaráð m.a. beitt sér fyrir U-passa, sem er samgöngukort á viðráðanlegu verði fyrir stúdenta.³⁷ Háskólinn hefur sæst á það fyrirkomulag, þ.e. að ekki verði farið í gjaldtöku fyrr en slíkt samgöngukort býðst stúdentum en þetta þarf að fá staðfest skriflega.

Með þessu fyrirkomulagi fá þau sem hafa færi á að nýta sér almenningssamgöngur það á sanngjörnu verði. Stúdentaráð leggur áherslu á að leitað verði lausna og komið til móts við ákveðna hópa sem þurfa frekar að nýta sér bílastæðin, t.a.m. fjölskyldufólk, til að tryggja jafnt aðgengi að námi. Það verður að ítreka að gjaldið á U-passanum haldist hóflegt og að leitað verði leiða til þess að það veiti aðgang að sem flestum samgöngumátum. Þar að auki skal tryggja að ferlið verði gagnsætt og stúdentar upplýstir jafnóðum um stöðu mála. Stúdentaráð telur farsælast að samgöngukort bjóðist stúdentum frá hausti frekar en um áramót.

Rakel Anna Boulter, stúdentaráðsliði

³⁶ Heildarstefna Stúdentaráðs, kafli 8.2 Samgöngumátar, https://student.backend.jldevelopment.is/wp-content/uploads/2022/07/Stefna-Studentarads-Haskola-Islands-fyrir-student.is_.pdf

³⁷ Yfirlýsing Stúdentaráðs um fjármögnun almenningssamgangna og innleiðingu U-passa fyrir stúdenta frá 7. október 2022

Stúdentaráðsfundur 8. mars 2023

- T I L L A G A -

um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta

Stúdentaráð fær 13 fulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og er hér lagt til að þeim þingfulltrúum verði skipt á eftirfarandi máta:

- Skrifstofa Stúdentaráðs: 3 fulltrúar
- Stúdentaráðsliðar: 10 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla. Ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu upp í sína fulltrúa mun SHÍ leitast eftir því að manna sætin með öðrum meðlimum innan Stúdentaráðs sem áhuga hafa.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið **29. mars – 1. apríl** nk. Þar koma aðildarfélög LIÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa. Þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildarfélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa í ár.

Að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er hugsuð til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að þinginu, sem og að tryggja að SHÍ manni öll sætin.

Verði tillagan samþykkt mun skráningarskjal fara í loftið strax í kjölfarið og reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi. Þá er ítrekað að aðalfulltrúar hafa forgang og þar næst á eftir varafulltrúar. Náist hins vegar ekki að manna sætin með aðal- og varafulltrúum geti aðrir sem embætti gegna innan Stúdentaráðs hafa kost á því að skrá sig.

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs 2022-2023

- T I L L A G A -

um formlega aðgerðaáætlun Stúdentaráðs í kosningum til rektors

Lagt er til að verklagi fyrir kosningar til rektors verði bætt við verklagsreglur Stúdentaráðs. Verklagið skal kveða á um hvernig Stúdentaráð skal tryggja að málefni stúdenta hafi vægi í kosningunum og að stúdentum gefist kostur til þess að nálgast frambjóðendum beint. Auk þess skal verklagið skýra hvernig fulltrúar stúdenta í kjörstjórn skulu valdir. Stjórn Stúdentaráðs skal útfæra lokadrög verklags með skrifstofu Stúdentaráðs.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Fram kemur í 6. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands: „Þá eiga atkvæðisrétt allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands við upphaf kjörfundar. Atkvæði starfsmanna skulu samtals vega 70% í kjörinu og atkvæði stúdenta skulu samtals vega 30%.“³⁸ Þar sem rektor starfar í beinu umboði stúdenta þá er mikilvægt að stúdentar nýti það til fulls og geri hugsanlegum rektor það viðvart frá fyrsta degi með því að tryggja vægi málefna stúdenta í kosningabaráttunni.

Undirritaður telur að flestir stúdentar séu ekki meðvitaðir um þetta fyrirkomulag á vali rektors enda er kjörtímabil rektors 5 ár, en oft stunda stúdentar nám í skemmri tíma. Því þykir undirrituðum mikilvægt að komið sé á verklagi sem tryggir stofnanaminni Stúdentaráðs þar sem aðkoma stúdenta að rektorskosningum er útskýrð og eflað ef hægt er.

Samkvæmt reglum fyrir Háskóla Íslands eiga stúdentar einnig tvo fulltrúa í kjörstjórn fyrir kosningar til rektors. Undirrituðum þykir því mikilvægt að verklag í kringum skipan þessara fulltrúa stúdenta sé skýrt. Við gerð þessarar tillögu fannst ekkert um hvernig þessir fulltrúar stúdenta hafi verið valdir og því mætti athuga það betur við gerð verklagsins.

Til þess að tryggja að stúdentar eigi greiðan aðgang að frambjóðendum og að málefni stúdenta heyrir telur undirritaður að stúdentaráð eigi að vera áberandi með kröfur sínar og halda viðburði eins og pallborðsumræður sérstaklega fyrir stúdentum. Á sama tíma telur undirritaður að stúdentaráð gæti jafnræðis milli frambjóðenda og að stúdentaráð skuli ekki taka afstöðu með ákveðnum frambjóðendum.

Undirritaður leggur til að stjórn stúdentaráðs og skrifstofa sjái um að útfæra þetta verklag og bera undir stúdentaráð í kjölfar þess. Vel er hægt er að skoða aðrar leiðir til þess að tryggja stofnanaminni um

³⁸ https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands#6

aðkomu stúdenta að rektorskosningum, teljist það betra. Þó ítrekar undirritaður að jafnvel þótt verklagið sé hugsað til eins árs eru þær oftár en ekki byggðar á verklagi ársins á undan. Þannig getur verklagið virkað sem góð áminning á rektorskosningarnar og að minnsta kosti tryggt að forsvarsfólk stúdenta sé meðvitað um fyrirkomulagið og reynsluna.

S. Maggi Snorrason, Stúdentaráðsliði

VIÐAUKI C - LAGABREYTINGARTILLÖGUR

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A

Vegna: Breytingar vegna kjörstjórnar
Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

Núverandi grein 8. gr.	Breytingartillaga 8. gr.
<p>a. Í Stúdentaráði sitja fyrir hvert sviðsráð að lágmarki 1 fulltrúi og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 1000 nemendur sem þar stunda nám. Fjölgun eða fækkun fulltrúa sviða í Stúdentaráði kemur þó ekki til framkvæmda nema niðurstaðan verði oddatala.</p> <p>b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs fyrir kjörfund ár hvert. Sviðsráðsforseti situr bæði í Stúdentaráði og í sviðsráði.</p> <p>c. Fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs skal endurskoðaður í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár á hverju vormisseri.</p>	<p>a. Í Stúdentaráði sitja nemendur frá hverju fræðasviði og skal fjöldi þeirra vera í samræmi við nemendafjölda. Fyrir hvert svið með 1-3.499 nemendur skulu sitja 3 fulltrúar í Stúdentaráði. Fyrir hvert svið með 3.500-6.999 nemendur skulu sitja 5 fulltrúar í Stúdentaráði. Fyrir hvert svið með fleiri en 7.000 nemendur skulu sitja 7 fulltrúar í Stúdentaráði.</p> <p>b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs fyrir kjörfund ár hvert. Sviðsráðsforseti situr bæði í Stúdentaráði og í sviðsráði.</p> <p>c. Fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs skal endurskoðaður í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár miðað við fjölda nemenda á haustönn. Fjöldi fulltrúa skal tilkynntur Stúdentaráði eigi síðar en 1. desember ár hvert.</p> <p>d. Kjörstjórn er heimilt að taka ákvörðun um að fjöldi Stúdentaráðsliða skuli ekki taka breytingum þrátt fyrir ákvæði d-liðar þessa greinar, sbr. a-liður hennar, liggja veigamikil rök þar að baki. Skal sú ákvörðun rökstutt sérstaklega í tilkynningu Kjörstjórnar til Stúdentaráðs.</p>

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að skýra fjölda stúdentaráðsliða á hverju sviði. Fyrir breytinguna er ekki tryggður lágmarksfjöldi stúdentaráðsliða og fylgir því sú áhætta að minni svið fái færri fulltrúa en þrjá. Þá er með breytingunni gerð skýr mörk á fjölda fulltrúa á hverju sviði. Breytingin miðar einnig að því að tryggja oddatölu í Stúdentaráði og í fulltrúum hvers sviðs svo að ljóst er miðað við fjölda stúdentaráðsliða sem ná kjöri hvaða fylking hefur meirihluta á sviðinu.

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A

Vegna: Breytingar vegna kjörstjórnar

Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

<p>Núverandi grein 31. gr.</p>	<p><i>Breytingartillaga</i> [nr. greinar]</p>
<p>e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Safna skal 10 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina.</p> <p>h. ekki til</p>	<p>e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Safna skal 10 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina. Kjörstjórn má ákveða að stuðningur við framboð sé gerður með rafrænum hætti og skal það auglýst með auglýsingu um framboð.</p> <p>h. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal sjá um að útbúa kjörskrá fyrir hvert fræðasvið í samráði við Nemendaskrá og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kjörfundur hefst. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að koma kjörskrá til Upplýsingatæknisviðs (UTS) ásamt</p>

	öðrum samskiptum við UTS vegna framkvæmda rafrænna kosninga.
--	--

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að skýra heimildir kjörstjórnar til þess á hvaða formi þau óska eftir gögnum. Þá er seinni breytingin gerð þar sem að ekki kom fram í lögum hver bæri ábyrgð á að koma kjörskrá til UTS, en framkvæmdastjóri hefur séð um það.

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A

Vegna: Breytingar vegna kjörstjórnar
Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

Núverandi grein 32. gr.	Breytingartillaga 32. gr.
<p>a. Stúdentaráð kýs fyrir 1. desember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.</p> <p>b. Kjörstjórn er skipuð fjórum einstaklingum, tveir fulltrúar frá hvorri fylkingu. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum</p> <p>c. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem viðkemur kosningum. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmanneskju við</p>	<p>a. Stúdentaráð kýs fyrir 1. nóvember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.</p> <p>b. Kjörstjórn er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju framboði og skal leitast við að fulltrúar frá hverri fylkingu séu ekki af sama kyni. Óheimilt er að skipa aðila sem gegna trúnaðarstörfum hjá framboðunum, eru í hlutverkum innan Stúdentaráðs, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn. Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum. Kjörstjórn skal setja sér verklagsreglur á fyrsta fundi sínum.</p> <p>c. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar,</p>

<p>framkvæmd kosninga og halda atkvæðagreiðslu utan kjörfundar ef ástæða þykir til.</p> <p>d. Kjörstjórn útbýr kjörskrá fyrir hvert fræðasvið og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kosning utan kjörfundar hefst. Kærum vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en kosning utan kjörfundar eða almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs. Ákveði kjörstjórn að kosning utan kjörfundar skuli ekki fara fram, miðast ofangreindir frestir við kjördag.</p> <p>e. Helst eins</p> <p>f. Nýr liður</p> <p>g. Nýr liður</p> <p>h. Helst eins, var g. liður áður</p> <p>i. Helst eins, var h. liður</p> <p>j. Helst eins, var j. liður</p> <p>k. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun, svo sem atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla, rafrænna jafnt sem skriflegra. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kys.</p> <p>l. Gamli f. liður færður hingað.</p>	<p>ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem viðkemur kosningum. Tímasetning kjörfundar skal liggja fyrir og vera auglýst meðal sStúdenta eigi síðar en 1. desember ár hvert. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmanneskju við framkvæmd kosninga.</p> <p>d. Framboð eiga rétt á að fá aðgang aðgang að kjörskrá, en þó ekki fyrr en að gildu framboði hefur verið skilað til kjörstjórnar. Einungis skal afhenda kjörskrá gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar. Kærum vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi einni viku áður en almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs</p> <p>e. Helst eins</p> <p>f. Framboð skulu tilnefna umboðsaðila sinn samhliða staðfestingu á framboði og skal sá aðili vera helsti tengiliður framboða við kjörstjórn. Umboðsaðila þessum er heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn og skal hafa aðgang að fundargerðum kjörstjórnar. Kjörstjórn skal leitast við að halda góðu upplýsingaflæði til framboðanna í gegnum umboðsaðilann, sem ber svo ábyrgð á því að upplýsa sitt framboð.</p> <p>g. Opnunartími kjörstaða skal auglýstur samhliða auglýsingu eftir framboðum, en opnunartíminn skal jafnframt auglýstur viku fyrir fyrri kjördag og báða kjördaga.</p> <p>h. Helst eins, var g. liður</p> <p>i. Helst eins, var h. liður</p> <p>j. Helst eins, var j. liður</p> <p>k. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kys.</p>
--	---

	1. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.
--	---

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Breytingin sem hér er lögð til miðar að nokkrum markmiðum.

Sú fyrsta snýst um að kjósa kjörstjórn fyrir svo að hún geti tekið fyrir til starfa. Tímasetningin er í takt við aðrar breytingar á tímasetningum í lögnum.

Önnur breytingin snýr að því að tryggja að fulltrúar í kjörstjórn taki ekki þátt í störfum Stúdentaráðs það árið sem þau sitja í kjörstjórn sem og að stuðla að því að fulltrúarnir séu ekki af sama kyni.

Þriðja breytingin snýst um tímamörk sem kjörstjórn hefur til að ákveða kjördaga. Ekki hafa þessi tímamörk verið lögbundin en teljum við að það sé nauðsynlegt til að tryggja fyrirsjáanleika í störfum Stúdentaráðs og fylkinganna.

Fjórða breytingin snýr að því að tryggja að kjörskrá sé ekki afhent fyrir en að framboð hafi skilað öllum gögnum. Er breytingin lögð fram þar sem að kjörskrá inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar og mikilvægt er að hún sé einungis afhent framboðum sem geta sýnt fram á að þau ætli að bjóða fram.

Fimmta breytingin er nýlenda í lögum Stúdentaráðs en hún snýr að því að framboð tilnefni sér umboðsaðila. Telja tillöguberar að umboðsaðili sé rétt skref í átt að betra upplýsingaflæði milli kjörstjórnar og framboða og að með því að skipa einn aðila frá hverju framboði til að sinna þessu hlutverki sé auðveldara fyrir kjörstjórn að miðla upplýsingum með tryggum hætti.

Sjötta breyting snýr að því að tryggja að opnunartími kjörstaða sé tilkynntur sem allra fyrst.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Breytingar vegna kjörstjórnar
Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

Núverandi grein 33. gr.	Breytingartillaga 33. gr.
<p>a. Helst eins</p> <p>b. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.</p> <p>c. Verður iv. liður í b. lið (var c. liður) helst eins</p> <p>d. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu</p>	<p>a. Helst eins</p> <p>b. Frambjóðendur og aðrir sem tengjast framboðunum skulu koma fram að virðingu og heiðarleika í kosningabaráttu sinni. Þeim er ekki heimilt að vera með áróður í byggingum skólans á kjördögum.</p> <p>i. Kjörstjórn skal setja frekari reglur um það hvað framboðunum er heimilt í samskiptum við kjósendur og önnur framboð í aðdraganda kosninga og hvaða afleiðingar brot á þeim reglum hafa í för með sér. Reglur þessar skulu staðfestar af Stúdentaráði og birtar á heimasíðu Stúdentaráðs.</p> <p>ii. Kjörstjórn skal funda með fulltrúum framboðanna og fara yfir reglur þessar. Fulltrúar frá framboðunum skulu skrifa undir drengskaparheit þess efnis að þau muni fylgja reglunum og séu meðvituð um afleiðingarnar séu þær brotnar. Undirskrift þessi er skilyrði fyrir framboði í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs.</p> <p>iii. Brjóti framboð gegn þessum reglum eða lögum Stúdentaráðs skulu</p>

<p>áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir.</p> <p>e. Var e. liður - taka út f. Var f. liður - taka út g. Var g. liður - taka út h. Var h. liður - taka út i. Verður g. liður (var i. liður) helst eins</p>	<p>kjörstjórnarfulltrúar bregðast við með skriflegri áminningu.</p> <p>Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum.</p> <p>iv. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærunefndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst. Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag.</p> <p>c. Færa í iv. málsgrein b. liðar d. Engin breyting e. Taka út f. Taka út g. Taka út h. Taka út i. Engin breyting</p>
--	--

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Breytingin sem hér er lögð til miðar annars vegar að því að veita kjörstjórn heimild til að bregðast við kvörtunum sem snúa að framboðum í kosningum og hins vegar að því að afmá úr lögum þessum kjörstaði í skólanum þar sem að kjörstaður er á Uglu.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Gæðanefndar sem hefur verið lögð niður

Flutningsaðilar: Rebekka Karlsdóttir

Núverandi grein 21. grein – Skipan í nefndir Háskólaráðs	<i>Breytingartillaga</i> 21. grein – Skipan í nefndir Háskólaráðs
<ul style="list-style-type: none"> a. Helst eins b. Helst eins c. Helst eins d. Helst eins e. Helst eins f. Fellur út g. Helst eins, var g. liður áður h. Helst eins, var h. liður i. Helst eins, var i. liður j. Helst eins, var j. liður k. Helst eins, var k. liður 	<ul style="list-style-type: none"> a. Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs. Sé ekki tilgreint sérstaklega hvaða embætti tekur sæti í nefnd, skal auglýst meðal háskólanema laust pláss og Stúdentaráð skal kjósa á fundi sínum fulltrúa í nefnd. b. Forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar. c. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ skal sitja fundi umhverfis- og sjálfbærninefndar. d. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Háskólaráðs skal vera forseti Kennslumálanefndar SHÍ á skipunartíma hans. e. Skipaður skal fulltrúi í vísindanefnd Háskólaráðs eftir tilnefningu FEDON, félags doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands. f. Auglýst skal eftir fulltrúa í ráð um málefni fatlaðs fólks. g. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólaráðs. h. Auglýst skal eftir fulltrúa í málnefnd. i. Auglýst skal eftir áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd.

RÖKSTUÐNINGUR

Breyting er lögð til vegna þess að gæðanefnd háskólaráðs hefur verið lögð niður. Í staðinn mun hefja störf stefnu- og gæðaráð, sem flokkast ekki sem „nefnd háskólaráðs” og á því ekki heima undir þessari grein. Sjá samhliða tillögu um nýjan xi. lið a. liðar 7. gr.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Skipunar í fulltrúaráð LÍS og skipunar í nýtt gæða- og stefnuráð, tilnefningar fulltrúa á Háskólaþingi og skipun í Stúdentaráð Aurora

Flutningsaðilar: Rebekka Karlsdóttir

Núverandi grein 7. gr.	Breytingartillaga 7. gr.
<p>a. Helst eins</p> <p>i. Helst eins</p> <p>ii. Helst eins</p> <p>iii. Helst eins</p> <p>iv. Helst eins</p> <p>v. Helst eins</p> <p>vi. Helst eins</p> <p>vii. Helst eins</p> <p>viii. Helst eins</p> <p>ix. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu kjörnir 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og fjórir til vara. Það skal gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks.</p> <p>x. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs.</p>	<p>a. Helst eins</p> <p>i. Helst eins</p> <p>ii. Helst eins</p> <p>iii. Helst eins</p> <p>iv. Helst eins</p> <p>v. Helst eins</p> <p>vi. Helst eins</p> <p>vii. Helst eins</p> <p>viii. Helst eins</p> <p>ix. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu kjörnir 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og sjö til vara. Það skal gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks.</p> <p>x. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs og skulu</p>

<p>Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Segi fulltrúi af sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varafulltrúi sæti þess varafulltrúa sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli.</p> <p>xi. Nýr liður</p> <p>b. Helst eins</p> <p>c. Helst eins</p> <p>d. Helst eins</p> <p>e. Stúdentaráð á tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs.</p>	<p>þeir valdir úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestir af stjórn SHÍ.</p> <p>xi. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í kennslu- og gæðaráði Háskóla Íslands. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs og skulu þeir valdir úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestir af stjórn SHÍ. Í fyrsta sinn sem skipað er í nýtt stefnu- og gæðaráð skal varaforseti taka sæti til eins árs í stað fyrrum forseta.</p> <p>b. Helst eins</p> <p>c. Helst eins</p> <p>d. Helst eins</p> <p>e. Stúdentaráð á tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal koma úr röðum Stúdentaráðsliða og vera kjörinn á kjörfundi en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs.</p>
---	--

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Varðandi breytingu á ix. lið: Þegar fulltrúar Stúdentaráðs á Háskólaþing eru kosnir á kjörfundi skv. ákvæðinu liggja dagsetningar háskólaþings ekki fyrir. Þetta gerir það að verkum að erfitt getur verið að manna sæti Stúdentaráðs á þinginu vegna forfalla. Þessi breytingartillaga er lögð til til þess að fleiri varafulltrúar séu til taks svo að hægt sé að tryggja að öll sæti stúdentaráðs á þinginu séu örugglega nýtt.

Varðandi breytingu á x. lið: Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að efla betur tengingu skrifstofu Stúdentaráðs við fulltrúaráð LÍS. Á sama tíma og það er jákvætt að halda fléttufyrirkomulaginu til þess að halda inni þekkingu á milli ára þá er ekki sjálfsagt að fyrrum forseti á sínu seinna ári í fulltrúaráði LÍS hafi alltaf tók á að mæta á fundi eða aðra viðburði sem tengjast LÍS eða setunni í fulltrúaráði, s.s. samráðsfundi stúdentaráðs með ráðherra. Telur flutningsaðili tillögunnar því af reynslunni í ár vera þörf á því að breyta því hvernig varafulltrúar eru skipaðir. Til þess að ná því

markmiði um að reynslan haldist inni er mikilvægt að fulltrúar SHÍ hjá LÍS séu alltaf vel inn í málunum og er hægt að tryggja slíkt með því að skipa varafulltrúana úr hópi starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs.

Varðandi nýjan xi. lið: Gæðanefnd háskólaráðs hefur verið lögð niður og í staðinn hefur verið stofnað Stefnu- og gæðaráð Háskóla Íslands. Stefnu- og gæðaráð rýnir umgjörð stefnuinnleiðingar og gæðakerfi HÍ, tryggir skilvirkni og þróun starfseminnar og að hún sé í takt við markmið og stefnu skólans. Rektor er formaður stefnu- og gæðaráðs en í ráðinu sitja auk hans aðstoðarektorar, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnýslu, forsetar fræðasviða, miðlægir sviðsstjórar og fulltrúar nemenda.

Lagt er til að komið verið á fléttufyrirkomulagi í skipun í þessa nefnd til þess að tryggja stofnanaminni. Telur tillöguberi það eðlilegt í ljósi þess að stefnu- og gæðaráðið samanstendur af helstu stjórnendateymum skólans og er mikilvægt að fulltrúar Stúdenta hafi góða yfirsýn yfir helstu áherslumál stúdenta.

Varðandi breytingu á e. lið: Breytingin sem lögð er til er miðuð að því að efla þátttöku SHÍ í Stúdentaráði Aurora með því að gefa áhugasömum stúdentaráðsliðum tækifæri á að bjóða sig fram í ráðið, frekar en að starfsfólk skrifstofunnar fylli bæði sætin.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Skipta í fastanefndum Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Rebekka Karlsdóttir

Núverandi grein <i>b. liður 19. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b. liður 19. gr.</i>
<p>b. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs. Þá eiga þeir rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p>	<p>b. Kosið skal um forseta nefnda á kjörfundi Stúdentaráðs og skulu Stúdentaráðsliðar hafa forgang til forsætis. Þá eiga þeir rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.</p>
Núverandi grein <i>a. liður 20. gr.</i>	Breytingartillaga <i>a. liður 20. gr.</i>
<p>a. Fastanefndir Stúdentaráðs skulu kjósa sér forseta á fyrsta fundi sínum sem skal halda innan 6 vikna frá kjörfundi. Fundurinn skal vera tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs.</p>	<p>Frá kjörfundi, sbr. 6. gr. og fram að skiptafundi skulu fráfaramandi nefndarmeðlimir leggja sig fram við að setja nýkjörna inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Í upphafi starfsárs skal varaforseti funda með nýrri nefnd.</p>

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að einfalda fastanefndum að hefja störf. Samkvæmt núgildandi a. lið 20. gr. skulu fastanefndir Stúdentaráðs kjósa sér forseta á sínum fyrsta fundi. Sú kosning er hins vegar í raun og veru bara formsatriði þar sem að Stúdentaráð er búið að kjósa forseta nefnda á kjörfundi sínum. Þetta hefur gert það að verkum að þangað til að nefndin nær að koma öll saman (sem hefur oft dregist inn í sumarið v. vorprófa og skipta á skrifstofu Stúdentaráðs) er forseti ekki kominn með formlegt umboð til að sinna því hlutverki og „hand-over-ið“ á sér því oft ekki stað fyrir

en alltof seint eða bara alls ekki. Með þessari breytingu er forseti kominn með umboð sitt strax eftir kjörfund og þá getur tímabilið frá kjörfundi að skiptafundi nýst betur fyrir aðlögun.

Seinni tillagan er lögð fram til að samræma hvernig skipti fara fram í sviðsráðum og nefndum. Með þessari breytingu er orðalagið eins og í c. lið 17. gr.. Einnig er lagt til að tekið verði út ákvæðið um að varaforseti boði fyrsta fund nefnda og það innan 6 vikna. Það hefur reynst erfitt í framkvæmd og hefur tafið það að nefndir geti hafið störf.

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Fjölda Stúdentaráðsfunda

Flutningsaðilar: Rebekka Karlsdóttir

Núverandi grein <i>11. gr.</i>	Breytingartillaga <i>11. gr.</i>
<p>a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.</p> <p>b. Helst eins</p> <p>c. Helst eins</p> <p>d. Helst eins</p> <p>e. Helst eins</p>	<p>a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 9 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.</p> <p>b. Helst eins</p> <p>c. Helst eins</p> <p>d. Helst eins</p> <p>e. Helst eins</p>

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Þessi breyting er lögð til til þess að gefa Stúdentaráði svigrúm til þess að taka frí frá fundarhaldi yfir hásumarið. Séu kjörfundur og skiptafundur ekki taldir með þarf Stúdentaráð að funda í hverjum mánuði til þess að ná upp í lágmarkskröfuna sem kemur fram í núverandi grein um að lágmarki 10 fundi á ári. Tillöguberi telur eðlilegt að Stúdentaráð hafi möguleikann á að sleppa því að funda í júlí, enda er oft lítið um að vera á þeim tíma í málefnum stúdenta, þá eru margir stúdentaráðsliðar í sumarfríum og dreifðir um landið allt og getur reynst erfitt að kalla saman fund. Þar að auki er almennt venjan að Stúdentaráð fari saman í stefnumótunarferð í júlí og því ekki óeðlilegt að gefa í staðinn „frí“ frá eiginlegum Stúdentaráðsfundi í staðinn. Tíðkast almennt að hin ýmsu ráð taki frí frá fundum yfir sumarið, t.a.m. Borgarstjórn og Alþingi.

Vert er að taka það fram að verði þessi breytingartillaga samþykkt er Stúdentaráði samt sem áður heimilt að funda oftár, lágmarkskrafan er bara minnkuð.

Stúdentaráðsfundur 19. janúar 2023

L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A

Vegna: a. liðar 4. gr.

Flutningsaðilar: Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ

Núverandi grein <i>4. gr.</i>	Breytingartillaga <i>4. gr.</i>
a. Starfstími Stúdentaráðs miðast við skiptafund ár hvert, sem skal haldinn á næstu tveimur vikum eftir hefðbundin vormisserispróf. Reikningar ráðsins miðast við 1. júní og skulu yfirfarnir af löggiltum endurskoðanda.	a. Starfstími Stúdentaráðs miðast við skiptafund ár hvert, sem skal haldinn á næstu tveimur vikum eftir hefðbundin vormisserispróf. Ársreikningur ráðsins miðast við 1. júní og skal vera yfirfarinn af skoðunarmanni.

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Aðkoma löggilds endurskoðanda að ársreikningi SHÍ er óþörf samkvæmt íslenskum lögum um ársreikninga og því legg ég til að þetta verði tekið úr lögum SHÍ þar sem þessi þjónusta er kostnaðarsöm.

Stúdentaráðsfundur 8. mars 2023

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Breytingar vegna jafnréttisnefndar

Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

<p>Núverandi grein 7. gr.</p>	<p><i>Breytingartillaga</i> 7. gr.</p>
<p>a. liður v. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi.</p> <p>vii. Ný grein</p> <p>ATH. allar greinar að neðan færast niður um eitt</p> <p>viii. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra fulltrúa. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að vori.</p>	<p>a. liður v. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi.</p> <p>vii. Í jafnréttisnefnd skulu kjörnir fimm einstaklingar, einn af hverju sviði, og skulu þeir kjörnir á kjörfundi. Forseti nefndarinnar skal vera hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í jafnréttisnefndum fræðasviðanna.</p> <p>viii. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra fulltrúa. Auglýsa skal</p>

<p>ix. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra fulltrúa í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar.</p> <p>b. liður Forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs.</p>	<p>laus pláss meðal nemenda Háskólans að hausti.</p> <p>ix. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra fulltrúa í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar og jafnréttisnefnd þar sem hagsmunafulltrúi situr sem forseti nefndar.</p> <p>b. liður Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sem forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs.</p>
--	--

R Ö K S T U Þ N I N G U R

Þessi breyting er lögð til til þess að styrkja starfsemi jafnréttisnefndar Stúdentaráðs. Breyting þessi er ekki einsdæmi en svipuð breyting var gerð á kennslumálanefnd Stúdentaráðs fyrir 2 starfsárum. Sú breyting hefur haft mjög jákvæð áhrif og hefur tenging kennslumálanefndar inn á fræðasviðin eflst. Markmið breytingar þessarar er að efla þessi tengsl á sviði jafnréttis, en með núverandi fyrirkomulagi jafnréttisnefndar og skipunar í jafnréttisnefndir fræðasviðanna getur verið lítil sem engin tenging milli aðilanna sem sinna þessum stöðum. Við teljum að þessi breyting sé skref í rétta átt til að efla og samþætta jafnréttisbaráttu stúdenta í Háskóla Íslands.

Þá leggjum við til að hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs sé forseti nefndarinnar. Það er lagt til þar sem að nefndin starfar náið með hagsmunafulltrúa og eru verkefni nefndarinnar á starfssviði hagsmunafulltrúa. Þá er hagsmunafulltrúi í launuðu starfi sem veitir þann sveigjanleika að gera sinnt stöðunni og sitað fundi þegar stúdentafulltrúar í nefndinni eru í skólanum. Þessi breyting er lögð fram sem bráðabirgðaákvæði til eins árs og verður því endurskoðuð að ári liðnu verði hún samþykkt.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Breytingar vegna jafnréttisnefndar

Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

Núverandi grein <i>21. gr.</i>	Breytingartillaga <i>21. gr.</i>
b. liður Forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar.	b. liður Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sem forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar.

RÖKSTUÐNINGUR

Breyting þessi helst í hendur við þá breytingu sem lögð er til hér að ofan.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Breytingar vegna nýrra tíma
Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

Núverandi grein 25. gr.	Breytingartillaga 25. gr.
<p>a. liður Stúdentaráð skal ráða eða kjósa starfsfólk samkvæmt töluliðum i-vi þessarar greinar til að annast daglega framkvæmd ráðsins á skrifstofu Stúdentaráðs. Þar skulu nemendur og kennarar Háskóla Íslands eiga aðgang að lögum og reglugerðum Háskólans, einstakra deild og sviða. Skrifstofan samanstendur af:</p>	<p>a. liður Stúdentaráð skal ráða eða kjósa starfsfólk samkvæmt töluliðum i-vi þessarar greinar til að annast daglega framkvæmd ráðsins á skrifstofu Stúdentaráðs. Þar skulu nemendur og kennarar Háskóla Íslands eiga aðgang að lögum og reglugerðum Háskólans, einstakra deild og sviða. Skrifstofan samanstendur af:</p>

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að taka þetta út í ljósi nýrra tíma, þ.e. að lög og reglugerðir háskólans eru nú aðgengileg öllum nemendum og kennurum á netinu og því ekki þörf á að hafa ákvæði í lögum þess efnis.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Breytingar vegna hagsmunaskrár
Flutningsaðilar: Lagabreytinganefnd

Núverandi grein 37. gr.	Breytingartillaga 37. gr.
<p>c. liður Upplýsingaskylda felur í sér að tilgreina</p> <p>v. Hvaða flokka og/eða félagasamtök fulltrúi hefur starfað fyrir.</p> <p>vi. Hvort aðild og/eða þátttaka var ólaunuð eða launuð.</p> <p>vii. Sæti á lista, titill embættis og/eða starfsheiti.</p>	<p>c. liður Upplýsingaskylda felur í sér að tilgreina eftirfarandi störf. Taka skal fram hvort hvort aðild/og eða þátttaka var ólaunuð eða launuð og sæti á lista, titill embættis og/eða starfsheiti eftir því sem við á:</p> <p>v. Önnur þátttaka í starfi flokka og/eða félagasamtaka.</p> <p>vi. Hvort aðild og/eða þátttaka var ólaunuð eða launuð.</p> <p>vii. Sæti á lista, titill embættis og/eða starfsheiti.</p>

RÖKSTUÐNINGUR

Breyting þessi er lögð til til þess að skýra betur hvernig hagsmunaskráningin skal fara fram, ekki er lögð til efnisleg breyting.

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: Grænfánanefnd, undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar
Flutningsaðilar: Dagmar Óladóttir og S. Maggi Snorrason

Núverandi grein <i>[Ný grein og því ekki til í lögnum]</i>	Breytingartillaga <i>[1. másl. ix. tl. a. liðar 19. gr.]</i>
<p>Á ekki við.</p>	<p>Grænfánanefnd er undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar. Nefndinni er ætlað að beita sér í umhverfis- og loftslagsmálum ásamt því að vinna með starfsfólki skólans að verkefnum tengdum Grænfána. Meðlimur Umhverfis- og samgöngunefndar skal fara fyrir nefndinni en að öðru leyti skal öllum stúdentum gert kleift að sækja um setu í nefndinni.</p>

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að dreifa hinu mikla álagi sem hvílir á Umhverfis- og samgöngunefnd. Verkefni nefndarinnar eru mörg og flókin og með því að stofna formlega undirnefnd sem getur starfað sjálfstætt er tryggt að þessi mikilvægi málaflökur gleymist ekki.

Síðustu tvö ár hefur Stúdentaráð samþykkt tillögur þess efnis að Grænfánanefnd fái að starfa og hefur það reynst mikið gæfuspor. Nefndirnar hafa staðið sig vel og tryggt að umhverfis- og loftslagsmálum sé alltaf gert hátt undir höfði. Að frumkvæði nefndarinnar hefur vinna við Grænfánamál verið unnin á vandvirkan hátt og skilað Háskólanum Grænfánum án vandkvæða.

Ástæða þess að við teljum það skref í rétta átt að festa störf Grænfánanefndar í sessi í lögum Stúdentaráðs er sú að vel hefur gengið hingað til og við viljum halda vinnunni áfram. Líkt og áður hefur komið fram er starfssvið Umhverfis- og samgöngunefndar vítt og verkefni ótalmörg. Um er að ræða tvo stóra málaflökka sem skarast. Annars vegar samgöngu- og skipulagsmál og hins vegar umhverfis- og loftslagsmál. Með því að skipa undirnefnd sem sér að miklu leyti um umhverfis- og loftslagsmál er hægt að veita þeim aukna og mjög þarfa athygli. Einnig fá verkefni á borð við Grænfánann og Loftslagsverkföllin betri aðhlyningu. Meginnefndin getur þá einnig beitt sér enn betur í uppbyggingar-

, samgöngu- og skipulagsmálum en á komandi árum má búast við að aðhald stúdenta í þeim málaflokkum verði gríðarlega mikilvægt vegna yfirstandandi húsnæðisskorts, bílastæðaáforma, tilkomu borgarlínu og áætlana um uppbyggingu innan háskólasvæðisins.

Grænánanefnd skal starfa í nánu sambandi við Umhverfis- og samgöngunefnd. Forseti nefndarinnar situr í Umhverfis- og samgöngunefnd sem loftslagsfulltrúi og tryggir að flæði samskipta milli nefndanna sé gott.

VIÐAUKI D - VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS, STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU

1 STÚDENTARÁÐ

1.1 Hlutverk Stúdentaráðs skv. lögum

Í Stúdentaráði sitja 17 fulltrúar sem eru kjörnir á vormisseri ári hverju í stúdentaráðskosningum meðal allra stúdenta við Háskóla Íslands. Fulltrúar í Stúdentaráði 2022-2023 eru 17 samtals og eru ákvarðaðir í samræmi við fjölda nemenda á fræðasviðunum. Nú eru 3 fulltrúar frá hverju sviði að undanskildu Félagsvísindasviði sem hefur 5 fulltrúa.

Stúdentaráð er með æðsta ákvörðunarvald af einingum SHÍ. Starfstími ráðsins miðast við skiptafund ár hvert og eru Stúdentaráðsliðar kjörnir árlega í almennum kosningum meðal allra skráðra stúdenta við HÍ.

Um störf Stúdentaráðs gilda verklagsreglur samkvæmt lögum ráðsins. Stúdentaráð skal einnig setja sér siða- og jafnréttisreglur sem fara skal með eins og verklagsreglur ráðsins skv. 38. gr. laga Stúdentaráðs.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar á Stúdentaráðsfundi þann 22. júní 2022 og uppfærðar 21. september 2022 og gilda fyrir starfsárið 2022-2023.

1.2 Verklagsreglur Stúdentaráðs

1.2.1 Stúdentaráðsliðar

Sérhver Stúdentaráðsliði er ábyrgur fyrir því að kynna sér þau öll þau gögn, lög, verklagsreglur, leiðbeiningar og skýrslur um hagsmuni stúdenta sem liggja fyrir í upphafi starfsárs og í gegnum starfsárið. Stúdentaráðsliðum ber skylda á að mæta á fundi ráðsins, kynna sér gögn og taka virkan þátt í fundarstarfsemi SHÍ sem og á milli funda.

Stúdentaráðsliðar skulu kynna sér handbók ráðsins, [lög ráðsins](#), [stefnu þess](#), verklagsreglur þessar og [stefnu Háskóla Íslands](#). Umfram það skulu Stúdentaráðsliðar þekkja til [laga](#) og [reglna](#) Landssamtaka íslenskra Stúdenta og [stefnu](#) samtakanna.

Stúdentaráðsliði skal mæta á fundi en skyldi hann forfallast skal boða löggiltan varafulltrúa fyrir fund og greina forseta Stúdentaráðs frá því tímanlega. Ásamt því skal veita varafulltrúanum aðgang að öllum fundargögnum. Stúdentaráðsliðar hafa fullan þátttökurétt við afgreiðslu mála innan ráðsins. Stúdentaráðsliðar sinna vinnu sinni af heilindum og í samræmi við stefnur og lög SHÍ.

Stúdentaráðsliðar ættu að hafa eftirfarandi í huga á fundum ráðsins:

- Að búa sig sem best undir þátttöku á fundinum.
- Að mæta stundvíslega, áður en fundur hefst formlega.
- Að fylgjast með störfum fundarins og forðast óþarfa ráp á meðan fundurinn stendur yfir.
- Að trufla ekki fund með fram í köllum.
- Að virða fundarstjórn og mælendaskrá.
- Að fylgja fundarsköpum Stúdentaráðs skv. lögum ráðsins og 6. kafla þessara reglna.
- Að kynna sér efni þessara reglna og fylgja þeim í hvívetna.

1.2.2 Varafulltrúi

Sérhver aðalfulltrúi í Stúdentaráði tilnefnir einn varafulltrúa fyrir sig á kjörfundi. Varafulltrúi verður að vera á sama sviði og aðalfulltrúi og má ekki vera annar aðalfulltrúi í ráðinu.

Varafulltrúar fá alltaf fundarboð og öll fundargögn fyrir alla fundi. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins en fá aðeins atkvæðisrétt þegar þeir mæta í stað aðalfulltrúa.

1.2.3 Ritari Stúdentaráðs

Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari Stúdentaráðs í samræmi við lög ráðsins. Sá einstaklingur ritar einnig fundargerðir stjórnar Stúdentaráðs.

Fundargerðir Stúdentaráðs eru samþykktar í upphafi hvers fundar. Hægt er að senda inn athugasemdir við fundargerðir fyrir hvern fund og eru þær þá teknar fyrir á fundinum, en einnig er hægt að bera upp athugasemdir á fundinum þegar fundargerðin er tekin fyrir. Samþykktar fundargerðir eru birtar á vef Stúdentaráðs, student.is, og eru opnar öllum.

Fundaraðilar sem bóka eða leggja fram tillögur á fundum ráðsins skulu skila þeim til fundarritara fyrir fundarlok og skulu eftir fundarlok staðfesta staðsetningu þeirra í fundargerð hjá ritara áður en fulltrúinn yfirgefur fund.

2 SVIÐSRÁÐ

2.1 Hlutverk sviðsráða skv. lögum Stúdentaráðs

Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Ef upp kemur málefnalegur og persónulegur ágreiningur innan sviðsráðs, þá má bera það undir skrifstofu Stúdentaráðs. Fulltrúar sviðsráðs hafa málfrelsis og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

2.2 Verklagsreglur sviðsráða

2.2.1 Fundir sviðsráðs

Sviðsráð skulu setja sér nánari verklagsreglur í upphafi hvers árs og skulu þær vera birtar á student.is. Verklagsreglur þessar eru aðeins lágmarksreglur fyrir störf hvers sviðsráðs.

Sviðsráð skulu í upphafi starfs síns einnig setja sér stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs að svo miklu leyti sem hægt er.

Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi ráðsins. Á fundum ráðsins hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt. Við atkvæðagreiðslu á fundum sviðsráðs hefur hver fulltrúi eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

2.2.2 Skiptafundur

Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar Stúdentaráðs skal fráfaramandi sviðsráð fara yfir störf ráðsins á liðnu starfsári og kynna nýtt ráð fyrir störfum þess. Starfstími sviðsráðs miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Sviðsráð skal í kjölfar kjörfundar Stúdentaráðs halda sérstakan skiptafund þar sem fráfaramandi og nýtt sviðsráð koma saman. Á þessum skiptafundi tilnefnir fráfaramandi sviðsráð nýjan forseta eða óskar eftir tilnefningum. Nýtt sviðsráð kys forseta og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Kosið skal um ritara sviðsráðs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu önnur embætti innan ráðsins skal einnig kjósa í þau.

Verklagsreglur skulu kynntar sviðsráðmeðlimum á skiptafundi ráðsins og teknar til endurskoðunar og umræðna af nýju sviðsráði. Fráfaramandi forseti gerir grein fyrir ársskýrslu sviðsráðs og eru fráfaramandi fulltrúar sviðsráðs ábyrgir fyrir því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og stöðu mála á vegum sviðsráðs. Fráfaramandi forseti ber ábyrgð á að koma öllum nauðsynlegum gögnum til nýs sviðsráðs.

2.2.3 Forseti sviðsráðs

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Heimilt er að boða fund með styttri fyrirvara ef nauðsyn ber til og allir meðlimir sviðsráðsins samþykkja að svo sé gert. Forseti ber ábyrgð á fundargögnum, sem fylgja með fundarboði. Forseti stýrir fundum ráðsins en ef hann forfallast ber ritara sviðsráðs að stýra fundi.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og ber ábyrgð á því að upplýsa sviðsráð sitt um það sem fer þar fram og skal það gert í upphafi hvers fundar.

Forseti ber ábyrgð á stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs og að henni sé framfylgt. Hann er ábyrgur fyrir útdelingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í gangi í hvert sinn. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu sviðsráðs sem skal gerð í samráði við forseta Stúdentaráðs og skila í ársskýrslu Stúdentaráðs.

2.2.4 Ritari sviðsráðs

Ritari ritar fundargerðir sviðsráðs og er ábyrgur fyrir því að gera þær aðgengilegar fyrir alla fulltrúa ráðsins.

2.2.5 Annað

Sviðsráð skal halda opinn upplýsingafund fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.

Þá skulu sviðsráðsforsetar eða viðeigandi fulltrúar innan sviðsráðsins halda samráðsfundi með formönnum nemendafélaga hverja skólaönn. Á samráðsfundum þessum skal leita álits nemendafélaga á hinum ýmsu hagsmunamálum stúdenta. Á þessum fundum skal gæta að hagsmunafulltrúi hvers nemendafélags eða, í tilfellum sem það á ekki við, deildarfulltrúi nemenda, sé viðstaddur. Þetta skal hvetja til aukins samstarfs milli sviðsráðanna og nemendafélaganna.

Meðlimir sviðsráðsins skulu eftir fremsta megni halda samskiptum sínum á faglegum nótum og fylgja siðareglum Stúdentaráðs í hvívetna.

Sviðsráð ber ábyrgð á því að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ og ráðið sjálf fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Aðrar verklagsreglur hér eftir eiga jafnt um sviðsráðsmeðlimi sem stúdentaráðsliða.

3 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Stjórn Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal birta í verklagsreglum þessum.

Inngangur

Stjórn Stúdentaráðs er skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stýrir stjórnarfundum. Það er á ábyrgð forseta að boða til stjórnarfunda og dreifa fundargögnum til fundarmanna. Oddvitar fylkinga Stúdentaráðs ásamt fulltrúa FEDON hafa áheyrnarrétt á stjórnarfundum.

Stjórn Stúdentaráðs skal setja sér verklagsreglur samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Verklagsreglur þessar voru samþykktar af stjórn þann 9. júní 2022 og gilda fyrir starfsárið 2022-2023.

I. Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:

1.1 Heimild stjórnar til atkvæðagreiðslna og ákvarðanatöku

Stjórn ber að taka fyrir og annast framkvæmd ályktana eða tillagna sem Stúdentaráð samþykkir. Stjórn er heimilt að taka ákvarðanir og afgreiða mál innan þeirra marka sem Stúdentaráð ákveður hverju sinni.

Samkvæmt lögum ráðsins fer stjórn með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Til þess að dagleg hagsmunabarátta geti farið fram með skilvirkum hætti skal stjórn hafa svigrúm til ákvarðanatöku óháð umræðum eða afgreiðslum Stúdentaráðsfunda í undantekningartilvikum. Við þá vinnu setur stjórn sér eftirfarandi verklag:

- Útgjöld eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem munu kosta ráðið fé skulu lagðar fyrir stjórn, nema að gert sé ráð fyrir kostnaðinum í samþykktari fjárhagsáætlun. Séu útgjöld eða kostnaður óvenjulegur miðað við ársreikning fyrri ára eða stjórn telur að öðru leyti þörf á, skal leggja útgjöldin fyrir Stúdentaráð.
- Stjórn getur tekið nauðsynlegar ákvarðanir til að daglegur rekstur og hagsmunabarátta Stúdentaráðs staðni ekki og skal haga ákvörðunum stjórnar þannig að Stúdentaráð komi að ferli mála með eins ríkum hætti og kostur er.
- Það skal upplýsa stjórn um smávægilegar hagræðingar á rekstri ráðsins, sparnað á fé eða auknar tekjur ráðsins.

Stjórn Stúdentaráðs skal fara eftir verklagsreglum Stúdentaráðs og skal sérstaklega gæta að því ef þær ganga lengra en verklagsreglur þessar.

Stjórn Stúdentaráðs skal koma að ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs eftir lögum og verklagsreglum ráðsins. Stjórn skal gæta trúnaðar um persónuverndarupplýsingar og er bundin trúnaði um einstaka umsækjendur. Þá skal einungis forseti svara spurningum vegna ráðninga í stöður á skrifstofu Stúdentaráðs. Stjórn skal almennt gæta sams konar trúnaðar vegna annarra ráðninga og/eða skipana sem koma fyrir stjórn.

1.2 Hlutverk innan stjórnar

Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima en ritari skal vera framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Gjaldkeri skal kjörinn í upphafi starfsárs. Gjaldkeri stjórnar, ásamt framkvæmdastjóra, annast gerð fjárhagsáætlunar Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann. Áætlunin er lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti í samræmi við lög. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skulu þess á milli svara fyrirspurnum um stöðu fjárhagsáætlunar innan viku frá því að þær berast þeim.

Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. Ritara ber að halda fundargerð um öll atriði fundar stjórnar sem skal vera aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir stjórnarmeðlimi. Ritara ber að gera útdrátt fundargerðar aðgengilegan fyrir Stúdentaráðsliða þar sem gætt er að því að trúnaðarmál birtist ekki.

Stjórn skal gæta gagnkvæmra upplýsingatengsla á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Á hverju starfsári skal stjórn halda kynningarfund fyrir nemendafélögin um störf Stúdentaráðs.

Stjórn skal gæta að því að skýra Stúdentaráði reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar.

II. Nánari verklagsreglur um störf stjórnar

Stjórn Stúdentaráðs 2022-2023 setur eftirfarandi verklagsreglur til viðmiðunar við störf sín:

2.1. Fundir stjórnar

Stjórn skal funda einu sinni í mánuði og helst u.þ.b. viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund. Möguleiki er á tíðari fundum ef upp koma mál inn á milli funda Stúdentaráðs.

Fundir teljast lögmætir ef fjórir fulltrúar eru viðstaddir. Stjórnarmeðlimir bera ábyrgð á að boða varafulltrúa og upplýsa þá um fundardagskrá og fundargögn. Það skal fara gætilega með fundargögnin og gæta trúnaðar.

2.2. Önnur hlutverk stjórnar

Stjórn skal gæta þess að upplýsa Stúdentaráð reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar og skulu sviðsráðsforsetar undirbúa kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði á starfsárinu

Óski Stúdentaráðsliðar eftir fundargerðum stjórnar skal forseti gera þau aðgengileg.

Athugið að þessi listi er ekki tæmandi og einnig eru ýmis tilfallandi verkefni sem stjórn sinnir yfir hvert skólaár í samstarfi við réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, Stúdentaráð og aðra hagsmunaaðila hverju sinni.

4 SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

4.1 Verklagsreglur vegna ráðninga á skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að fara að lögum ráðsins við ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs. Gæta skal að faglegu ferli við ráðningu, 10 daga umsóknarfrests og skipun ráðninganefndar við fyrsta tækifæri.

Umfram lög ráðsins skal forseti bjóða oddvitum beggja fylkinga sem eiga sæti í ráðningarnefnd að skipa fyrir sig varafulltrúa í ráðningarnefndinni. Miða skal við að sá varafulltrúi komist í viðtöl allra umsækjenda vegna þess starfs sem hann tekur þátt í við ráðningarferlið.

Sé óeining innan ráðningarnefndar um hæfni umsækjenda eða hver niðurstaða nefndarinnar eigi að vera skal gera stjórn grein fyrir því. Þá skal vera heimilt að skila inn álitni minnihluta til stjórnar.

Sé það mögulegt skal gera ferilskrár og kynningarbréf aðgengileg stjórnarmeðlimum með læstri aðgangsstýringu. Sé þess ekki kostur skal stjórn Stúdentaráðs skal hafa aðgang að samantekt um umsækjendur frá ráðningarnefndinni og skal gæta að persónuverndarlögum við þá upplýsingagjöf..

Starfsráðningar annarra en þeirra er getið er í 25. gr. og 26. gr. laga ráðsins fyrir 2022-2023 skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði sbr. 26. gr. laganna.

4.2 Verklagsreglur vegna skipun í stjórn Félagsstofnunar stúdenta

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að framfylgja lögum og verklagi um skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (FS). Skipunartímabil er til tveggja ára í senn samkvæmt *reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.*

Skrifstofa Stúdentaráðs skal auglýsa eftir umsóknum til setu í stjórn FS og skal auglýsingin vera birt með minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Samkvæmt o-lið 7. gr laga ráðsins skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega og því tilgreina umsækjendur varafulltrúa í umsókn sinni.

Stjórn Stúdentaráðs skal taka umsóknirnar fyrir eftir faglegu ferli og kjósa þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa á grundvelli hæfniramma. Ákvörðun stjórnar skal vera lögð fyrir Stúdentaráð til staðfestingar með atkvæðagreiðslu samkvæmt 7. gr. laga Stúdentaráðs.

4.3 Verklagsreglur vegna skipan í nefndir háskólaráðs

Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs samkvæmt lögum ráðsins. Í kennslumálanefnd, jafnréttisnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd er tilgreint sérstaklega hvaða embætti skuli taka sæti. Í aðrar nefndir háskólaráðs skal Stúdentaráð auglýsa meðal

háskólanema sætið samkvæmt lögum og kjósa á fundi sínum nýjan fulltrúa. Þær nefndir eru skipulagsnefnd, öryggisnefnd, málnefnd, gæðanefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks. FEDON sér að auki um tilnefningu fulltrúa í vísindanefnd.

Óski fulltrúi eftir að sitja áfram í nefnd sem ekki er sérstaklega tilgreint hvaða embætti tekur sæti í lögum Stúdentaráðs, skal stjórn Stúdentaráðs taka beiðnina fyrir og gera Stúdentaráði grein fyrir ákvörðun sinni.

4.4 Verklagsreglur vegna skipan í stjórn Byggingafélags námsmanna

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í stjórn Byggingafélags námsmanna (hér eftir "BN"). Annar fulltrúinn ásamt varafulltrúa skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. Hitt sætið skal auglýst meðal allra stúdenta. Skal skrifstofa Stúdentaráð auglýsa eftir umsóknum og skal auglýsingin vera birt minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests.

Stjórn Stúdentaráðs skal taka umsóknirnar fyrir eftir faglegu ferli og kjósa fulltrúann á grundvelli hæfniramma. Ákvörðun stjórnar skal vera lögð fyrir Stúdentaráð til staðfestingar með atkvæðagreiðslu samkvæmt 7. gr. laga Stúdentaráðs.

Skipað skal til tveggja ára í senn og skal þess gætt með fléttu fyrirkomulagi að annað hvort aðalfulltrúi eða varafulltrúi sitji á skrifstofu SHÍ.

4.5 Verklagsreglur við tilnefningar SHÍ í stöður ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum

Stúdentaráð Háskóla Íslands er eitt aðildarfélag Landssambands Ungmennafélaga (LUF) og getur sem slíkt boðið fram einn fulltrúa í umboði Stúdentaráðs þegar kosið er í stöður ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Skulu slíkar stöður auglýstar meðal stúdenta við Háskóla Íslands og þeim gefinn kostur á að sækjast eftir því að vera tilnefning SHÍ.

Sæki fleiri en einn um að vera tilnefning SHÍ skal Stúdentaráð kjósa á milli þeirra, að því gefnu að þeir uppfylli þær hæfniskröfur sem LUF setur hverju sinni. Berist aðeins ein umsókn er stjórn Stúdentaráðs heimilt að taka ákvörðun um tilnefningu. Berist engin umsókn fyrir auglýstan frest er stjórn Stúdentaráðs heimilt að leita að aðila til að bjóða sig fram fyrir hönd SHÍ.

Sækist Stúdentaráðsliði eða stjórnarmeðlimur eftir því að vera tilnefning SHÍ skal viðkomandi víkja af fundi á meðan umsóknir eru teknar fyrir.

4.6 Verklagsreglur skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal bera undir og samþykkja af stjórn.

I. Verklag við störf starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs:

Stjórn Stúdentaráðs skal samþykkja verklagsreglur skrifstofu í upphafi starfsárs. Verklagsreglur þessar voru samþykktar af stjórn þann 9. júní 2022 og gilda fyrir starfsárið 2022-2023.

1. Almenn störf skrifstofu og viðverutímar

Forseti er ábyrgur fyrir störfum skrifstofu Stúdentaráðs og svarar fyrir hana út á við og innan háskólans, rétt eins og fyrir Stúdentaráð í heild sinni. Komi upp vafamál um störf skrifstofu eða annað slíkt skal bera það undir forseta.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal starfa eftir samþykktum tillögum, ályktunum og yfirlýsingum Stúdentaráðs hverju sinni sem og birtri og samþykktri stefnu ráðsins. Starfsfólk skrifstofu skal svara spurningum stúdenta, Stúdentaráðsliða og annarra sem til þeirra leita fljótt og örugglega og gæta að góðu upplýsingaflæði og gagnsæi við störf sín. Hver starfsmaður skal taka stúdentum og Stúdentaráðsliðum opnum örmum með því að bjóða upp á viðtalstíma og hafa tengiliðaupplýsingar aðgengilegar Stúdentaráðsliðum á netinu.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal halda úti heimasíðu, Facebook síðu, Instagram og Twitter aðgangi á vegum Stúdentaráðs og auka sýnileika Stúdentaráðs.

Starfsfólk skrifstofunnar skal eftir fremsta megni hafa viðveru á skrifstofunni daglega. Þá skal skrifstofan vera opin alla virka daga frá 09:00-17:00 og vera aðgengileg stúdentum Háskóla Íslands, nema í undantekningartilvikum og skal það þá auglýst ef hún er lokuð eða ef breyting verður á opnunartíma.

Starfsfólk skrifstofunnar skal í samráði við forseta láta vita af mætingu á skrifstofuna að lágmarki tvær vikur fram í tímann. Starfsfólk skal í undantekningartilvikum vinna að heiman og aðeins að undangengnu samráði við forseta. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með vöktum en starfsfólk er ábyrgt fyrir að halda utan um vaktir sínar. Mælst er með að starfsfólk skrái viðveru sína jafnóðum í sérstakt viðveruskjal.

2. Dreifing, gögn og birtingar SHÍ

Starfsfólk skrifstofunnar skal vinna eftir skjalastefnu Stúdentaráðs og varðveita gögn í samræmi við stefnuna.

Starfsfólk skrifstofunnar er ábyrgt fyrir hi-nem tölvupóstinum og skal póstlistinn aðeins notaður fyrir fjölpóst ef hann snýr beint að hagsmunum stúdenta, bættum kjörum stúdenta, hefur efnislega hjálplegar upplýsingar fyrir stúdenta eða er frá Stúdentaráði, Félagsstofnun stúdenta eða Háskólanum sjálfum. Bein markaðssetning á póstlistanum er ekki heimil nema í undantekningartilvikum samkvæmt samningi við Stúdentaráð og ef hún samrýmist hag stúdenta.

II. Störf og hlutverk starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs:

Eftirfarandi byggir á lögum Stúdentaráðs og undirrituðum starfslýsingum starfsfólks skrifstofunnar. Því til viðbótar eru nánari skýringar eða viðmið um verklag sem gengur lengra en lög ráðsins eða verklýsingar starfsfólks taka til.

1. Forseti:

Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti er teymisstjóri skrifstofunnar og ber ábyrgð á upplýsingaflæði innan hennar sem og góðum starfsháttum og að störf Stúdentaráðs séu unnin á faglegan og skilvirkan hátt. Forseti er ábyrgur fyrir stefnumótun Stúdentaráðs í heild sinni, að stefnu ráðsins sé framfylgt í störfum ráðsins sem og að stefna sé uppfærð reglulega.

1.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs. Hann skal boða til fundarins með minnst 10 daga fyrirvara í tryggilegu fundarboði sbr. b. lið 6. gr. laga Stúdentaráðs.

Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar með minnst 5 daga fyrirvara og skal boða til funda á tryggilegan hátt með tölvupósti eða annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Forseti skal leita eftir slíku samþykki með atkvæðagreiðslu á Stúdentaráðsfundi svo ekki fari milli mála að Stúdentaráð hafi samþykkt aðferðina.

Við fundarstjórn skal forseti gæta þess að fara að lögum ráðsins og þarf því að kunna góð skil á þeim. Fundarstjóri lýsir dagskrá fundar og gefur fundaraðilum orðið eftir því sem þeir óska eftir því.

Þá skal fundarboðun og fundargögn fylgja lögum Stúdentaráðs. Umfram það skal forseti, í þeim undantekningartilvikum sem það gæti talist nauðsynlegt, boða fyrirvara við dagskrárliði ef það er líklegt að eitthvað breytist eða láta vita af líklegum breytingum á dagskrá, komi þær upp eftir fundarboðun. Forseti skal í hvívetna koma gagnlegum gögnum til Stúdentaráðsliða eftir því sem það getur átt við.

Komi sú staða upp að boðað sé til fundar með skemmri fyrirvara skv. lögum ráðsins skal forseti gæta þess að tilkynna fundarboð með tölvupósti og á öðrum sameiginlegum vettvangi Stúdentaráðsliða því til viðbótar auk þess að óska eftir liðsinni stjórnar Stúdentaráðs við að vekja athygli á fundarboðinu.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og stjórnar fundum stjórnar. Forseti ber ábyrgð á störfum stjórnar í samræmi við lög SHÍ. Forseti skal gæta að því að starfað sé eftir

verklagsreglum stjórnar SHÍ hverju sinni. Forseti skal vera prókúruhafi að reikningum Stúdentaráðs

Forseti ber ábyrgð á að hagsmunaskrá Stúdentaráðs sé fyllt út skv. lögum Stúdentaráðs. Forseti skal gæta þess að hagsmunaskráin sé aðgengileg stúdentum á heimasíðu SHÍ og þá í samræmi við óskir um undantekningar birtingar hverju sinni.

Þá situr forseti í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta til tveggja ára. Komi upp sú staða að ekki sé hægt að halda fléttaskipulaginu í fulltrúaráðinu áfram á hefðbundin hátt, t.a.m. ef forseti situr lengra en eitt ár, skal annar aðalfulltrúinn vera úr röðum starfsfólk skrifstofunnar og ákvarðaður af henni. Þannig heldur sá aðalfulltrúi í fléttaskipulagið.

1.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Forseti ber ábyrgð á að verklagsreglur séu settar fyrir starfseiningar ráðsins og ber ábyrgð á viðhaldi þeirra. Það skal gert í sem breiðustu samráði við þær einingar.

Forseta ber að vinna að stefnumótun til framtíðar fyrir Stúdentaráð í samvinnu við Stúdentaráð og aðra starfsmenn Stúdentaráðs. Forseti sér um að ákveða stefnumótunarferð Stúdentaráðs og ákvarðar hvernig henni skal hagað í samráði við stjórn Stúdentaráðs og skrifstofu. Undirbúningsvinna skal vera í samráði við skrifstofu og eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs í samráði við varaforseta. Þá skal birta niðurstöður stefnumótunarferðar svo fljótt sem auðið er. Forseti er ábyrgur fyrir því að störf Stúdentaráðs og opinberar tilkynningar séu í samræmi við stefnu ráðsins.

Yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs er á ábyrgð forseta: fundargögn, trygging stofnanaminnis, skipulag gagna og lög ráðsins. Forseti heldur utan um öll gögn og tryggir stofnanaminni. Forseti er ábyrgur fyrir skipulagi á heimasvæði Stúdentaráðs á Google Drive og Outlook þar sem gögn skrifstofu Stúdentaráðs eru geymd. Forseti heldur utan um öll fundargögn fyrir fundi og sér um að boða fundi. Þá ber forseti ábyrgð á að lög ráðsins skuli vera aðgengileg.

Ársskýrsla ráðsins skal vera kynnt á skiptafundi ráðsins og er gerð og kynning skýrslunnar á ábyrgð forseta.

Málsvari Stúdentaráðs út á við: Forseti kemur opinberlega fram fyrir hönd ráðsins, hvort sem það eru viðburðir, viðtöl, ræður eða erindi. Forseti skal fara eftir stefnu Stúdentaráðs, ályktunum og tillögum í samskiptum sínum útá við fyrir hönd ráðsins.

Málsvari Stúdentaráðs gagnvart stjórnslu Háskólans: Forseti skal halda sjónarmiðum Stúdentaráðs til haga innan stjórnslu skólans og í samskiptum sínum

við stjórnvöld skólans. Þá skal forseti leitast við sem bestu samráði við Stúdentaráðsliða um þau atriði sem er leitað til hans.

2. Varaforseti:

Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls. Varaforseti gegnir einnig ýmsum störfum sem koma á borð skrifstofunnar og er til staðar ef þarf að aðstoða aðra aðila á skrifstofu stúdentaráðs.

2.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Varaforseti hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins. Honum ber að vera vel upplýstur um málefni ráðsins til að geta stigið inn í störf forseta ef til þess kemur. Hann skal boða fastanefndir til fyrsta fundar þar sem hann fer yfir helstu mál er varða nefndina og störf hennar, svo sem stefnu Stúdentaráðs, framkvæmdaáætlanir nefnda og skjalavörslu.

Varaforseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og hefur atkvæðisrétt þar. Hann skal tilnefna varafulltrúa sinn í upphafi starfsárs. Miða skal við að sá aðili sé einnig starfsmaður skrifstofu Stúdentaráðs.

Varaforseti skal sjá um hlutverk ritara á fundi Stúdentaráðs ef framkvæmdastjóri forfallast

2.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Varaforseti skal framfylgja stefnu Stúdentaráðs í samráði við forseta og nefndir ráðsins.

Varaforseti ber ábyrgð á innra starfi ráðsins. Hann skal starfa sem tengiliður við nefndir Stúdentaráðs og sinna veitingu skírteinisviðauka. Þá gengur hann úr skugga um að nefndir framfylgi stefnu Stúdentaráðs. Hann skal sinna eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs og gæta að því að hún sé öllum nemendum til framdráttar.

Varaforseti situr í Landssambandi ungmennafélaga (LUF) og tryggir upplýsingaflæði milli ráðsins og LUF. Geti varaforseti ekki tekið sæti í LUF skal annar starfsmaður skrifstofunnar gera svo.

Varaforseti hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum í samstarfi við forseta, þ.á.m. Facebook, Instagram og Twitter. Hann sér um upphald og uppfæringu student.is og heldur utan um skipulag herferða Stúdentaráðs með forseta.

Varaforseti skal halda utan um mætingarlista, nafnspjöld og mælendaskrá á Stúdentaráðsfundum.

3. Lánasjóðsfulltrúi:

Situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn. Starfsárið 2022-2023 er lánasjóðsfulltrúi tilnefndur í stjórn af Landssamtökum íslenskra stúdenta.

3.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Lánasjóðsfulltrúi hefur áheyrnarrétt á fundum fjármála- og atvinnulífsnefndar. Þá hefur lánasjóðsfulltrúi málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

3.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helstu verkefni lánasjóðsfulltrúa snúa að stjórnarfundum Menntasjóðsins, forystu í störfum Stúdentaráðs sem lúta að hvers konar samskiptum við hið opinbera er varða Menntasjóðinn og þjónustu við nemendur er varðar sjóðinn. Þá sinnir lánasjóðsfulltrúi stefnumótun vegna lánasjóðsmála fyrir Stúdentaráð í samráði við forseta og skrifstofu.

Lánasjóðsfulltrúi skal upplýsa Stúdentaráð um þau atriði sem nauðsyn krefur hverju sinni og falla ekki undir trúnaðarupplýsingar sjóðsins. Hann skal tala máli stúdenta og hagsmunum þeirra á fundum stjórnar Menntasjóðsins og svarar fyrir afstöðu stúdenta innan stjórnar Menntasjóðsins.

Lánasjóðsfulltrúi leiðir vinnu við álit Stúdentaráðs um Menntasjóðinn í samráði við forseta. Hann er málsvari ráðsins út að við ásamt því að bera ábyrgð á eftirfylgni við álit ráðsins ásamt forseta. Lánasjóðsfulltrúi skuldbindur sig til að vinna eftir stefnu Stúdentaráðs og samþykktum álitum ráðsins við hvers lags frumvörp sem varða sjóðinn.

Starfsárið 2022-2023 þjónustar lánasjóðsfulltrúi námsfólk við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskólann. Lánasjóðsfulltrúi hefur það að markmiði að nemendur þessara skóla fái úrlausn við hvers lags vandamálum er varða Menntasjóðinn og séu meðvituð um tilvist lánasjóðsfulltrúa. Hann ber ábyrgð á að auglýsa fresti vegna umsókna í Menntasjóðinn og afgreiða þau mál sem koma á borð skrifstofunnar er varða lánasjóðinn.

4. Hagsmunafulltrúi

Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.

Hagsmunafulltrúi sýnir með störfum sínum trúnaðartraust gagnvart öllum sem viðkomandi eru málsmeðferð hverju sinni. Hagsmunafulltrúi gætir þar að auki að búa

yfir þekkingu á reglum, lögum, málsatriðum eða/og -ferlum sem varða hvert mál, og viðurkennir vanþekkingu sína eða úrræðaleysi ef svo ber við.

4.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Hagsmunafulltrúi starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við stúdenta við Háskóla Íslands. Hann hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

4.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helsta verkefni hagsmunafulltrúa er hagsmunagæsla. Í því felst að tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra eftir bestu getu. Til að sinna hagsmunagæslu stúdenta vel er mikilvægt að tryggja viðveru á skrifstofu Stúdentaráðs á viðtalstíma og aðgengileika, að erindum nemenda vegna kvörtunar- og hagsmunamála þeirra innan skólans sé svarað eins fljótt og auðið er og að nemendur séu aðstoðaðir varðandi réttindi þeirra og málum þeirra komið í réttan farveg.

Önnur verkefni sem eru á ábyrgð hagsmunafulltrúa eru stefnumótunarvinna, sýnileiki stúdentaráðs og önnur tilfallandi verkefni. Hlutverk hagsmunafulltrúa í stefnumótunarvinnu stúdentaráðs er að gæta þess að stefna Stúdentaráðs sé í samræmi við hagsmuni stúdenta og til þess fallin að stuðla að bættum hag stúdenta sem og að sinna þarfagreiningu á hagsmunamálum stúdenta. Þáttur hagsmunafulltrúa í að auka sýnileika Stúdentaráðs og þeirrar þjónustu sem í boði er á skrifstofu Stúdentaráðs felst í því að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. þar sem starfsemi Stúdentaráðs er kynnt og tryggja að störf hagsmunafulltrúa og réttindaskrifstofunnar séu almennum nemendum Háskóla Íslands kunn. Að auki er það í verkahring hagsmunafulltrúa að sinna öðrum tilfallandi verkefnum í samvinnu við forseta, en sá hluti starfsins sem snýr að hagsmunagæslu er mjög álagstengdur og á móti gefst tími til annara verkefna fyrir utan álagstímabil.

5. Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum ásamt því að sjá um launagreiðslur til starfsmanna. Einnig ber hann ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs og skal hún kynna þá fyrir ráðinu eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með allri samningagerð og tryggir því fjármagn til rekstur skrifstofunnar og þá viðburði sem ráðið og nefndir þess halda.

5.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Framkvæmdastjóri skal kynna Stúdentaráðsliðum bæði fjárhagsáætlun og ársreikninga ráðsins. Einnig skal hann rita fundargerðir Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs.

5.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Framkvæmdastjóri tekur þátt í að vinna að skilvirkum og góðum starfsháttum á skrifstofu Stúdentaráðs. Framkvæmdastjóri gætir fjármuna og eigna Stúdentaráðs, vinnur að hagkvæmni í fjárútlátum og miðlar upplýsingum til Stúdentaráðs og skrifstofu. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með fjármálum Stúdentaráðs, hefur umsjón með rekstri skrifstofu Stúdentaráðs, þar með talið tímaskráningum starfsfólks Stúdentaráðs, greiðslu launa, sér um samningsgerðir á vegum Stúdentaráðs og eftirfylgni þeirra, sér um auglýsingasöfnun í útgefið efni Stúdentaráðs. Auk þess tekur framkvæmdastjóri þátt í daglegum störfum skrifstofunnar í samráði við forseta.

6. Ritstjóri

Ritstjóri hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademíunnar.

6.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Ritstjóri Stúdentablaðsins ákveður efni blaðsins í samstarfi við ritnefnd og ber ábyrgð á því. Ritstjóri auglýsir eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum pósti á HÍ netföng stúdenta. Ritstjóri leggur fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdastjóra.

6.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Ritstjóri ritstýrir og hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademíunnar. Gefin eru út fjögur tölublöð af Stúdentablaðinu, tvö á hvoru misseri. Akademían er gefin út við upphaf haustmisseris 2022.. Ritstjóri annast stefnumótun fyrir Stúdentablaðið og Akademíuna og skipar í ritstjórn Stúdentablaðsins. Auglýst er eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum tölvupósti til allra stúdenta en að auki eru tveir fulltrúar skipaðir af Stúdentaráði.

Ritstjóri hefur það að leiðarljósi að setja saman eins fjölbreytta ritstjórn og kostur gefst á. Ritstjóri leiðir ritstjórn Stúdentablaðsins og hefur það hlutverk að útdeila efni til umfjöllunar til ritstjórnarmeðlima. Ritstjóri boðar fundi með ritstjórnar með ásættanlegum fyrirvara og heldur utan um fundargögn ritstjórnar. Ritstjóri ber ábyrgð á að hlutverk ritstjórnarmeðlima liggja fyrir eins fljótt og hægt er frá því að skipað hefur verið í ritstjórn. Ritstjóri ákveður efni hvers tölublaðs Stúdentablaðsins í samstarfi við ritstjórn.

Ritstjóri vinnur að auglýsingasöfnun fyrir Stúdentablaðið og Akademíuna í samvinnu við framkvæmdastjóra. Þá útbýr ritstjóri fjárhagsáætlun fyrir Akademíuna og hvert tölublað Stúdentablaðsins í samvinnu við framkvæmdastjóra. Ritstjóri annast einnig ráðningu á grafískum hönnuði Stúdentablaðsins og Akademíunnar og skal hann vera faglega ráðinn.

Ritstjóri hefur yfirumsjón með vef og samfélagsmiðlum Stúdentablaðsins og ber ábyrgð á birtingu alls efnis í blaði og á vef Stúdentablaðsins. Ritstjóri tryggir að efni Stúdentablaðsins og Akademíunnar sé prófarkalesið og hefur einnig umsjón með umbroti og prentun blaðanna. Ritstjóri uppfærir vef Stúdentablaðsins og birtir greinar og viðtöl milli hveftrar útgáfu eins og við á. Þá ber ritstjóri ábyrgð á að útgáfa hvers tölublaðs Stúdentablaðsins sé auglýst með góðum fyrirvara til að tryggja sýnileika blaðsins í háskólasamfélaginu.

Ritstjóri tekur þátt í að skilvirkni og góðum starfsháttum sé háttað á skrifstofu Stúdentaráðs. Auk ritstjórnar og blaðamanna starfar ritstjóri náið með forseta og framkvæmdastýru Stúdentaráðs. Ritstjóri leggur auk þess áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs og aðra sem koma á einn eða annan hátt að útgáfu Akademíunnar og Stúdentablaðsins.

7. Alþjóðafulltrúi

Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.

7.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlendis. Alþjóðafulltrúi hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og staðfestur af stjórn Stúdentaráðs en hinn skal vera alþjóðafulltrúi.

Alþjóðafulltrúi og aðrir fulltrúar skrifstofunnar þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Þar er mikilvægt að fulltrúar tileinki sér eftirfarandi hluti:

- Pantá skal flug og gistingu með góðum fyrirvara til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hverjir fulltrúar eru og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við starfsfólk Aurora á vegum Háskóla Íslands.

- Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostn. aði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.
- Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra eða starfsfólks Aurora á vegum Háskóla Íslands.
 - ATH. að ráðið greiðir ekki fyrir áfengi og annan óþarfa kostnað.
- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á heimasíðunni student.is
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt sýna af sér háttvísi og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrast á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.

7.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

7.2.1. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfar sem trúnaðarmaður allra erlendra nema og skiptinema Háskóla Íslands. Fulltrúinn skal tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra. Alþjóðafulltrúi skal tryggja aðgengileika á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alla erlenda nema.

Þá skal alþjóðafulltrúi tryggja að stefna Stúdentaráðs til framtíðar sé erlendum nemendum og skiptinimum við Háskóla Íslands til framdráttar og stuðli að bættum hag þeirra.

Alþjóðafulltrúi skal auka sýnileika Stúdentaráðs fyrir erlendum nemum og skiptinimum og tryggja að þau viti hvaða þjónustu þeim stendur til boða. Þetta gæti falið í sér að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. fyrir erlenda nema. Einnig fellur það á ábyrgð Alþjóðafulltrúa og alþjóðanefnd að þýða allt útgefið efni Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á mentor kerfi og og skal tryggja sýnileika og aðgengileika þess. Jafnframt ber alþjóðafulltrúi ábyrgð á að tryggja sýnileika allra viðburða fyrir erlenda nema.

7.2.2. Aurora

Alþjóðafulltrúi er jafnframt aðalfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Aurora Stúdentaráðinu og skal vinna samkvæmt stefnu Stúdentaráð í tengslum við Aurora samstarfsnetið.

Jafnframt skal hann stuðla að skilvirkum starfsháttum og stuðla að góðu upplýsingaflæði milli Stúdentaráðs, skrifstofu ráðsins, skrifstofu alþjóðasamskipta og Aurora um öll þau málefni sem tengjast Aurora. Þetta getur m.a. falið í sér að kynna verkefni eða mál innan Aurora sem tengjast Stúdentaráði á fundum Stúdentaráðs og skila inn skýrslum eftir hverja ráðstefnu til Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi skal stuðla að skilvirku starfi innan Aurora samstarfsnetsins og hafa samráð og samskipti við aðra stúdenta innan netverksins. Fulltrúinn skal vinna að öllum þeim verkefnum innan Aurora sem starfið krefst, í samráði við skrifstofu Stúdentaráðs og skrifstofu alþjóðasamskipta.

Önnur tilfallandi verkefni eru unnin í samráði við forseta Stúdentaráðs og skal fulltrúinn annast öll þau störf sem tengjast sviðinu og kunna að reynast nauðsynleg hverju sinni.

5 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

5.1 Hlutverk fastanefnda

Forseti og varaforseti bera ábyrgð á að farið sé að lögum ráðsins við skipan og störf nefnda Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra, að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. lögum ráðsins. Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum, að undanskildri kennslumálanefnd. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs.

Fastanefndir ráðsins eru: alþjóðanefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, kennslumálanefnd, lagabreytinganefnd og nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Hlutverk nefnda skal samrýmast lögum ráðsins.

Kjörgengir til að sitja í nefndum eru öll þau sem hafa verið skráð til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi. Nefndir skulu skipaðar með tilnefningum

Í fjögur nefndarsæti á kjörfundi Stúdentaráðs, að undanskildum nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og kennslumálanefnd. Auglýsa skal í laus sæti nefnda í upphafi haustannar. Nefndir skulu í upphafi starfs síns setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Framkvæmdaáætlun nefndar skal vera í samræmi við stefnu Stúdentaráðs í viðeigandi málaflokki. Stúdentaráð þarf að samþykka breytingar á framkvæmdaáætlun nefnda. Nefndir skulu skrifa skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs í lok árs sem forseti skal færa í ársskýrslu ráðsins.

5.2 Verklagsreglur fastanefnda

5.2.1 Fundir

Fyrsti fundur nefndar skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs sbr. a. liður 20. gr. laga Stúdentaráðs. Nefndir skulu funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði, eða eftir samkomulagi, og skulu nefndarmeðlimir mæta tímanlega á fundi ráðsins. Ef nefndarmeðlimur forfallast skal tilkynna forseta nefndar forföllin tímanlega.

Einn nefndarmeðlimur getur krafið forseta um fundarboð og skal halda fund innan viku eftir að krafa um fund kemur fram.

Fundur telst lögmætur ef hann er löglega boðaður af forseta nefndar í samræmi við lög ráðsins. Forseti skal leitast eftir í hvert sinn að velja fundartíma þar sem flestir komast.

Nefndir skulu starfa í umboði Stúdentaráðs og hefur Stúdentaráð úrslitavald í málum sem nefndir taka til afgreiðslu. Nefndir skulu starfa í samræmi við stefnu Stúdentaráðs sem og ályktanir og tillögur sem ráðið samþykkir.

5.2.2 Skiptafundur

Starfstími fastanefnda miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert. Á milli kjörfundar og skiptafundar Stúdentaráðs skulu fráfarandi nefndarmeðlimir koma nýjum nefndarmeðlimum inn í störf nefndarinnar og fara yfir vinnu síðasta árs.

Fastanefndir skulu halda sérstakan skiptafund þar sem fráfarandi og nýir nefndarmeðlimir koma saman. Verklagsreglur skulu kynntar nefndarmeðlimum á skiptafundi nefnda. Fráfarandi forseti nefndar afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu nefndarinnar þar sem koma fram upplýsingar um starf nefndar og helstu verkefni. Fráfarandi fulltrúar nefndar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti nefndar.

5.2.3 Forseti fastanefndar

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara og ber ábyrgð á fundargögnum, ef einhver kunnu vera, sem fylgja með fundarboði. Heimilt er að boða fund með styttri fyrirvara ef samkomulag er meðal nefndarmanna um slíkt.

Forseti stýrir fundum nefndarinnar. Forseti ber ábyrgð á framkvæmdaáætlun sinnar nefndar og framfylgd, sér um útteilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru á borði nefndarinnar. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu nefndar.

6 ÚRSÖGN EÐA BROTTVIKNING

6.1 Úrsögn eða brottvikning Stúdentaráðsliða

Við úrsögn skal fulltrúi senda skriflega tilkynningu til varaforseta Stúdentaráðs sem fer eftir afgreiðslu hennar skv. 13. gr. laga Stúdentaráðs.

Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Slík tillaga skal berast skriflega til einhvers starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og skal farið með þær skv. f. lið 5. gr. laga Stúdentaráðs.

6.2 Úrsögn eða brottvikning annarra embætta innan Stúdentaráðs

Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti, sbr. e.lið 5. gr. laga Stúdentaráðs.

Við úrsögn úr öðrum embættum Stúdentaráðs þ.á.m. nefndum, sviðsráðum og önnur störf í umboði ráðsins skal senda skriflega tilkynningu til varaforseta Stúdentaráðs.

Oddviti fylkingarinnar sem á við skal sjá um að fylla í stöðuna á ný eins fljótt og auðið er.

7 FUNDIR STÚDENTARÁÐS

7.1 Hlutverk Stúdentaráðsfunda skv. lögum

Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar en sjö Stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum en meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt. Stúdentaráðsfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.

Fundur telst löglegur ef til hans er löglega boðað. Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram telst fundur löglegur ef meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs að sitja fundinn eða 12 Stúdentaráðsliðar. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri. Falli atkvæði jafnt telst tillaga fallin. Nánari fyrirmæli má finna í kafla 6.2.1.3.

Starfsmenn réttindaskrifstofu, varafulltrúar Stúdentaráðsliða, fulltrúar stúdenta í háskólaráði og fulltrúar og varafulltrúar stúdenta í LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.

7.2 Verklagsreglur Stúdentaráðsfunda

7.2.1 Fundarsköp

Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum ráðsins en getur tilnefnt annan í sinn stað. Í fjarveru forseta stýrir varaforseti fundum.

7.2.1.1 Bókanir, tillögur og mikilvæg atriði á Stúdentaráðsfundum

Stúdentaráðsliðar geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem er til umræðu á Stúdentaráðsfundum. Tilgangur slíkrar bókunar er að færa orðrétt í fundargerð og Stúdentaráðsliði skal skila henni inn til fundarritara á fundi undir þeim dagskrárlið sem hún er borin upp. Miða skal við að bókunum sé varpað upp fyrir fundargestum. Ekki þarf að kjósa um bókanir. Vilji Stúdentaráðsliði bóka um mál sem eru ekki á dagskrá skal óska eftir því að mál verði sett á dagskrá. Gefist ekki tími í það skal bókunin borin upp undir önnur mál og er þá skylt að varpa henni upp fyrir fundargestum svo umræða um slíkt óundirbúið mál verði skýr.

Stúdentaráðsliðar geta komið með tillögur á fundum, og fyrir fundinn, og eru hvattir til þess. Ef Stúdentaráðsliði vill taka upp sérstakan dagskrárlið á fundi skal hafa samband við forseta ráðsins, sem skipuleggur og heldur utan um fundardagskrá. Ef tillögur varða eitthvað sem er ekki á fundardagskrá eftir að fundur hefur verið boðaður, er tillagan borin upp undir „Önnur mál“ í lok fundar. Eftir að tillaga hefur verið borin upp skal strax bera til atkvæðagreiðslu án umræðu hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt verður tillagan tekin til umræðu og loks greidd atkvæði um tillöguna.

Ef ekki hefur verið boðað til atkvæðagreiðslu vegna tillögu sem berst vegna máls sem var á dagskrá skal strax greiða atkvæði um hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt skal taka hana til umræðu og loks greiða atkvæði um tillöguna.

Mikilvægt er að þátttakendur á Stúdentaráðsfundum hafi eftirfarandi hluti í huga:

- Fundarstjóri sér til þess að fundardagskrá sé fylgt og opnar mælendaskrá þegar við á í hverjum dagskrárlið. Þegar mælendaskrá er opin geta þeir sem hafa málfrelsis- og tillögurétt tekið til máls.
- Til þess að vera á mælendaskrá og mega taka til máls dugur að rétta upp nafnskírteini sitt og sá sem heldur utan um mælendaskrá í hvert sinn tekur niður nöfn í rétttri röð.
- Fundarstjóri er ábyrgur fyrir mælendaskrá og má deila því hlutverki til einhvers annars.
- Fram í köll eru ekki leyfð og ef einhver annar hefur orðið ber einstaklingum að bíða þar til þeir fá orðið.
- Fundarmeðlimur getur beðið um tæknilega útskýringu með því að rétta upp báðar hendur og mynda T með þeim. Það má ekki styðjast við þetta til þess að koma sinni skoðun að, einungis til þess að biðja um nákvæmari tæknilega útskýringu á framvindu

fundarins. Þau sem ekki geta gert þetta merki, geta samið um að nota annað merki við fundarstjóra.

- Þátttakendur skulu koma fram við öll af virðingu. Engin mismunun, óbein eða bein, né nokkurs konar áreitni er liðið á fundum.
- Þátttakendur skulu virða húsnæði sem nýtt er í starfi Stúdentaráðs og þar með þær reglur sem fylgja húsnæðinu sjálfu, auk þess sem þeim ber að virða nærumhverfi þess.

7.2.1.2 Framkvæmd lagabreytinga á Stúdentaráðsfundum

Lögum ráðsins er hægt að breyta á Stúdentaráðsfundum.

Öllum sem hafa tillögurétt innan Stúdentaráðs er frjálst að leggja fram lagabreytingatillögu. Til þess að tillagan sé tekin fyrir á Stúdentaráðsfundi þarf tillagan að berast forseta ráðsins áður en forseti boðar fund svo stúdentaráðsliðar geti kynnt sér tillögurnar vel og mótað sér afstöðu fyrir fund. Tillagan þarf að vera með í fundarboði og fundargögnum og tilgreint ef atkvæðagreiðsla muni eiga sér stað.

Hver tillaga er borin upp til samþykktar skv. fundardagskrá og gerir sá aðili sem hana bar fram grein fyrir tillögunni og rökstuðningi. Orðið er þá gefið laust og fundinum gefið færi á að tjá skoðun sína á tillögunni. Þegar fundarstjóri hefur lokað mælendaskrá er tillagan borin upp til samþykktar.

Stúdentaráðsliðar sem vilja leggja fram lagabreytingatillögur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Leita skal álits hjá skrifstofu eða lagabreytinganefnd vegna tillögunnar.
- Gott er að gefa sér góðan tíma í að setja breytt lög í lagabreytingarform sem forseti útvegar svo breytingartillögur séu skýrar og skiljanlegar.
- Þá er gott að miða við að tillögur séu samdar í breiðri sátt.
- Náist ekki sátt um lagabreytingatillögu á Stúdentaráðsfundi er hægt að vísa málinu til lagabreytinganefndar til endurskoðunar og hún verður þá lögð fyrir Stúdentaráð á ný eftir vinnslu nefndarinnar.

Hægt er að gera breytingartillögu á lagabreytingartillögum. Við lok umræðna og þegar atkvæðagreiðsla hefst skal bera breytingartillögur upp á undan aðaltillögu. Fyrsta skal bera upp þá sem lengst gengur að mati fundarstjóra. Tillögur sem ósamrýmanlegar eru áður samþykktum tillögum og breytingartillögum skulu ekki koma til atkvæða. Sá sem lagði upphaflega fram breytingartillögum getur dregið sína tillögu til baka og þá úr atkvæðagreiðslu.

Lög Stúdentaráðs skulu vera uppfærð innan þriggja daga frá Stúdentaráðsfundi af forseta Stúdentaráðs og gerð aðgengileg á vef Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfar lagabreytinganefnd, en hægt er að leggja fyrirspurn og ábendingar til hennar. Tekur hún þá lagabreytingatillögu til umfjöllunar og leggur svo fyrir ráðið. Lög Stúdentaráðs skulu endurskoðuð árlega af lagabreytingarnefnd. Þegar kemur að því að endurskoða lög samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara löginn jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Fyrirkomulagið á endurskoðun laga getur verið þannig að fulltrúar í lagabreytingarnefnd yfirfara löginn hver í sínu og horni og hittast síðan í hóp og fara yfir þær breytingartillögur sem gott væri að gera.
- Öllum sem starfa innan ráðsins er skylt að kynna sér lög ráðsins og starfa samkvæmt þeim.

Ekki þarf samþykki Stúdentaráðs ef laga á númer á köflum og lagagreinum, stafsetningar- og innsláttarvillur.

7.2.1.3 Atkvæðagreiðsla á Stúdentaráðsfundum

Eigi að kjósa um eitthvað á Stúdentaráðsfundum er gert grein fyrir því í fundardagskrá sem send er út með fundargögnum sem forseti ráðsins er ábyrgur fyrir.

Hver og einn Stúdentaráðsliði, og löggiltur varafulltrúi í fjarveru aðalfulltrúa, hefur eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða rituð í fundargerð með nafni, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað. Sé óskað eftir leynilegri atkvæðagreiðslu þarf þriðjungur Stúdentaráðs að samþykkja það með atkvæðagreiðslu um það. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, falli atkvæði jafnt er tillaga fallin.

Stúdentaráðsliðar mega biðja fundarstjóra stuttlega um orðið til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.

Stúdentaráð getur ályktað um málefni, og hægt er að afgreiða ályktanir rafrænt. Forseti Stúdentaráðs er þá ábyrgur fyrir ályktuninni, að setja umsagnarfrest og fá samþykki meirihlutans fyrir ályktuninni áður en hún er send út.

7.2.1.4 Upptaka Stúdentaráðsfunda

Fundir Stúdentaráðs skulu teknir upp samhliða því að vera ritaðir niður af fundarritara í þeim tilgangi að auka gagnsæi og skilvirkni í starfi ráðsins. Markmiðið er ekki að hverfa alfarið frá fundarritun heldur að til staðar sé ítarlegri framvinda fundar. Gera skal hlé á upptöku fundar á meðan lokaður dagskrárliður stendur yfir.

Upptökurnar skulu gerðar Stúdentaráðsliðum aðgengilegar óski þeir eftir því. Ekki er heimilt að dreifa upptökunum. Óski einstaklingur utan ráðsins eftir aðgangi að upptökum skal viðkomandi setja sig í samband við skrifstofu Stúdentaráðs sem tekur afstöðu til beiðninnar.

8 KJÖRFUNDUR OG SKIPTAFUNDUR

Á kjörfundi skal hver frambjóðandi fá tækifæri til þess að kynna sig og halda framboðsræðu. Framboðsræða skal ekki vera lengri en 3 mínútur. Nýtt Stúdentaráð kýs á kjörfundi, ekki fráfarandi Stúdentaráð.

Forseti Stúdentaráðs skal stýra kjörfundi þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. Þá skal nýkjörinn forseti taka við fundarstjórn og stýra kjöri annarra fulltrúa ráðsins.

Á milli kjörfundar og fram að skiptafundi skulu fráfarandi fulltrúar leggja sig fram við að setja nýkjörna fulltrúa inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Þetta á við fulltrúa réttindaskrifstofu, Stúdentaráðsliðar, sviðsráð, nefndir, háskólaráð og aðra fulltrúa í embættum Stúdentaráðs.

Nýkjörnir fulltrúar skulu sömuleiðis leggja sig fram við að mæta á þá fundi og viðburði sem haldnir eru á milli kjörfundar og skiptafundar. Miða skal við að aðlögunartímabil hvers kjörins fulltrúa sé lokið undir lok mánaðarins er skiptafundur er haldinn, þar sem starfstími hvers kjörins fulltrúa miðast við skiptafund ár hvert.

Fráfarandi forseti sér um að boða skiptafund Stúdentaráðs og gerir fráfarandi forseti þar grein fyrir ársskýrslu Stúdentaráðs. Á skiptafundi skal fráfarandi forseti rétta nýjum forseta formlega keflið og þar með er nýtt Stúdentaráð tekið við. Nýr forseti tekur þá við fundarstjórn og sér um að slíta skiptafundi.

9 STEFNA STÚDENTARÁÐS

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar eftir stefnu ráðsins og framkvæmdaáætlunum nefnda og sviðsráða sem eru mótaðar, samþykktar og endurskoðaðar að minnsta kosti árlega af ráðinu.

Stefnumótun skal fara fram í sem víðtækustu samráði við alla stúdentaráðsliða og aðra hagsmunaaðila eftir þörfum. Í kjölfar stefnumótunarferðar skal Stúdentaráð samþykka stefnu ráðsins á fundi sínum. Heimilt er að leggja til breytingar á stefnu ráðsins og skal fara með slíkar breytingartillögur eins og lagabreytingartillögur skv. 39. gr. laga Stúdentaráðs.

Breytingartillögur á framkvæmdaáætlunum nefnda og sviðsráða skulu kynntar á fundi Stúdentaráðs og kosið um þær með atkvæðagreiðslu. Kjósa skal sérstaklega um breytingartillögur sem kunna að koma upp á slíkum fundum.

Öll innan Stúdentaráðs bera ábyrgð á því að virða stefnu Stúdentaráðs við sína vinnu. Allir fulltrúar innan Stúdentaráðs bera skyldu að taka þátt í stefnumótun ráðsins.

10 FJÁRMÁL

10.1 Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár ráðsins skal hefjast 1. júní ár hvert og tekur enda á síðasta degi maímánuðar.

Framkvæmdastjóri skal útbúa ársreikning fyrir hvert reikningsár sem skal samþykktur af endurskoðanda og síðan borinn undir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar. Ársreikningar skulu kynntir á Stúdentaráðsfundi í lok hvers starfsárs.

10.2 Fjármögnun samtakanna og fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar Stúdentaráðs bera ábyrgð á fjármögnun ráðsins. Reikningar skulu ávallt vera aðgengilegir öllum innan Stúdentaráðs.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar SHÍ skulu í samstarfi vinna að fjárhagsáætlanagerð fyrir SHÍ sem skal kynnt reglulega í samræmi við lög ráðsins. Þá skal stjórn Stúdentaráðs fá kynningu á hagræðingum eða lítillaga auknum tekjum fyrir ráðið. Stjórn hefur heimild til að samþykka nauðsynleg ófyrirsjáanleg útgjöld innan hóflegra marka og í samræmi við verklagsreglur stjórnar. Önnur veigamikil útgjöld, s.s. gerð nýrrar heimasíðu eða þess háttar skulu samþykkt af Stúdentaráði.

Allt umframfjármagn sem kann að safnast yfir starfsárið skal renna beint til næsta starfsárs. Stúdentaráð niðurgreiðir aldrei áfengiskostnað nema að fengnu samþykki Stúdentaráðs.

11 VERKLAG VEGNA RÁÐSTEFNA OG FUNDA ERLENDIS

Fulltrúar SHÍ þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs skulu fara að verklagsreglum skrifstofu við slíkar ferðir. Aðrir fulltrúar Stúdentaráðs skulu tileinka sér eftirfarandi hluti:

- Panta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara, í samráði við forseta Stúdentaráðs, til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hvaða fulltrúar fara fyrir hönd ráðsins og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasviðs.
 - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.

Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra:

- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á vefsíðunni student.is
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt gera grein fyrir að því að hann kemur fram fyrir hönd ráðsins og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.

- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrir á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.
- Aldrei er greitt fyrir áfengi.

12 BREYTINGAR Á VERKLAGSREGLUM

Um störf ráðsins gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu árlega á fundi Stúdentaráðs. Til viðbótar skal Stúdentaráð setja sér siða- og jafnréttisreglur og skal farið með þær eins og verklagsreglur ráðsins.

Stúdentaráði, skrifstofu og stjórn Stúdentaráðs er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum og skal þá kosið um breytingarnar á Stúdentaráðsfundi. Verklagsreglur skulu endurskoðaðar ár hvert af skrifstofu og stjórn ráðsins og lagðar fyrir Stúdentaráð.

Þegar kemur að því að endurskoða verklag samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara verklagið jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Þá er gott að yfirfara verklagið með stjórn Stúdentaráðs sérstaklega svo forsetar sviðsráða geti leitt sviðsráðin í sínum störfum til samræmis við verklag.

Verklagsreglur þessar voru seinast uppfærðar 5. janúar 2023

VIÐAUKI E - SIÐA- OG JAFNRÉTTISREGLUR STÚDENTARÁÐS

Öll í starfi Stúdentaráðs eiga rétt á því að finna fyrir öryggi og virðingu í störfum sínum. Stúdentaráð líður ekki líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi af neinu tagi hvort sem það er í formi áreitnis, eineltis, niðurlægingar eða rógburðar.

Stúdentaráð skal setja sér siða- og jafnréttisreglur til að tryggja jafnrétti, jafnt aðgengi og gagnkvæma virðingu þátttakenda í allri starfsemi Stúdentaráðs. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir óæskilega hegðun innan ráðsins og að ákvarða skýra ferla sem fylgja þarf ef tiltekin brot kynnu að koma upp. Þátttakendur í starfi og viðburðum Stúdentaráðs skulu þekkja efni þessara reglna og fylgja þeim.

Siða- og jafnréttisreglur þessar voru samþykktar á Stúdentaráðsfundi þann 21. september 2022 og gilda fyrir starfsárið 2022-2023.

1. ALMENNAR REGLUR

Koma skal fram við öll af virðingu óháð þjóðerni, uppruna, kyni, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, fötlun, líkamsgerð, holdafari, andlegri heilsu eða þjóðfélagsstöðu.

Sýna skal öðrum virðingu í framkomu, ræðu og riti. Bein eða óbein mismunun innan ráðsins er ekki liðin.

Ekki skal koma með óviðeigandi athugasemdir eða grínast á forsendum sem byggðar eru á mismunun. Þvert á móti skal skapa jákvætt andrúmsloft fyrir alla þátttakendur á bæði formlegum og óformlegum viðburðum Stúdentaráðs eða samtölum þess á milli. .

Ofangreindar reglur eru ekki tæmandi og tekið verður á tilkynntum brotum þó þau hafi ekki verið talin upp hér að ofan.

2. VIÐBRÖGÐ VIÐ KYNBUNDinni OG KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI OG KYNBUNDNU OG KYNFERÐISLEGU OFBELDI INNAN SHÍ

1. gr. Markmið

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ), varafulltrúa, nefndarmeðlima, sviðsráðsliða, starfsmanna réttindaskrifstofu og annarra sem starfa í umboði ráðsins.

Slíkt er hvorki liðið í samskiptum þessara fulltrúa innbyrðis né í samskiptum þeirra við einstaklinga sem teljast ekki til fulltrúa ráðsins.

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja faglega meðferð mála telji aðili sig hafa orðið fyrir broti. Jafnframt er það markmið að stúdentar séu upplýstir um þau úrræði sem standa þeim til boða innan Háskóla Íslands og að brot sem þessi séu ekki liðin innan SHÍ. Allar tilkynningar um neðangreind brot skal taka alvarlega og skal fara eftir verklagsreglum þessum um meðferð þeirra.

2. gr. Hugtök

Með hugtakinu **kynbundin áreitni** er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin og/eða táknræn.

Með hugtakinu **kynferðisleg áreitni** er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Með hugtakinu **kynbundið ofbeldi** er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, á einnig við hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með hugtakinu kynferðislegt ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

3. gr. Fagráð og meðferð kvartana

Fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi sér m.a. um að taka við og rannsaka kvartanir og tilkynningar um brot starfsmanna eða nemenda HÍ.

Viðkomandi skal leita til ofangreinds fagráðs með kvörtun vegna brots sem viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir af hálfu einstaklings innan Stúdentaráðs. Einnig er hægt að tilkynna brot til fagráðs sem viðkomandi telur sig hafa grun eða vitneskju um.

Öll sem starfa innan Stúdentaráðs geta einnig snúið sér til starfsmanna réttindaskrifstofu SHÍ í fullum trúnaði. Sá sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar, undir nafnleynd ef tilkynnandi óskar þess. Gæta skal þess að hagur og vilji tilkynnanda sé ávallt virtur ásamt trúnaði.

4. gr. Meðferð og úrlausn mála

Á meðan mál er í skoðun hjá fagráðinu skal reynt að ná sáttum um vinnutilhögun aðila máls þar sem við á í samráði við fagráðið og réttindaskrifstofu SHÍ. Óheimilt er að flytja viðkomandi sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti til í starfi innan SHÍ vegna brots, nema viðkomandi óski þess.

Mæli lög ekki á annan veg er þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagmælsku um einstök mál.

5. gr. Gildistaka

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli Verklagsreglna um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands og 2. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, öðlast gildi við staðfestingu Stúdentaráðs.

3. AÐGENGI AÐ VIÐBURÐUM OG EFNI STÚDENTARÁÐS

Öll þjónusta Stúdentaráðs ásamt viðburðum, upplýsingum og auglýsingum skal vera aðgengileg stúdentum óháð fjölbreyttum aðgengisþörfum þeirra. Starfsemi Stúdentaráðs og viðburðir á vegum Stúdentaráðs fara almennt fram á íslensku en ávalt skal leita leiða til að hafa upplýsingar í boði á ensku.

3.1 Aðgengi að viðburðum

Mikilvægt er að Stúdentaráð leiti allra leiða til þess að hafa viðburði á vegum ráðsins í húsnæði með aðgengi fyrir öll. Taka skal framb á auglýsingu viðburðarins hvernig aðgengismál í byggingunni sé og á hvaða tungumáli viðburðurinn fer fram.

3.2 Aðgengi að efni Stúdentaráðs

Passa skal að auglýsingar og efni frá Stúdentaráðs sé auðlesanlegt og aðgengilegt fyrir öll. Stúdentaráð skal birta auglýsingar og efni á íslensku og ensku eftir því sem við verður komist. Stúdentaráð á að virða persónufornöfn einstaklinga. Í öllu starfi og efni sem Stúdentaráð gefur út skal notast við kynhlutlaust tungumál.

4. KYNNING

Stúdentaráði er skylt að kynna reglur þessar og verklagsreglur Háskóla Íslands fyrir nemendafélögum og nemendum Háskóla Íslands. Stúdentaráð og sviðsráð skulu kynna fagráðið fyrir fulltrúum nemendafélaga á samráðsvettvangi nemendafélaga og á öðrum vettvangi. Nefndir SHÍ skulu einnig kynna sér og eftir tilvikum öðrum nemendum reglur þessar og fagráðið í upphafi starfsárs þeirra og ef nýir meðlimir eru teknir inn í nefndina.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

VIÐAUKI D - STEFNA STÚDENTARÁÐS Í TENGLUM VIÐ ENDURSKOÐUN LAGA UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA

STEFNA STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í TENGLUM VIÐ ENDURSKOÐUN LAGA UM
MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA NR. 60/2020



Stúdentaráð Háskóla Íslands

student.is

Stúdentaráð Háskóla Íslands
23. janúar 2023

Stefna þessi var samþykkt af Stúdentaráði
og birt á student.is 28. nóvember 2022.

Ófullnægjandi námslánakerfi

Við setningu laga nr. 60/2020 var gerð löngu tímabær heildarendurskoðun á námslánakerfinu og gafst stjórnvöldum þar tækifæri til að byggja upp nýtt kerfi með hag stúdenta að leiðarljósi. Afgreiðsla frumvarpsins var hins vegar fljótfaer, sérstaklega á lokametrinum, og því mörgu ábótavant í frumvarpi því er það varð að lögum, líkt og Stúdentaráð benti margsinnis á í gegnum ferlið.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna skal fara fram endurskoðun á téðum lögum innan þriggja ára frá því þau komu til framkvæmda og skulu niðurstöður endurskoðunarinnar kynntar á haustþingi 2023.

Umrædd endurskoðun á námslánakerfinu er því nýtt tækifæri fyrir stjórnvöld til þess að gera þarfar breytingar til þess að sjóðurinn uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður.

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að endurskoðunin verði nýtt til hins ítrasta og að kerfið í heild sinni verði tekið til ítarlegrar skoðunar, í ljósi þess að Íslenskir stúdentar búa enn, í grundvallaratriðum, við **ófullnægjandi stuðningskerfi**.

Greiningar og gagnaöflun:

Stúdentaráð leggur sérstaka áherslu á að við endurskoðunina verði þau áhrif sem nýju lögin hafa haft sérstaklega kortlögð og að fyrstu tölur og gögn um námslán frá Menntasjóðnum verði gerð opinber um leið og þau liggja fyrir. Stúdentaráð leggur fram tillögur að þáttum sem skal sérstaklega skoða í aðdraganda endurskoðunarinnar:

a

Áhrif á námsframvindu námsfólks

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Menntasjóð námsmanna segir að frumvarpið hafi í för með sér kerfisbreytingar á núverandi námsaðstoðarkerfi og að **með þeim kerfisbreytingum megi gera ráð fyrir bættri námsframvindu námsfólks** sem mun stuðla að betri nýtingu fjármuna í menntakerfinu og aukinni skilvirkni í framtíðinni. Við endurskoðunina þyrfti að leggja mat á hvort að þetta nýja kerfi hafi nú þegar/raunverulega haft áhrif á námsframvindu námsfólks og ef svo er, hve mikil áhrifin hafi verið.

b

Fullnægjandi framfærsla?

Í greinargerð með frumvarpinu segir einnig að sérstök áhersla hafi verið lögð á að **gera öllu námsfólki kleift að framfleyta sér á meðan það leggur stund á nám sem fellur undir lögin**. Samkvæmt EUROSTUDENT VII hefur námsfólk héraendis almennt meiri áhyggjur af fjárhagslegri stöðu sinni og telja hana verri en námsfólk í öðrum löndum. Við endurskoðunina skal því leggja sérstaklega mat á hvort að námsfólk hafi í raun og veru fullnægjandi framfærslu á meðan á námi stendur og hvort að grunnframfærslan ein og sér dugi námsfólki til að framfleyta sér. Ástæða er til að ætla að svo sé ekki.

C

Áhrif á fjárhagsstöðu námsfólks

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Menntasjóð námsmanna segir jafnframt að með því að **bæta fjárhagsstöðu námsfólks** verði fleirum gert kleift að taka hluta náms síns erlendis. Við endurskoðunina skal leggja mat á hvort að lög um Menntasjóð námsmanna hafi raunverulega orðið til þess að bæta fjárhagsstöðu námsfólks og hvort að þau hafi raunverulega gert fleirum kleift að taka hluta náms síns erlendis.

d

Aukið jafnrétti til náms

Í greinargerðinni segir loks að **frumvarpið muni stuðla að auknu jafnrétti til náms**. Því skal einnig skoðað hvort að með nýjum lögum hafi fleirum gefist færi á að stunda nám, sem ekki gátu það áður.

Þar að auki er mikilvægt að gerður verði heildstæður samanburður á gamla og nýja kerfinu, sem grundvallast á ítarlegum greiningum og heildrænu mati á áhrifum beggja kerfa. Einnig er vert að skoða hlutfall stúdenta sem eru undir fátæktarmörkum og hlutfall stúdenta sem búa við sárafátækt. Afla þarf sömu upplýsinga um stúdenta sem eru á námslánum

Einnig er rétt að benda á að ef vel á að vera þurfa stjórnvöld að safna **ítarlegum upplýsingum um námsþátttöku þeirra hópa sem minnst er á í greinargerðinni að eigi erfiðara með að sækja nám**, það er einstæða foreldra, námsfólk með barn, eða börn, á framfæri og námsfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt greinargerðinni er það meðal annars **markmiðið með lagasetningunni að bæta stöðu þessara hópa**, sem er mjög jákvætt, einkum í ljósi þess hve hátt hlutfall íslenskra háskólanema fellur í þennan hóp samanborið við aðra evrópska háskólanema.

Til að hægt sé að ganga síðan úr skugga um að þetta markmið hafi náðst þarf að safna ítarlegum upplýsingum um núverandi stöðu.

Fyrri ályktanir og umsagnir vegna laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020

Stúdentaráð hefur alla tíð barist fyrir bættu námslánakerfi. Hér að neðan má sjá yfirlýsingar, ályktanir og umsagnir sem SHÍ birti í tengslum við setningu laga um Menntasjóð námsmanna árið 2020. Útgefið efni Stúdentráðs má nálgast á student.is.

[Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis \(28. maí 2020\)](#)

[Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis \(28. maí 2020\)](#)

[Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna Menntasjóðs námsmanna \(10. júní 2020\)](#)

[Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands við frumvarp um Menntasjóð námsmanna \(5. nóvember 2019\)](#)

[Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps um Menntasjóð námsmanna \(5. nóvember 2019\)](#)

Markmið stjórnvalda

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 kemur fram að **markmið kerfisins** sé að *efla stuðning við námsfólk, stuðla að bættri námsframvindu og búa til réttlátara námslánakerfi í takt við nútímann. Jafnframt kemur fram að mikilvægt sé að styrkja og viðhalda samkeppni við aðrar þjóðir í íslensku mennta- og námslánakerfi og því haldið fram að ný lög um Menntasjóðinn muni gera það.*

Þá kemur fram í 1. gr. laga nr. 60/2020 að markmið laganna sé að tryggja þeim sem falla undir lögin *tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti*, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja.

og kröfur Stúdentaráðs

Stúdentaráð telur að stjórnvöldum hafi ekki enn tekist að smíða námslánakerfi sem samræmist þeirra eigin markmiðum. Til þess að svo geti orðið þarf að ráðast í ýmsar breytingar á lögnum og hefur Stúdentaráð sett upp **kröfur sínar í samræmi við markmið stjórnvalda til þess að auðvelda þeim vinnuna við endurskoðunina.**

Það skal þó tekið fram að í ljósi þess að Stúdentaráð hefur ekki undir höndum gögn um virkni Menntasjóðsins í kjölfar þess að lög nr. 60/2020 komu til framkvæmda, er gerður sá fyrirvari við tillögurnar að þær geti tekið breytingum þegar slík gögn koma fram.

Umrædd endurskoðun á námslánakerfinu veitir tækifæri til þarfra úrbóta sem **mikilvægt** er að verði **nýtt til hins ítrasta með heildarendurskoðun á lögnum.**

Yfirlit

1. Samkeppnishæfni sjóðsins	8
1.1 Námsstyrkur – 14. gr.	8
1.1.1 Námsstyrkur í lok hveðrar annar	9
1.1.2 Námsstyrkur í formi 40% niðurfellingar á höfuðstól láns við námslok	9
1.1.3 Fallið verði frá skilyrðum um tímamörk	10
2. Stuðla að bættri námsframvindu	11
2.1. Ákvæði um árlega endurskoðun á upphæðum framfærslulána	12
2.2 Ákvæði um hækkun viðbótarláns vegna húsnæðis	13
2.3 Samspil grunnframfærslu og frítekjumarksins	13
3. Aukinn stuðningur við stúðenta	15
3.1 Sjálfbærni lánahlutans – 34. gr.	16
3.2 Vextir – 17. & 18. gr.	17
3.2.1 Vaxtaálag	17
3.2.2 Lægra vaxtaþak	18
3.2.3 Varnagli vegna verðbólgu	19
3.3 Skattaafsláttur	19
4. Réttlátara námslánakerfi í takt við nútímann	20
4.1 Lánsréttur – 2. mgr. 4. gr.	20
4.2 Lágmarksnámsframvinda – 13. gr.	21
4.3 Lán óháð námsframvindu	22
4.4 Lánað fyrir vikum í stað eininga	22
4.5 Undanþágur	23
4.5.1 Undanþágur um námsframvindu – 2. mgr. 13. gr.	23
4.5.2 Aukið svigrúm til námsloka – 4. mgr. 14. gr.	24
4.5.3 Undanþágur fyrir fatlaða	24
4.6 Endurgreiðslur	25
4.6.1 Frestun endurgreiðslna – 19. gr.	25
4.6.2 Tekjutenging afborgana – 21. gr.	26
4.6.3 Gjaldfelling – 20. gr.	27
4.6.4 Auknar heimildir til afskrifta og aukið svigrúm	27

5. Aðrar athugasemdir	29
5.1. Skipan stjórnar sjóðsins – 30. gr.	29
5.2 Verðtryggð lán – 3. mgr. 16. gr.	29
5.3 Þjónustukannanir	30
5.4 Nýtt bráðabirgðarákvæði	30



1 SAMKEPPNISHÆFNI SJÓÐSINS

Menntasjóður námsmanna var mótaður af fyrirmynd norska námslánakerfisins (n. Lånekassen), eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi er varð að lögum um Menntasjóð námsmanna. Ljóst er þó að hinn íslenski menntasjóður á enn langt í land til þess að jafnast á við norsku fyrirmyndina. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga um Menntasjóð námsmanna

var eitt af markmiðum laganna að styrkja samkeppnishæfni íslenska menntakerfisins. Til þess að hægt sé að ná því markmiði er nauðsynlegt að stíga skrefið til fulls og breyta fyrirkomulagi námsstyrkja, þannig að það samræmist betur fyrirkomulagi norska námslánakerfisins.

1.1 Námsstyrkur - 14. gr.

Ein helsta breytingin sem fylgdi nýjum lögum var 30% niðurfelling á höfuðstól námsláns ljúki nemandi námi sínu innan tilsettra marka og var breytingin sögð vera að norskri fyrirmynd. En betur má ef duga skal, þar sem styrkurinn er ekki aðeins hærrí í norska kerfinu heldur eiga fleiri kost á að hljóta hann í einhverjum mæli og útteiling hans er því sanngjarnari.

Til þess að námslánakerfið sé samkeppnishæft þurfa íslensk stjórnvöld að sýna sama metnað og samanburðarlönd sín í málaflokknum annars er hætt við því að Ísland dragist aftur úr á öðrum sviðum. Stúdentaráð telur að margt megi bæta við fyrirkomulag styrkjakerfisins hér á landi til þess að það sé samkeppnishæft og samræmist betur markmiðum sjóðsins um félagslegan jöfnuð og aðgengi að námi og leggur því fram eftirfarandi tillögur:

1.1.1. Námsstyrkur í lok hvernar annar

Í Noregi er námsstyrkur veittur í formi 25% niðurfellingu á höfuðstól láns í lok hvernar annar, í hlutfalli við fjölda þeyttra eininga. Engar kröfur eru gerðar um lágmarksfjölda þeyttra eininga til að hljóta styrkinn.

Stúdentaráð telur að slíkt fyrirkomulag myndi samræmast betur þeim jafnréttissjónarmiðum sem sjóðurinn er byggður á og telur jafnvel að slíkt fyrirkomulag myndi veita sterkari hvata til þess að ljúka námi á réttum tíma. Þar að auki er fyrirkomulagið gagnsærra og styrkurinn verður fyrir vikið áþreifanlegri. Því krefst Stúdentaráð þess að fyrirkomulag styrkveitinga verði með sama hætti hér á landi.

1.1.2. Námsstyrkur í formi 40% niðurfellingar á höfuðstól láns við námslok


Til viðbótar við 25% niðurfellingu í lok hvernar annar er veitt 15% niðurfelling við námslok í Noregi. Stúdentaráð krefst þess að lögum um Menntasjóð námsmanna verði breytt á þann veg að námsstyrkur hækki úr 30% í 40% að norskri fyrirmynd, enda liggur í augum uppi að hærri styrkur veiti sterkari hvata fyrir nemendur til að ljúka námi sínu.

1.1.3.

Fallið verði frá skilyrðum um tímamörk

Yfirburðir norska námslánakerfisins enda ekki þar, en þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hljóta styrkinn þar í landi eru mun rýmri en hér á landi. Þar í landi er styrkur við námslok veittur óháð því hvort að námi hafi verið lokið á réttum tíma, en líkt og áður sagði er það sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu hér á landi.

Af framansögðu má vera ljóst að illa hafi tekist til við að byggja upp nýtt námslánakerfi að norskri fyrirmynd. Nauðsynlegt er að skoða samsetningu þess hóps sem hlýtur ekki námsstyrk og endurmeta hvatakerfið, og raunar námslánakerfið í heild sinni, út frá niðurstöðum þeirrar greininga sem lagt er til að verði framkvæmdar hér að ofan, með þau jafnréttissjónarmið sem sjóðurinn byggir á til hliðsjónar. Niðurstaða þeirrar heildarendurskoðunar sem fór fram á sínum tíma, þ.e. með setningu laga um Menntasjóð námsmanna, ber þess merki að ekki sé til staðar vilji af hálfu ríkisins til að setja fullnægjandi fjármagn í námslánakerfið. Stúdentaráð sættir sig ekki við hálfkák af hálfu ríkisins í þessum efnum og krefst þess að skrefið verði stigið til fulls svo að íslenskt námslánakerfi verði ekki eftirbátur námslánakerfa samanburðarlanda sinna.



2 STUÐLA AÐ BÆTTRI NÁMSFRAMVINDU

Þeim markmiðum sem lögum um Menntasjóð námsmanna var ætlað að ná um að stytta námstíma verður ekki náð nema stúdentar eigi kost á fullnægjandi framfærslu meðan á námi stendur. 34% íslenskra háskólanema meta fjárhagsstöðu sína annað hvort alvarlega eða mjög alvarlega en að meðaltali er hlutfallið 26% fyrir háskólanema í Evrópu. Úr þessu verður að bæta og leikur Menntasjóður námsmanna þar lykilhlutverk. Áhrif slæmrar fjárhagslegrar stöðu og fjárhagsáhyggja á nám eru augljósar.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að sérstök áhersla hafi verði lögð á að gera öllum stúdentum kleift að framfleyta sér á meðan þeir leggja stund á nám með setningu laganna. Ekki verður séð hvernig ný lög hafa aukið stuðning á námstíma, enda er styrkur aðeins veittur að námi loknu og grunnframfærsla, ásamt frítekjumarki, er enn ákvörðuð í úthlutunarreglum, að því er virðist á sama hátt og hafði áður tíðkast. Stúdentaráð hefur lengi barist fyrir hærra grunnframfærslu, enda dugir hún ekki ein og sér til að standa straum af framfærslukostnaði.

Ljóst er að lág framfærsla skerðir aðgengi að menntun og er ein helsta ástæða þess að íslenskir stúdentar vinna mikið með námi. Til að hægt sé að ná markmiðum um að stytta námstíma þarf að ráðast á rót vandans sem ætla má að liggi öllu heldur í ófullnægjandi framfærslu á meðan á námi stendur heldur en skort á hvata til að ljúka námi á réttum tíma.

2.1. Ákvæði um árlega endurskoðun á upphæðum framfærslulána

Í núgildandi lögum eru engin fyrirmæli um endurskoðun með reglubundnum hætti og því ekkert sem skyldar stjórn Menntasjóðsins eða ráðherra til að bregðast við þegar þörf krefur. Stúdentaráð hefur lengi kallað eftir því að námslán dugi til raunverulegrar framfærslu meðan á námi stendur og bent á vankanta þess fyrirkomulags sem nú er til staðar, þar sem sett er í hendur sjóðsstjórnar að ákvarða upphæð framfærslustyrksins, sem áralöng reynsla hefur sýnt okkur að gengur ekki upp. Of mörg neyðast til þess að vinna samhliða námi þó þau taki lán, vegna þess að framfærsla námslánanna stendur ekki undir útgjöldum þeirra, þvert á fyrirmæli 2. mgr. 2. gr. laganna. Skýrt dæmi um vankanta þessa fyrirkomulags, er að þrátt fyrir að grunnframfærslan hafi verið hækkuð um 18% í úthlutunarreglunum fyrir skólaárið 2022 til 2023, þykir ljóst að sú hækkun hafi þegar orðið verðbólgunni að bráð og enn sem áður dugar framfærslulánið ekki til þess að standa straum af almennum framfærslukostnaði á Íslandi líkt og 2. mgr. 2. gr. laganna kveður á um.

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að sett verði í lög skýr fyrirmæli til stjórnar sjóðsins vegna framfærslulána sem kveður á um að upphæðir framfærslulána skuli endurskoðaðar til hækkunar árlega, að lágmarki í samræmi við verðlagsþróun.



2.2. Ákvæði um hækkun viðbótarláns vegna húsnæðis

Þá verða viðbótarlán vegna húsnæðis einnig að taka breytingum, en líkt og kemur fram í skýrslu Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði bera stúdentar hérlendis háa kostnaðarbyrði vegna húsaleigu. Vísitala leiguverðs hækkaði um 41% frá 2017 til 2021 en viðbótarlán Menntasjóðsins vegna húsnæðiskostnaðar hækkaði aðeins um 11% á sama tímabili. Til þess að tryggja stöðug kjör þarf að binda það í lög að viðbótarlán vegna húsnæðis hækki að lágmarki um því sem nemur vísitölu leiguverðs milli ára.


2.3. Samspil grunnframfærslu og frítekjumarksins

Samhliða þessum breytingum er nauðsynlegt að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað. Með námslánakerfinu, eins og það er nú, er því verið að bjóða stúdentum upp á að koma sér í vítahring sem einkennist af því að þurfa að vinna fyrir sér þrátt fyrir að vera á framfærslulánum – og gjalda svo fyrir það vegna frítekjumarksins. Í þessu samhengi er vert að nefna að Landssamtök Íslenskra stúdenta hafa bent á að frítekjumarkið hér á landi er það lægsta á Norðurlöndunum.

Stúdentaráð hefur ítrekað bent á að nauðsynlegt sé að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað og fundin sé leið til að koma í veg fyrir hún hamli því að stúdentar hafi færi á að framfleyta sér. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu eða öðrum breytingum sem hægt væri að gera á frítekjumarkinu. Hafa ber í huga að námslán eru að jafnaði veitt fyrir 9 mánuðum ársins en stúdentar þurfa að afla tekna til að standa undir hinum mánuðunum.

Hægt væri að skoða tvískipt frítekjumark að danskri fyrirmynd sem gerir ráð fyrir annars vegar sjálfsaflafé að sumri og hins vegar sjálfsaflafé að vetri. Slík skipting býr til meira svigrúm fyrir stúdentum til þess að afla sér tekna yfir sumarið án þess að lenda í vítahring.

Stúdentaráð hefur lengi talað fyrir hækkun frítekjumarksins en telur þó að það þurfi að stíga varlega til jarðar í þeim efnum og hafa í huga að frítekjumarkið er mikilvægt til þess að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður. Vert er að undirstrika þá staðreynd að fullt nám er full vinna. Það er varhugavert hvað íslenskir háskólanemar vinna mikið með námi samanborið við aðrar evrópuþjóðir. Nám og vinna hafa orðið svo samofin hér á landi að það þykir ekkert sjálfsagðara en að háskólanemar vinni með námi. Línurnar á milli vinnu og náms eru eflaust óskýrari hér en í öðrum löndum en ætla má að slíkt hafi áhrif á námstíma til lengingar. Mikilvægt er að við endurskoðunina sé samspil náms og vinnu vandlega skoðað og þá sérstaklega áhrif vinnu á námsárangur, námstíma og nám almennt.



3 AUKINN STUÐNINGUR VIÐ STÚDENTA

Eitt af markmiðum með setningu laga nr. 60/2020 var að auka stuðning við námsmenn. Staðreyndin er hins vegar sú að nýju námslánakerfi fylgdi ekki aukið fjármagn, heldur var því fjármagni sem var nú þegar til staðar einungis hagrætt. Þetta voru stúdentum mikil vonbrigði og er Stúdentaráð enn sem áður á þeirri skoðun að þau rök sem færð hafa verið fyrir því að útlánahluti sjóðsins skuli standa undir sér, samhliða markaðsvæðingu vaxtakjara, sé tilraun til að breiða yfir þá staðreynd að hið opinbera hafi ekki vilja til þess að auka námsstuðning hér á landi, enda fylgdi nýju námslánakerfi ekki aukið fjármagn.

Í greinargerðinni með frumvarpinu eru fjárhagslegar forsendur óspart notaðar til að færa rök fyrir þeim ýmsu breytingum sem gerðar voru á kerfinu. Það er með öllu ótækt að slíkt sé notað sem algild rök fyrir öllum þeim breytingum sem lagðar voru til - og eru nú orðnar að lögum. Það dregur ekki aðeins úr innistæðu fullyrðinga um að breytingarnar hafi verið gerðar með hag nemenda fyrir brjósti heldur er það einnig í mótsögn við fullyrðingar um að með nýju námslánakerfi hafi stuðningur við nemendur verið aukinn. Fjárfesting í menntun hefur í för með sér þjóðhagslegan ávinning og auka þarf fjárframlög ríkisins til þess að þau endurspegli þá staðreynd.


3.1.

Sjálfbærni lánahlutans - 34. gr.

Stúdentaráð ítrekar kröfur sínar um að fallið verði frá kröfum þess efnis að útlánahluti sjóðsins standi undir sér. Gangi hvatakerfið upp, það er að hærra hlutfall stúdenta ljúki námi sínu innan tilsettra tímamarka og fari því fyrir út á vinnumarkað, mun það skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á einn til þrjá milljarða króna árlega. **Stúdentaráð ítrekar kröfur sínar um að það fjármagn skuli renna aftur til sjóðsins.**

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um Menntasjóð námsmanna er því haldið fram að til þess að námsaðstoð ríkisins gæti farið fram með þeim hætti sem lagt var til í frumvarpinu yrði lánahluti námslánakerfisins að standa undir sér. Sú fullyrðing er auðvitað skilyrt af því að hið opinbera leggi ekki frekara fjármagn til málaflokksins. Líkt og Stúdentaráð hefur áður bent á er sjálfbærni lánahlutans því háð pólitískri umræðu og afstöðu Alþingis til þess hversu mikill námsstuðningur á Íslandi á að vera. Að mati Stúdentaráðs á sú umræða enn eftir að fara fram en það er mjög mikilvægt að hún eigi sér stað samhliða endurskoðuninni.

Samkvæmt 34. gr. laga um Menntasjóð námsmanna fær sjóðurinn fjármagn frá ríkinu til umsýslu og reksturs auk þess sem að ríkið fjármagnar styrkveitingar, niðurfellingar námslána og ívilnanir. Stúdentaráð krefst þess að greininni verði breytt á þann veg að fjárframlög ríkisins séu ekki einskorðuð við þá þætti sem taldir voru upp hér að ofan. Ríkið ætti til að mynda einnig að fjármagna niðurgreiðslu vaxta sem og aðrar tillögur sem Stúdentaráð leggur hér fram.



3.2. Vextir - 17. & 18. gr.

Lögum um Menntasjóð námsmanna var ætlað að eyða óvissu um ýmis atriði er varða til dæmis lánshæfi náms og námslán vegna skólagjalda. Ekki verður hjá því komist að benda á að nýju löggin skapa aftur á móti mikla óvissu fyrir námsfólk þar sem vaxtafyrirkomulag þessa nýja kerfis er bæði ógagnsætt og ófyrirsjáanlegt.

Stúdentaráð krefst þess að fyrirkomulag vaxta sé sérstaklega tekið til skoðunar og því sé breytt þannig að það sé betur til þess fallið að stuðla að jafnrétti til náms, enda sé Menntasjóðurinn félagslegur jöfnunarsjóður.

3.2.1. Vaxtaálag

Með tilkomu nýs námslánakerfis, Menntasjóðs námsmanna, hefur greiðendum verið gert að bera alla áhættu vegna affalla af útlánum sjóðsins, svo sem vegna andláta eða vanskila annarra lántaka. Þetta er breyting frá því sem áður var, en í gamla kerfinu bar ríkið þá byrði auk þess sem að það niðurgreiddi vexti af námslánum.

Í lögnum er kveðið á um að vaxtaálag skuli ákveðið og birt í úthlutunarreglum hvers árs. Samkvæmt gildandi úthlutunarreglum er vaxtaálagið 0,8%. Í greinargerð með frumvarpi um Menntasjóð námsmanna kemur fram að álagið hafi verið metið sem 0,6–0,8% árlega en óljóst er hvaða forsendur liggja að baki þeim útreikningum og hvort öruggt sé að styðjast við þær tölur. Með því að ákveða vaxtaálag vegna affalla í úthlutunarreglum hvers árs skapast enn frekari óvissa fyrir lántaka og minnkar fyrirsjáanleika vaxtastigs lánanna enn frekar. Að auki væru áhrif affallaálags sem þessa þau að vextir á lánum hækki eftir því sem afföll aukast. Afföllum af lánasafni sjóðsins vegna slæms efnahagsástands væri þannig velt yfir á þá greiðendur sem eftir standa. Varlega þarf að fara við ákvörðun vaxtaálags til að forðast óæskilega hringrás vanskila og frekari affalla ef illa árar.

Þess ber að geta að um námslán í Danmörku gildir að vaxtaálag vegna affalla getur að hámarki verið 1%. Hér á landi er heimild til ákvörðunar vaxtaálags heldur opnari og krefst Stúdentaráð þess að sams konar „þak“ verði sett á vaxtaálag hér á landi en slíkt myndi draga úr ófyrirsjáanleika og gera kerfið gagnsærra.

3.2.2. Lægra vaxtaþak

Eftir sem áður ítrekar Stúdentaráð kröfur sínar um að lækka þurfi vaxtaþak fyrir bæði verðtryggð og óverðtryggð lán. Þeir vextir sem bjóðast á námslánnum frá Menntasjóði námsmanna í dag eru langt umfram það sem stúdentar hafa áður búið við. Með því að lækka vaxtaþakið er hægt að koma betur til móts við stúdenta þegar hart er í ári og gera vaxtakjör námslána fyrirsjáanlegri.

Stúdentaráð er á þeirri skoðun að ríkið ætti að bera hluta markaðsáhcættunnar en ekki leggja hana alla á herðar stúdenta. Ljóst er að í núverandi mynd veitir vaxtaþakið stúdentum takmarkaða vernd. Til marks um það má þess geta að þrátt fyrir sögulega slæmt efnahagsástand hafa vextir á námslánnum ekki enn farið umfram vaxtaþakið og eru lántakar því berskjaldaðir í aðstæðum sem þessum.

Að lokum skal ítrekað að vextir á námslánnum eru í grunninn pólitísk ákvörðun. Fyrir fáeinum áratugum voru námslán vaxtalaus, báru síðan 1% vexti en með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar geta vextir á verðtryggðum námslánnum náð allt að 4%. Með breytingunum var lögð áhersla á félagslegt jöfnunarhlutverk sjóðsins en ljóst er að þær breytingar sem gerðar hafa verið á vaxtafyrirkomulagi sjóðsins stuðla ekki að bættu jöfnunarhlutverki hans.


3.2.3. Varnagli vegna verðbólgu

Í ljósi þess að vextir námslána eru ekki lengur fastir við 1% heldur byggja nú á þeim vaxtakjörum sem ríkissjóði býðst á markaði, auk fasts vaxtaálags, getur vaxtabyrði stúdenta orðið mjög há við vissar efnahagslegar kringumstæður. Ljóst er að með þessari breytingu eru þau sem ekki hljóta 30% niðurfellingu við námslok hlunnfarin. Stúdentaráð telur enn fremur að leiða megi að því líkum að þetta verði til þess að grafa undan jöfnunaráhrifum sjóðsins.

Stúdentaráð telur að skoða þurfi hvernig hægt sé að bregðast við slæmum efnahagsaðstæðum og innleiða einhvers konar varnagla vegna verðbólgu. Endurskoðunin veitir gullið tækifæri til að ráðast í slíka vinnu.

3.3. Skattaafsláttur

Í Danmörku eiga þau sem greiða af námslánnum hins vegar rétt á skattaafslætti. Stúdentaráð leggur til að við endurskoðun laganna verði sá möguleiki sérstaklega skoðaður enda hefur menntun eiginleika almannagæða og því rökrétt að greiðendum séu veittar slíkar skattaávilnanir fyrir þann samfélagslega ábata sem hlýst af menntun þeirra.



4 RÉTTLÁTARA NÁMSLÁNAKERFI Í TAKT VIÐ NÚTÍMANN

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um Menntasjóð námsmanna var haldið fram að dreifing ríkisstyrkja myndi verða jafnari og réttlátari með setningu laga nr. 60/2020 og því haldið fram að frumvarpið myndi stuðla að auknu jafnrétti til náms. Stúdentaráð efast um að svo sé í raun og telur að enn langt í land í þessum efnum en vísar þó í þann fyrirvara sem settur var fram í upphafi um þau greiningarefni.

Stúdentaráð telur mikilvægt að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kerfinu til þess að löggjafarvaldið geti náð markmiði sínu um réttlátara námslánakerfi í takt við nútímann:

4.1. Lánsréttur - 2. mgr. 4. gr.

Í drögum að frumvarpi laga um Stuðningssjóð kom fram að ekki mætti mæla fyrir um lægri lánsrétt, í heild til handa nemanda, en 420 ECTS einingar. Var þar um að ræða lágmarksrétt en sjóðstjórn hafði þá heimild til að hækka það viðmið. Í núgildandi lögum um Menntasjóð námsmanna er kveðið á um að lánsréttur nemenda skuli vera fyrir 420 ECTS einingum eða ígildi þeirra.

Stúdentaráð hefur áður bent á að vænlegra sé að halda í lágmarkið úr frumvarpsdrögum, enda þyrfti þá ekki lagabreytingu til að bregðast við breyttum aðstæðum til framtíðar. Skortur er á rökum fyrir þessari takmörkun og leggur Stúdentaráð til að ákvæðinu verði breytt á ný, eins og það birtist í frumvarpsdrögum að Stuðningssjóði íslenskra námsmanna.

4.2. Lágmarksnámsframvinda - 13. gr.

Samkvæmt 13. gr. laganna þarf lán taki að uppfylla kröfur um lágmarksnámsframvindu til þess að eiga rétt á námsláni, og má sú krafa ekki vera hærrí en 44 ECTS einingar eða ígildi þeirra á ári. Í úthlutunarreglum 2022-2023 er gerð krafa um að ljúka þurfi 22 ECTS einingum á önn til að eiga rétt á láni frá Menntasjóði námsmanna og fullt nám er skilgreint sem 30 ECTS einingar á önn.

Stúdentaráð telur þörf á að kröfur um lágmarksnámsframvindu verði lækkaðar í lögum enda er ljóst að sjóðsstjórn horfi fremur á þetta sem lágmark heldur en hámark, að minnsta kosti miðað við áður nefndar úthlutunarreglur. Mörg námskeið eru meira en 8 ECTS og þarf því lítið út af að bregða til þess að stúdent missi allan rétt sinn á námslánum. Líkt og áður hefur komið fram telja háskólanemar hér á landi fjárhagsstöðu sína almennt verri en háskólanemar annars staðar í Evrópu. Að auki voru fjárhagserfiðleikar þriðja algengasta ástæða þess að íslenskir stúdentar gerðu hlé á námi sínu.

Það er erfitt að sjá hver rökin fyrir því að hafa jafn íþyngjandi kröfu um lágmarksnámsframvindu og raun ber vitni. Með því að lækka kröfur um lágmarksnámsframvindu er hægt að létta á fjárhagsáhyggjum stúdenta og gefa þeim þannig færi á að stunda nám sitt betur.

4.3. Svigrúm til seinkunar í námi

Í Noregi er nemendum gefið allt að 60 eininga svigrúm til seinkunar í námi, án þess að greiða þurfi til baka fyrirframgreidd námslán. Með öðrum orðum þá fá nemendur að halda fyrirframgreiddum námslánnum þrátt fyrir að þeir standist ekki námsmat og þurfa því ekki að greiða þau til baka uppfylli þau ekki kröfur um lágmarkseiningafjölda líkt og tíðkast hér á landi. Enn fremur er þeim sem seinkar í námi vegna veikinda, barneigna eða fötlunar veitt meira en 60 eininga svigrúm til seinkunar í námi.

Stúdentaráð krefst þess að slíkt fyrirkomulag verði einnig tekið upp hér á landi, enda ætti Menntasjóður námsmanna ekki að vera eftirbátur hinnar norsku fyrirmyndar. Með þeim hætti er hægt að taka betur tillit til raunverulegra aðstæðna nemenda og sjóðurinn gæti þannig betur uppfyllt hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður. Þar að auki yrði slíkt fyrirkomulag til þess að draga úr miklum fjárhagsáhyggjum stúdenta hérlendis.

4.4. Lánað fyrir vikum í stað eininga

Samkvæmt lögum um Menntasjóð námsmanna er lánað fyrir þreyttum einingum. Vegna þessa er ekki tekið mið af því að annir geta verið mislangar eftir námsleiðum og því getur þetta fyrirkomulag komið námsfólki í erfiða stöðu. Svo dæmi sé tekið er haustönn um þremur vikum lengri hjá þeim námsleiðum sem byrja fyrst samanborið við þær námsleiðir sem byrja síðast innan Háskóla Íslands. Tryggja þarf að námslán dugi nemendum á meðan námstíma stendur. Í Noregi er þetta vandamál leyst með því að lána fyrir vikum en ekki einingum. Þannig er hægt að koma betur til móts við mismunandi aðstæður nemenda og tryggja að nemendur falli síður milli skips og bryggju hvað þetta varðar.

4.5. Undanþágur

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag undanþága um námsframvindu og aukins svigrúms til námsloka og þeim skilyrðum sem þar eru sett fram verði breytt svo að þau taki mið af aðstæðum breiðari hóps nemenda enda sé slíkt í samræmi við jafnréttissjónarmið sjóðsins.

4.5.1. Undanþágur um námsframvindu - *2. mgr. 13. gr.*

Í núgildandi lögum um Menntasjóð námsmanna er það sett í hendur sjóðstjórnar að útfæra undanþágur í úthlutunarreglum. Það þýðir að skilyrðin geta breyst á milli ára og á meðan á námi stendur sem skapar mikla óvissu fyrir lántaka. Stúdentaráð telur þörf sé á að nánar verði kveðið á um þessa heimild í lögnum sjálfum svo forsendur fyrir lántökunni séu ekki brostnar þegar að námslokum kemur. Þau skilyrði sem lántakar þurfa að uppfylla til að eiga völ á undanþágum, taka ekki nógu mikið tillit til raunverulegra aðstæðna nemenda og því er nauðsynlegt að sjóðurinn komi betur til móts við nemendur með því að auka svigrúm. Ef fyrirkomulagið helst óbreytt þá krefst Stúdentaráð þess að ákvörðun stjórnar sjóðsins skuli ávallt vera tekin með hliðsjón af því sem lántakanum er hagstæðast.

4.5.2. Aukið svigrúm til námsloka - 4. mgr. 14. gr.

Ef nemandi hefur hlotið undanþágu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. telst það ekki til seinkunar á námi og ætti veiting undanþága því ekki að hafa áhrif á það hvort að nemandi hljóti námsstyrk (sjá 14. mgr. 4. gr.). Að mati Stúdentaráðs túlkar sjóðurinn 4. mgr. 14 gr. of þröngt en hún ætti að ná til allra nemenda sem uppfylla skilyrði um veitingu undanþága óháð því hvort að þeir hafi verið á námslánum þegar kröfurnar voru uppfylltar eða ekki.

Svo dæmi sé tekið þá er samkvæmt núgildandi úthlutunarreglum einungis heimilt að bæta 16 ECTS einingum við loknar einingar nemanda sem eignast barn á námstíma til að hann uppfylli kröfur um lágmarksnámsframvindu. Nemandi í þeirri aðstöðu þarf því að ljúka að minnsta kosti 6 ECTS einingum til að eiga rétt á námsláni. Nái hann ekki að uppfylla þær kröfur er hætt við því að honum takist ekki að ljúka námi innan tilskilinna marka og hljóti því ekki niðurfellingu.

Tímabundið frí frá námi vegna barneigna á ekki að hafa áhrif á styrkveitingu við námslok. Stúdentar ættu þannig að geta tekið sér allt að tólf mánaða frí frá námi vegna barneigna án þess að það teljist til seinkunar á námi samkvæmt lögum sjóðsins.

4.5.3. Undanþágur fyrir fatlaða

Samkvæmt 2. mgr. 13 gr. laga um Menntasjóð námsmanna má veita undanþágu frá kröfum um lágmarksnámsframvindu sé lántaka það vandkvæðum bundið að mati sjóðstjórnar að stunda nám. Ljóst er að fatlaðir nemendur mæta enn fjölmörgum hindrunum í skólakerfinu og því krefst Stúdentaráð þess að bætt verði við undanþágu frá námsframvindu í löggin fyrir nemendur með fötlun, enda væri slík breyting í samræmi við markmið sjóðsins um að tryggja þeim sem falla undir löggin tækifæri til náms óháð efnahagi eða stöðu að öðru leyti.

4.6. Endurgreiðslur

Samkvæmt þeim útreikningum sem koma fram í umsögn BHM um frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna dugur stuðningur við námsfólk um því sem nemur 30% niðurfellingu höfuðstóls námslána ekki til að tryggja að afborganir séu viðráðanlegar og lántökum sé kleift að greiða upp lán sín á starfsævi sinni. Ef rétt reynist, lítur Stúdentaráð það mjög alvarlegum augum en samkvæmt lögum er meginreglan sú að lántakar skulu hafa lokið við að greiða upp lán sín á því ári sem þeir ná 65 ára aldri. Þetta hefur í för með sér að enn sem áður mun fjöldi stúdenta fá meiri stuðning en aðrir í formi niðurfellingar láns síns við andlát.

Í greinargerð með frumvarpinu var því haldið fram að þessum breytingum hefði verið ætlað að draga úr einmitt þessu og dreifa styrknum þannig á sanngjarnari hátt. Í ljósi ofangreinds er þó ljóst að stuðningur við námsfólk er enn ójafn.

4.6.1. Frestun endurgreiðslna - 19. gr.

Breytingar á hvenær endurgreiðslur hefjast úr einu ári eftir námslok í tvö ár eftir námslok hafa í för með sér þyngri greiðslubyrði fyrir nýútskrifaða lántaka. Líkt og gefur að skilja getur tekið tíma að koma undir sig fótunum að námi loknu, finna starf við hæfi og svo framvegis.

Í Noregi geta lántakar frestað afborgunum 36 sinnum eða í allt að þrjú ár. Ekki þarf að uppfylla nein sérstök skilyrði til að geta frestað afborgunum. Stúdentaráð krefst þess að lántökum sé veitt aukið svigrúm fyrstu árin eftir námslok og að stúdentum hér á landi verði einnig heimilt að fresta afborgunum í allt að þrjú ár.

4.6.2. Tekjutenging afborgana - 21. gr.

Stúdentaráð telur mikilvægt að allir lántakar hafi kost á að velja tekjutengda endurgreiðslu lána og krefst þess að aldurstakmark á tekjutengingu afborgana verði afnumið þar sem það skerðir aðgengi að námi og mismunar þeim sem höfðu ekki tæk á að fara í nám fyrr á lífsleiðinni. Yfirlýst markmið sjóðsins er að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Ljóst er að ákvæðið takmarkar aðgengi að námi og grefur undan þeim félagslegu sjónarmiðum sem sjóðurinn byggir á.

Þess má einnig geta að oft á tíðum er ekki ljóst hvenær nemandi mun ljúka námi og því getur þetta fyrirkomulag valdið mikilli óvissu um lánskjör. Lán þeirra sem ljúka námi 35 ára gömul breytast sjálfkrafa í jafngreiðslulán en við það getur endurgreiðslubyrði hækkað til muna.

Í þessu samhengi er einnig vert að minnast á kynjaáhrif þess að takmarka möguleikann á tekjutengdum afborgunum við 35 ára og yngri, en árið 2017 voru konur 69% háskólanema á aldrinum 31 til 40 ára auk þess sem að leiðréttur launamunur karla og kvenna var 4,3% körlum í hag árið 2019. Af þessu má vera ljóst að ákvæðið grefur ekki aðeins undan jafnrétti til náms heldur einnig jafnrétti allra kynja.

4.6.3. Gjaldfelling - 20 gr.

Samkvæmt lögum um Menntasjóð námsmanna skulu námslán almennt vera að fullu greidd á því ári sem lántaki nær 65 ára aldri. Það má vera ljóst að stór hluti þeirra lántaka sem ekki hafa lokið við að greiða upp námslán sín á þessum aldri hafi þurft að fresta lokun skuldabréfs eða fá undanþágu frá afborgunum. Því má leiða að því líkum að þetta sé einmitt sá hópur sem ætti í hvað mestum erfiðleikum með að standa straum af gjaldfellingu eftirstöðva námslána sinna.


Stúdentaráð hefur áður bent á að gjaldfelling eftirstöðva láns er sérstaklega þungbært úrræði fyrir greiðendur. Þar að auki þykir heimildin óþarflega opin, en beiting svo þungra úrræða ættu að fylgja þröngar skorður til verndar lántakendum. Gæta þarf að meðalhófi og heildstæðu mati við ákvörðun um að gjaldfella lán enda er mikilvægt að svigrúm sé til staðar fyrir greiðendur til að bjóða fram efndir. Stúdentaráð er þó á þeirri skoðun að heimildina skuli afnema með öllu, enda samræmist hún illa þeim félagslegu sjónarmiðum sem sjóðurinn er byggður á.

4.6.4. Auknar heimildir til afskrifta og aukið svigrúm

Samkvæmt lögum hefur stjórn sjóðsins heimild til að afskrifa lán við sérstakar aðstæður og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Stúdentaráð krefst þess að heimildir til afskrifta séu útvíkkaðar þannig að þær nái til mun víðari hóps en samkvæmt núgildandi lögum nær heimildin aðeins til þeirra sem hafa náð 66 ára aldri.

Í Noregi er til að mynda heimilt að afskrifa eftirstöðvar lána fyrir þá lántaka sem verða fyrir örorku að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Stúdentaráð krefst þess að slíkt verði einnig tekið upp hér á landi og að heimild sjóðsins til afskrifta verði víkkuð til muna.

þar að auki þarf sjóðurinn að koma betur til móts við greiðendur sem eiga í greiðsluferfiðleikum. Í Noregi er heimilt að fella niður vexti tímabundið, svo sem vegna atvinnuleysis, veikinda, náms, barneigna, fangelsisvistunar, umönnun fjölskyldumeðlima eða lágra tekna. Slíkt ætti einnig að vera heimilt hér á landi enda samræmist það betur hlutverki Menntasjóðs námsmanna sem félagslegur jöfnunarsjóður.



AÐRAR ATHUGASEMDIR

Skipan stjórnar sjóðsins - 30. gr.

Þegar frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna var til umræðu var ekki tekið mið af athugasemdum Stúdentaráðs Háskóla Íslands varðandi breytingar á skipun sjóðstjórnar. Breytingin var gerð án samráðs við Stúdentaráð Háskóla Íslands og þvert gegn vilja ráðsins. Í lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna var SHÍ tryggt sæti í stjórn sjóðsins en samkvæmt 1. mgr. 30. gr. í lögum um Menntasjóð námsmanna skulu Landssamtök íslenskra stúdenta tilnefna þrjá fulltrúa stúdenta í sjóðsstjórn. Stúdentaráð telur þessa breytingu ekki hafa verið nægilega vel ígrundaða. Stúdentaráð ítrekar enn og aftur nauðsyn þess að fulltrúa 70% stúdenta landsins sé tryggt fast sæti í stjórn samkvæmt lögum.

Verðtryggð lán - 3. mgr. 16. gr.

Um lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna gildir að þau eru verðtryggð og afborganir af þeim eru tekjutengdar. Stúdentar sem taka lán frá Menntasjóði námsmanna hafa hins vegar val um verðtryggð eða óverðtryggð lán auk þess sem að val er um tekjutengdar afborganir (fyrir yngri en 35 ára) eða jafnar afborganir.

Stúdentaráð ítrekar kröfur sínar um að tryggja þurfi aukið þjónustustig sjóðsins samhliða því að stúdentar hafi val um verðtryggð eða óverðtryggð lán. Það gefur augaleið að þörf sé á aukinni ráðgjöf af hálfu sjóðsins við námslok til að lántakar geti tekið upplýsta og meðvitaða ákvörðun um skilmála lána sinna, ef val sem þetta á að standa til boða. Þessu telur Stúdentaráð nauðsynlegt að breyta.


Þjónustukannanir

Stúdentaráð krefst þess að reglulega verði framkvæmdar þjónustukannanir, að minnsta kosti árlega, og að niðurstöður kannananna verði gerðar aðgengilegar stúdentum. Þar að auki skulu stúdentar hafa aðkomu að gerð spurningalista og framkvæmd kannananna. Einnig er sérstaklega mikilvægt að slík könnun verði framkvæmd vegna endurskoðunarinnar.

Nýtt bráðabirgðaákvæði

Ljóst er að sárafáir lántakar hafa hafið afborganir af lánum frá Menntasjóði námsmanna, enda tóku lögin gildi árið 2020 og er þetta nýja námslánakerfi því aðeins tæplega þriggja ára gamalt. Upplýsingar um þau áhrif sem breytingar á námslánakerfinu hafa haft eru því af skornum skammti.

Því leggur SHÍ til að nýju bráðabirgðaákvæði verði bætt við lögin þess efnis að þau skuli endurskoðuð að nýju innan þriggja ára. Vitaskuld fagnar Stúdentaráð því að lögin skulu tekin til endurskoðunar en þykir þó tilefni til þess að önnur endurskoðun fari fram þegar frekari gögn liggja fyrir um áhrif nýs fyrirkomulags námslána.





Stúdentaráð Háskóla Íslands
